BRYNJA VALDIMARSDÓTTIR

*Var snortin af New York*

Bílar • Ferðir • Börn • Nám

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ANDRI SNÆR

*Lofar alvöru stjörnum á kvikmyndahátíð*

Er í samstarfi við myrkraöflin

FÓLK 42









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. september 2006 — 238. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Aldrei skammaður



Heiðar Ástvaldsson hefur kennt landanum réttu sporin í hálfa öld.

TÍMAMÓT 24

### Víðamesta hátíð nútímatónlistar á Íslandi

Tónlistarhátíðin Norrænir músíkdagar stendur á tímamótum.



MENNING 28

### Jón Páll á hvíta tjaldið



Mynd um ævi íslenska víkingsins frumsýnd á morgun.

FÓLK 32

### Býst við erfiðum leik

Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði varar við of miklum væntingum fyrir leik Íslands og Danmerkur í kvöld. Hann og fleiri innan liðsins búast við erfiðum leik.

ÍÞRÓTTIR 36

### VEÐRIÐ Í DAG




**SÓL SYÐRA OG VESTRA** - Í dag verður hæg breytileg átt. Yfirleitt bjartviðri sunnan og vestan til en skýjað og úrkomulítið á Norður- og Austurlandi. Hiti 6-16 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

VEÐUR 4

### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




# Afurðastöðvar valda hækkun á kjötverði

**Verð á öllu kjöti hefur hækkað frá sláturleyfishöfum til kjötvinnslustöðva. Forsvarsmenn fyrirtækja í kjötvinnslu segja hækkunina óeðlilega háa. Neytendur borga og samtök bænda segja hækkanirnar ekki skila sér til framleiðenda.**

**NEYTENDAMÁL** Verð frá sláturleyfishöfum til kjötúrvinnslustöðva hefur hækkað mikið í öllum flokkum kjötvara á síðastliðnu ári. Þessar hækkanir skila sér ekki til bænda nema að takmörkuðu leyti.

Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri hjá Ferskum kjötvörum, segir að verð frá birgjum hafi hækkað mikið frá júní á síðasta ári. Hækkunin sé sautján prósent á ungnautakjöti í heilum skrokkum, um sautján prósent fyrir lambahrygg og læri og um tuttugu prósent fyrir svínakjöt. „Þessar hækkanir skila sér að sjálfsögðu í hækkandi verði til neytenda.“

Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri kjötvinnslunnar Esju, staðfestir þessar verðhækkanir. „Sauðfjárafurðastöðvarnar hafa verið að hækka verð mikið á síðasta ári.“

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að þessar hækkanir skili sér ekki allar til bænda. „Hækkun í dilkakjöti er um tólf prósent að meðaltali og minna í nauta- og svínakjöti. Hagrætt hefur verið í slátrun og vinnslu á síðustu árum og neytendur ættu að njóta þess.“ Haraldur segir að skýringarnar á hækkunum sláturleyfishafa séu líklega launaþróun og hækkandi fjármagnskostnaður,aukalmennra hækkana í rekstri fyrirtækja.

> Þessar hækkanir skila sér að sjálfsögðu í hækkandi verði til neytenda.
>
> LEIFUR ÞÓRSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FERSKRA KJÖTVARA

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir fyrirtækið hafa verið í vandræðum frá síðustu áramótum vegna skorts á dilkakjöti. „Við höfum þurft að neita mörgum um kjöt og þeir sem hafa fengið kjötið hafa þurft að kyngja hækkunum. Þeir hefðu þó væntanlega farið annað ef þeir hefðu fengið kjötið ódýrar annars staðar. Það verður samt að hafa í huga að við vorum áður að selja kjötið frá okkur undir markaðsverði.“

Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga, er ósammála formanni Bændasamtakanna og segir hækkanir úti á markaðnum í takt við hækkanir til bænda. Hann segir að jafnframt skuli haft í huga að vægið á allt heildarverðmæti skrokksins sé að færast yfir á gæðakjötið, sem sé bara helmingurinn af skrokknum. Verð á læri og hrygg segi því aðeins hálfa söguna.

- shá / jss




**Í VINÁTTUHLAUPI Á SKÓLAVÖRÐUHOLTI** Krakkar úr Austurbæjarskóla komu ásamt hlaupurum úr Vináttuhlaupinu í Ráðhús Reykjavíkur í gær þar sem Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tók á móti vináttukyndlingum. Lið hlaupara hefur hlaupið um öll 48 lönd Evrópu undir merkjum Vináttuhlaupsins. Boðskapur hlaupsins er að veröldin sé staður sátta og samlyndis sem hefjist hjá hverjum og einum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vináttuhlaup um Ísland lýkur í skólum Kópavogs í dag:

## Góðir liðsmenn í heimsliðinu

**HLAUP** „Við höfum verið að leggja áherslu á að framlag hvers og eins skiptir máli til að gera veröldina betri. Við erum öll hluti af heimsliðinu. Krakkarnir þekkja það flest að vera hluti af einhverju liði. Í Vináttuhlaupinu eru þau hluti af mannlega liðinu þar sem þau geta lagt sig fram við að nýtast liðsheildinni vel,“ segir Torfi Leósson, skipuleggjandi Vináttuhlaupsins á Íslandi.

Fimm hlauparar frá jafnmörgum löndum ætla að fara um öll 48 lönd Evrópu til að kynna Vináttuhlaupið með það að markmið að leyfa hverjum og einum að upplifa hið sammannlega á jákvæðan hátt. Hefur hópurinn haft vináttukyndilinn með í för og var farið með hann upp á Snæfellsjökul um síðustu helgi.

Torfi segir að hópurinn muni hitta krakka í Kópavogi í dag en í gær hlupu krakkar úr Austurbæjarskóla með fimmmenningunum í Ráðhús Reykjavíkur. Þar tók Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi á móti kyndlinum fyrir hönd borgarinnar.

- æþe




**RUBY TUESDAY** Maðurinn fékk sér meðal annars að borða á Ruby Tuesday án þess að borga.

Átvagl ákært í héraðsdómi:

## Stakk af á 13 veitingastöðum

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur karlmaður var ákærður í héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að panta og neyta veitinga á veitingahúsum í Reykjavík án þess að greiða fyrir þær. Um var að ræða þrettán skipti á tveggja mánaða tímabili þar sem maðurinn stakk af frá reikningnum.

Maðurinn gerði misvel við sig í mat og drykk, en matsölustaðirnir sem sátu eftir með sárt ennið eftir viðskipti við manninn voru allt frá veitingastöðum á borð við Hótel Nordica og Ruby Tuesday.

Maðurinn át og drakk fyrir tæpar sextíu þúsund krónur og er þess krafist af hálfu veitingastaðanna að hann geri upp reikninginn. Ákæruvaldið fór fram á að maðurinn yrði dæmdur til refsingar.

- æþe



**KANÍNUR Í SUÐURBÆJARLAUG** Kanínur heilsa óboðnar upp á sundlaugargesti í Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði.

Vandræði í Suðurbæjarlaug:

## Kanínur sjást í laugargarðinum

**HAFNARFJÖRÐUR Kanínur hafa sést öðru hverju í sundlaugargarðinum við Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði síðustu vikur. Daníel Pétursson sundlaugarstjóri segir að kanínurnar eigi ekki heima í lauginni heldur komi frá húsi í nágrenninu.**

**„Þar eru kanínur í búri en þær sleppa út og hlaupa inn í garðinn hjá okkur. Við erum í miklum vandræðum við að koma þeim í burt aftur,“ segir Daníel.**

**Kanínurnar hafa vakið mikla kátínu, sérstaklega meðal sundlaugargesta í yngri kantinum, og hafa sumir þeirra reynt að veiða þær.**

**„Kanínurnar gleðja augað. Krökkunum finnst gaman að horfa á þetta en við erum ekki hrifin. Þetta truflar sundkennsluna en auðvitað eru kanínur falleg, skemmtileg og lifandi dýr.“**

- ghs

## SPURNING DAGSINS



*Guðrún, hvað þarf helst að gerast?*

„Það þarf vitundarvakningu meðal kvenna, lögreglu og ákæruvaldsins um að ofbeldi í parsamböndum sé brot á lögum og alltaf á ábyrgð ofbeldismanna.“

Innan við eitt prósent heimilisofbeldismála hefur verið tekið til ákærumeðferðar það sem af er þessu ári. Guðrún Jónsdóttir er talskona Stígamóta.

Fjöldi þingmanna breska Verkamannaflokksins vill nýjan foringja:

# Tony Blair hætti með reisn

**LUNDÚNIR, AP** Minnismiða ráðgjafa Tonys Blair var lekið til fjölmiðla í gær og á sama tíma fréttist af undirskriftasöfnun þingflokksmanna hans, en 38 þeirra munu hafa skrifað undir plagg þess efnis að forsætisráðherrann segi af sér. Að auki er haft eftir einum ráðherra hans, David Miliband, að það væri „viðurkennd speki“ að Blair segði af sér innan eins árs. Á miðanum og á listanum mun undirstrikað mikilvægi þess að hann hætti með reisn.

Til stendur að undirbúa nokkur viðtöl í sjónvarpsþáttum, sem ekki teljast pólitískir, ásamt heimsóknum í einar sex borgir og myndatökum við tuttugu eftirminnilegar byggingar sem risið hafa eða verið endurgerðar í stjórnartíð Blairs. Flagga skal almennum „sigri Blair-hyggjunnar“, fremur en einstökum afrekum forsætisráðherrans, og nauðsynlegt er að horfast í augu við óvinsældir Íraksstríðsins áður en að kveðjustund kemur, að mati ráðgjafa Blairs.

Ef marka má nýlega könnun vill um 51 prósent Breta að Blair segi af sér og er óvinsældum hans kennt um að einungis þrjátíu prósent styðji Verkamannaflokkinn.

Blair sjálfur er þögull sem gröfin um væntanlega afsögn og hefur hvatt fólk til að hætta bollaleggingum og leyfa sér að vinna vinnuna sína. **- kóþ**



**TONY BLAIR, FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS** 38 þingflokksmenn Blairs munu hafa skrifað undir plagg þess efnis að hann segi af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varnarmálaráðherra Sviss:

# Vopn enn heima hjá hermönnum

**SVISS, AP** Varnarmálaráðherra Sviss hefur neitað beiðni um að hætt verði að geyma skotvopn hermanna á heimilum þeirra. Að meðaltali er eitt sjálfsmorð framið daglega með skotvopni í Sviss, yfirleitt með vopnum frá hernum.

Samuel Schmid, varnarmálaráðherra Sviss, segir að þótt skotvopn verði flutt af heimilum hermanna leysi það ekki þetta félagslega vandamál. Rannsóknir hafa sýnt að heimsins hæsta tíðni sjálfsmorða með skotvopnum er í Sviss og Bandaríkjunum. Margir kenna þar um frjálslegum reglum varðandi vörslu vopnanna. **- sþs**

Bæjaryfirvöld á Akranesi:

# Veita auka launahækkun

**AKRANES Bæjaryfirvöld á Akranesi hafa ákveðið að hækka launin hjá þeim lægstlaunuðu um tvö og hálft til þrjú prósent. Hækkunin nær til þrjátíu manna sem starfa í ræstingu og við sorphirðu.**

**Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, fagnar ákvörðun bæjaryfirvalda. Hann segir að þetta sé viðbót við þá hækkun sem þessir hópar fá samkvæmt samkomulagi aðila vinnumarkaðarins í sumar. Fólkið hækki um fjögur til sex þúsund. - ghs**



**LEJENBORG OG JAKOBSSON** Formaður Þjóðarflokksins og framkvæmdastjórinn.

Sænski Þjóðarflokkurinn:

# Sagði upp vegna njósnamáls

**SVÍÞJÓÐ** Johan Jakobsson, framkvæmdastjóri sænska Þjóðarflokksins, sagði upp störfum í gær í kjölfar þess að upp komst um tölvunjósnir sem ungliði úr flokknum viðurkenndi að hafa stundað. Ungliðinn hafði brotist inn í tölvukerfi Jafnaðarmannaflokksins.

Í yfirlýsingu sagðist Jakobson telja það best fyrir flokkinn að hann segði af sér, þrátt fyrir að hann teldi sig ekki bera neina sekt í málinu. Jakobsson hafði fengið vitneskju um brot ungliðans um miðjan mars. **- gb**





**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Fórnarlamb árásarinnar fór sjálfur á slysadeild sjúkrahússins. Læknir segir stungusárið ekki hafa verið lífshættulegt. Sárið, sem hafi verið nokkuð djúpt, hafi verið ofarlega á bakinu við herðablað mannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Skildi hnífinn eftir standandi í sárinu

**Sextán ára piltur réðst á kunningja sinn með hníf í fyrrinótt, stakk í bakið og skildi hnífinn eftir í sárinu. Fórnarlambið kom sér sjálfur á slysadeild við illan leik. Ekki lífshættulegur áverki, að sögn vakthafandi læknis.**

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára pilturinn sat ásamt 28 ára kunningja sínum í bifreið hins síðarnefnda við Skautasvellið í Laugardal um eittleytið í fyrrinótt, þegar þeim sinnaðist með þeim afleiðingum að pilturinn dró upp hníf og réðst á félaga sinn.

Pilturinn stakk manninn í bakið og skildi við hnífinn standandi úr sárinu. Því næst forðaði árásarmaðurinn sér út úr bifreiðinni hafði sig á brott á hlaupum.

Fórnarlambið ók þá sem leið lá á slysadeild Landspítalans í Fossvogi, en tókst að ná hnífnum úr bakinu á sér á leiðinni á bráðamóttökuna. Þegar þangað var komið hafði maðurinn misst mikið blóð en var ekki í lífshættu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þar var gert að sári mannsins og var hann útskrifaður stuttu síðar.

Samkvæmt vakthafandi læknis á slysadeild Landspítalans var áverki mannsins ekki lífshættulegur. Stungusárið var ofarlega á bakinu við herðablað og töluvert djúpt en fjarri helstu líffærum og því var maðurinn ekki í bráðri lífshættu.

Fórnarlambið gat gefið lögreglu upplýsingar um dvalarstað árásarmannsins og var hann handtekinn í nágrenni við heimili sitt í austurhluta höfuðborgarinnar stuttu síðar. Veitti hann að sögn lögreglu enga mótspyrnu við handtökuna.

Pilturinn var færður í fangageymslur en ekki yfirheyrður fyrr en seinnipartinn í gær. Lögregla neitaði að gefa upp hvort pilturinn hefði verið í annarlegu ástandi þegar lögregla hafði uppi á honum.

Að sögn lögreglu hefur hvorugur mannanna komið við sögu lögreglu áður og þeir eru ekki skyldir. Málið er í rannsókn ofbeldisbrotadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Lögregla lítur málið alvarlegum augum.

aegir@frettabladid.is

Árásarmaður ákærður:

# Braut rifbein og tvær tennur

**HÉRAÐSDÓMUR Tuttugu og sex ára karlmaður var í gær ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir grófa líkamsárás á veitingahúsinu Boomkikker í Hafnarstræti í maímánuði í fyrra.**

**Honum er gert að hafa ráðist á annan karlmann, slegið höfuð hans í barborð og ítrekað með hnefahöggum í andlitið auk þess sem hann lét spörk dynja á manninum, í andlit hans og líkama. Hann dró fórnarlambið á hárinu eftir gólfi skemmtistaðarins og misþyrmdi.**

**Fórnarlambið tvírifbeinsbrotnaði og hryggjarliðir hans brákuðust. Hann nefbrotnaði, hlaut skurð á höfði og tognun á hægri úlnlið. Auk þess brotnuðu í honum tvær tennur.**

**Ákæruvaldið fór fram á refsingu og fórnarlambið krafðist bóta fyrir rúma milljón króna. - æþe**

Gjaldskrárhækkun hjá Já:

# Dýrari símtöl í símaskrána

**VERÐ** Gjaldskrá fyrir upplýsinganúmerin 118 og 1818 og talsamband við útlönd hækkar 1. september. Ástæðan er gjaldskrárbreytingar hjá fyrirtækinu Já sem rekur þessa þjónustu. „Þetta er meðalhækkun upp á sjö prósent sem er í takt við verðlagsþróun frá 2005,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já. Upphafsgjald og mínútuverð í 118 og 1818 mun hækka um fjórar krónur í heimasímum og farsímum. Upphafsgjald í talsambandi við útlönd mun hækka um fimm krónur úr heimasímum og farsímum og mínútuverð um sex krónur úr heimasímum og farsímum. **- sdg**


BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr. 06.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 49 þús. - Allt að 100% lán.





Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Breytingar á reglugerð um ný orkulög fóru framhjá Orkuveitu Reykjavíkur:

# Vissu ekki af breytingunni

**ORKUMÁL** „Við vissum ekki að þessi breyting hefði verið gerð fyrr en síðasta föstudag,“ segir Hjörleifur Kvaran, lögmaður Orkuveitu Reykjavíkur, en fyrirtækið hefur á þessu ári sent póst til allra nýrra raforkunotenda þar sem tekið er fram að Orkuveitunni beri að innheimta fimmtíu prósenta álag á raforku þar til samningur við raforkusala hafi verið gerður.

Ný reglugerð sem tók gildi í byrjun þessa árs kveður á um að nýir raforkukaupendur geti samið um að kaupa raforku frá því fyrirtæki sem þeir kjósa, hvar sem er á landinu. Í reglugerðinni stóð enn fremur að fyrirtækinu sem aflaði orkunnar bæri skylda til að innheimta álag sem næmi helmingi raforkugjaldsins, gerði nýr notandi ekki samning við raforkusala. Í apríl á þessu ári var þó tekin ákvörðun um að fresta þessari innheimtu til næstu áramóta. Hjörleifur segir leitt að Orkuveita Reykjavíkur hafi haldið áfram að minna á gjaldið. Fremur erfitt sé að átta sig á þessum breytingum og enginn hafi tilkynnt um mistökin. Hann tekur svo skýrt fram að enn hafi enginn verið rukkaður um álagið.

Sem dæmi um hagkvæmni sem felst í nýju raforkulögunum má nefna að ef raforkunotandi, búsettur á Seltjarnarnesi í um 250 fm einbýlishúsi, semur við Norðurorku er auglýst heildargjald á ári 281.857 krónur á ári. Semji hann aftur á móti við Orkubú Vestfjarða nemur kostnaðurinn 210.957 krónum. **- kdk**



**HÖFUÐSTÖÐVAR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR** Lögmaður Orkuveitunnar segir að enginn hafi verið rukkaður um álagið.

Heilsa og vellíðan | Sælkerafæði og veitingar | Sýningaratriði | Fræðsluefni | Útivist

# SKEMMTUN FYRIR BÖRNIN Í EGILSHÖLL

Greining og meðferð | Líkamsþjálfun

Húsgögn | Snyrtivörur

Vatnasport | Barnafjör | Boltaíþróttir | Sjúkravörur | Upplifun

Fatnaður og skór | Líkamsmælingar | Tækni | Grænt mataræði | Fjármál og tryggingar

Fræðsluerindi og kynningar | Hreyfing | Vítamín og fæðubótarefni | Vetrarsport | Fjölskylduskemmtun

Börnin eru velkomin á 3L Expo í Egilshöll 7.-11. september og finna svo sannarlega eitthvað við sitt hæfi á sýningunni.
Á 10.000 fm lokuðu útisvæði geta börnin notið heilbrigðrar skemmtunar og hreyfingar á meðan foreldrarnir skoða sýninguna.

3L Expo 7.-11. september er líka fyrir börnin.

Í barnalandinu verður boðið upp á:

- 10 hoppukastala
- þotubílabraut
- fótboltavöll
- andlitsmálun
- mini golf
- Ólympíuleika í frjálsum íþróttum
- brot úr barnasýningum
- Sollu stirðu og Höllu hrekkjusvín úr Latabæ sem koma í heimsókn á laugardaginn kl. 15

3L EXPO

www.3lexpo.is | 594 9670

GOTT FÓLK McCANN

**GENGIÐ 5.9.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,84 | 69,16 |
| Sterlingspund | 130,78 | 131,42 |
| Evra | 88,3 | 88,55 |
| Dönsk króna | 11,835 | 11,905 |
| Norsk króna | 10,861 | 10,925 |
| Sænsk króna | 9,478 | 9,534 |
| Japanskt jen | 0,5944 | 0,5961 |
| SDR | 102,41 | 103,03 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,8546

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins afsalaði sér þingmennsku í gær:

# Halldór segist kveðja Alþingi með söknuði

**ALÞINGI** Halldór Ásgrímsson, sjöundi þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður, afsalaði sér í gær þingmennsku með bréfi til forseta Alþingis.

Halldór hefur setið á þingi nær sleitulaust frá árinu 1974 til þessa dags, ef undan er skilið tímabilið nóvember til desember árið 1978, en þá var hann varaþingmaður Austurlandskjördæmis.

Í afsagnarbréfi sínu sem Halldór afhenti Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, í gær segir meðal annars að síðan hann hafi fyrst verið kjörinn til Alþingis sumarið 1974 hafi hann átt gott samstarf við fjölda fólks á vettvangi þingsins.

„Ég kveð Alþingi því með söknuði en er jafnframt afar þakklátur öllu því fólki sem ég hef haft tækifæri til að kynnast og starfa með. Ég færi núverandi alþingismönnum og starfsfólki Alþingis sérstakar þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Ég óska Alþingi, alþingismönnum og starfsfólki þingsins allra heilla í framtíðinni," segir í bréfi Halldórs.

Halldór sagði af sér sem forsætisráðherra um miðjan júní á þessu ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Á flokksþingi Framsóknarflokksins um miðjan ágúst hætti hann sem formaður flokksins.

Sæunn Stefánsdóttir tekur sæti Halldórs Ásgrímssonar á Alþingi. - æþe



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA OG SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR FORSETI ALÞINGIS** Vel fór á með þeim Halldóri og Sólveigu í gær þegar Halldór afhenti forseta Alþingis afsagnarbréf sitt.



**FÍDEL KASTRÓ Á NÁTTFÖTUNUM** Nýjum myndum hefur verið dreift af hinum aldna forseta, þar sem hann sést m.a. lesa dagblöð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Kúbu á batavegi:

## Kastró er átján kílóum léttari

**HAVANA, AP** „Ögurstundin er að baki," segir Fídel Kastró í nýrri yfirlýsingu sem kúbverska blaðið Granma birti í gær. Vegna aðgerðar í júlímánuði sá forsetinn sig knúinn til að fela bróður sínum stjórnartaumana og hefur enn ekki tekið við völdum á nýjan leik.

Kastró sagðist vera „hlýðinn sjúklingur" á hægum batavegi og átján kílóum léttari. Einnig að þrátt fyrir veikindin ætlaði hann brátt að taka á móti erlendum gestum og vísaði þar líklega til NAM-fundarins, sem haldinn verður á Kúbu innan tíðar, en það er fundur 116 ríkja sem standa að mestu utan hernaðarbandalaga. - kóþ

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Hraðakstur í íbúðargötum

Alls stöðvaði lögreglan í Reykjavík 24 ökumenn fyrir hraðakstur í gær. Hluti þeirra var stöðvaður í íbúðargötum þar sem leyfilegur hámarkshraði er þrjátíu kílómetrar á klukkustund. Fjórir ökumenn mega búast við ökuleyfissviptingu í kjölfarið. Um þrjátíu umferðaróhöpp urðu í umdæminu í gær og í fimm þeirra urðu einhver slys á fólki. Þá voru tveir teknir fyrir ölvunarakstur.

# Tókst að koma í veg fyrir hryðjuverk í Danmörku

**Lögreglan í Danmörku segir níu unga menn hafa ætlað að fremja hryðjuverk í Danmörku. Mennirnir voru handteknir í gær en ekki er vitað hvar þeir hugðust láta til skarar skríða.**

**DANMÖRK, AP** Níu manns voru handteknir í Óðinsvéum í Danmörku í gær, grunaðir um að hafa haft í bígerð að fremja hryðjuverk. Tveir þeirra voru látnir lausir síðar um daginn. Stjórnvöld í Danmörku fullyrtu að lögreglunni hefði tekist að koma í veg fyrir alvarlega árás á danskri grund.

„Þetta er alvarlegasta málið sem komið hefur til minna kasta þann tíma sem ég hef verið dómsmálaráðherra," sagði Lene Espersen dómsmálaráðherra í viðtali við AP fréttastofuna. „Lögreglan fór inn og stöðvaði hópinn meðan hann var að búa sig undir árás."

Lögreglan segist ekki vita hve langt á veg undirbúningur mannanna hafi verið kominn, en ákveðið var að ráðast til atlögu gegn þeim áður en það yrði of seint. Fylgst hafði verið með þeim um hríð.

„Vísbendingar sem lögreglan fann benda til þess að þeir hafi mjög líklega verið að undirbúa árás einhvers staðar í Danmörku," sagði Espersen.

Mennirnir níu eru allir danskir ríkisborgarar, á aldrinum átján ára til 33. Lars Findsen, yfirmaður dönsku leyniþjónustunnar, sagði átta þeirra vera af erlendum uppruna en sagði ekkert um frá hvaða löndum þeir væru.

Hann sagði þó að lögregluaðgerðirnar í gær hefðu ekki tengst rannsókn í Þýskalandi, þar sem fjórir líbanskir menn eru í haldi lögreglu, grunaðir um að hafa ætlað að fremja hryðjuverk.

Í þýskum fjölmiðlum var fullyrt að einn þessara fjögurra manna, Youssef Mohamad el Hajdib, hefði verið á leiðinni til Danmerkur. Einnig höfðu danskir og þýskir fjölmiðlar sagt frá því að í fórum hans hefði fundist símanúmer hjá Abu Bashar, íslömskum trúarleiðtoga sem búsettur er í Óðinsvéum.

Abu Bashar neitar því að þekkja Hadjib, en segir það einungis tímaspursmál hvenær hryðjuverk verði framið í Danmörku.

„Osama bin Laden sagði fyrir þremur árum að hann myndi refsa þeim löndum sem hafa her í Írak," sagði Bashar í viðtali við AP fréttastofuna. „Danmörk er á listanum."

Um það bil 500 danskir hermenn eru í Írak undir breskri stjórn og 360 danskir hermenn eru í Afganistan á vegum Nató.

Bashar sagðist þekkja mennina níu sem handteknir voru í gær. Þeir tilheyrðu samfélagi múslima í Óðinsvéum. Hann sagðist hins vegar sannfærður um að þeir væru saklausir.

„Ég trúi því að þeir verði látnir lausir mjög fljótt," sagði hann.

Hryðjuverk hefur ekki verið framið í Danmörku síðan 1985, þegar sprengja sprakk fyrir utan skrifstofur flugfélags í Kaupmannahöfn. Einn maður lést og sextán særðust. Þrír Palestínumenn, búsettir í Svíþjóð, voru dæmdir fyrir það og hlutu ævilangt fangelsi. gudsteinn@frettabladid.is




**Á AÐALLESTARSTÖÐINNI Í KAUPMANNAHÖFN** Farþegar námu staðar í gær til þess að fylgjast með fréttum af handtökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Þetta er alvarlegasta málið sem komið hefur til minna kasta.
>
> **LENE ESPERSEN**
> DÓMSMÁLARÁÐHERRA






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVESSIR Í NÓTT** Hann verður bjartur og fagur dagurinn í dag um sunnan- og vestanvert landið. Hins vegar stoppar það góðviðri stutt við því lægð nálgast strax í kvöld og því þykknar smám saman upp á landinu vestanverðu eftir því sem líður á kvöldið. Í nótt verður svo allhvöss suðaustanátt vestan til með vatnsveðri. Í fyrramálið lægir svo strax og þá verður víða strekkingur. Skúraveður verður vestan til en rigning eystra.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hægviðri. Léttskýjað í dag en þykknar upp í kvöld. Hiti 8-12 stig.

um hádegi »




» á morgun




5- 10 m/s

» föstudagur




8- 13 m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C skúrir | London | 25°C hálfskýjað | Alicante | 31°C hálfskýjað |
| Bergen | 16°C hálfskýjað | París | 27°C heiðskírt | Mallorca | 28°C léttskýjað |
| Osló | 18°C hálfskýjað | Frankfurt | 28°C hálfskýjað | Algarve | 31°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 28°C léttskýjað | Krít | 30°C heiðskírt |
| Gautaborg | 17°C skúrir | Berlín | 21°C alskýjað | Las Palmas | 29°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - DANMÖRK

Ísland og Danmörk mætast í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 18:05 á miðvikudag. Af því tilefni viljum við hita upp með glæsilegri fjölskylduhátíð á gervigrasvelli Þróttar í Laugardal og hefst hátíðin kl. 16:00.

Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum. ÁFRAM ÍSLAND!

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.

Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið.

Athugið að útprentaður e-miði (pdf með strikamerki) er fullgildur aðgöngumiði.

Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku.

Áhorfendur á bláu svæði og í stæðum ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

*Alltaf í boltanum*

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

*Allir á völlinn.*
*Áfram Ísland!*

## KJÖRKASSINN



*Vinna Íslendingar landsleikinn gegn Dönum?*

| | |
|---|---|
| Já | 39,1% |
| Nei | 60,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fórstu í lax- eða silungsveiði í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Íslendingur útvegar íslenskum atvinnurekendum starfsfólk frá pólskri vinnumiðlun:

# Mörg fyrirtæki sögð sárvanta starfsfólk

**VINNUMARKAÐUR** Íslendingur stundar vinnumiðlun milli Íslands og Póllands. Íslendingurinn heitir Hallur Jónasson og er í vinnu hjá pólskri vinnumiðlun. Hann útvegar starfsfólk fyrir íslenska atvinnurekendur.

Von er á allt að fjórum til sjö Pólverjum hingað til lands á næstunni á vegum Halls en einn Pólverji hafnaði tilboði í tímabundið verkefni í sex til átta mánuði þó að launatilboðið væri vel yfir lágmarkslaunum.

„Ofsalega mörg fyrirtæki eru í vandræðum með að fá starfsfólk,“ segir hann.

Hallur tekur 69.900 krónur fyrir að útvega starfsmann frá Póllandi. Hann fær upplýsingar um hvers konar fólk vantar og fær svo áhugaverðar ferilskrár að utan. Ef launamaðurinn tekur tilboðinu hjálpar Hallur til við að fá kennitölu og sér um að gera ráðningarsamning og koma honum til Vinnumálastofnunar. Allt er þetta lögum samkvæmt.

Gert er ráð fyrir að atvinnurekandinn borgi flugfar starfsmannsins og sjái um að finna leiguhúsnæði. Starfsmaðurinn borgar hins vegar leiguna sjálfur.

„Það er mikil forvitni og margir sem hringja í mig. Það er ofsalega mikið af fyrirtækjum sem eru í vandræðum því það vantar starfsfólk,“ segir Hallur. - ghs



**ÚTVEGAR FÓLK** Íslendingur útvegar starfsfólk frá pólskri vinnumiðlun. Hann fær ferilskrár sem vinnuveitendur geta skoðað og valið út frá. Mennirnir á myndinni tengjast fréttinni ekki beint.



**REYKINGAR** Bandarískir sígarettuframleiðendur hafa aukið nikótínmagn í hverri sígarettu um tíu prósent.

Sígarettuframleiðendur:

## Nikótínið aukið um tíu prósent

**BANDARÍKIN, AP** Nikótínið í bandarískum sígarettum hefur verið aukið um tíu prósent á síðustu sex árum. Þar af leiðandi ánetjast fólk fyrr reykingum og erfiðara er fyrir það að hætta.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá heilbrigðisyfirvöldum í Massachusetts, einu af þremur ríkjum Bandaríkjanna sem fara fram á upplýsingar um nikótín frá framleiðendum.

Sýna upplýsingarnar að allir sígarettuframleiðendur hafi gerst sekir um aukninguna, en sérstaklega er hana að finna í Marlboro- og Camel-sígarettum sem eru vinsælar meðal ungra Bandaríkjamanna. Nikótínið í Kool-sígarettum hefur aukist um tuttugu prósent. - smk

Bílvelta við Núpsvötn:

## Bifreiðin kastaðist til og frá

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á brú við Núpsvötn á Skeiðarársandi um eittleytið í fyrrinótt. Bifreiðin kastaðist til og frá á brúnni og skall í vegrið. Mikil mildi þykir að sögn lögreglu að bifreiðin hafi haldist inn á brúnni.**

**Bifreiðin fór veltu nánast um leið og hún kom af brúnni og endaði utan vegar á hliðinni. Ökumaðurinn var í bílbelti og slapp án meiðsla en fann ekki farsíma sinn til að gera lögreglu viðvart, enda myrkur og rigning á svæðinu þegar slysið varð.**

**Vegfarandi sem kom að slysstaðnum tæpum hálftíma síðar fann ökumanninn blautan og skelkaðan. Hringdi hann í Neyðarlínuna, sem gerði lögreglunni í Vík viðvart.** - æþe

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hótuðu lögreglu**

Tilkynning barst lögreglunni í Reykjavík um tvær unglingsstúlkur sem létu ófriðlega í stigagangi fjölbýlishúss í gærkvöldi. Þegar lögregla hugðist flytja stúlkurnar til síns heima brugðust þær ókvæða við og var þá ákveðið að flytja þær á lögreglustöð. Á leiðinni þangað höfðu stúlkurnar í frammi svívirðingar við lögreglu og í framhaldinu var haft samband við forráðamenn þeirra, sem sóttu þær á lögreglustöðina.

# Nálgunarbann ekki nógu skilvirkt tæki

**Fagfólk er tekur á heimilisofbeldi er sammála um að breyta verði löggjöfinni um nálgunarbann. Ekki nógu gott hjálpartæki fyrir lögreglu, segir Andrés Ragnarsson. Ágúst Ólafur vill sérstakt lagaákvæði um heimilisofbeldi.**

**OFBELDI** Andrés Ragnarsson sálfræðingur tekur heilshugar undir með Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, og Bjarnþóri Aðalsteinssyni, lögreglufulltrúa í ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík, en þau vilja að nálgunarbannslöggjöfinni verði breytt svo hægt verði að beita henni betur í heimilisofbeldismálum. „Ég er sammála því að hin svokallaða austurríska leið sé til bóta og það er augljóst að nálgunarbannið þarf að virka sem betra hjálpartæki fyrir lögregluna,“ sagði Andrés.

Hann hefur unnið með félagsmálaráðuneytinu að verkefninu Karlar til ábyrgðar, ásamt samstarfsmanni sínum Einari Gylfasyni, en það var endurvakið á vormánuðum þessa árs. „Þetta er meðferðarúrræði sem boðið er upp á fyrir karlmenn sem vilja sjálfir taka á ofbeldishneigð sinni. Vandinn er mikill, því að áætlað er að um 1.100 konur verði árlega fyrir líkamlegu heimilisofbeldi hér á landi,“ sagði Andrés.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, hefur í þrígang flutt frumvarp á Alþingi um lagabreytingu sem gerir ráð fyrir upptöku hinnar austurrísku leiðar. Með henni er gert ráð fyrir því að lögreglan geti beitt nálgunarbanni með skömmum fyrirvara þolendum ofbeldisbrota til gagns, og þeim síðan hjálpað við að sækja réttarstöðu sína og úrræði. Stuðningur hefur ekki verið nægur um frumvarpið innan þingsins en sams konar leið hefur verið tekin upp í Noregi, Svíþjóð og Danmörku eftir að hún var fyrst kynnt innan Norðurlandanna á ráðstefnu Stígamóta árið 2001.



**HÉRAÐSDÓMUR** Um 1.100 konur eru taldar verða fyrir líkamlegu heimilisofbeldi hér á landi árlega. Enn fleiri verða fyrir andlegu ofbeldi en lítill hluti þess ratar inn á borð til yfirvalda. Börn geta orðið fyrir varanlegum skaða alist þau upp við heimilisofbeldi.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar, segir nauðsynlegt að koma á sérstöku ákvæði í lögum sem tekur til heimilisofbeldis. „Ég hef lagt fram þingmál um að setja sérstakt lagaákvæði um heimilisofbeldi. Það sem ríkisstjórnin gerði á síðasta þingi var að setja refsiþyngingarástæðu í lögin vegna heimilisofbeldis, en mér finnst þessi mál ekki aðeins snúast um að þyngja refsingarnar heldur einnig um það hvort löggjafinn nái utan um þessa glæpi. Það hefur lítið að segja að setja sérstök refsiþyngingarákvæði í lög ef málin komast ekki í gegnum kerfið, eins og sást nokkuð skýrlega á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Ég held að það sé eðlilegast að koma í lög sérstöku ákvæði um heimilisofbeldi svo hægt sé að taka á þessum málum með skilvirkum hætti.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur tæplega eitt prósent heimilisofbeldismála verið tekið til ákærumeðferðar það sem af er ári, en samkvæmt nýjustu tölum hafa tæplega 300 mál komið inn á borð lögreglu vegna heimilisofbeldis.

magnush@frettabladid.is

Borgarstjóri lýsir yfir væntanlegri uppbyggingu íbúða fyrir eldri borgara:

# Byggja 200 íbúðir fyrir eldri borgara

**BORGARMÁL** Reykjavíkurborg stefnir á að undirrita viljayfirlýsingu um uppbyggingu á 200 þjónustu- og öryggisíbúðum fyrir eldri borgara á næstunni. Þessar íbúðir verða að öllum líkindum tengdar þjónustukjörnum við Spöngina í Grafarvogi annars vegar og við Sléttuveg hins vegar. 100 íbúðir verða byggðar á hvorum stað. Þetta kom fram í ræðu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra á fundi borgarstjórnar í gær.

Borgarstjóri gerði jafnframt grein fyrir samráði við eldri borgara í sumar og að á Velferðarsviði væri unnið að tillögum um skipulagðar heimsóknir til eldri borgara til að vinna gegn félagslegri einangrun og breytingum sem hafa orðið á akstursþjónustu aldraðra. Vilhjálmur minntist einnig í



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Í ræðu borgarstjóra í gær kom fram að hann ætlaði að hefja byggingu 200 íbúða fyrir aldraða á næstunni. Hann segir fyrrverandi meirihluta hafa sinnt eldri borgurum illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ræðu sinni á það sem hann kallar áhugaleysi fyrrverandi meirihluta.

„Staðreyndin er sú að fyrrverandi meirihluti sinnti málefnum eldri borgara í borginni illa. Algjör stöðnun ríkti í uppbyggingu þjónustuíbúða og leiguíbúða fyrir eldri borgara í Reykjavík á síðasta áratug,“ segir Vilhjálmur. Hann segir tölurnar tala sínu máli og í sumar hafi 347 aldraðir einstaklingar verið á biðlista eftir þjónustuíbúð, 19 eftir heimaþjónustu og 271 eftir hjúkrunarrými.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að í ræðu borgarstjóra hafi ekki verið neinar nýjar fréttir. „Það sem hann skreytti sig með voru verkefni sem voru komin í gang áður en nýr meirihluti tók við. Það kreppir mest að verkefnum sem eru unnin í samstarfi við ríkið en borgarstjóri upplýsti ekki um að það hefði komið neinn fjörkippur í það samstarf.“ - shá

Úrskurður kjördómstóls:

## Calderón næsti forseti Mexíkó

**MEXÍKÓ, AP** Kjördómstólar í Mexíkó úrskurðuðu í gær að Felipe Calderón væri sannlega sigurvegari forsetakosninganna, sem fram fóru í júlímánuði.



**FELIPE CALDERÓN**

Andstæðingur Calderóns, López Obrador, hafði krafist þess að öll atkvæði kosninganna yrðu endurtalin, en einungis munaði 0,6 prósentum á frambjóðendum. Hann hefur hótað því að fylgismenn sínir muni hunsa næstu ríkisstjórn landsins.

Vicente Fox, núverandi forseti landsins, bauð Obrador til viðræðna í gær eftir að úrslitin voru kunngjörð. - kóþ

Olíufundur í Mexíkóflóa:

## Olíuforði BNA stækkar

**WASHINGTON, AP Niðurstöður úr tilraunaborunum í Mexíkóflóa benda til þess að gríðarlegt magn af olíu og fljótandi gasi sé þar að finna. Bandaríska olíufyrirtækið Chevron, eitt þriggja fyrirtækja sem lét gera boranirnar, segir að þar sé að finna 3-15 þúsund milljón tunnur af olíu og fljótandi gasi, sem jafnast á við allt að helming núverandi olíuforða Bandaríkjanna.**

**Ekki er búist við að ódýr olía streymi á markaðinn á næstunni en hlutabréf í olíufyrirtækjunum þremur hafa hækkað töluvert eftir að fréttist af tilraunaborununum.** - gb

Utanríkisstefna Bandaríkja:

## Al-Kaída úr brennidepli

**WASHINGTON** Ný skýrsla Hvíta hússins um „stríðið gegn hryðjuverkum“ mælir með því að sjónum eftirlitsstofnana verði beint frá al-Kaída hryðjuverkanetinu og að litlum sjálfstæðum hópum og einstaklingum.

Hryðjuverkamenn hafi neyðst til að þróa bardagaaðferðir sínar og að óvinir Bandaríkjanna séu nú „fjölþjóðleg hreyfing öfgahópa, samtaka og einstaklinga“. Flestir í al-Kaída eru nú þegar á bak við lás og slá, segir í skýrslunni, en ekkert er þó minnst á Osama bin Laden. New York Times fjallaði um skýrsluna í gær. - kóþ

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ók á 150 kílómetra hraða**

Tvítugur ökumaður var stöðvaður á 150 kílómetra hraða í Öxnadal. Ökumaður ók fólksbíl og var einn í bílnum þegar lögregla hafði hendur í hári hans. Hann má eiga von á ökuleyfissviptingu í mánuð og sekt upp á fimmtíu þúsund krónur.

# Veislan er hafin!

NÝTT STARFSÁR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS ER NÚ AÐ HEFJAST MEÐ POMPI OG PRAKT. AÐ VANDA ER ÚRVALIÐ FJÖLBREYTT OG EFNISSKRÁIN HEILL TÖFRAHEIMUR TÓNLISTAR ÞAR SEM ALLIR FINNA EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI. **Í ÞESSARI VIKU ER BOÐIÐ UPP Á ÞRENNA TÓNLEIKA** SEM GEFA TÓNINN FYRIR ÞAÐ SEM KOMA SKAL; SKEMMTILEGAR NÝJUNGAR Í BLAND VIÐ SÍGILDA TÓNLIST SEM LÆTUR ENGAN ÓSNORTINN. VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG Á TÓNLEIKUM SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR.



## 07.09

**FIMMTUDAGINN** 7. SEPTEMBER **KL. 17.00**

### TÓNLEIKAR Í SMÁRALIND

Sinfóníuhljómsveit Íslands fagnar upphafi nýs starfsárs með tónleikum í SMÁRALIND.

Hljómsveitin og aðalstjórnandi hennar, RUMON GAMBA, munu töfra fram kraftmiklar, undurfagrar og fjörugar klassískar perlur fyrir gesti og gangandi. Ekki láta þig vanta!

## 08.09

**FÖSTUDAGINN** 8. SEPTEMBER **KL. 19.30**

### UPPHAFSTÓNLEIKAR

SOLVEIG KRINGELBORN, RUMON GAMBA og Sinfóníuhljómsveitin. Verk eftir BERLIOZ, GRIEG og RIMSKÍJ-KORSAKOV.



## 09.09

**LAUGARDAGINN** 9. SEPTEMBER KL. **17.00**

Styrktartónleikar FL GROUP og SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

# LÍFIÐ KALLAR

Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba
Einsöngvari ::: Solveig Kringelborn

**EFNISSKRÁ:**
Hector Berlioz ::: Rómverskt karnival, forleikur
Edvard Grieg ::: Fimm söngvar
Nikolaj Rimskíj-Korsakov ::: Sheherazade

Efnisskrá tónleikanna samanstendur af glæsilegum og gáskafullum forleik, kyngimagnaðri hljómsveitarsvítu og sérstaka ánægju vekur þátttaka norsku sópransöngkonunnar SOLVEIG KRINGELBORN, sem er sú skandinavíska söngkona sem hefur vakið hvað mesta athygli á síðustu árum fyrir silfurtæra rödd og töfrandi framkomu.

Tónleikarnir eru til styrktar verkefnisins LÍFIÐ KALLAR, sem er á vegum BUGL, Barna- og unglingageðdeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss.

**MIÐASALA ::: WWW.SINFONIA.IS**
**SÍMI ::: 545 2500**
**MIÐAVERÐ ::: 3.700 / 3.400 KR.**

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

FL GROUP

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver ritar ævisögu leikararns Gunnars Eyjólfssonar sem koma á út fyrir jól?*
2. *Hvaða samkomulag skuldbindur ríki til að flytja þegna sína til síns heima, komi þeir ólöglega til Evrópu?*
3. *Eiður Smári hefur jafnað gamalt markamet, hver átti fyrra metið?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Nánari greiningu á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu skortir segir forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands:

# Ferðamannaiðnaður getur verið fátæktargildra

**FERÐAMÁL** „Ég set spurningarmerki við það þegar fólk fagnar fjölgun ferðamanna án þess að velta því fyrir sér hvernig tegund ferðaþjónustu fylgir þeim,“ segir Edward H. Huijbens, forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri og er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. Hann segir nánari greiningu skorta á hagrænum áhrifum þeirra ferðamanna sem koma hingað til lands.

Í tölum frá Hagstofunni kemur fram að gistinóttum á hótelum í júlí á þessu ári fjölgaði um 11 prósent borið saman við júlí í fyrra. Á fyrstu sjö mánuðum ársins fjölgaði gistinóttum um 10 prósent frá fyrra ári, en gistinóttum fjölgaði um rúm 600 milli þessara ára.

Athygli vekur að ferðamönnum frá Kína hefur fjölgað mjög enda segir Magnús Oddsson ferðamálastjóri að töluverð vinna hafi verið lögð í að markaðssetja Ísland þar í landi.

Edward bendir þó á að ekki sé nóg að rýna eingöngu í fjölda þegar áhrif ferðaþjónustu séu athuguð. „Það er vitað að ferðamannaiðnaður getur verið fátæktargildra ef margfeldisáhrif eru ekki nægilega sterk eða hreinlega ekki fyrir hendi,“ segir Edward.



**EDWARD H. HUIJBENS, FORSTÖÐUMAÐUR FERÐAMÁLASETURS ÍSLANDS** Hann segir nánari greiningu á áhrifum ferðaþjónustu skorta.

**SAMFÉLAGSMÁL**

### Landnemaskóli fyrir nýbúa

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur ákveðið í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga að bjóða erlendu verkafólki upp á 120 stunda námskeið í vetur sem fengið hefur nafnið Landnemaskóli.

**UMHVERFISMÁL**

### Vinstri grænt friðland

Vinstrihreyfingin - grænt framboð í Reykjavík mun leggja fram tillögu um stofnun eldfjallafriðlands frá Þingvöllum að Reykjanesta og aðra um hlutlausa úttekt á Kárahnjúkavirkjun ásamt frestun fyllingu Hálslóns á fundi borgarstjórnar í dag.

Jón Björgvinsson segist ekki falsa fréttamyndir:

# Báðust afsökunar

**LÍBANON** Jón Björgvinsson, myndatökumaður í Líbanon, segir fjarri lagi að myndatökumenn erlendra fréttastofa eða hann sjálfur falsi myndir af átakasvæðum í Líbanon en fréttastofur hafa verið gagnrýndar fyrir að falsa fréttaflutning og myndir úr stríðinu.

Jón hefur verið í sex vikur við myndatökur fyrir erlendar fréttastofur af stríðinu. Hann tók meðal annars myndir af tveimur sjúkrabílum sem Ísraelsmenn höfðu gert sprengjuárásir á. Gat er á þakinu á öðrum bílnum eftir sprengikúlu. Ísraelsmenn og stuðningsmenn þeirra hafa haldið því fram að myndin sé fölsuð, gatið sé alls ekki eftir sprengikúlu heldur bara eftir lofttúðuna sem var í þakinu á bílnum. „Það er rétt að það á að vera lofttúða í þakinu en hún splundraðist þegar sprengjan féll á bílinn,“ segir hann.

Jón segir að Ísraelsmenn hafi beðist afsökunar á árásinni þó að ekki hafi þeir gert það skriflega. „Þetta var mjög hörmulegur atburður.“ - ghs


VERKEFNASTJÓRAAKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR



VERKEFNASTJÓRNUN FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Námslína sem hentar öllum þeim sem þurfa að stjórna eða taka þátt í verkefnum þar sem stefnt er að mælanlegum og áþreifanlegum árangri.



*Leiðbeinendur:*
*Elín Þ. Þorsteinsdóttir,*
*Sigurjón Hákonarson,*
*Þórður Víkingur Friðgeirsson.*

NÁMSLÍNA

| | DAGS.: | TÍMI: |
|---|---|---|
| Grunnatriði verkefnastjórnunar | 8. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Áætlanagerð í verkefnum I | 13. og 14. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkefnastjórnunarumhverfið | 26. og 27. sept. | kl. 08.00 - 12.00 |
| Verkfærakistan I - Að greina aðalatriði frá aukaatriðum | 10. okt. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Áætlanagerð í verkefnum II - Verkframvinda | 25. og 26. okt. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkfærakistan II - Ákvarðanir og árangur í verkefnum | 8. nóv. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Breytingastjórnun í verkefnum | 21. nóv. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Mind Manager | 27. nóv. | kl. 13.00 - 19.00 |
| Áhætta í verkefnum og besta ákvörðun við óvissar aðstæður | 12. og 13. des. | kl. 13.00 - 17.00 |

Skráning er hafin - Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornendaskoli.is

*Nánari upplýsingar veitir:*
***Guðrún Helga Hamar***
*Verkefnastjóri*
*Sími: 599 6404*
*gudrunhelga@ru.is*

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

FABRIKAN 2006




**FALUN GONG-LIÐAR MÓTMÆLA** Aðgerðir lögreglu gegn mótmælendum þegar Kínaforseti kom til landsins voru mjög umdeildar. Deilt hefur verið um hversu langt mótmælendur geta gengið í aðgerðum sínum.

# Segir andóf ekki liðið

**Ragnar Aðalsteinsson og Stefán Eiríksson tókust á um hversu langt lögreglan gæti gengið gagnvart mótmælendum. Lögreglan hér líður ekki mótmæli, sagði Ragnar. Fer eftir reglum, sagði Stefán.**

**MÓTMÆLI** Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður gagnrýndi lögregluna harkalega á hádegisfundi Háskólans í Reykjavík og Lögmannafélags Íslands í gær.

Í erindi sínu, sem hann kallaði „Stendur lýðræðinu ógn af andófsmönnum?“, sagði Ragnar það grundvallarreglu hjá lögreglunni á Íslandi að „líða ekki mótmæli“ og vitnaði þar til nýlegra dæma á Kárahnjúkum og þess þegar kínverskir mótmælendur Falun Gong hreyfingarinnar, sem hafa umburðarlyndi og umhyggju að leiðarljósi, mótmæltu komu Kínaforseta hingað til lands sumarið 2002. Þá var meðlimum hreyfingarinnar snúið við á Keflavíkurflugvelli og þeir sendir til síns heima, auk þess sem 26 mótmælendur hreyfingarinnar voru fluttir í Njarðvíkurskóla og þeim haldið þar þangað til þeir voru sendir úr landi.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, sagði í erindi sínu, sem hann kallaði „Lagaleg skylda og réttur lögreglu til aðgerða gegn ólögmætu framferði til mótmæla“, lögreglunа hafa skyldu til að gæta meðalhófs í framferði sínu, gagnvart mótmælendum og öðrum þegnum þjóðfélagsins, auk þess sem hann sagði lögregluna þurfa að „koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrunum brota og fylgja lögum sem um þessa starfsemi gilda“.

Þá sagði Stefán að hlutverk lögreglu þegar kæmi að mótmælum væri í meginatriðum tvíþætt.



**STEFÁN EIRÍKSSON**



**RAGNAR AÐALSTEINSSON**

Í fyrsta lagi að „aðstoða þá sem vilja koma skoðunum sínum á framfæri“, og í öðru lagi „að grípa inn í ef mótmælin ganga inn á rétt annarra eða raska almannaöryggi“. Stefán mótmælti því að lögreglan hefði gengið of langt með mótmælenda með framferði sínu.

Ragnar sagði „valdsmenn og lögreglu“ hafa með ummælum sínum „leitast við að rengja merkingu orðsins mótmælendur, þannig að það þýði í raun afbrotamenn“, og gagnrýndi lögreglu fyrir að umgangast ekki mótmælendur af virðingu og vinsemd eins og lög gerðu ráð fyrir. Nefndi hann dóma sem fallið hafa hér á landi máli sínu til stuðnings.

Ragnar og Stefán svöruðu spurningum fundargesta úr salnum eftir erindi sín en flestar fyrirspurnirnar beindust að því hvar lögreglan gæti dregið mörkin í aðgerðum sínum gegn mótmælendum og til hvaða aðgerða mótmælendur gætu gripið til gegn lögreglu, gerðist hún sek um lögbrot.

magnush@frettabladid.is

# Spennandi tímar framundan

## Á innan við ári hefur Marel meira en tvöfaldað veltu sína.



Í dag mynda fjögur rótgróin fyrirtæki eina sterka liðsheild með starfsemi um heim allan. Saman stefnum við að enn glæsilegri vexti á næstu misserum.

















aew delford systems CARNITECH SCANVÆGT Marel



**SVIFFLUG Í SVISSNESKU ÖLPUNUM** Félagar í fjölleikamálmblástursshljómsveitinni Bellap Hexe léku listir sínar síðustu helgi. Tilgangurinn var að slá heimsmet í því að spila tónlist í loftinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fulltrúar pakistanskra stjórnvalda og leiðtogar herskárra hópa í Norður-Waziristan:

# Friðarsamkomulag hefur verið undirritað

**PAKISTAN, AP** Fulltrúi stjórnvalda í Pakistan og einn af leiðtogum herskárra hópa í héraðinu Norður-Waziristan undirrituðu í gær friðarsamkomulag sem vonir standa til að bindi enda á ófrið í héraðinu, sem liggur vestantil í norðurhluta Pakistans, þétt við landamæri Afganistans.

Pakistanskir hermenn hafa í nærri fimm ár átt í átökum í þessu héraði við herskáa hópa, eða allt frá því þúsundir pakistanskra hermanna voru sendir þangað í beinu framhaldi af innrás Bandaríkjanna, Breta og fleiri ríkja í Afganistan.

Samkvæmt friðarsamkomulaginu lofar pakistanski herinn að hætta aðgerðum sínum í héraðinu. Í staðinn skuldbinda hinir herskáu hópar sig til þess að hætta árásum á pakistanska hermenn. Einnig skuldbinda þeir sig til þess að hætta því að fara yfir landamærin til Afganistans til þess að ráðast þar á bandaríska og afganska hermenn.



**PAKISTANSKUR HERMAÐUR** Fylgist með landamærum Afganistans og Pakistans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hinir herskáu hópar í Norður-Waziristan eru taldir mannaðir bæði heimamönnum, sem hliðhollir eru talibönum, og útlendingum sem tengjast Al Kaída. Margir telja einnig að Osama bin Laden, höfuðpaur Al Kaída, hafi verið í felum meðal stuðningsmanna sinna í Norður-Waziristan allar götur frá því hann flúði frá Afganistan. Gagnrýnendur samkomulagsins segja það eingöngu bera þess vott að pakistanska hernum hafi ekkert orðið ágengt við að brjóta á bak aftur vopnaða hópa í héraðinu. **- gb**

Norskur vinnumarkaður:

## Of margir tilkynna veikindi

**ÓSLÓ, AP** Bjarne Håkon Hanssen, vinnumálaráðherra Noregs, leitar nú leiða til að draga úr veikindafjarvistum Norðmanna. Mælingar sýna að 7,6 prósent vinnandi manna voru frá vinnu vegna veikinda á fyrsta fjórðungi þessa árs.

Ráðherrann segir að til greina komi að neyða atvinnurekendur til að taka aukinn þátt í kostnaði sem af veikindunum hlýst, því þannig verði þeir áhugasamari um heilsufar starfsmanna sinna.

Árið 2004 var svart ár í heilsufarssögu Norðmanna, en þá skráðu að meðaltali 8,5 prósent Norðmanna sig veika á degi hverjum. Best var heilsan um mitt ár 2005, en þá hrjáðu veikindi einungis 6,3 prósent þjóðarinnar. **- kóþ**

Samkomulag á vinnumarkaðI:

## Áhrifin eru enn óljós

**VINNUMARKAÐUR** Fjármálaráðuneytið telur að áhrif samkomulagsins sem gert var á vinnumarkaði í sumar séu að koma fram í mælingum og séu í samræmi við áætlanir. Markmið samkomulagsins var að eyða óvissu á vinnumarkaði og leggja grunn að hjöðnun verðbólgu.



**STEFÁN ÚLFARSSON**

Í Vefriti fjármálaráðuneytisins, sem kom út í lok ágúst, kemur fram að lauslegt mat á vinnumarkaði sýni að laun hafi hækkað um 2,5 prósent og að meiri launahækkanir eigi eftir að koma fram á næstu tveimur mánuðum.

Samtals er búist við að heildaráhrifin nemi fjórum prósentum.

Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, segir að mat fjármálaráðuneytisins á áhrifunum sé svipað og ASÍ hafi gert ráð fyrir.

„Þetta kemur okkur ekki á óvart en það verður að líða lengri tími þar til við getum sagt til um það hvort þetta samkomulag hefur náð tilætluðum árangri eða ekki,“ segir hann.

ASÍ gerir ráð fyrir að íslenskt efnahagslíf sé í toppi nú hvað verðbólguna varðar en draga fari úr verðbólgu nálægt jólum.

„Eftir þrjá til fjóra mánuði verður svo hægt að segja til um hvaða áhrif samkomulagið á vinnumarkaði hefur haft.“ **- ghs**



**GENNADÍJ KHRIPEL** Rússneski þingmaðurinn (t.v.) segir Þingmannaráðstefnu Eystrasaltsráðsins hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að byggja upp traust milli fyrrum fénda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Norðlæg vídd í brennidepli

**Þingmenn frá öllum ellefu aðildarríkjum Eystrasaltsráðsins sátu fyrstu daga vikunnar á rökstólum í Reykjavík. Þeir ræddu meðal annars um áherslur svonefndar Norðlægrar víddar Evrópusambandsins.**

**UTANRÍKISMÁL** Árlegri Þingmannaráðstefnu aðildarríkja Eystrasaltsráðsins lauk í Reykjavík í gær, en á hana mættu þingmenn ellefu þjóðlanda auk fulltrúa af Evrópuþinginu og þingum sjálfstjórnarsvæða og strandhéraða aðildarríkjanna. Meðal þess helsta sem rætt var á ráðstefnunni var framkvæmd hinnar svokölluðu „Norðlægu víddar“ Evrópusambandsins, en í nafni þeirrar stefnu er unnið að ýmsu því milliríkjasamstarfi um mengunarvarnir og annað, sem varðar sameiginlega hagsmuni ríkjanna.

Félagsleg mismunun og hindranir á vinnumarkaði voru einnig ofarlega á baugi umræðunnar. Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður tók þátt í umræðunum. Hann tjáði Fréttablaðinu að auk mengunar- og siglingaöryggismála væru „þessi félagslegu mál að komast sterkar á dagskrá“. Þau snertu meðal annars vandkvæði í tengslum við frjálst flæði vinnuafls frá fátækari löndunum austan megin við Eystrasaltið, en þau vörðuðu öll aðildarríkin, líka Ísland. Tengd þessu væru líka mál á borð við mansal á ungum konum frá löndunum í austri í vændi til ríkari landanna í vestri. Þessi mál verða meginþema ráðstefnunnar á næsta ári, en þá verður hún haldin í Berlín.

Steingrímur sagði gildi þessa vettvangs fyrir skoðanaskipti þingmanna frá umræddum löndum ekki síst felast í því að á honum sætu einnig fulltrúar Rússlands. Í gegnum Norðurlandasamstarfið, EES-samstarfið og fleiri stofnanir ættu íslenskir fulltrúar náin samskipti við sömu lönd og starfa saman innan Eystrasaltsráðsins, en það væri ein fárra evrópskra samstarfsstofnana þar sem Rússar tækju þátt á jafnréttisgrundvelli.

Gennadíj Khripel, þingmaður á rússneska sambandsþinginu sem á sæti í fastanefnd Þingmannaráðstefnunnar, tjáði Fréttablaðinu að þessi vettvangur hefði í fimmtán ára sögu sinni gegnt mikilvægu hlutverki við að „brjóta ís tortryggninnar“ og byggja upp traust á milli þjóðanna í kringum Eystrasaltið, sem Járntjaldið skildi að á dögum kalda stríðsins.

Diana Wallis, þingmaður á Evrópuþinginu, vakti athygli á því samkomulagi sem í gildi er milli Grænlands og Evrópusambandsins um þann þátt Norðlægu víddarinnar sem snertir málefni norðurheimskautsins. Þannig bæri ekki einungis að líta á Norðlæga vídd ESB í tengslum við Eystrasaltið. Vandamál eins og loftslagsbreytingar og annar umhverfisvandi, sem væru áberandi á norðurslóðum, skiptu einnig máli fyrir Eystrasaltssvæðið. Hún bauð til þingmannaráðstefnu á vegum Evrópuþingsins um Norðlæga víddina í nóvember næstkomandi. **audunn@frettabladid.is**


Fiton/SÍA




**Sirkus kemur á föstudögum!**

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.




FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

# STÓRÚTSALA

**allt að 649.000 kr. afsláttur**

## Í TILEFNI HAUSTSINS

NOTAÐIR BÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

**Subaru Forester** — 230.000 Afsláttur



Árg 6/98, ek 100 þús.
Beinsk.
Verð 880 þús.
**Verð 650 þús.**

**Hyundai Santa FE** — 400.000 Afsláttur



Árg 6/01, ek 139 þús.
Sjálfsk.
Verð 1.590 þús.
**Tilboð 1.190 þús.**

**Peugeot 407 SW HDI** — 500.000 Afsláttur



Árg 1/05, ek 110 þús.
Sjálfsk.
Verð 2.490 þús.
**Tilboð 1.990 þús.**

**Honda CR-V Advance** — 200.000 Afsláttur



Árg 8/02, ek 59 þús.
Sjálfsk.
Verð 2.190 þús.
**Verð 1.990 þús.**

**Peugeot 307 XR** — 240.000 Afsláttur



Árg 2/03, ek 88 þús.
Beinsk.
Verð 1.090 þús.
**Tilboð 850 þús.**

**Honda CR_V Rvsi** — 430.000 Afsláttur



Árg 5/98, ek 123 þús.
Sjálfsk.
Verð 980 þús.
**Tilboð 550 þús.**

**Suzuki Jimny** — 400.000 Afsláttur



Árg 6/04, ek 45 þús.
Beinsk.
Verð 1.250 þús.
**Verð 850 þús.**

**Suzuki Grand Vitara** — 300.000 Afsláttur



Árg 4/02, ek 86 þús.
Beinsk.
Verð 1.490 þús.
**Verð 1.190 þús.**

**Peugeot 406** — 310.000 Afsláttur



Árg 4/99, ek 94 þús.
Beinsk.
Verð 890 þús.
**Verð 580 þús.**

**Peugeot 206 XR** — 260.000 Afsláttur



Árg 5/06, ek 16 þús.
Beinsk.
Verð 1.350 þús.
**Verð 1.090 þús.**

**VW Golf 4motion** — 300.000 Afsláttur



Árg 11/00, ek 100 þús.
Beinsk.
Verð 990 þús.
**Verð 690 þús.**

**Ford Focus** — 240.000 Afsláttur



Árg 10/99, ek 103 þús.
Sjálfsk.
Verð 690 þús.
**Tilboð 450 þús.**

**Toyota Corolla STW SOL** — 251.000 Afsláttur



Árg 12/04, ek 10 þús.
Sjálfsk.
Verð 1.950 þús.
**Tilboð 1.699 þús.**

**Suzuki Liana** — 649.000 Afsláttur



Árg 11/04, ek 28 þús.
Beinsk.
Verð 1.399 þús.
**Tilboð 750 þús.**

## Tilboð dagsins

231.000 Afsláttur



**Opel Corsa 16v**
Árg 6/99, ek 80 þús.
Beinsk.
Verð 430 þús.
**Tilboð 199 þús.**

H:N markaðssamskipti / SÍA

**OPIÐ**
Virka daga 10 - 18
Fimmtudaga 10 - 21

Komdu strax í Bernhard Notaða Bíla, Bílakjarnanum
og gerðu frábær kaup á notuðum bíl.

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Eirhöfða 11 - 110 Reykjavík - Sími: 551 7171



**PETA MÓTMÆLIR KENTUCKY FRIED CHICKEN** PETA-samtökin berjast fyrir „siðlegri meðferð dýra“. Þau telja kjúklingafyrirtækið Kentucky Fried Chicken koma grimmilega fram við fiðurfé sitt og sjást hér mótmæla því í Bangkok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sérfræðingur tekur undir hugmyndir Landverndar um fólkvang á Reykjanesi:

# Tækifæri í verndun Reykjanesskaga

**NÁTTÚRUVERND** Roger Crofts, formaður sérfræðinefndar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN um friðun og verndarsvæði í Evrópu, kynnti sér hugmyndir Landverndar um eldfjallagarð og fólkvang á Reykjanesskaga á dögunum. Roger Crofts hefur áður komið að verndunarmálum á Íslandi meðal annars í aðdraganda að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Hann telur mikil tækifæri felast í friðun Reykjanesskagans.

Roger Crofts segir að í ljósi þess að Reykjanesskaginn hafi jarðfræðilega sérstöðu á heimsvísu séu góð tækifæri fyrir hugmyndir um verndun og nýtingu



**FRÁ REYKJANESI** Sigmundur Einarsson jarðfræðingur (t.v.) og Roger Crofts. MYND/LANDVERND

þessa svæðis eins og Landvernd hefur sett fram. Á skaganum eru margar gerðir eldfjalla og fjöldinn allur af áhugaverðum jarðmyndunum, til dæmis hellum, gígaröðum og hrauntröðum auk móbergshryggja sem setja svip sinn á svæðið. Hann segir jafnframt að í eldfjallagarðinum þurfi að vera svigrúm fyrir allar gerðir ferðamanna; þjónustusinnaðra ferðamanna, sem sækjast eftir stöðum eins og Bláa lóninu, sem og ferðamanna sem kjósa að ferðast um í lítt snortinni náttúru og vilja upplifa eldfjöllin í sinni náttúrulegu mynd.

Roger hefur starfað sem framkvæmdastjóri Skoska náttúruverndarráðsins (Scottish Natural Heritage) og var varaforseti IUCN og formaður sérfræðinefndar þeirra samtaka um friðun og verndarsvæði í Evrópu. - shá

Árekstur í Efra-Breiðholti:

# Þrír fluttir á slysadeild

**LÖGREGLUMÁL** Tvær bifreiðar skullu saman við gatnamót Norðurfells og Vesturbergs í Breiðholti rétt fyrir klukkan níu í fyrrakvöld.

Við áreksturinn kastaðist ein bifreiðin á aðra kyrrstæða bifreið og olli töluverðum skemmdum.

Engin alvarleg slys urðu á fólki en ökumaður og tveir farþegar úr öðrum bílnum voru fluttir á slysadeild til aðhlynningar.

Kalla þurfti út tækjabíl því klippa þurfti ökumann út úr öðrum bílnum og því þurfti að loka fyrir umferð um stundarsakir. - æþe

Ósáttur við skilnaðarbeiðni:

# Lét maura bíta fót konu sinnar

**ALABAMA, AP** Maður hefur verið handtekinn fyrir að berja konu sína í höfuðið og halda síðan öðrum fótlegg hennar yfir bitmaurabúi, svo hún var bitin um eitt hundrað sinnum. Mildi var að önnur kona átti leið hjá og kom að hjónunum. Karlinn lagði þá á flótta. Konan mun hafa farið fram á skilnað við eiginmann sinn og hann brugðist svona við.

Lögregluþjónn sem fer með málið segist aldrei séð annað eins á tuttugu ára ferli. - kóþ

Lögreglumaður dæmdur:

# Smyglaði inn munntóbaki

**DÓMSMÁL Fyrrverandi lögreglumaður hjá embætti Lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli var í gær dæmdur í héraðsdómi Reykjavíkur fyrir brot gegn tóbaksvarnarlögum.**

**Maðurinn, sem er tuttugu og fimm ára, var dæmdur fyrir að hafa tekið við þrjátíu dósum af munntóbaki úr hendi annars manns, sem keypti tóbakið í Svíþjóð. Lögreglumaðurinn fyrrverandi ætlaði tóbakið til eigin neyslu og sölu.**

**Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi og var hann dæmdur til að greiða 7.500 krónur í ríkissjóð.** - æþe

Húsnæðisvandi námsmanna ræddur í borgarráði:

# Pólitísk samstaða ríkir um málið

**HÚSNÆÐISMÁL** Tillögu Samfylkingarinnar, um að gengið verði til viðræðna við byggingarfélög námsmanna um uppbygginguallt að átta hundruð stúdentaíbúða á næstu árum, var einróma vísað til meðferðar í skipulagsráði á fundi borgarráðs í gær.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, kveðst ánægður með samstöðu borgarstjórnar um málið. „Ég tel að þarna hafi verið tekið af skarið með að haldið verði áfram með þessi verkefni sem eru brýn því þörfin er gríðarleg.“ Dagur segir áherslu lagða á að íbúðir séu gjarnan í miðborginni innan um verslun og þjónustu.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir viðræður við námsmannahreyfingarnar um húsnæðismál hafa staðið yfir undanfarið og að ekkert nýtt komi fram í tillögunni. „Það er hægt að segja að samstaða ríki í borgarstjórn um að tryggja námsmönnum íbúðir í borginni en við höfðum viljað sjá fyrrverandi meirihluta hefja átælun um uppbyggingu fyrr.“

Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, vonast til að lausn sé í



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

sjónmáli á miklum húsnæðisvanda námsmanna. „Á undanförnum árum hefur húsnæðisverð hækkað gríðarlega og ungt fólk verður í meiri mæli að leita út á leigumarkaðinn. Þar bætir ekki úr skák að húsaleigubætur hafa ekki hækkað frá árinu 2000, en á sama tíma hefur leiguverð hækkað um 55 prósent.“

Svæðin sem eru í deiglunni eru á svokölluðum Barónsreit við Hlemm þar sem um 100 íbúðir geta risið, við Einholt-Þverholt, þar sem fyrirhugað er að byggja upp allt að 400 herbergi og íbúðir. Einnig eru byggingarreitir í Vatnsmýrinni sem gætu opnað fjölmarga möguleika fyrir stúdentagarða með nýju skipulagi á svæðum HÍ og HR. - sdg






**EINAR STEFÁNSSON VIÐ ÞRIÐJU BÚÐIR ÁRIÐ 1990** Myndina tók Björn Ólafsson en félagarnir höfðu einir klifið Lenínstind áður en Hallgrími og Leifi tókst það.

Tíu daga ferð upp á Lenínstind er lokið:

# Íslendingar gengu á „þaki heimsins“

**AFREK** Hallgrímur Magnússon og Leifur Örn Svavarsson náðu á mánudaginn alla leið upp á Lenínstind. Þetta er 7.134 m tindur í Trans-Alay fjallgarðinum á landamærum Tadsíkistan og Kirgisistan, í óásjálegu fjallasvæði sem gengur jafnan undir nafninu „Þak heimsins“. Þeir höfðu verið lengi á leiðinni því gangan hófst 25. ágúst. Síðasti spretturinn, frá þriðju búðum og upp á topp, tók níu tíma í nístingskulda (mínus 20 gráður auk vindkælingar) og dauðsáu ferðalangarnir eftir forláta dúnbuxum sem þeir skildu eftir neðar í fjallinu.

Tindurinn var fyrst klifinn árið 1928 af þremur Þjóðverjum en er nú vinsæll hjá lengra komnum fjallaklifrurum. Ganga tvímenningana er þó utan hefðbundins



**HALLGRÍMUR MAGNÚSSON**



**LEIFUR ÖRN SVAVARSSON**

ferðamannatíma og af fjórum leiðöngrum sem voru að flækjast á fjallinu á sama tíma náðu þeir einir á tindinn, enda vel sjóaðir úr íslenskum aðstæðum. Rússneskur leiðsögumaður sem hafði verið með mexíkönskum hópi flaut með Íslendingunum á toppinn, því Mexíkóarnir höfðu gefist upp og snúið við.

Á heimasíðu Útivistar (www.utivist.is) má fylgjast með ferðum garpanna, en þeir hafa samband einu sinni á dag í gegnum gervihnattarsíma. Nú tekur við löng og ströng ganga til byggða. Óvönum ferðalöngum hættir oft til að vera kærulausir á niðurleiðinni en það á varla við um þá Hallgrím og Leif því fáir hafa meiri reynslu af fjallamennsku en félagarnir. - gh

Þjóðskráin um kennitölur:

## Bætum úr ef með þarf

**VINNUMARKAÐUR** „Fólk hefur verið í fríum og ég er sjálfur að koma úr fríi. Svona ábendingar eru þarfar. Við munum skoða þessar athugasemdir og kanna hvernig við getum bætt úr ef með þarf,“ segir Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri hjá Þjóðskránni.

Samtök atvinnulífsins og ýmsir forkólfar á vinnumarkaði hafa gagnrýnt Þjóðskrána fyrir hægagang í afgreiðslu á kennitölum og lélega upplýsingagjöf í tengslum við afgreiðslu á kennitölum fyrir erlent starfsfólk sem kemur hingað til lands. - ghs

Ný dönsk rannsókn um áhrif fæðingarorlofs karla á fjölskylduna:

# Feðraorlof treystir hjónabandið

**DANMÖRK** Það kemur víst fáum á óvart að karlmenn séð betri feður, en hitt vita færri, að lengri feðraorlof leiða til traustari hjónabanda. Þetta kemur fram í nýrri danskri rannsókn sem Franz Cybulski stóð fyrir við háskólann í Hróarskeldu og fjallað er um á fréttavef Politiken.

„Allar rannsóknir benda til þess að þessi fastmótuðu fjölskyldumynstur, þar sem móðirin annast alla helstu ummönnunina, eru brotin upp þegar faðirinn hefur tekið orlof með barninu,“ sagði Cybulski.

Minnstu smáatriði breytast við þetta og meira lýðræði skapast innan fjölskyldunnar, sem styrkir hjónabandið.

„Þegar feðurnir hafa það á tilfinningunni að hlustað sé á orð þeirra fara þeir að hafa skoðanir á því hvar barnið eigi að ganga í leikskóla,“ sagði Cybulski.

Danskir feður hafa rétt á tveggja vikna feðraorlofi, sem Cybulski segir ekki vera nærri nógu langan tíma til að bindast nýja barninu sterkum tengslum. Afar mikilvægt sé einnig að feðurnir séu einir með börnunum í ákveðinn tíma, svo ábyrgðartilfinning þeirra fái að þróast. - smk



**HEIMILISLÍF** Dönsk rannsókn bendir til þess að hjónabönd þar sem karlmaðurinn tekur sér feðraorlof endist lengur.

Ný lög taka gildi á Spáni:

## Bannað að reykja á börum

**SPÁNN** Ný lög um reykingar á stærri börum og veitingahúsum tóku gildi á Spáni um síðustu mánaðamót. Lögin kveða á um að veitingastaðir sem eru yfir 100 fermetrar að flatarmáli verða að bjóða upp á reyklaus svæði ellegar vera algjörlega reyklausir. Að öðrum kosti geta eigendur staðanna búist við sektargreiðslum.

Veitingahúsaeigendur hafa gagnrýnt lögin og í sumum borgum Spánar, svo sem í Valencia og Madrid, hafa borgaryfirvöld heimilað verulegar tilslakanir frá lögunum. Samkvæmt nýlegri rannsókn deyja árlega um 79.500 manns í Evrópusambandslöndum af völdum óbeinna reykinga. - ssal



**GERSEMAR SKOÐAÐAR** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, skoðar dýrgripi í Grænu hvelfingunni í Dresden.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tímamót í Dresden:

## Græna hvelfingin opnuð á ný

**ÞÝSKALAND, AP Græna hvelfingin, sögufræg salarkynni í höll í Dresden sem geymdu rómað safn gersema frá barokktímanum, hefur verið opnað á ný, rúmlega sextíu árum eftir eyðileggingu heimsstyrjaldarinnar síðari. Gersemarnar varðveittust flestar þótt höllin hafi verið lögð í rúst, enda var þeim komið fyrir á öruggum stað á stríðsárunum.**

**Endurbygging salarkynnanna kostaði um 45 milljónir evra, andvirði yfir fjögurra milljarða króna. Um 3.000 fornir listmunir eru á sýningunni. Safnið var á sínum tíma stofnað af Ágúst II „hinum sterka“, sem var konungur Saxlands og Póllands og mikill fagurkeri. Hann dó árið 1733.** - aa

Hollenska leyniþjónustan:

## Má hlera síma blaðamanna

**HOLLAND** Hollensku leyniþjónustunni er heimilt að hlera síma blaðamanna en eingöngu þegar öryggi þjóðarinnar er ógnað, samkvæmt dómi áfrýjunardómstóls í Haag. BBC greinir frá þessu.

Málið kom upp eftir að tveir blaðamenn De Telegraaf birtu fyrr á þessu ári upplýsingar úr leyniskjölum leyniþjónustunnar sem lekið hafði verið til þeirra. Leyniþjónustan lét þá hlera síma þeirra í leit að lekanum. Í júní komst annar dómari að því að leyniþjónustan hefði engan rétt til að hlera síma blaðamanna, en innanríkisráðherrann lét áfrýja þeim dómi. - smk


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3024

**Caddy**

Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrými er 3,2 m3. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö. **Nú einnig fáanlegur sjálfskiptur með dísilvél.**

**Verð frá 1.760.000 kr.**
**eða 28.300 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter**

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.520.000 kr.**
**eða 40.973 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter Pickup**

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.625.000 kr.**
**eða 42.677 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**FIÐRILDI** Þó að farið sé að hausta hér eru fiðrildin í Texas enn í fullu fjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur opnað skrifstofu í Brussel sem á að gæta hagsmuna sveitarfélaga:

# Brussel-skrifstofa kostar 30 milljónir

**SVEITARFÉLÖG** Samband íslenskra sveitarfélaga hefur opnað skrifstofu í Brussel og er hlutverk hennar að gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart Evrópusambandinu og EES-samstarfinu. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun leggja tíu milljónir króna til verkefnisins árlega en þetta er tilraunaverkefni til þriggja ára og er áætlaður heildarkostnaður 30 milljónir króna. Starfsmaður skrifstofunnar er Anna Margrét Guðjónsdóttir.

Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir litið svo á að opnun skrifstofunnar sé árangursrík aðferð til að koma sjónarmiðum íslenskra sveitarfélaga á framfæri og byggja upp tengsl til að nýta í hagsmunabaráttu þeirra.

„Íslenska sambandið er meðal síðustu sveitarfélagasambanda í Evrópu til að opna skrifstofu í Brussel en flest þeirra hafa rekið skrifstofu þar um árabil.“

Anna Guðrún segir að með opnun skrifstofunnar verði auðveldara að fylgjast með og hafa áhrif á mál sem sveitafélögin eru með á sínum snærum. „Þetta auðveldar okkur einnig að fylgjast með nýmælum og gefur aukið tækifæri til þátttöku í samstarfsverkefnum úti.“

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri - grænna, var starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga um tíma með starfsaðstöðu í íslenska sendiráðinu. - hs



**HORFT YFIR VALDAMIÐSTÖÐ ESB** Í Brussel eru fjölmargar alþjóðastofnanir. Á myndinni, sem tekin er í skrifstofu íslenska sendiherrans, sjást höfuðstöðvar ráðherraráðs Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN






**ÚR ÞINGSAL** Frá vinstri: Guðjón Arnar Kristjánsson, Frjálslynda flokknum, Björgvin Guðmundsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir Samfylkingu, Þórarinn E. Sveinsson Framsóknarflokki og Lúðvík Bergvinsson Samfylkingu.

# Upplýsingaskyldan þyrfti að vera skýrari

**Óskýrt er hvernig bregðast á við broti ráðherra á upplýsingaskyldu gagnvart Alþingi. Forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst telur að skýra þurfi reglurnar. Víða erlendis eru rannsóknarnefndir skipaðar en það þykir ekki virka vel hérlendis.**

**STJÓRNMÁL** Reglur um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi og hvernig bregðast skuli við broti á þeim eru afar óskýrar. Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, telur að nauðsynlegt sé að skýra þessar reglur og slípa þær til.

Í stjórnarskránni er ákvæði um að Alþingi geti kosið nefnd þingmanna til að rannsaka einstök mál en þetta ákvæði hefur ekki verið virkt þar sem þingmenn hafa ekki þótt bestu rannsóknarmennirnir. Rannsóknarnefnd af þessu tagi hefur aðeins einu sinni verið skipuð. Það var gert árið 1955 til að rannsaka okur og þótti ekki virka vel.

„Þó að upplýsingaskyldan sé klárlega til staðar eru úrræði þingmanna fá ef á reynir og þeir telja að ráðherra hafi leynt þingið einhverju,“ segir Bryndís. „Það hafa komið upp nokkur dæmi í seinni tíð þar sem erfitt hefur verið að festa hönd á það hvenær skyldan sé til og hvenær ekki. Þessi dæmi hafa leitt í ljós að reglurnar eru óskýrar.“

„Þarna erum við enn einu sinni að reka okkur á það að tækin sem þingið hefur til að láta reyna á það hvort ráðherra hafi borið upplýsingaskyldu eru ófullkomin. Bryndís telur alvarlegt að ekkert hafi verið gert til að bæta úr þannig að þingið hafi „einhver raunveruleg tæki önnur en pólitískan þrýsting ef það telur að ráðherra hafi brotið upplýsingaskyldu sína,“ segir hún.

Nokkur mál hafa komið upp þar sem þingmenn hafa talið að ráðherra hafi brotið upplýsingaskyldu sína.

Sem dæmi má nefna ágreining sem snertir sölu á Símanum fyrir nokkrum árum. Ríkið hafði gert samning við ráðgjafarfyrirtæki og hvíldi viðskiptaleynd yfir reikningum þess. Minnihluti fjárlaganefndar krafðist þess að fá að sjá reikningana en ríkisstjórnin neitaði beiðninni.

> Þó að upplýsingaskyldan sé klárlega til staðar eru úrræði þingmanna fá...
>
> **BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR**
> FORSETI LAGADEILDAR HÁSKÓLANS Á BIFRÖST

Annað dæmi tengist deilu sem kom upp þegar landbúnaðarráðherra neitaði að upplýsa um jarðasölur og bar fyrir sig persónuvernd gagnvart kaupendunum. Umræður urðu um þetta í þinginu og var ráðherrann knúinn að veita þessar upplýsingar. Þriðja málið kom svo upp í tengslum við fjárveitingarbeiðni til lögreglunnar. Gögn um fjárþörf lögreglunnar höfðu verið send til fjárlaganefndar og snerist deilan um það hvort Alþingi ætti rétt á að sjá fjárlagabeiðnina eða ekki. Stjórnarandstaðan vildi fá að sjá hvort ríkisstjórnin hefði orðið við beiðni lögreglunnar eða skorið hana niður. Ekki var orðið við þessu.

Víðast erlendis eru rannsóknarnefndir settar á laggirnar til að kanna málið og fara faglega ofan í kjölinn á því hvort upplýsingaskylda ráðherra hefði verið brotin eða ekki. Í Danmörku er til dæmis kveðið á um það hvernig rannsóknarnefndir séu skipaðar. Þar er sagt berum orðum að það sé refsivert ef ráðherra gefi villandi upplýsingar eða haldi upplýsingum leyndum. Í Noregi getur það varðað refsiábyrgð að gefa rangar upplýsingar eða láta hjá líða að gefa upplýsingar.

ghs@frettabladid.is



**BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR** Reglur um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi eru afar óskýrar. Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst, telur að nauðsynlegt sé að slípa þessar reglur til.



BÓNUS
bonus.is
1200g pitsutilboð
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS
FOR FREE
FRESCHETTA
2+1 FRESCHETTUR
599 KR.
1200g
3 PITSUR Í KASSA- ALLS 1200 GRÖMM!
Hálfur lítri
49 KR.
PEPSI MAX
4 ísblox í pakkningu
4 box í kassa
99 KR.
BÓNUS Ís í boxi
4 box
Tilboð vikunnar
FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
2499 KR.
KÍLÓVERÐ
NÝSJÁLENSKAR FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð en á íslenskum nautalundum
Nauta lundir
Fínt að eiga í frystinum!
Kjúklingabringur
DANSKAR FROSNAR BRINGUR
1398 KR.
900g poki
SKÚFFUKAKA
198 KR.
400g
Bónus skúffukaka, 400g
KLÁRAR Í BRAUÐRISTINA!
BEYGLUR
BESTAR RISTAÐAR!
9 Myllubeyglur
159 KR.
Meira magn Sama verð
9 grófar eða fínar MYLLUBEYGLUR
Sjáðu verðið!
FROSINN LAMBABÓGUR
599 KR.
KÍLÓVERÐ
FERSKAR KJÖTVÖRUR
UNGNAUTAHAKK
899 KR.
KÍLÓVERÐ
Ungnautahakk
GOLDEN JASMINE HRÍSGRJÓN
HÁLFT KÍLÓ
98 KR.
5 x 100g jasmín hrísgrjónapokar
Heilt kíló af frosnum jarðarberjum
FROSIN JARÐARBER
198 KR.
KÍLÓVERÐ
Brokkolí/brokkolíblanda - kílópakkningar
BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA
259 KR.
HEILT KÍLÓ!
www.bonus.is
Tilboð í viku 36 gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast
ERAN/Landlist
...fyrir góðan dag!

## „ORÐRÉTT“

*„Við ráðum fólk daglega til starfa og auglýsum stöðugt eftir fólki.“*

**Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, aðstoðarsviðsstjóri menntasviðs, um starfsmannamál á leikskólum. Fréttablaðið 5. september.**

*„[það] hefur nú verið þrengt svo að okkur vegna skemmtana sem eru nemendafélögum algerlega óviðkomandi að fólk telur sig knúið til að halda svona partí úti í bæ.“*

**Arnar Ágústsson, ármaður nemendafélags MS, um skrílslæti unglinga í Skeifunni.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ARI GÍSLI BRAGASON BÓKSALI

# *Opnar útibú beint á móti Framsóknarflokknum*



„Það er nú lítið að frétta, það gerist nú ekki mikið,“ segir Ari Gísli Bragason bóksali í Bókinni – Antikvariat afsakandi, en hugsar sig svo um og uppgötvar að heilmikið er í raun á seyði: „Tja, það er náttúrlega það að við erum að standsetja hér eins konar útibú; bókamarkað í húsnæði sem áður hýsti Rammalistann, beint á móti Framsóknarflokknum hérna á Hverfisgötunni, eða The Progressive Party of Iceland, eins og þeir kalla sig. Maður stendur upp fyrir haus í bókaryki og er að bera staflanna á milli úr bókavörðunum. Þarna verða skáldsögur, bæði þýddar og innlendar, og fleiri bækur, og verð þægilegt; 100 kall fyrir erlendar bækur og 200-300 kall fyrir íslenskar. Svo verður ung stúlka, Sigríður Hjaltested, með keramikmuni eftir sjálfa sig til sölu á sama stað. Við opnum um helgina og það stendur til að hafa opið a.m.k. fram yfir jól.“

Heima fyrir er Ari Gísli að endurupplifa æsku sína með því að fylgjast með níu ára dóttur sinni byrja í skólanum. „Maður er að lesa Gagn og gaman á kvöldin og svona, og hlusta á hana lesa. Svo missti ég af Patti Smith síðast og ætla helst ekki að láta það gerast aftur.“

Að lokum deilir Ari Gísli með okkur ósk sinni: „Svo er maður að vona að Steingrímur Joð og Ingibjörg hafi rétt fyrir sér með að Davíð sé að koma aftur. Það er enn von!“

## SJÓNARHÓLL

**SPURNING HVAÐ VIÐ GRÆÐDUM Á ÞESSARI VINÁTTU**



EINAR KÁRASON RITHÖFUNDUR

### *Vinátta Davíðs og Bush*

„Maður spyr sig hvort þetta séu góðar fréttir eða vondar,“ segir Einar Kárason rithöfundur um vináttu Davíðs Oddssonar og George W. Bush, en Davíð greindi frá þessari vináttu í viðtali um helgina. „Góðu fréttirnar eru ef til vill þær að herinn var hérna nokkrum mánuðum lengur en ella, en vondu fréttirnar þær að þjóðinni var troðið í hóp viljugra þjóða sem styðja Íraksstríðið. Ég heyrði nýlega viðtal á BBC við virðulegan íhaldsmann, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í breska varnarmálaráðuneytinu, og hann fullyrti að þetta stríð sé allt saman ein glæpsamleg heimska. Maður spyr sig því hvað við græddum á þessari vináttu. Aftur á móti er stundum sagt: sýndu mér vini þína og ég skal segja þér hver þú ert, og það á líklega vel við í þessu tilfelli.“

# Keppandi varð fyrir flutningabíl

**Fjölmenn þríþrautarkeppni fór fram í Bolungarvík um síðustu helgi. Einn keppandi varð fyrir flutningabíl og sigurvegarinn í flokki 40 til 49 ára náði bestum tíma. Skipuleggjandi og keppandi sem ekki gengur heill til skógar sagði blaðamanni frá keppninni.**

Þrjátíu og fimm keppendur tóku þátt í þríþrautarkeppni sem fram fór í Bolungarvík um síðustu helgi. Það voru gönguhópurinn Vasa2000 og Bolungarvíkurkaupstaður, sem stendur fyrir verkefninu Heilsubærinn Bolungarvík sem stóðu fyrir keppninni.

Þríþrautin fer þannig fram að fyrst synda keppendur 700 metra en því næst hjóla þeir 17 kílómetra og að endingu eru hlaupnir sjö kílómetrar. „Þrjátíu og fimm keppendur tóku þátt að þessu sinni en nokkrir þeirra kepptu aðeins í einni þraut þar sem við vorum með sveitakeppni að þessu sinni,“ segir Einar Ágúst Yngvaso,n sem er einn af aðstandendum keppninnar. „Sjálfur hjólaði ég aðeins að þessu sinni enda er ég eitthvað laskaður á öxl og baki,“ segir þessi hógværi keppnismaður en hann sigraði í þríþrautarkeppninni árið 2002 og 2004. Að þessu sinni náði hann bestum tíma í hjólreiðunum og sveitin sem hann hjólaði fyrir sigraði í sveitakeppninni. Ásgeir Elíasson vann sjálfa þríþrautarkeppnina á tímanum ein klukkustund, fjórtán mínútur og þrjár sekúndur en hann keppti í flokki 40 til 49 ára. Var hann 11 sekúndum á undan Svavari Þór Guðmundssyni sem sigraði í flokki 16-39 ára karla. Röskust kvenna var Guðbjörg Rós Sigurðardóttir sem keppti í flokki 16 til 39 ára.



EINAR ÁGÚST YNGVASON

En keppnin fór því miður ekki slysalaust fram að þessu sinni. „Það fór vöruflutningabíll utan í einn keppandann, sem viðbeinsbrotnaði og hlaut einhverjar skrámur,“ segir Einar Ágúst. Fór flutningabíllinn yfir á vegarhelming þar sem keppandinn var þegar hann var í beygju.

Sjálfur gengur Einar Ágúst ekki heill til skógar eins og fyrr segir. „Ég slasaði mig á skíðum fyrir þremur árum og hef aldrei jafnað mig alveg síðan. Ég ætlaði nú að fara til læknis fyrir keppnina en svo hefur bara verð svo mikið að gera í vinnunni að ég hef ekki mátt vera að því en það stendur til bóta,“ segir rafvirkinn og þríþrautarkappinn. Hann segir að þeir sem séu að velta fyrir sér þríþrautinni hræðist mest sundið en hann segir erfiðasta hjallann iðulega vera þann að fara af hjólinu og byrja að hlaupa.

jse@frettabladid.is




**ÁSGEIR ELÍASSON, SIGURVEGARI ÞRÍÞRAUTARKEPPNINNAR** Aðeins ellefu sekúndur voru á milli tveggja efstu manna. Ásgeir keppti í flokki 40 til 49 ára og skaut því fjölmörgum sér yngri mönnum ref fyrir rass. HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

**Heildarlausn fyrir snyrtinguna**
Lotus Professional

lotus PROFESSIONAL

**Á tilboði í september**





Skammtarar úr ryðfríu stáli

5.423 kr.
Marathon RVS miðaþurrkuskápur

4.974 kr.
Sápuskammtari RVS

6.968 kr.
WC Compact statíf RVS fyrir tvær rúllur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV

TUNGLIÐ RV62158

# *Tveir hnúðar eða einn?*

„Knapar á kameldýrum“ var myndatexti á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Nokkrir lesendur urðu til þess að hringja og benda á að dýrin sem knaparnir sáust sitja væru í raun ekki kameldýr heldur drómedarar. Þetta er rétt athugað.

Til úlfalda teljast tvær tegundir, önnur nefnist kameldýr (Camelus bactrianus), er með tvo hnúða á baki og lifir í Mið-Asíu. Hin tegundin nefnist drómedari (Camelus dromedarius), er með einn hnúð á baki og lifir í norðanverðri Afríku og í Arabíu.

Báðar tegundir teljast þó vera úlfaldar, sem er einfaldlega íslenskt samheiti yfir þessar framandi skepnur. Það mun vera mjög erfitt að troða þeim í gegnum nálarauga.



**ÞETTA ER ÚLFALDI** En hvort þetta er kameldýr eða drómedari vitum við ekki því við getum ekki talið hnúðana.

**ÚLFALDI EN EKKI KAMELDÝR** Drómedarar á forsíðu Fréttablaðsins í gær.

# Vaxtalaus tilboð

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

COLCHON DUPEN

DINAMICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 1.800kr* | 13 mán. | 23.400.- |
| 120 x 200 | 2.300kr* | 13 mán. | 29.900.- |
| 150 x 200 | 2.800kr* | 13 mán. | 36.400.- |

COLCHON DUPEN

ORTOPEDICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.500kr* | 13 mán. | 45.500.- |
| 120 x 200 | 4.600kr* | 13 mán. | 59.800.- |
| 150 x 200 | 5.100kr* | 13 mán. | 66.300.- |
| 180 x 200 | 6.000kr* | 13 mán. | 78.000.- |

COLCHON DUPEN

IMPERIAL



90 x 200 **53.300kr** Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200 **65.000kr** Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

150 x 200 **76.700kr** Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

180 x 200 **100.100kr** Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

Vaxtalaust tilboð! aðeins **3.499kr*** á mán. í 10 mánuði. Verð 34.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur, rauður

Vaxtalaust tilboð! aðeins **2.999kr*** á mán. í 10 mánuði. Verð 29.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur

Vaxtalaust tilboð! aðeins **1.299kr*** á mán. í 10 mánuði. Verð 12.990,-



**Stóll**
með snúningi
blár, svartur, rauður

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Útsöluverð kjúklinga kílóið




Verðlag er miðað við nóvember hvers árs.
Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** AFRÍKUBÚAR FLÝJA ÖRBIRGÐ OG LEITA TIL EVRÓPU

# *20.000 teknir á Kanaríeyjum í ár*

Spænsk yfirvöld gripu yfir 1.300 ólöglega innflytjendur frá Afríku í opnum bátkænum við komu þeirra til Kanaríeyja um helgina. Yfir 20.000 manns hafa verið gripnir við komuna til eyjaklasans það sem af er þessu ári, fjórum sinnum fleiri en allt árið í fyrra. Spænsk yfirvöld eru ráðþrota gagnvart vandanum og hafa þau beðið Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðir um hjálp.

**Af hverju kemur fólkið?**
Flest kemur fólkið frá Vestur-Afríku, þar sem fátækt er gríðarleg og framtíðarhorfur fólks afar bágbornar. Það minnir á ferðir Evrópubúa til Vesturheims fyrr á öldum, enda koma Afríkubúarnir í leit að gulli og grænum skógum í fyrirheitna landinu. Þeir sem sleppa óséðir í gegn lifa oft við mun betri kjör en þeir gerðu heima fyrir og hafa töluvert fé aflögu sem þeir geta sent fjölskyldum sínum.



**Hvernig er ferðin?**
Kanaríeyjar, sem tilheyra Spáni, liggja í um 100 kílómetra fjarlægð frá vesturströnd Afríku. Þetta er ein ástæða þess að Kanaríeyjar eru orðnar ein eftirsóttasta leið Afríkubúa inn í Evrópu, og flestir koma ólöglega. Ferðin er afar hættuleg, oftast farin á yfirfylltum opnum bátkænum. Óttast er að á milli 600 og 3.000 manns hafi drukknað á hættulegu ferðalaginu til eyjaklasans það sem af er þessu ári.

**Hvað bíður þeirra?**
Gómi yfirvöld fólkið hefst vera þess á Spáni á því að starfsmenn Rauða krossins sinna brýnustu þörfum þeirra. Svo er það flutt í búðir þar sem spænsk yfirvöld geta lagalega haldið því í 40 daga, meðan leitað er leiða til að senda það aftur til heimalands þess eða landsins sem það lagði upp frá. Komist fólkið óséð inn í Spán eru litlar líkur á því að evrópskum yfirvöldum takist að góma það. Staldra margir stutt við á Spáni og færa sig fljótlega lengra inn í Evrópu.

**Aðrar leiðir inn í Evrópu?**
Vandinn er ekki bundinn við Kanaríeyjar, því Afríkubúar reyna svipaðar ferðir frá Líbíu til Ítalíu og Möltu. Eins hafa þúsundir Afríkubúa reynt að komast inn í Ceuta og Melilla, hólmlendur Spánar í Afríku.

## STJÓRNARSKRÁ FINNA ENDURSKOÐUÐ

**Forsaga og framkvæmd:**

**1919:** Fyrsta stjórnarskrá hins fullvalda Finnlands tekur gildi. Í henni er kveðið á um tiltölulega valdamikinn forseta en jafnframt að þingið sé grundvallarstofnun stjórnskipunarinnar. Á fjórða áratugnum var þingið veikt vegna innbyrðis átaka og forsetinn stjórnaði í auknum mæli með tilskipunum.

**1922:** Lög um ráðherraábyrgð og Lög um Ríkisrétt samþykkt sem stjórnskipunarlög.

**1928:** Lög um Finnlandsþing samþykkt sem stjórnskipunarlög.

**1970:** Fyrsta stjórnarskrárnefndin skipuð, sem var falið það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána. Lítið gerðist þó í þeim málum fyrr en að lokinni forsetatíð Urho Kekkonens árið 1981.

**1981-1990:** Á níunda áratugnum voru ýmsar stjórnarskrárbreytingar samþykktar í formi sérlaga, sem með auknum meirihluta var tiltölulega auðvelt að koma í framkvæmd. Þær sneru einna helst að því að takmarka vald forsetans, svo sem við ríkisstjórnarmyndun. Alls voru 869 slík sérlög samþykkt á tímabilinu 1919-1995, mörg giltu aðeins í skamman tíma.



**1990-1994:** Unnið að endurskoðun mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

**1. ágúst 1995:** Nýi mannréttindakaflinn gekk í gildi.

**17. júní 1997:** Tillaga að endurskoðaðri stjórnarskrá samþykkt í nefnd, eftir 17 mánaða starf.

**6. febrúar 1998:** Eftir að viðbrögðum hafði verið safnað við tillögunni var hún lögð fyrir þingið.

**12. febrúar 1999:** Tillagan samþykkt á Finnlandsþingi með 175 atkvæðum gegn tveimur.

**1. mars 2000:** Nýja stjórnarskráin gekk í gildi.


## Lækkum matarverð á Íslandi

**Fundur í tilefni skýrslu um aðgerðir til lækkunar á matvælaverði**

Fimmtudaginn 7. september kl. 8:30
á Hótel Nordica

**DAGSKRÁ**


Sigurður Jónsson

8:30 **Ávarp**
Sigurður Jónsson, *framkvæmdastjóri SVÞ*


Hallgrímur Snorrason

8:45 **Matvælaskýrsla og viðbrögðin við henni**
Hallgrímur Snorrason, *Hagstofustjóri og höfundur matvælaskýrslunnar*


Thomas Svaton

9:10 **Aðferðir Svía til að lækka matvælaverð**
Thomas Svaton, *framkvæmdastjóri Svensk dagligvaruhandel*

9:40 **Matvælaverð, hagfræði og hindranir**
Ágúst Einarsson, *prófessor við Háskóla Íslands*

10:00 **Umræður**


Ágúst Einarsson

**Fundarstjóri:** *Sigurður Jónsson*
**Aðgangseyrir** 3.000 kr. Léttur morgunverður innifalinn
**Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000**

SVÞ
*Samtök verslunar og þjónustu*


# Gildi lýðræðis og mannréttinda fest í sessi

**Kaarlo Tuori, lagaprófessor við háskólann í Helsinki, er einn virtasti stjórnlagafræðingur Finna. Í samtali við Auðun Arnórsson segir hann að með nýju stjórnarskránni sem gekk í gildi árið 2000 hafi grundvallargildi lýðræðis og mannréttinda verið fest í sessi í finnskri stjórnmála- og lagamenningu.**


**KAARLO TOURI** Óttaðist að það skorti á „casio constitutionis“ er ákveðið var að endurskoða finnsku stjórnarskrána.

Tuori var meðal sérfræðinga sem voru til ráðgjafar þingnefndinni sem samdi nýju stjórnarskrána og hann er oft til kallaður sem álitsgjafi er stjórnarskrárnefnd þingsins fjallar um stjórnarskrársamræmi nýrra lagafrumvarpa.
Leitað var til Tuoris í tilefni af því að verið er að vinna að endurskoðun íslensku stjórnarskrárinnar og því áhugavert að kynnast því hvernig Finnar stóðu að endurskoðun sinnar lýðveldisstjórnarskrár. Hann var fyrst spurður álits á því hvernig honum þætti hafa til tekist.

**Mannréttindakafli vó þyngra**
„Að mínu áliti var endurskoðun mannréttindakaflans veigameiri að innihaldi en heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sjálfrar,“ segir hann. Með heildarendurskoðuninni hafi stjórnarskráin verið sameinuð í eitt, samræmt skjal, en hún skiptist áður í fjóra aðskilda þætti. Við þessa sameiningu og uppfærslu stjórnarskrártextans hafi innihaldslegu breytingarnar verið takmarkaðar. „Þær snertu aðallega frekari breytingar á valdmörkum þingsins, ríkisstjórnarinnar og forsetans,“ útskýrir Tuori. Hlutverk forsetans við ríkisstjórnarmyndun hafi verið minnkað enn frekar en þegar var búið að gera síðan aldarfjórðungslangri forsetatíð Urho Kekkonens lauk snemma á níunda áratugnum. „Það var líka dregið úr valdi forsetans í mótun utanríkisstefnu, og vald hans til að gefa út tilskipanir afnumið nær algerlega,“ bætir Tuori við.

Hann segir þessar breytingar allar hafa sína þýðingu, en ekki mjög veigamikla.

**Efasemdir um tilefnið**
Þegar lagt var upp í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í kjölfar gildistöku nýja mannréttindakaflans árið 1995 kveðst Tuori reyndar hafa haft sínar efasemdir um það starf.

„Frumkvæðið að þessari endurskoðun kom frá embættismönnum í dómsmálaráðuneytinu, ekki stjórnmálamönnunum,“ bendir Tuori á. Markmið verksins var fyrst og fremst að færa texta stjórnarskrárinnar til nútímalegra horfs, tæknileg uppfærsla. „Því var líka teflt fram sem rökum fyrir endurskoðuninni að það væri flott að setja landinu nýja stjórnarskrá á árþúsundamótunum,“ segir Tuori til útskýringar efasemda sinna.

Sem stjórnlagafræðingi hafi honum þótt skorta á „casio constitutionis“ eins og hann kallar það uppá latínu, það er pólitískt og stjórnskipunarlegt tilefni stjórnarskrárgerðarinnar. „Með öðrum orðum var efasemdir mínar að rekja til þess að ég taldi að til að tryggja lögmæti stjórnarskrárinnar ætti hún að svara pólitískri og lögfræðilegri þörf,“ segir hann. „Ég efaðist um að slíkt knýjandi tilefni stjórnarskrárgerðar væri fyrir hendi eins og þarna stóð á og óttaðist þar af leiðandi að hin endurskoðaða stjórnarskrá myndi eiga erfitt með að hljóta það táknræna vægi sem að mínu áliti er æskilegt að hún geri.“

**Sáttur þegar upp var staðið**
En þegar upp var staðið segist Tuori vera sáttur. „Sú breiða samstaða sem náðist um endurskoðuðu stjórnarskrána var mikils virði,“ segir hann, en er atvæði voru greidd um endurskoðaða stjórnarskrána árið 1999 voru aðeins tveir af 200 þingmönnum sem höfnuðu henni.

„Þessa nær einróma samstöðu er hægt að túlka þannig að grundvallargildi hins lýðræðislega réttarríkis hafi verið staðfest með eftirminnilegum hætti sem grundvöllur finnskrar stjórnmála- og lagamenningar.“ Þetta sé mikilvægt ekki síst í sögulegu ljósi, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að það var langt frá því að slík þverpólitísk samstaða næðist um stjórnarskrána frá árinu 1919.

„Það tók langan tíma fyrir hana að vinna sér lögmæti í augum bæði þeirra sem lengst voru til vinstri og þeirra lengst til hægri,“ útskýrir Tuori. „Í augum „rauðra“ Finna var hún „hvítliðaplagg“, stjórnaskrá sigurvegaranna úr borgarastríðinu. Hægrijaðarmenn millistríðsáranna álitu hana of lýðræðislega, að hún legði of mikla áherslu á þingræði. Hún var miðjumanna-stjórnarskrá,“ segir Tuori. Fyrst eftir þetta hafi grundvallargildi lýðræðislegs réttarríkis orðið óumdeildur grundvöllur finnskrar stjórnskipunar. Og nú megi líta svo á að með samþykkt endurskoðuðu stjórnarskrárinnar árið 1999 hafi þetta verið staðfest formlega af öllu litrófi finnskra stjórnmála. Aðspurður kveðst hann fallast á að líta megi svo á að í þessu felist það „casio constitutionis“ sem hann óttaðist í upphafi að skorti. „Eftirá er ég mjög ánægður með það sem gerðist,“ segir hann. Það sé mjög erfitt að ná svo víðtækri samstöðu um mál sem þetta og því sé samstaðan mikilsverð út af fyrir sig.

**Mannréttindavitund skýtur rótum**
En Tuori bætir við: „Það tók enn lengri tíma að skapa hér mannréttindavitund. Við gengum ekki í Evrópuráðið fyrr en árið 1990 og staðfestum þar með fyrst þá Mannréttindasáttmála Evrópu. Innreið slíkra alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga, sem skuldbinda stjórnvöld beint, og alla handhafa stjórnvalds, voru mikil breyting,“ segir Tuori. Slíkar hugmyndir eru að hans sögn tiltölulega nýjar af nálinni í lagamenningu Finnlands, bæði lýðræðisgildin og mannréttindi. Þess vegna líti hann svo á að nýi mannréttindakaflinn, sem gekk í gildi árið 1995, hafi verið veigameiri framför en heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.


FRÉTTAVIÐTAL
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is





# Skjárinn kynnir algjöra byltingu

## Sjónvarp og bíó heima í stofu í bestu mögulegum myndgæðum

**SkjárBíó**
Aðeins í SkjáBíói getur þú leigt nýjustu bíómyndirnar og fengið ókeypis barnaefni með einum takka á fjarstýringunni

**SkjárHeimur**
SkjárHeimur veitir þér aðgang að yfir 60 erlendum sjónvarpsstöðvum. Þú velur þinn pakka og fyrsti mánuðurinn er frír!

**SkjárSport**
SkjárSport sýnir skemmtilegasta fótbolta í heimi og allt að 5 leiki á sama tíma

**SkjárEinn**
Auðvitað fylgir uppáhaldssjónvarpsstöðin þín, SkjárEinn, með – og allt í stafrænum gæðum.

Þú færð myndlykil Skjásins FRÍTT ef þú ert með ADSL hjá Símanum.
Fáðu þér Skjáinn strax í dag, í síma 800 7000.

Skjárinn
– á þínu valdi!

Fáðu nánari upplýsingar á skjarinn.is

SKJÁREINN SKJÁRBÍÓ SKJÁRSPORT SKJÁRHEIMUR

ENNEMM / SÍA / NM23239

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sameinuðu þjóðirnar:

## Ískyggilegt áhrifaleysi

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Að Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, skyldi sýna Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, eins mikla lítilsvirðingu og raun bar vitni er sá síðarnefndi heimsótti Teheran nú um mánaðamótin til að reyna að miðla málum í deilunni um kjarnorkuáætlun Írana, er nýjasti vitnisburðurinn um veikleika samtakanna. Sú var tíðin að framkvæmdastjóri SÞ var áhrifamikill maður í alþjóðakerfinu sem var sýnd virðing í samræmi við það. Undan þessari virðingu hefur fjarað.

Vandinn er uppsafnaður. Bæði hafa spillingarmál, meðal annars í tengslum við svonefnda olíu-fyrir-mat-áætlun SÞ í Írak, grafið undan áhrifavaldi Annans, og að honum skuli hafa á tiltölulega löngum ferli sínum í embætti ekki hafa tekist að standa við stór orð um að koma í framkvæmd teljandi umbótum á óskilvirku skipulagi og starfsháttum samtakanna bætir ekki úr skák. En það sem alvarlegra er: margt bendir til þess að Sameinuðu þjóðirnar séu sem stofnun á góðri leið með að verða „dýr erindisleysa, illa stjórnað og æ ófærari um það verkefni að annast eftirlit með alþjóðasamfélaginu," eins og sagði í leiðara brezka blaðsins Daily Telegraph í gær.

Öryggisráð SÞ ályktaði í síðustu viku að senda skyldi allt að 20.000 manna friðargæzlulið til Darfúr í Súdan. En ríkisstjórnin í Kartúm hafnar því algerlega að fallast á slíka íhlutun, sem hún segir sprottna af „heimsvaldastefnu". Svo að það verður ekkert úr friðargæzlu á vegum SÞ í landinu og blóðbaðið heldur áfram.

Ástandið í Líbanon er heldur ekki til þess fallið að ýta undir trú á getu SÞ. Það eru rúm 28 ár síðan friðargæzlulið var fyrst sent á vegum SÞ til Líbanons. Alþjóðlega gæzluliðinu sem nú er á leið þangað, samkvæmt öryggisráðsályktun númer 1701, er falið að gera svo til nákvæmlega það sama og fyrirrennarasveitinni árið 1978. Og árangurinn lætur á sér standa.

Að Sameinuðu þjóðirnar skuli heldur ekki vera þess megnugar að stuðla að lausn á kjarnorkudeilunni við Írana, sem þjóðir heims geti við unað, eru enn meiri vonbrigði. Nú er ástandið í þeirri deilu farið að minna á deiluna um meinta gereyðingarvopnaeign Íraka á sínum tíma, en hún endaði jú eins og kunnugt er með því að Bandaríkjamenn og nokkrir bandamenn þeirra misstu þolinmæðina og leystu málið með sínum hætti, eins misráðin sem sú „lausn" svo virðist mörgum núna. Í núverandi deilu við Írana er ljóst að Bandaríkjastjórn, sama hvort hún verður undir forystu repúblikana eða demókrata, mun aldrei sætta sig við að klerkarnir í Teheran komi sér upp kjarnorkuvopnum. Það væri því óskandi að Sameinuðu þjóðunum - með öryggisráðsfastaveldin fimm í fararbroddi - tækist að finna hjá sér þann samstöðustyrk sem þarf til að höggva á þann hættulega hnút sem þessi deila virðist komin í.

Þegar talað er um veikleika Sameinuðu þjóðanna er oft nefnt að stórveldin - ekki sízt Bandaríkin - beri mesta ábyrgð á því að slagkraftur samtakanna sé ekki meiri en hann er, enda telja bandarísk stjórnvöld sig ekki þurfa að lúta mörgum þeim alþjóðareglum sem öðrum aðildarríkjum SÞ er gert að fara eftir. Það gerir ábyrgð stórveldanna í öryggisráðinu þeim mun meiri að ná saman um leiðir til lausna á deilu sem þessari, í nafni allrar heimsbyggðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

heilsuakademían
herþjálfun

KOMDU ÞÉR Í BESTA FORM LÍFS ÞÍNS!

Herþjálfunin í Egilshöll reynir á líkamlegt og andlegt þol, þrek og styrk. Þú öðlast meira sjálfstraust, sjálfsaga og aukinn viljastyrk.

Lengd námskeiða er 6 vikur.
Opnunartilboð!
Fyrstu námskeiðin hefjast 18. september.

sími: 594 9666 – www.heilsuakademian.is



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gulrót

Steingrímur J. Sigfússon upplýsti í ræðu sinni á flokksráðsfundi VG á föstudag að rétt tæplega tvö þúsund manns væru í flokknum. Enn fremur kom fram að á hverjum degi bættust nýir félagar í hópinn. Steingrímur brýndi fundarmenn til að hvetja vini og vandamenn til að ganga í flokkinn enda mikilvægt að flokksmenn væru sem flestir. Sagði hann að félagsmaður númer tvö þúsund gæti átt von á óvæntum glaðningi. Síðdegis í gær voru 1.968 í flokknum. Því er líklegt að Vinstrigrænn númer tvö þúsund finnist á næstum dögum og verður gaman að sjá hvernig formaðurinn verðlaunar viðkomandi.



### Mörg sjónarmið

Stundum er sagt að leiðin til helvítis sé vörðuð góðum ásetningi. Erfitt sé að setja sig upp á móti góðum málum því enn erfiðara sé að sýna fram á neikvæð hliðaráhrif þeirra. Stundum er jafnvel látið líta svo út að þeir sem ekki hafi svokölluð kvenfrelssjónarmið í öllum áherslumálum séu hreinlega engir jafnréttissinnar. Fulltrúar Vinstri - grænna í borgarstjórn kynntu til dæmis um daginn tillögu sína „um að kvenfrelsissjónarmið verði höfð til hliðsjónar við veitingu vínveitinga- og veitingahúsaleyfa". Og þeir sem skilja ekki hvað í þessu felst eru bara karlrembur.



### Litríkt partí

Valgerður Sverrisdóttir segir á heimasíðu sinni að hún hafi sótt garðveislu Kaupþings í Osló þar sem hún var á fundi utanríkisráðherra. Gestgjafinn var enginn annar en hinn litríki og yfirlýsingaglaði forstjóri Kaupþings í Noregi, Jan Peter Sissener. Skildi hann til dæmis ekki af hverju Glitnir hefði keypt „pylsuvagninn" Norse Securities og að allar skýrslur norska Fjármálaeftirlitsins, sem væru lengri en fjórar línur, væru of langar.

bjorgvin@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Hlutleysi á hlutleysi ofan



ÓLAFUR HANNIBALSSON

**Í DAG** | Boðskapur bankastjórans

Hlutlaus seðlabankastjóri tjáir sig um heitustu málefni líðandi stundar í hlutlausu ríkissjónvarpi. Er hægt að vera öllu hlutlausari? Einhvers staðar stendur að Seðlabankinn eigi að vera óháður ríkisvaldinu. Mikið rétt ¿ og er það ekki líka dásamleg sönnun um sjálfstæði hans að bankastjórinn hiki ekki við að senda jafnt stjórn og stjórnarandstöðu tóninn þegar honum mislíka orð þeirra og gerðir. Auk þess stendur hvergi að stjórn landsins skuli óháð Seðlabankanum!

Af er sú tíð þegar Davíð lét þau orð falla við heimsókn Clinton-hjónanna til hans: „Ekki skil ég í því að þið skuluð vera að heimsækja mig, hálfhættan og hálfdauðan." Það er sko ekkert „hálf-" við minn mann þessa stundina. Hann er sprelllifandi og heldur sig við sama gamla heygarðshornið og þegar hann lýsti hérlendri umræðu um Írak sem „mestu vitleysisumræðu, sem fram hefði farið á byggðu bóli".

Nú er það umræðan um skýrslu Gríms Björnssonar sem er „ein af þessum vitleysisumræðum, sem fara reglulega í gang í íslenskri pólitík." Alþingi á ekki að ræða sprungur og jarðlög. Alþingi á að heimila hundraða milljarða króna framkvæmdir á vegum ríkisins á grundvelli þeirra upplýsinga sem ríkisvaldinu þóknast að skammta því. Það var hárrétt af Valgerði að vera ekki að hafa fyrir að lesa þessa skýrslu Gríms upp á heilar fimm blaðsíður. Það er mörg skýrslan sem berst inn á borð ráðherra og ef þeir læsu þær allar gerðu þeir ekki annað. Svona skýrslur eru náttúrlega til þess eins fallnar að rugla ráðamenn í ríminu. Best að láta embættismennina lesa þær svo að ráðherrarnir geti tekið hlutlausar ákvarðanir.

Annars eiga embættismenn - aðrir en seðlabankastjórinn hlutlausi - ekki að hafa skoðanir, eða að minnsta kosti ekki að tjá þær opinberlega. Samkvæmt skipuriti var það ekki í verkahring Gríms Björnssonar að hafa skoðanir á jarðlögum við Kárahnjúka þó svo að málið væri á sérfræðasviði hans. Auk þess var álit hans ekki hluti af lögskipuðu ferli um umhverfismat og því vafasamt hvort nokkurt mark bæri að taka á því. Allavega var rétt að stimpla það trúnaðarmál meðan embættismenn væru að velta vöngum yfir því hvar svona skýrsla passaði inn í ákvarðanaferlið. Ef verið er að leyfa embættismönnum og sérfræðingum að hafa skoðanir á annað borð verður að passa að þær renni eftir ákveðnum farvegi.

Sérfræðingar sem komið hafa að umhverfismati kvarta yfir því að neikvæðar athugasemdir þeirra um fyrirhugaðar framkvæmdir séu felldar niður eða brenglaðar framkvæmdinni í hag, áður en þær eru sendar skipulagsstofnun og ráðherra til ákvörðunar. Svörin sem þeir fá eru að ef þeir komist að neikvæðum niðurstöðum, sé það vegna þess að þeir láti fyrirfram myndaðar skoðanir sínar hafa áhrif á fræðilegar niðurstöður. Þeir séu með öðrum orðum að skipta sér af pólitík!

Prófessor, sem lagt hefur fram ítarlegar álitsgerðir um skattamál og sýnt fram á vaxandi ójöfnuð í íslensku þjóðfélagi og byggt málflutning sinn á skýrslum frá OECD og Hagstofu Íslands er stimplaður pólitískur andstæðingur, sem þess vegna þurfi ekki að taka mark á. Þegar ekki er hægt að þagga niður í honum með þessum hætti er reynt að þegja hann og niðurstöður hans í hel.

Ástandið á Landspítala - háskólasjúkrahúsi fer ekki framhjá neinum. Stjórnarformaðurinn tjáði sig um það nýlega „að það þyrfti alltaf að fara fram opin umræða á hverjum tíma um málefni spítalans, en það væri mjög nauðsynlegt að hún færi fram innan veggja spítalans en ekki í fjölmiðlum." Læknar kvarta hins vegar hástöfum undan því að gagnrýni sem sett er fram á vettvangi innan spítalans sé tekin óstinnt upp og þeim jafnvel hótað atvinnumissi.

Það er því ljóst að eftir því sem lengra hefur liðið á valdaferil núverandi stjórnarflokka hefur æ meir verið þjarmað að tjáningarfrelsinu, svo að stappar nærri skoðanakúgun, þar sem flokksbroddarnir telja flokkshagsmuni sína í húfi. Umræður eiga að fara fram innan veggja valdsins. Gagnrýni jafnt stjórnarandstæðinga sem sérfræðinga er vísað á bug sem „vitleysisumræðum". Aðeins einn maður hefur fengið og á að fá áfram að gjósa með reglulegu millibili og hann heitir Davíð Oddsson. En gallinn við þessi gos hans er að þau eru mestan part eldingar og aska. Honum er - og hefur alltaf verið - fyrirmunað að rökræða mál á vitsmunalegum forsendum. Því gildir það einu fyrir efnistök umræðunnar hvort hlutlaus seðlabankastjórinn lætur gamminn geisa í hlutlausum ríkismiðlinum, eða ekki. En skyldi ekki fara hrollur um ýmsa þá, sem þaggað hefur verið niður í á undanförnum árum, að heyra rödd valdsins bergmála úr grafhvelfingum Seðlabankans. Löglegt kannski - en smekklaust.

## Heimsóknarbann – Austurríska leiðin

**Viðbrögð**
Heimilisofbeldi



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Heimilisofbeldi er samfélagsmein, sem erfitt hefur reynst að uppræta. Kemur þar margt til. Hér er um kynbundið ofbeldi að ræða, sem á sér stað innan veggja heimilisins, sem ætti að vera griðastaður. Þó flestir séu sammála um að verkefnið sem við blasir sé að komast fyrir rætur ofbeldisins og uppræta það úr hegðunarmynstri þeirra sem beita því þá hefur miðað afar hægt. Þau félagslegu úrræði sem gætu tekist á við vandann hafa verið fá og þau úrræði sem lög hafa látið okkur í té hafa reynst haldlítil. Er þar átt við ákvæði um nálgunarbann, sem ekki hefur reynst það tæki í baráttunni sem vænst hafði verið.

Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa í auknum mæli verið að breyta lagaákvæðum um nálgunarbann, til að reyna að ná betri árangri. Aðferðin sem beitt hefur verið er rakin til Austurríkis, en 1997 voru fest í lög þar ákvæði sem heimiluðu lögreglu að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu og banna heimsóknir hans á heimilið og í nánasta umhverfi í tíu daga til þrjá mánuði. Markmiðið var að vernda fórnarlömb ofbeldisins en jafnframt að ná ofbeldismanninum út af heimilinu, sem gæfi þá möguleika á að ná til hans í umhverfi sem hvetti hann til að takast á við ofbeldishneigð sína. Fram að þessu höfðu Austurríkismenn staðið frammi fyrir stöðugri fjölgun kvennaathvarfa, sem gerðu konur og börn að flóttafólki í eigin landi, á meðan ofbeldismennirnir hreiðruðu áfram um sig á heimilinu, að því er virtist lausir allra mála. Að frumkvæði frjálsra félagasamtaka, sem unnu gegn ofbeldi gegn konum, tókst að búa til sterka samstöðu milli stjórnmálamanna og lögreglu um að fara þessa nýju leið og nú hefur hún breiðst út um Evrópu.

Í tilefni af þeirri umræðu sem nú fer fram á síðum Fréttablaðsins tel ég rétt að vekja athygli á frumvarpi um Austurrísku leiðina sem við þingmenn Vinstri-grænna höfum í þrígang lagt fram á Alþingi og munum leggja fram enn á ný í haust. Við teljum frumvarpið vera lið í margháttuðum breytingum, sem nauðsynlegt er að eigi sér stað svo uppræta megi kynbundið ofbeldi á Íslandi.

*Höfundur er þingmaður Vinstri-grænna.*

# Uppreist æru og tilgangur refsivistar

**Umræðan**
Birgir Örn Birgisson

Það var á björtum miðvikudagsmorgni sem undirritaður sat á skólabekk í Háskólanum í Reykjavík. Annað augað fylgdi kennaranum, hitt hafði meiri áhuga á því nýjasta sem fréttavefir landsins höfðu að segja. Stórfrétt dagsins var án efa sú að handhafar forsetavalds, í fjarveru forseta Íslands, höfðu undirritað skjal þess efnis að veita Árna Johnsen fyrrverandi alþingismanni uppreist æru, að beiðni Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra.

### Uppreist æru

Orðmyndin uppreist æru kann að hafa komið einhverjum spánskt fyrir sjónir, en finna má hugtakið í lögum um kosningar til Alþingis. Hefur uppreist sömu merkingu og uppreisn. Í kjölfar tíðindanna er því tilvalið tækifæri að fjalla nánar um það í stuttu máli hvað felst í því að hljóta uppreist æru.

Það að hljóta uppreist æru felur í sér að fá aftur að njóta þeirra réttinda sem glötuðust í kjölfar þess að einstaklingur hefur setið af sér dóm. Nú reka eflaust margir upp stór augu og spyrja, hvort

*Einnig má setja fram þá spurningu hvort tækt sé að gerðar séu strangari kröfur til kjörgengis við kosningar til Alþingis en gerðar eru til kjörgengis forseta Íslands, æðsta embættis ríkisins.*

einstaklingur sé ekki búinn að greiða skuld sína við þjóðfélagið með afplánun dóms, og njóti því aftur fullra réttinda? Svo er ekki. Þetta má glögglega sjá í lögum um kosningar til Alþingis. Kemur þar fram að kjörgengi við kosningar til Alþingis njóti hver sá sem er íslenskur ríkisborgari og náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili hér á landi. Síðast en ekki síst er svo tekið fram að krafa sé gerð um óflekkað mannorð.

En hvað felst í því að hafa flekkað mannorð? Skilgreiningu hugtaksins „flekkað mannorð“ má einnig finna í lögum um kosningar til Alþingis. Kemur þar fram að enginn teljist hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Tekið er þó fram að dómur valdi ekki flekkun mannorðs, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

Í almennum hegningarlögum má finna ákvæði er fjalla um lausn undan flekkuðu mannorði. Kemur þar skýrt fram að sé um fyrsta dóm að ræða og refsing fari ekki fram úr 1 árs fangelsi, fær viðkomandi að liðnum 5 árum frá því að refsingu var lokið, til baka öll þau réttindi sem fást með uppreist á æru, að uppfylltum vissum skilyrðum. Einnig má finna heimildarákvæði þess efnis er kveður á um það, að séu þegar liðin 2 ár af þeim 5 getur forseti veitt hinum dómfellda uppreist æru, hafi hann hegðað sér vel og falist eftir því.

### Árni Johnsen

Á grundvelli ofangreinds ákvæðis undirrituðu handhafar forsetavalds skjal þess efnis að veita skuli Árna Johnsen uppreist æru. Það er engum vafa undirorpið að alþingismaðurinn Árni Johnsen er umdeildur, enda ekki í fyrsta sinn sem hann er bitbein eða þrætuepli þjóðfélagsumræðunnar. Það er þó enginn vafi á því að fáir alþingismenn hafa unnið eins ötullega að málefnum Vestmannaeyinga. Í ljósi þess má færa rök fyrir því að hinn fyrrverandi alþingismaður eigi fullt erindi aftur inn á Alþingi Íslendinga. Mætti segja að Árni Johnsen sé það besta sem hent hefur eyjabúa síðan símastrengurinn var lagður til Vestmannaeyja árið 1911 frá Landeyjasandi. Hann vill raunar gera gott betur en það. Hann vill göng. Ætti það ekki að vera réttur þeirra sem búsettir eru í Suðurkjördæmi að ráða því hvaða fulltrúa þeir senda á Alþingi?


BIRGIR ÖRN BIRGISSON

Einnig má setja fram þá spurningu hvort tækt sé að gerðar séu strangari kröfur til kjörgengis við kosningar til Alþingis en gerðar eru til kjörgengis forseta Íslands, æðsta embættis ríkisins. Í 4. grein stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er fjallað um kjörgengi til forseta. Kemur þar hvergi fram að gerðar séu kröfur um óflekkað mannorð.

### Tilgangur refsivistar

Samkvæmt stefnu og markmiðum Fangelsismálastofnunar ríkisins kemur skýrt fram að tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsidóma samkvæmt efni þeirra, þannig að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákvörðuð í dómi. Er því meginmarkmiðið: „Að afplánun fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð sérstök og almenn varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt.“

Að mati höfundar eru fyrrgreind meginmarkmið af hinu góða, en þykir þarft að benda á að meginmarkmiðin hljóta einnig að vera þau, að afplánun skuli vera föngum til góða. Er það ástæða þess að talað er um „betrunarvist“. Ætti afplánun að vera samspil skyldu og hvatningar. Fangi greiðir skuld sína gagnvart þjóðfélaginu og hvatning hans væri sú að gerast betri einstaklingur, skuldlaus gagnvart þjóðfélaginu. Með það að leiðarljósi ætti tilgangi refsingar að stórum hluta að vera náð út frá þjóðfélagslegu sjónarmiði. Hvaða hvatning felst í því að afplána refsingu, verði viðkomandi ekki skuldlaus gagnvart þjóðfélaginu?

Í ljósi þessa mætti spyrja hvort ekki sé bæði eðlilegt og sanngjarnt að einstaklingur sem tekið hefur út sína refsingu, ætti að eiga jafnan rétt og við hin, í hinu daglega lífi? Svari hver fyrir sig.

*Höfundur er nemandi Háskólans í Reykjavík.*



# Er Fréttablaðið í áróðri?

**Umræðan**
Fiskveiðistjórnun


SIGURJÓN ÞÓRÐARSSON

Hvers vegna greinir Fréttablaðið einungis frá vissum viðhorfum til fiskveiðistjórnar á meðan blaðið þegir algerlega um önnur sjónarmið? Það er ekki hægt að skýra þessi vinnubrögð með öðru en að blaðið reki áróður.

Að undanförnu hef ég bæði á heimasíðu minni og í pistlum á Útvarpi Sögu vakið athygli á þeirri breytingu sem hefur orðið á Fréttablaðinu með tilkomu Þorsteins Pálssonar, fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins, í ritstjórnarstól blaðsins. Mörgum blöskraði algerlega þegar Þorsteinn Pálsson hrakti í sumar einn hæfasta blaðamann Fréttablaðsins, Jóhann Hauksson, á brott eftir bein afskipti dómsmálaráðherra af skrifum Jóhanns um hlerunarmál föður dómsmálaráðherra.

Eitthvað virðist sem þessi skrif séu farin að bíta Fréttablaðið þar sem það bregst ókvæða við gagnrýni á sig. Gert hefur verið lítið úr gagnrýni minni á að enginn innlendur fjölmiðill vilji gera grein fyrir viðhorfum mínum til fiskveiðistjórnar þótt t.d. fiskveiðinefnd Evrópusambandsins hafi séð ástæðu til að hlýða á erindi mitt um fiskveiðistjórn í Brussel í vor. Ferðin til Brussel var farin vegna þess að þau viðhorf sem ég, Jörgen Niclasen, fyrrum sjávarútvegsráðherra Færeyja, og Jón Kristjánsson fiskifræðingur stöndum fyrir eiga sér talsverðan hljómgrunn meðal sjómanna á Bretlandseyjum. Þeir komu því til leiðar að breskir þingmenn Íhaldsflokksins buðu okkur að halda erindi. Þess ber að geta að umrædd viðhorf eiga sér einnig talsverðan hljómgrunn á Íslandi og ekki síst meðal sjómanna.

Ekki þótti ástæða til þess að birta eina línu um þau sjónarmið sem kynnt voru í Brussel í Fréttablaðinu og er það æði undarlegt ef borið er saman við þá gagnrýnislausu umfjöllun sem Ragnar Árnason prófessor fær æ ofan í æ. Áróður Ragnars snýst um hagkvæmi kvótakerfa og hvílir á vægast sagt mjög veikum grunni en á fundinum í Brussel sýndum við tölulega fram á það að landaður afli hafði alls staðar minnkað þar sem kvótakerfi hefur verið notað til að stýra fiskveiðum.

Þetta ættu Íslendingar að vita manna best þar sem þorskaflinn nú er helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins.

Í lítt unninni umfjöllun fjölmiðla um ráðstefnuna þar sem Ragnar Árnason kynnti sín sjónarmið kemur ekki fram að ráðstefnan var lokuð og virðist hafa verið tryggt að engum andmælendum yrði hleypt að. Sjálfseignarstofnunin sem hélt ráðstefnuna kallast RSE, rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál, og þar er fyrrnefndur Ragnar Árnason einn af stofnendum miðstöðvarinnar ásamt því að vera formaður hennar núna.

Á síðunni má finna mjög athyglisverðar upplýsingar. Ef farið er inn á rse.is, smellt á UM RSE og skoðað „Fulltrúaráð“ sést hverjir fara þar með æðsta vald og fjárhag stofnunarinnar:

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar, Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri BYKO, Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, Heiðar Már Guðjónsson, Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, Jóhann J. Ólafsson, heildsali, Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans, Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, Rannveig Rist, forstjóri álversins í Straumi, Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík.

Það er greinilega mjög þröngur hópur sem stendur að RSE sem virðist hafa það að markmiði að búa sínar lífsskoðanir í einhvern fræðilegan búning þar sem Háskóla Íslands virðist vera ætlað handavinnuhlutverk við búningagerðina.

Eitt er kristaltært, vísindi og fræði snúast um gagnrýna hugsun og þau fræði og fyrirlestrar sem þola ekki neina andmælendur dæma sig sjálf og verða aldrei betra en ómerkilegur áróður.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*






# Margt smátt getur gert kraftaverk

**Umræðan**
Gengið til góðs


ESTER BRUNE

Laugardaginn 9. september efnir Rauði kross Íslands til landssöfnunar undir kjörorðinu „Göngum til góðs“ og verður söfnunarfénu varið til verkefna Rauða krossins í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku. Sérstök áhersla er lögð á að aðstoða börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

Mér er málið skylt þar sem ég er fædd og uppalin í Suður-Afríku auk þess að hafa starfað með Rauða krossi Íslands sem sjálfboðaliði í mörg ár. Mér er það því kærkomið að leggja málefninu lið og vil hvetja alla til að gerast sjálfboðaliðar þennan dag og ganga í hús til að safna fyrir Rauða krossinn.

Þetta hefur einnig vakið mig til umhugsunar um hlutskipti mitt. Oft hef ég verið með samviskubit yfir því hvað ég hef það gott í lífinu. Ég er við góða heilsu, er í góðri vinnu, er gift yndislegum manni og á fjögur frábær börn. Þar að auki hef ég þak yfir höfuðið og þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvort það verður matur á borðinu.

Þetta eru hlutir sem við hér á Íslandi hugsum ekki mikið um en ég hefði auðveldlega getað verið í hópi þeirra milljóna sem þjást sökum alnæmis í sunnanverðri Afríku þar sem yfir 25 milljónir fullorðinna og barna eru með HIV-veiruna. Þar er góð heilsa ekki sjálfgefin. Lífslíkur eru ekki nema um 45 ár í Suður-Afríku og því augljóst að mjög mörg börn verða munaðarlaus. Velverðarkerfið er auk þess ekki upp á marga fiska og því búa mörg þessara barna við gríðarlega fátækt og vanrækslu.

Árið 2003 fékk ég tækifæri að fara til Suður-Afríku á vegum Rauða kross Íslands. Þá sá ég aðra hlið á fyrrum heimalandi mínu sem ég sá aldrei á þeim rúmlega 20 árum sem ég bjó þar. Auðvelt er að loka augunum fyrir því sem maður vill helst ekki sjá og á meðan aðskilnaðarstefna ríkti í Suður-Afríku fóru fáir hvítir inn á blökkumanna svæðin. Að fá að fara inn í fátækrahverfi með fulltrúum frá Rauða krossinum í Suður-Afríku var einstök upplifun.

Fátæktin er svo gríðarleg að ekki var annað hægt en að fá tár í augun. Þarna bjó fólk eins og ég. Fólk með sömu tilfinningar, langanir og væntingar við hörmulegar aðstæður. Ungur alnæmissjúklingur sem við hittum fékk engin lyf, en hjúkrunarkona á vegum Rauða krossins heimsótti hann og veitti honum þá aðhlynningu sem hægt var miðað við aðstæður. Matarpökkum með því nauðsynlegasta er dreift til þeirra sem eru verst staddir.

Allir á þessu svæði þekkja einhvern sem smitaður er af alnæmi og því snertir alnæmisfaraldurinn líf allra Suður-Afríkumanna. Atvinnuleysi er einnig mikið og það vonleysi sem því fylgir eykur enn vandamálin sem fyrir eru. Það er því ekki auðvelt að ala upp börn í svona umhverfi. Þar kemur Rauði kross Suður-Afríku sterkt inn og er með mjög öfluga starfsemi fyrir börn og unglinga sem veitir þeim öruggt skjól. Sjálfboðaliðar sinna að mestu þessari starfsemi og er allt gert til að byggja upp sjálfstraust og sjálfsvirðingu barnanna. Þarna er búinn til griðastaður þar sem þau fá að vera bara börn.

*Fátæktin er svo gríðarleg að ekki var annað hægt en að fá tár í augun. Þarna bjó fólk eins og ég. Fólk með sömu tilfinningar, langanir og væntingar við hörmulegar aðstæður.*

Það sem okkur frá Íslandi fannst undarlegt var að sjá hversu stutt var í brosið hjá öllum þeim börnum sem við hittum þrátt fyrir þá erfiðleika sem þau lifa við. Þetta hefði alveg eins getað verið hlutskipti mitt og barnanna minna í lífinu – að berjast allan liðlangan daginn fyrir því sem aðrir telja sjálfsagða hluti. En örlög mín voru önnur. Ég kom til Íslands og hér er gott að búa. Ég er stolt af því að vera Íslendingur og lifi í þeirri trú að margt smátt geti gert kraftaverk. Því ætla ég að ganga til góðs fyrir mitt gamla heimaland á laugardaginn kemur.

## AF NETINU

### Hræðslubandalagið

**Stefán Pálsson er hissa á orðalagi formanns Framsóknarflokksins.**

Jón Sigurðsson, sagnfræðingur og formaður Framsóknarflokksins var ekki hrifinn af hugmyndum Steingríms Joð þess efnis að stjórnarandstöðuflokkarnir ættu að blása til kosningabandalags næsta vor. Það kom svo sem ekki á óvart. Það kom hins vegar á óvart að heyra hann í kvöldfréttunum tala um hræðslubandalag í niðrandi merkingu.


Stefán Pálsson

Eins og sagnfræðingurinn Jón veit mætavel, var orðið hræðslubandalag upphaflega notað af andstæðingur kosningabandalags Framsóknar og Alþýðuflokks í þingkosningunum 1956. Nafnið festist fljótlega við bandalagið, að hluta til vegna þess að aðstandendum þess hafði láðst að búa til þjált nafn á það.

Í mínum huga eru það talsverð söguleg tíðindi að formaður Framsóknarflokksins - og það sagnfræðimenntaður maður - skuli nota orðið hræðslubandalag á þennan hátt í niðrandi merkingu. Það jafngildir því ef forystumenn Sjálfstæðisflokksins eða sósíalista myndu nota orðið nýsköpunarstjórn sem skammaryrði. Er von á fleiri slíkum uppgjörum Jóns Sigurðssonar við fortíð Framsóknarflokksins á næstunni? Mun hann kannski næst senda Ólafi Jóhannessyni eða Steingrími Hermannssyni tóninn? Eða mun sagnfræðingurinn frá Bifröst næst kalla pólitíska andstæðinga sína Tímaklíku?

**Af kaninka.net/stefan/**

### Vilja ekki evruna

**Útflytjendur í Bretlandi eru ekki eins hrifnir af evrunni og áður.**

Þeim fjölgar í röðum breskra útflutningsaðila sem vilja ekki að Bretar taki upp evruna ef marka má niðurstöður skoðanakönnunar sem fyrirtækið Atradius birti í júlí sl. Samkvæmt þeim myndu 56,7% þeirra taka afstöðu gegn evrunni ef kosið væri um hana í Bretlandi nú. Í sambærilegri úttekt árið 2002 sögðust 50,2% styðja upptöku evrunnar á meðan 49,8% höfnuðu henni.

Ekki er ósennilegt að skýrsla bresku rannsóknarstofnunarinnar Centre for Economic Policy Research frá því í júní sl., sem leiddi í ljós að evran hefur ekki leitt til aukinna utanríkisviðskipta þeirra landa sem tekið hafa hana upp umfram þau Evrópusambandsríki sem ekki hafa gert það, hafi haft áhrif á afstöðu bresku útflutningsaðilanna.

**Af heimssyn.is**



**Í NÁMI Á AKUREYRI**
Sveinn Arnarsson, nemi í lögfræði við Háskólann á Akureyri, er mjög ánægður með skólann og mælir hiklaust með honum.
NÁM 6




**REYNSLUAKSTUR**
SsangYong Kyron er bæði lúxusjeppi og fjallabíll en kostar minna en við er að búast.
BÍLAR 2


# allt



## ALLT HITT

[ BÍLAR BÖRN FERÐIR NÁM ]

**Bosch** hefur sett á markað nýjan rafeindastýrðan búnað, svokallaðan URF6-búnað, sem er til þess gerður að hjálpa ökumönnum að leggja í þröng bílastæði án þess að rekast utan í næstu bíla eða hluti. Búnaðurinn fylgir með bílum en tiltölulega auðvelt er að koma honum fyrir. Sjá www.fib.is



**Dansrækt JSB** býður meðal annars upp á meðgönguleikfimi, þar sem verðandi mæður viðhalda vöðvastyrk og halda sér í formi á meðgöngunni, og mömmumorgna, sem eru líkamsrækt fyrir nýbakaðar mæður en börn frá 3ja vikna aldri til 5 mánaða eru velkomin með. Sjá www.jsb.is

**Prófessor** Ilona Fried, kennari í ítölsku og bókmenntafræði við ELTE Háskólann í Búdapest, heldur fyrirlesturinn Theatre for a better society: Theatre and politics between the two world wars in Italy and in Europe kl. 12:05 í dag í stofu 103, Lögbergi. Fyrirlesturinn er öllum opinn. Sjá www.hi.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 6. september, 249. dagur ársins 2006.**

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| 6.24 | 13.26 | 20.26 |
| 6.04 | 13.11 | 20.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Brynju fannst merkilegt að sjá Empire State-bygginguna og henni kom á óvart hversu stór Central Park er.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Var snortin af New York

***Brynja Valdimarsdóttir söngkona fór með föður sínum og bróður í eftirminnilega ferð til New York fyrir skemmstu.***

Brynja fór með föður sínum og bróður til New York, þar sem hinn síðarnefndi hafði stutta viðkomu áður en hann hélt til hjálparstarfa í Guatamala. „Bróðir minn vildi kynnast Guatamala betur, meðal annars þar sem þetta er fæðingarlandið hans, og mér finnst hann sannkölluð hetja að leggja upp í þessa ferð,“ segir Brynja.

Fjölskyldan nýtti tímann vel í New York til að skoða sig um áður en leiðir skildu, enda margt að sjá. „Það var alveg eins og að vera staddur í kvikmynd í borginni. Mannmergðin er náttúrlega alveg ótrúleg og byggingarnar svo háar að maður sé nánast ekki fyrir endann á þeim. Við fengum þó betri yfirsýn þegar við fórum í þyrluflug yfir borgina, sem var ævintýri líkast.“

Af öllu því sem bar fyrir augu fannst Brynju áhrifamest að sjá World Trade Center-minnisvarðann. „Það framkallaði hjá mér sterkar tilfinningar að sjá að það skyldi ekkert vera eftir á þessu víðfeðma svæði,“ segir hún. „Svo var átakanlegt að lesa listann með nöfnum þeirra sem létu lífið í árásunum. Ég mun seint gleyma tilfinningunni sem því fylgdi.“

Brynja ætlar sér næst til Barcelona á Spáni þar sem hún mun leggja stund á hálfs árs langt spænskunám. Hún hefur þó ekki sagt skilið við sönginn og hyggst halda í söngnám þegar heim er komið.

*roald@frettabladid.is*



Fjölgreinabrautin verður starfrækt við Lækjarskóla í Hafnarfirði.

## Óhefðbundið framhaldsnám

SÉRSTÖK FJÖLGREINABRAUT Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI HEFUR VERIÐ SETT Á LAGGIRNAR Í HAFNARFIRÐI.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, undirrituðu nýverið samning um sérstaka fjölgreinabraut sem verður starfrækt við Lækjarskóla í Hafnarfirði, í samvinnu við Iðnskólann í Hafnarfirði og Flensborgarskólann. Þetta er tveggja ára framhaldsbraut fyrir nemendur sem kjósa óhefðbundna leið í framhaldsskólanámi. Áhersla er á verklegt nám þótt nemendur leggi einnig stund á bóklegt nám. Sjá nánar www.menntamalaraduneyti.is


# Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.













www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Reynsluakstur** Áður en bíll er reynsluekinn er það ágætisregla að lesa sér til um hann á undan. Einnig að gera gátlista yfir þau atriði sem maður vill yfirfara.

















REYNSLUAKSTUR



SsangYong Kyron er stærri en hann virðist við fyrstu sýn og bókstaflega hlaðinn búnaði. Litað gler og 30 tommu dekk á 16 tommu álfelgum setja sinn svip á bílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tveir bílar á verði hálfs

***SsangYong Kyron er bæði lúxusjeppi og fjallabíll en kostar minna en við er að búast.***

Allir bílar koma manni á óvart að einhverju leyti þegar maður fær tækifæri til að prófa þá. Stundum er það eitthvað lítið, eins og hvað gírstöngin er skemmtileg, bíllinn hljóðlátur eða hvað rofinn fyrir afturrúðuhitarann er á góðum stað. Það sem kemur mest á óvart við SsangYong Kyron er að það sé hægt að smíða svona bíl fyrir svona lítinn pening.

Að utan lítur Kyron ekki út fyrir að vera ýkja stór. Við nánari athugun kemur í ljós að ytri mál eru nánast hin sömu og hjá LandCruiser 120 (kallaður 90 hér á landi) sem verður seint talinn til minni bíla. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í útlitið en á því eru mjög skiptar skoðanir, ekki síst afturendanum. Bendi þó fólki á að Jennifer Lopez hefur það bara ágætt, og fáir afturendar eru umtalaðri en hennar.

Þegar sest er inn í bílinn verður manni það fullljóst hvaða hlutverk Kyron er ætlað. Hann er lúxusjeppi SsangYong flotans og leysir það verkefni vel af hendi, enda hlaðinn búnaði. Innréttingin er það sem heillaði mig mest við bílinn en hún er frábrugðin öllu sem ég hef skoðað á síðustu mánuðum. Hún er líka vel hönnuð út frá vinnuvistfræðinni og öll stjórntæki eru nákvæmlega þar sem maður vill hafa þau. Sem dæmi má nefna að rúðuþurrku- og ljósastangirnar standa ekki lárétt út frá stýristúbunni, heldur er þeim komið þannig fyrir að þegar maður heldur í stýrið eins og á að halda í það (gamla 10 mínútur í 2 dæmið) eru þær við fingurgómana.

Sæti eru góð og vel rúmt er um fjóra fullorðna í bílnum. Helst er fótaplássi aftur í ábótavant ef mjög hávaxinn einstaklingur er fyrir framan mann. Það eina sem virkilega má finna að hönnun bílsins er lélegt útsýni aftur úr honum en afturrúðan er lítil og þykkir póstar til hliðar við hana. Stórir speglar eru nokkurs konar sárabót.

Hægt er að fá Kyron með fimm gíra beinskiptingu á 3.190.000 en með 5 gíra sjálfskiptingu, þeirri sömu og er meðal annars í Porsche 911, og tveim bakkgírum eins og í bílnum sem var prófaður, kostar hann 3.490.000. Þegar maður horfir á þann verðmiða, og svo heildarpakkann, getur maður ekki annað en fyrirgefið Kyron þá fáu agnúa sem á honum fundust. Einn þeirra er hik í vélinni þegar henni er gefið í botn úr kyrrstöðu, en í daglegum akstri snertir þetta mann ekki mikið. Vélin er annars ættuð frá Mercedes Benz og er tveggja lítra dísilmótor með forþjöppu. Hún passar bílnum ágætlega en vinnur svo sem engar kvartmílukeppnir.

Kyron er byggður á grind og er með heila hásingu að aftan en klafahásingu að framan. Það þýðir, ef einhver var að efast, að hér er um fullvaxinn jeppa að ræða. Því til stuðnings er rofi í mælaborðinu sem skiptir á milli tví- og fjórhjóladrifs og setur hann í lágt drif. Auk þess er í bílnum stöðugleikakerfi og brekkubremsa sem gerir bílinn vel til þess fallinn að þeysa á íslenskum vegum og slóðum. *einareli@frettabladid.is*



Mælaborðið í Kyron er svolítið óvenjulegt og kannski ekki það nýtískulegasta á markaðnum, en þó með því flottasta og þægilegasta.



Afturhlerinn opnast vel og skottið ætti að duga öllum þeim sem standa ekki í búslóðaflutningum dagsdaglega.

**SSANGYONG KYRON**

**Vél:** 2,0 dísil l m/forþjöppu
141 hestafl / 310 Nm
**Uppg. eyðsla í bl. akstri:** 8,5 l/100 km
**0-100 km/klst:** 13,9 sek.
**Þyngd:** 1956-2028 kg.
**Farangursrými:** 625-1222 l.

**PLÚS:**
Vel hannaður og byggður
Frábær innrétting
Hlaðinn staðalbúnaði
Lúxus- og fjallabíll

**MÍNUS:**
Afturrúða of lítil
Hik í vél
Væri gaman að prófa stærri vél

**Verð frá:** 3.190.000 kr.
**Verð Prufubíls:** 3.490.000 kr.



Stjórntæki fyrir útvarp í stýri eru staðalbúnaður og sömu sögu er að segja af skriðstillinum í sjálfskiptum bílum.



Tölvustýrð miðstöð með lofthreinsibúnaði er staðalbúnaður í þeim Kyron-bílum sem seldir eru á Íslandi.



Allir rofar eru í seilingu og hjálpa til við að gera mælaborðið svipsterkt. Brekkubremsa (rofinn efst til vinstri) er staðalbúnaður.

## HVAÐ ERU... BREMSUR?

# Krafturinn til að stöðva bíl



Bremsukerfi margfalda kraftinn frá fótstiginu á leiðinni út í hjól.

Þú ert að keyra, barn hleypur út á götuna, þú stígur á bremsuna og bíllinn stoppar. Einfalt, ekki satt? Við megum samt ekki gleyma því að þegar þú stígur á bremsuna fer keðjuverkun af stað sem loks verður til þess að bíllinn stoppar. Kíkjum aðeins á einfalt bremsukerfi.

Ef þú getur ímyndað þér hvernig það er að stoppa bíl með því einu að spyrna fæti niður í götuna, þá getur þú líklega ímyndað þér að það þarf meiri kraft til að stoppa bíl en býr í einum fæti. Það er reyndar ekki alveg rétt því bílum sem eru með skálabremsur á öllum hjólum dugar sá kraftur, en flestir bílar í dag eru hinsvegar með diskabremsur, að minnsta kosti að framan. Þær bremsa betur en þurfa líka meira afl.

Þegar þú stígur fæti á bremsufótstigið byrjar fyrsta margföldunin á aflinu. Við getum ímyndað okkur vegasalt sem er með annan arminn helmingi lengri en hinn. Sætið á lengri arminum væri þá fótstigið og ekki langt frá ásnum sem saltið vegur á kæmi stimpill sem fer inn í höfuðdælu bremsukerfisins.

Þegar þú stígur á fótstigið margfaldast krafturinn sem fer inn í dæluna 3-4 sinnum. Á leiðinni fer vakúmdæla sem léttir fótstigið og margfaldar kraftinn aftur. Hún vinnur með neikvæðum þrýstingi, eða sogi, frá vélinni. Undirþrýstingi er haldið öðru megin í dælunni þannig að þegar þrýstings frá fótstiginu gætir hinu megin í henni má ímynda sér að ryksuga sogi stimpilinn úr dælunni yfir í höfuðdæluna.

Frá höfuðdælunni liggja bremsurörin. Í þeim er bremsuökvi sem minnkar ekki að rúmmáli undir þrýstingi, ólíkt til dæmis lofttegundum. Áður en vökvinn flytur þrýsting frá höfuðdælunni til hjólanna fer hann í gegnum búnað sem dregur úr krafti til afturhjólanna, þar sem framhjólin þurfa í öllum tilfellum að bremsa betur en afturhjólin.

Sömuleiðis er sérstakur búnaður í bílum sem eru bæði með diska- og skálabremsur, sem er mjög algengt, sem setur skálabremsurnar aðeins fyrr af stað, því búnaðurinn í þeim þarf að hreyfast aðeins meira til að byrja að bremsa en búnaðurinn í diskabremsum. Loks fer allt klabbið í gegnum þrýstingsnema sem kveikir aðvörunarljós ef þrýstingur á kerfinu fellur, til dæmis ef bremsurör lekur. Það þarf þó ekki að þýða að bíllinn verði bremsulaus því flestir bílar hafa tvöfalt bremsukerfi til að bregðast við þessháttar aðstæðum.

Frá öllu þessu heldur vökvinn í sitt ferðalag yfir í bremsudælurnar sjálfar sem eru við hvert hjól. Í skálabremsum ýta bremsudælur bremsuborðum út í bremsuskálina en í diskabremsum ýta þær bremsuklossum sitthvorumegin utan um bremsudisk. Til að margfalda kraftinn enn frekar eru bremsudælurnar styttri en breiðari en höfuðdælan, sé horft til þess að ein höfuðdæla knýr í flestum tilfellum fjórar bremsudælur. Sama magn af vökva, og þrýstingi, ýtir stimplunum í þeim dælum því styttri vegalengd, en af meira afli.

Margföldun á kraftinum sem fer í að stíga á fótstigið á sér því stað þrisvar sinnum á leiðinni, í hvert einasta skipti sem þú stígur á bremsuna.



Hlutverk EuroRAP-vegrýninnar er að skoða og meta vegi út frá öryggi þeirra fyrir vegfarendur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Áframhald á EuroRAP á Íslandi

***Verkefnið þótti takast vel í sumar. Nýlega undirrituðu þeir Ólafur Kr. Guðmundsson verkefnisstjóri fyrir hönd FÍB og Karl Ragnars forstjóri fyrir hönd Umferðarstofu samning um að halda áfram samstarfi um EuroRAP-vegrýni á Íslandi.***

EuroRAP er vegrýni þar sem vegir eru skoðaðir og metnir út frá öryggi þeirra fyrir vegfarendur. Sjálf skoðunin og úrvinnsla gagna fer fram samkvæmt stöðluðum aðferðum sem eru þær sömu allstaðar í Evrópu og víðar í heiminum. EuroRAP er til orðið að frumkvæði alþjóðasamtaka bifreiðaeigenda, FIA. Félögin innan FIA sjá um framkvæmd EuroRAP hvert í sínu heimalandi. Hér er það því FÍB sem annast framkvæmd EuroRAP-verkefnisins en með fjárhagslegum stuðningi Umferðarstofu fyrir hönd samgönguráðuneytisins. Auk þess styrkja eftirtalin fyrirtæki verkefnið með því að leggja því til bifreið og rekstur hennar: Bifreiðaumboðið Askja, Goodyear á Íslandi, Lýsing hf, Olíufélagið hf (Esso), Vátryggingafélag Íslands - VÍS og Landflutningar - Samskip. Tæknilega aðstoð veita Vegagerðin, Loftmyndir ehf og Tölvuráð ehf.

Undanfarna mánuði hefur farið fram mikil undirbúningsvinna og tilraunir og prófanir á tækjabúnaði hafa farið fram undir stjórn sænskra verkfræðinga sem hafa yfirumsjón með framkvæmd EuroRAP í þeirra heimalandi. Þá hafa vegarkaflar út frá höfuðborgarsvæðinu, til dæmis austur yfir fjall, til Borgarness og að Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli, verið skoðaðir og metnir og komin er út skýrsla um þá vinnu.

Skýrslan var kynnt á blaðamannafundi hinn 15. ágúst sl. Þar lýstu Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, yfir vilja sínum til þess að halda verkefninu áfram. Það hefur nú verið staðfest með undirritun samnings Ólafs Guðmundssonar, verkefnastjóra EuroRap á Íslandi, og Karls Ragnars, forstjóra Umferðarstofu.






Ingólfur segir ferilvöktunarkerfið hafa margvíslega þýðingu í leitar- og björgunaraðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Sýnir upplýsingar um staðsetningu í rauntíma

***Nýr hugbúnaður auðveldar aðgerðir björgunarsveita.***

Slysavarnafélagið Landsbjörg prófaði í sumar nýtt ferilvöktunarkerfi sem vonir standa til að verði komið í alla björgunarsveitarbíla og flutningstæki innan bráðar. Kerfið nýtir búnað sem er fyrir að finna í flestum björgunartækjum; tölvu, síma og GPS tæki.

„Þetta er hugbúnaður sem les staðsetningu af GPS tæki og hringir svo inn punktana. Maður ákveður sjálfur hversu mörgum punktum maður safnar og hversu oft þeir eru sendir inn. Kerfið er byggt á Sjópósti símans en það er kerfi og hugbúnaður sem er í öllum stærstu togurum landsins og gerir þeim kleift að nota tölvupóst og ná í texta af fyrirfram skilgreindum vefsíðum,“ segir Ingólfur Haraldsson hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Það var Síminn sem bauð hugbúnaðinn til afnota en öðruvísi segir Ingólfur að ferilvöktunarkerfið hefði ekki orðið að veruleika, enda um dýran hugbúnað að ræða. „Kostnaður einstakra björgunarsveita á því að vera sem minnstur, kannski um 5.000 krónur á hvert tæki. Rekstrarkostnaðurinn felst svo í símakostnaði og sveitirnar ráða sjálfar hversu oft þær hringja inn staðsetningu,“ segir Ingólfur.

Upplýsingarnar sem hvert tæki sendir frá sér fara í sameiginlegan gagnagrunn og úr þeim grunni er hægt að skoða myndrænt á korti staðsetningu hvers björgunartækis fyrir sig, nánast í rauntíma. Kerfið opnar líka fyrir þann möguleika að fyrirfram skilgreindar upplýsingar séu sóttar í björgunartækin, til dæmis veðurlýsingar, tölvupóst og staðsetningar annarra björgunartækja.

„Tilgangurinn er að minnka talstöðvasamskipti og símtöl og vita hvar allir eru staddir. Það skiptir máli við stjórnun leitar- og björgunaraðgerða að vita hvar björgunartækin eru staðsett. Ef það eru til dæmis komnir nógu margir á staðinn er hægt að setja aðra í bið. Í leitaraðgerðum er hægt að fylgjast með því hvaða svæði hvaða tæki hefur dekkað. Áður þurfti hver bíll að koma í stjórnstöð með GPS tæki og hlaða ferlinu inn. Svo mun lögregla og Neyðarlínan geta fengið aðgang að kerfinu,“ segir Ingólfur.

Prófanirnar í sumar gengu vel og segir Ingólfur að í framtíðinni sé draumurinn að minni tæki, eins og vélsleðar, og jafnvel göngufólk geti haft þennan búnað á sér í aðgerðum. Hann segist enn fremur fullviss um að almenningi verði í framtíðinni boðið að nýta sambærileg kerfi, til dæmis við flotastjórnun fyrirtækja.

*einareli@frettabladid.is*

## Bannað að reykja í bíl

ÆTLUNIN AÐ VERNDA HEILSU UNGRA BARNA SEM ERU FARÞEGAR.

Öldungardeildarþingmenn í Kaliforníu eru við það að samþykkja frumvarp til að banna með lögum reykingar í bíl ef barn, sem ber samkvæmt lögum að vera í barnasæti, er farþegi í honum.

Frumvarpið hefur þegar gengið í gegnum eina atkvæðagreiðslu og búast má við að það verði samþykkt, hugsanlega með breytingum, á næstu vikum eða mánuðum. Þeir sem eru fylgjandi frumvarpinu benda á að því sé ætlað að vernda heilsu barna sem geta ekki verndað hana sjálf.

Fjórtán greiddu atkvæði á móti frumvarpinu, en 23 voru fylgjandi því í þessari fyrstu atkvæðagreiðslu, sem bendir til að frumvarpið verði samþykkt.








Afturendinn er mjög ólíkur flestum öðrum Volvo bílum en virðist hafa heppnast ágætlega.

# C30 sá minnsti í Volvo-fjölskyldunni

***Verður afhjúpaður þessum mánuði og verður nánast óbreyttur frá hugmyndastiginu.***

Sportleg hönnun, tveggja dyra, fjögur aðskilin sæti og glerhurð að aftan gefur Volvo C30 sérstakan stíl sem mun höfða til margra nýrra Volvo kaupenda. Hann er aðeins 4,25 metrar að lengd, 22 cm styttri en Volvo S40, og því sá minnsti í Volvo fjölskyldunni. C30 verður afhjúpaður í september á bílasýningunni í París og áætlanir gera ráð fyrir frumsýningu hér á landi í upphafi árs 2007.

„Hinn nýi Volvo C30 er svalur bíll. Þetta er bíll sem höfðar til ungs fólks á framabraut, einstaklinga og para. Volvo C30 er fyrir þá sem setja spennandi hönnun og aksturseiginleika í forgang og því er hann sérstaklega sniðinn að þeirra þörfum og lífsstíl,“ segir Fredrik Arp, forstjóri Volvo.

Endanleg útgáfa Volvo C30 er nánast eins og hugmyndabíllinn Volvo C30 Design Consept sem var fyrst kynntur á bílasýningunni í Detroit í Bandaríkjunum í janúar á þessu ári.

Volvo C30 verður boðinn með mismunandi vélum til að mæta kröfum hvers og eins. Þær spanna allt frá 100 hestöflum, fjögurra strokka bensínvél, til fimm strokka D5 dísilvélar og T5 bensínvélar, sem gefa 180 og 220 hestöfl. „Bíll sem hefur svo sportlega og kraftmikla ásýnd verður að endurspegla hana þegar sest er undir stýri. Þess vegna hefur C30 undirvagn sem býður upp á sportlega eiginleika, hvort sem kaupendur velja 1,6 lítra vél eða T5 vélina,“ segir Hákan Abrahamsson.



Ástarævintýri utan hjónabands eða bara ferskir straumar? Að framan þekkjum við fjölskyldusvipinn, en bogadregið þakið er eitthvað alveg nýtt.



Fjögur stök sæti tryggja að vel fer um alla farþega.



Tölvulíkan af Iceland MotoPark.

# Ókuþórar gefa ráð um brautarhönnun

***Verkefnið komið á skrið og samþykkt af FIA.***

Iceland MotoPark, akstursíþróttabrautin sem stefnt er á að leggja í námunda við Reykjanesbæ, hefur fengið öflugan liðsauka. Alþjóðaökuþórarnir Stefán Jóhannsson og Ralph Firmann, ásamt hinum þrælefnilega Viktor Þór Jensen, munu sjá um ráðgjöf við verkefnið.

Frá því að brautarhönnuðurinn Clive Bowen bauð þeim að ganga til liðs við verkefnisteymið hafa þeir reynst ómetanleg uppspretta ráðlegginga og tæknilegra atriða fyrir brautina sem verður 4,2 km löng.

Nýjustu breytingarnar á brautarhönnuninni, sem hefur verið samþykkt af FIA, eru þær að nú hefur verið tekið tillit til enn fleiri akstursíþrótta og því ættu flestar tegundir kappaksturs að geta átt sér stað á svæðinu.



Svona mun brautin að öllum líkindum líta út.



**Hreyfðu tærnar** Á löngu flugi er fátt mikilvægara en að hreyfa tærnar til að örva blóðflæðið. Forðast skal að vera í þröngum skóm eða sokkum sem hefta tærnar. Glenna skal tærnar og teygja og beygja reglulega meðan á flugi stendur því kyrrstaða getur haft alvarlegar afleiðingar.



Hér sjást Gylfi (Frænkan) og doktor Sveinn Kári Valdimarsson (Dr. Bakan) með góðan afla. MYND/SKÚLI PÉTURSSON

# Aðeins útvaldir fá inngöngu

***Harðfiskarnir eru stór hópur karlmanna á öllum aldri sem finnst fátt skemmtilegra en að veiða á stöng.***

Félagsskapurinn varð til fyrir 6-7 árum þegar þrír vinir og veiðiáhugamenn steyptu vinahópum sínum saman í einn veiðihóp, að sögn Gylfa Jóns Gylfasonar, yfirsálfræðings Reykjanesbæjar og eins meðlima í Harðfiskunum.

„Ákveðið var að kalla veiðihópinn Harðfiskana,“ segir hann. „Heitið hentar vel þar sem við höfum búið til fullt af orðaleikjum í kringum nafngift félagsskaparins, til að mynda að þeir sem veiða munu fiska hart, og hver meðlimur hefur fengið ákveðið viðurnefni.“

Gylfi nefnir sem dæmi að einn meðlima sé kallaður Knúsan eftir að hann sendi félaga sínum nokkur einlæg símaskilaboð, sem hann staðhæfir að hafi átt að sendast til eiginkonu sinnar. Annar nefnist Latexmaðurinn vegna sérkennilegrar tilhneigingar til að klæðast latexhönskum þegar gert er að villibráð og svo mætti lengi telja áfram.

Harðfiskarnir samanstanda af 24 kátum sveinum á aldrinum 18-55 ára, en Gylfi segir að vel gangi að halda hópinn þrátt fyrir fjölda meðlima enda teljist eftirsóknarvert að vera með og ekki fyrir hvern sem er að fá inngöngu í félagið.

„Hópurinn hittist 3-4 sinnum á ári,“ segir Gylfi. „Mest er veitt í Laxá í Mývatnssveit, fallegustu á í heimi, þar sem menn mæta einkennisklæddir og verða að sýna ánni og umhverfinu tilskylda virðingu til að fá að vera með. Smærri hópar innan Harðfiskanna veiða síðan annars staðar, auk þess skotveiðideild er starfrækt innan hópsins.“

Þá halda Harðfiskarnir árshátíð þar sem meðlimir og makar snæða saman af villibráðahlaðborði. „Konurnar ganga undir heitinu roð og því er talað um að fráskildir menn séu roðflettir,“ segir Gylfi.



Gylfi eða Frænkan eins og hann er kallaður innan Harðfiskanna vegna blómaskreytinga heima í bílskúrnum hjá honum. Þar eru haldin hnýtingakvöld á vegum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Á árshátíðum Harðfiskanna, sem roðin mæta á, er margt gert til skemmtunar, meðal annars línudans. MYND/SKÚLI PÉTURSSON

„Þar eru verðlaun veitt fyrir karlmannlegasta afrek ársins en einnig það kveifarlegasta. Kveifarverðlaunin eru farandverðlaun, grænn karlmanns g-strengur, sem kallast „estrógenbrók“ og Harðfiskunum áskotnaðist frá dönsku bræðrafélagi.

Gylfi segir að margt sé á döfinni hjá hópnum, meðal annars gæsa- og hreindýraveiði uppi á hálendi, en hægt er að lesa sér nánar til um Harðfiskana og ævintýri þeirra á heimasíðunni http://hardfiskar.birtingaholt.is/

*roald@frettabladid.is*



Marmaris í Tyrklandi laðar marga að þrátt fyrir atburði vikunnar

## Héldu sínu striki

EFTIR SPRENGJUÁRÁSIRNAR Í TYRKLANDI Í VIKUNNI BAUÐ FERÐASKRIFSTOFAN ÚRVAL ÚTSÝN VIÐSKIPTAVINUM SÍNUM AÐ FARA Á AÐRA ÁFANGASTAÐI FYRIRTÆKISINS.

Þorsteinn Guðjónsson framkvæmdastjóri segir bróðurpart viðskipavina sinna hafa ákveðið að halda sínu striki og fara til Marmaris þrátt fyrir sprengjuárásirnar. „Það voru rúmlega 50 manns sem ákváðu að fara á einhvern annan áfangastað. Það var enginn sérstaklega vinsæll staður heldur dreyfðist fólkið nokkuð jafnt á Portugal, Mallorca og Alicante,“ segir hann leggur áherslu á að af þeim 140 manns sem áttu pantað með næstu flugvélum til Marmaris héldu 120 sínu striki.

„Mér fannst það mjög athyglisvert að fólkið sem var úti vildi ekki flýta för sinni heim, það sagði manni að ástandið væri viðunandi þarna úti. Því miður er heimurinn bara svona, þetta getur gerst hvar sem er.“ -vör

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**Haustferðir**
fyrir eldri borgara 5. eða 12. okt.

**Benidorm** – viðbótargisting!
Hotel Mediterraneo – fjögurra stjörnu hótel með hálfu fæði.



Frá **84.990 kr.**
Netverð á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 3 vikur á Hotel Mediterraneo, 5. eða 12. okt.
Innifalið í verði: Flug, skattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.
Aukavika í boði.

**Costa del Sol** – nokkur sæti laus
Aquamarina – góð staðsetning og góðar íbúðir.



Frá **39.990 kr.**
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó á Aquamarina, 5. eða 12. okt. í viku
Innifalið í verði: Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
Aukavika í boði.

Tryggðu þér sæti í glæsilega haustferð
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Hafnarfjörður sími 510 9500 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

**Réttu upp hönd ófeimin** og spurðu að því sem þú vilt vita. Í námi eru engar spurningar heimskulegar og besta leiðin til að læra er að spyrja.



**MÁNAKÓRINN AUGLÝSIR**
**Karlmenn, langar ykkur í kór ?**
Ef þú ert lagvís þá leitum við að þér.
Við getum bætt við okkur í Bassa og Tenóra
Komdu og vertu með okkur í skemmtilegum hóp.
**Fyrirhuguð er ferð til Tékklands vorið 2007**
**Uppl í símum, 824 0774 og 849-9690**

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU
SVÆÐAMEÐFERÐARNÁM
Viðurkennt af Svæðameðferðarfélagi Íslands. Faglærður kennari frá Danmörku með yfir 19 ára reynslu. Faglærðir leiðbeinendur ATH!! Vegna forfalla er ennþá pláss laust. Kennsla þriðjudagskvöld frá 17.00-21.00
Skráning og nánari upplýsingar í síma 552-1850 og í 896-9653 einnig má sjá fleiri námskeið á **www.heilsusetur.is**

Englakórinn
**ENGLAKÓRINN**
TÓNLISTARUPPELDI FYRIR BÖRN
3JA TIL 7 ára
**Kóræfingartími:**
Laugardagar kl.11.00-11.45.................3ja til 4ra
Laugardagar kl.12.00-12.45.............4ra til 7 ára
**Kennsluefni:** öndun, raddbeiting, söngur á mörgum tungumálum, taktur, tónhæð,hlustun á klassíska tónlist, hreyfing við tónlist, leikur á ásláttarhljóðfæri og fl.
**Staður:** Tónlstarskóli Kópavogs
**Kennarar:** Natalía Chow(M.A) og Julian Hewlett(B. A.)
Kórgjaldið greiðist við skráningu.
Fyrirspurn má senda á netfangið:
nataliachow89@msn.com
eða í síma 555-1346/699-4613



Sveinn er mjög ánægður með Háskólann á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Gott að vera á Akureyri

***Sveinn Arnarsson er fyrsta árs nemi í lögfræði við Háskólann á Akureyri. Hann er mjög ánægður með skólann og mælir hiklaust með honum.***

Sveinn er frá Hafnarfirði en fór norður á Akureyri fyrir ári að læra samfélags- og hagþróunarfræði, sem er aðeins kennd í Háskólanum þar. „Ég ákvað svo að skipta yfir í lögfræði en mér leið svo vel hérna á Akureyri að ég gat ekki hugsað mér að fara héðan,“ segir hann.

Lögfræðinámið í Háskólanum á Akureyri leggst mjög vel í Svein. „Námið er aðeins frábrugðið því sem er í Reykjavík að því leyti að við tökum áfangana í þriggja vikna lotum og erum bara í einum áfanga í einu. Mér finnst þetta kerfi mjög hentugt og það heldur manni við efnið þar sem maður er ekki að grauta í öllu í einu. Á haustönn eru fimm lotur og fimm á vorönn og það er misjafnt eftir áföngum hvort þeim lýkur með prófi eða eru metnir á annan hátt.“

Að öðru leyti segir Sveinn að lögfræðinámið í Háskólanum á Akureyri sé svipað uppbyggt og í skólunum í Reykjavík. „BA-námið er þrjú ár og svo er tveggja ára nám til embættisprófis. Námið hérna er ekkert lakara en í háskólunum í Reykjavík og er mjög krefjandi og skemmtilegt.“

Sveinn hefur mjög gaman af pólitík og segir að áhugi hans á lögfræði hafi kviknað út frá því. „Ég ákvað að fara í samfélags- og hagþróunarfræði út frá pólitískum áhuga og lögfræði er líka fínn vettvangur fyrir þann áhuga.“

Sveinn er mjög ánægður með Háskólann á Akureyri. „Þessi skóli er framsækin og metnaðarfull stofnun og ég sé fram á mjög skemmtileg fimm ár í lögfræðinni hérna. Félagslífið er gott og fullt af uppákomum yfir veturinn, þannig að maður týnist ekki í bókunum. Ég mæli með Háskólanum á Akureyri eins og hann leggur sig fyrir alla sem vilja fara í háskólanám.“

*emilia@frettabladid.is*

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**
“Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**
**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð fljónusta.
**Nýtt** 6. vikna námskeið hefst **3. okt.** **(dagnámskeið)**
**Nýtt** 6. vikna hraðnámskeið **4. okt.**
**SUÐURNES** 3 vikna hraðnámskeið **12. október**
**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400
HRAÐLESTRARSKÓLINN
**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja flátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

**Einstakt enskunámskeið**
Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið
Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

# Vilja læra allt strax

***Málaskólinn Lingva gerir fólki fært að bjarga sér á erlendu tungumáli á einni viku. Heimasíða hans er www.lingva.is.***

Hinn ítalski Paolo Turchi tungumálakennari er einn þeirra sem standa að málaskólanum Lingva. Hann segir nýjum aðferðum verða beitt við kennsluna. „Við verðum með tvenns kona hópa, Tal og Mál. Í Talhópana mæta nemendur fjögur kvöld í viku og á þeim tíma læra þeir að bjarga sér á viðkomandi máli. Þetta hentar Íslendingum mjög vel. Þeir vilja læra allt strax og að það sé farið í það sem skiptir máli þegar verið er að ferðast. Tal 1 snýst um að fólk geti notað málið á ferðalögum, á veitingastöðum og í verslunum. Svo ætlum við líka að prófa Tal 2. Þá bætum við inn fleiri þáttum en það er líka hægt að endurtaka Tal 1 ef áhugi er fyrir því.“

Á svipaðan hátt segir Paolo farið skipulega í málfræðina í tímum sem hann nefnir Mál. Þar er mætt einu sinni í viku í átta vikur og bara lært um eitt atriði í einu. „Í fyrsta tíma læra nemendur bara um nafnorð. Þá fá þeir tilfinningu fyrir þeim og hvernig þau nýtast í málinu. Því getur fólk droppað inn ef það vill hressa upp á kunnáttuna til dæmis í sögnum, fornöfnum eða einhverju öðru tilteknu atriði og þá borgar það bara fyrir einn tíma,“ lýsir Paolo. Hann kveðst hafa mikla reynslu af kennslu og taka eftir að málfræðiatriði vilji ruglast saman. Því eigi nú að prófa að kenna þau hvert í sínu lagi.



„Það er gaman að hjálpa fólki að tjá sig og læra það strax,“ segir tungumálakennarinn Paolo Turchi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tíu algengustu tungumál heims verða kennd í Lingva og listi yfir þau er á heimasíðunni www.lingva.is. Paolo segir réttindakennara í hverju fagi fyrir sig. Sjálfur kennir hann ítölsku. „Það er gaman að hjálpa fólki að tjá sig á framandi máli og það strax. Íslendingar bregða sér í helgarferðir og þá vilja þeir geta gert allt í einu,“ segir hann og kveðst hafa séð þetta sama kerfi notað á Ítalíu. „Þetta hentar fólki sem er mikið á ferðalögum og vill kunna hrafl í málum. Menn verða að kunna smá mannasiði. Að minnsta kosti að þakka fyrir sig.“

*gun@frettabladid.is*

**550 5000**
**Hringdu ef blaðið berst ekki**
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

**Lýsi** er mjög hollt og öll börn ættu að byrja daginn á einni skeið af því.






Selma hlakkar til vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ætlar að passa börn og hjálpa gamla fólkinu

*Selma Rán er ekki nema fimm ára gömul en er samt komin með eina fullorðinstönn og farin að skipuleggja framtíðina.*

Selma hefur í nógu að snúast þessa dagana því hún og mamma hennar eru að flytja og eru búnar að pakka öllu dótinu sínu niður í kassa. „Það er búið að taka rúmið mitt í sundur og það verður ekki sett saman aftur fyrr en við erum búnar að flytja," segir Selma.

Dótið hennar Selmu er þó ekki það eina sem verður flutt í kössum því hún á tvo ketti sem hún segir að verði líka fluttir í kassa. „Ég ætla að setja þá í sama kassa," segir hún og hlær dillandi hlátri.

Kettirnir hennar Selmu heita Mjallhvít og Máni. „Máni er bæði svartur og hvítur, hann er pínu hvítur á fótunum og Mjallhvít er bara hvít. Þeir eru samt báðir strákar og Mjallhvít heitir herra Mjallhvít," segir Selma og hlær.

Selma er nýbyrjuð í leikskólanum Barónsborg en hún var áður í leikskólanum Leikgarði. „Mér finnst gaman á Barónsborg. Deildirnar heita Álfaból og Dvergaland og Krílakot. Ég er á Dvergalandi og einn kennarinn sagði þegar við ætluðum að fá pappír að þetta væru dvergaservíettur," segir hún og hlær.

Selma ætlar sjálf að verða leikskólastjóri þegar hún verður stór. „Ég ætla líka að hjálpa gamla fólkinu og verða ballerína," segir hún, en hún er nú þegar orðin svolítið stór og er meira að segja komin með eina fullorðinstönn. „Fyrst var hin tönnin laus og svo kippti mamma mín henni úr því hún var ofboðslega laus," segir hún.

Selma er farin að hlakka mikið til vetrarins því henni finnst gaman að leika sér í snjónum. „Ég ætla að búa til snjóhænu þegar snjórinn kemur," segir hún og hlær. „Það er hægt," bætir hún svo við ákveðið og það er ekki hægt annað en að trúa henni.

*emilia@frettabladid.is*







## Bók fyrir alla sem sinna börnum

BÓKIN BÖRN ERU KLÁR ER KOMIN ÚT HJÁ JPV ÚTGÁFU.




Börn eru klár er hugsuð fyrir alla sem sinna börnum, hvort sem það eru fagmenn eða foreldrar. Í bókinni er að finna margvíslegar hugmyndir um hvernig bregðast megi við ólíkum aðstæðum svo að börn fái áhuga á því að leysa þau verkefni sem þau eiga að takast á við og skemmti sér á meðan.

Börn eru klár er leiðbeiningabók um það hvernig börn geta tileinkað sér ákveðna færni og með henni sigrast á ýmsum erfiðleikum.

Höfundur bókarinnar er finnski geðlæknirinn Ben Furman og í bókinni lýsir hann Ég get-aðferðinni sem byggð er á fimmtán markvissum skrefum. Grunnhugmynd aðferðarinnar er að barnið eigi ekki við vandamál að stríða heldur eigi aðeins eftir að tileinka sér ákveðna færni til að sigrast á ýmsum erfiðleikum.
Bókin var þróuð í samstarfi við sérkennara og er sett upp á skýran og aðgengilegan hátt.
Þýðandi bókarinnar er Helga Þórðardóttir, kennari, sérkennari, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur. *- eö*



Börn yngri en tólf ára mega aðeins vera úti til átta á kvöldin í vetur.FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Allir eiga að koma inn á réttum tíma

*Fyrsta september breyttust reglur um útivistartíma barna aftur fyrir veturinn.*

Samkvæmt reglum um útivistartíma barna frá 1. september til 1. maí mega börn yngri en tólf ára vera úti til klukkan átta á kvöldin en þrettán til sextán ára börn til klukkan tíu. Samkvæmt barnaverndarlögum mega börn ekki vera ein úti eftir leyfðan útivistartíma en foreldrum er í sjálfsvald sett að þrengja tímarammann.

Mikilvægt er að foreldrar sýni samstöðu og fylgi reglum um útivistartíma barna sinna. Börnin eru líklegri til þess að fara snemma að sofa ef þau koma inn á réttum tíma, auk þess sem það dregur úr líkum á slysum og neyslu ýmiss konar vímuefna. *- eö*





# nú liggja danir í því





ÍSLENDINGAR HAFA ALDREI UNNIÐ DANI Í FÓTBOLTA:

## Sannkölluð Danagrýla

Nú þegar Svíagrýlan hefur verið kveðin endanlega á burt í handboltanum er vel við hæfi að tala um Danagrýluna í fótboltanum. Íslendingar hafa nefnilega aldrei náð að sigra Dani í fótboltalandsleik. Alls hafa þjóðirnar atið kappi nítján sinnum; fimm sinnum hafa leikirnir endað með jafntefli en fjórtán sinnum hafa Danir staðið uppi sem sigurvegarar, síðast í lok ársins 2001 þegar leikar enduðu 6-0 á Parken. Markatalan gegn Dönum er heldur ekki glæsileg á að líta, alls hefur Ísland skorað 13 mörk en fengið á sig 63. Takið sem Danir hafa á Íslendingum er ekki ósvipað því sem Íslendingar hafa á Færeyingum því í 20 landsleikjum Íslands og Færeyja hafa Íslendingar unnið 19 en einn leikur endaði með jafntefli. Markatalan er einnig keimlík, nema að í þeim samanburði er hún 63-11, Íslandi í vil.

**TÖLFRÆÐI ÍSLANDS GEGN DANMÖRKU OG FÆREYJUM**

| | LEIKIR | S | J | T | MÖRK |
|---|---|---|---|---|---|
| DANMÖRK | 19 | 0 | 5 | 14 | 13-63 |
| FÆREYJAR | 20 | 19 | 1 | 0 | 63-11 |



Íslendingar taka á móti Dönum á Laugardalsvellinum kl. 18.05 í kvöld en leikurinn er liður í undankeppni EM 2008 sem fram fer í Sviss og Austurríki. Íslenska liðið hóf undankeppnina í Belfast á laugardag með miklum glans en nú er komið að því að kveða burt Danagrýluna í eitt skipti fyrir öll. Tæplega tíu þúsund manns verða á Laugardalsvelli í kvöld og munu styðja við bakið á strákunum okkar.


# Efnalaugin Björg

**Gæðahreinsun**
**Góð þjónusta**
**Þekking**

**Opið: mán-fim 8:00 - 18:00**
**föst 8:00 - 19:00**
**laugardaga 10:00 - 13:00**

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

# Stoltur af því að hafa skorað helming markanna

23. ágúst 1967 er svört dagsetning í íslenskri knattspyrnu. Þá þurfti íslenska landsliðið að þola niðurlægjandi 14-2 tap í vináttuleik gegn Dönum fyrir framan 19.500 áhorfendur á Idrætsparken í Kaupmannahöfn. Þetta tap hefur oft verið nefnt eitt hið versta hjá íslensku landsliði frá upphafi og er ávallt rifjað upp þegar Íslendingar og Danir leiða saman hesta sína í fótbolta.



**Góðar minningar** Hemmi Gunn er stoltur af því að hafa tekið þátt í 14-2 leiknum fræga árið 1967.

„Við hefðum náttúrlega getað sloppið betur hefðum við ákveðið að hanga í vörn. En þannig var einfaldlega ekki hugsunarháttur íslenska liðsins á þessum tíma," segir Hermann Gunnarsson, betur þekktur sem Hemmi Gunn, þegar hann rifjar upp leikinn fyrir tæpum 40 árum. Hemmi, þá tvítugur að aldri, var ein skærasta stjarna íslenska liðsins á þessum tíma og skoraði hann meðal annars síðara mark íslenska liðsins.

Hemmi og félagar hans í íslenska liðinu voru sjálfstraustið uppmálað þegar þeir gengu til búningsklefa á Þjóðarleikvangnum í Kaupmannahöfn þennan fagra sumardag. Landsliðinu hafði gengið vel í leikjunum á undan Danaleiknum, meðal annars tapað naumlega fyrir Svíum á Norðurlandamóti U-23 landsliða og verið nálægt því að komast í ÓL í Mexíkó. Það var því bullandi bjartsýni í herbúðum íslenska liðsins – það átti svo sannarlega að taka Danina í nefið, eins og Hemmi segir frá.



**Frábær leikmaður** Hemmi Gunn var einn fremsti knattspyrnumaður þjóðarinnar um árabil. Hér sést hann leika sér með boltann í snjónum á Íslandi, rétt um tvítugur að aldri.

„Við leikmennirnir vorum virkilega sigurvissir og eftir á að hyggja voru það okkar stærstu mistök," segir Hemmi hlæjandi. „Þetta var náttúrlega einstakt lið sem Danir voru með á þessum tíma, skipað eintómum snillingum þar sem fremstur fór í flokki Finn Laudrup," segir Hemmi en sá er faðir þeirra Michaels og Brians Laudrup, sem yngri kynslóð fótboltaáhugamanna á Íslandi kannast eflaust betur við. „Það er oft sagt að Michael hafi verið bestur í Laudrup-fjölskyldunni. Það er ekki rétt – Finn Laudrup var sá besti," bætir Hemmi við en Finn skoraði þrennu í leiknum og lagði upp annað eins af mörkum.

## Fall er ekki fararheill

Það kom í ljós í klefanum fyrir leik að þetta átti ekki eftir að vera dagur íslenska liðsins. Þar var bakvörðurinn Jóhannes Atlason að leika sér með bolta, eins og algengt er fyrir leiki, með þó ekki betri árangri en svo að hann féll við og skall á höfuðið á Elmari Geirssyni, sem átti að vera í byrjunarliðinu. Elmar steinrotaðist og spilaði ekki leikinn.

„Þetta gaf tóninn að því sem koma skyldi. Þeir rúlluðu yfir okkur frá fyrstu mínútu og við áttum við algjört ofurefli að etja," segir Hemmi þegar hann rifjar upp leikinn. Staðan í hálfleik var 6-0 en Helgi Númason náði að skora mark fyrir Íslendinga á 56. mínútu. Þegar staðan var orðin 9-1 var komið að Hemma og segir hann sjálfur að markið hafi verið eitt það besta á hans ferli, þrumuskot langt utan af velli sem hafnaði í bláhorninu. „Við fögnuðum eins og við hefðum verið að tryggja okkur heimsmeistaratitilinn. Ég man að Eyleifur Hafsteinsson fyrirliði kom hlaupandi til mín og lét þau fleygu orð falla: ‚Strákar, nú tökum við á því. Þeir eru gjörsamlega búnir á því.' Svo átti ekki eftir að vera, Danir bættu við fimm mörkum áður en yfir lauk og einn versti ósigur Íslands frá upphafi því staðreynd. „Við vorum náttúrlega algjörlega miður okkar eftir leikinn og ekki bætti úr skák að við þurftum að fara út að borða með danska liðinu um kvöldið. Stemningin þar var sérstök, svo ekki sé meira sagt."

## Bjartsýnn fyrir leikinn

Þrátt fyrir tapið skelfilega segist Hemmi með engu móti hafa viljað sleppa því að taka þátt í leiknum. „Þetta var mjög skemmtileg reynsla sem skilur eftir sig margar minningar og mér þykir mjög gaman að hafa tekið þátt í þessu. Svo er ég náttúrulega mjög stoltur af því að hafa skorað helming marka íslenska liðsins," segir Hemmi, sem ætlar að sjálfsögðu að mæta á völlinn í kvöld.

„Í bjartsýniskasti ætla ég að spá að lokatölur verði 1-1."

VIÐBRÖGÐ KSÍ OG FJÖLMIÐA EFTIR TAPIÐ SKELFILEGA:

## Mesta hneyksli íslenskrar íþróttasögu

Björgvin Schram, sem var formaður KSÍ á þeim tíma sem landsleikurinn sögulegi árið 1967 fór fram, var ekkert að skafa af hlutunum í viðtali við Vísi daginn eftir leikinn. Björgvin sagði úrslitin hafa verið mesta hneyksli íslenskrar íþróttasögu.

„Ég er næstum orðlaus. Leikur þessi lagðist mjög illa í mig þegar í byrjun og ég bjóst við að Danir myndu sigra með 4-5 marka mun. En að þeir skoruðu 14 mörk tekur út yfir allan þjófabálk. Lið sem hefur fengið á sig 6 mörk í fyrri hálfleik hefur ekki leyfi til að fá á sig átta í þeim síðari," sagði Björgvin m.a. við Vísi.

Í umfjöllun blaðsins um leikinn segir m.a.: „Það ótrúlega er að markatalan gefur algjörlega rétta hugmynd um gang leiksins."

Dagblaðið Tíminn var á sömu nótum og líkti íslenska liðinu við stjórnlaust rekald. „Í knattspyrnu verða menn að haga sér eftir aðstæðum. Snemma kom í ljós að danska liðið var mun sterkara – enda skoraði það 4-0 á fyrstu 15 mínútunum.

Með þessu voru Danir í raun og veru búnir að gefa íslenska liðinu línuna. Það varð að draga einn eða tvo menn aftur í vörnina til að styrkja hana. En ekkert slíkt skeði. Íslenska liðið hélt uppteknum hætti, það hélt allan tímann fjórum mönnum frammi, mönnum sem ekkert annað höfðu að gera en að fylgjast með því sem var að gerast upp við þeirra eigið mark."









# KNUD HOLSCHER/d line

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



**d line**

Heimsklassa hönnun

**ASETA**

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is





HINN 18 ÁRA GAMLI NICKLAS BENDTNER HEFUR SKORAÐ Í BÁÐUM SÍNUM LANDSLEIKJUM:

# Nýjasta stjarnan í Danmörku

Niclas Bendtner heitir leikmaður sem hefur skotist með ógnarhraða upp á stjörnuhimininn í Danmörku á síðustu vikum og mánuðum. Bendtner er samningsbundinn stórliði Arsenal í ensku úrvalsdeildinni og hefur slegið í gegn í sínum fyrstu tveimur landsleikjum, gegn Póllandi um miðjan síðasta mánuð og gegn Portúgal sl. föstudag. Bendtner skoraði í þeim báðum og treysta Danir á að hann geri íslensku varnarmönnunum skráveifu á Laugardalsvellinum í kvöld.

## Ótrúlegur markaskorari

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hreifst af Bendtner sumarið 2004 þegar hann sá hann spila með U-16 ára landsliði Dana. Þá skoraði hann þrjú mörk í þremur leikjum og var yfirburðamaður í liði Danmerkur á æfingamóti í heimalandinu. Wenger ákvað að slá til og keypti Bendtner af stórveldinu FC Kaupmannahöfn, þar sem hann er uppalinn.

Bendtner er heldur hávaxinn af framherja af vera og telur heila 191 sentímetra. Sér landsliðsþjálfarinn Morten Olsen hann sem framherjann sem sé best til þess fallinn að kljást við Hermann Hreiðarsson og Ívar Ingimarsson, turnana í vörn íslenska liðsins. Bendtner var aftarlega í goggunarröð framherja á Highbury, enda að kljást við nokkra af fremstu framherjum heims, en hafði engu að síður myndað hættulegan sóknardúett hjá varaliði Arsenal ásamt Ítalanum Arturo Lupoli.



Niclas Bendtner Hefur leikið einn leik með aðalliði Arsenal, gegn Sunderland í deildabikarnum á síðustu leiktíð en þá kom hann inn á sem varamaður í síðari hálfleik. Annars spilar hann að mestu með varaliðinu þar sem hann hefur svo sannarlega verið iðinn við kolann og skoraði til að mynda 18 mörk í 24 leikjum á síðasta tímabili. NORDICPHOTOS/

Svo fór að Bendtner var lánaður til Birmingham í ensku 1. deildinni í sumar og rétt eins og hjá danska landsliðinu var hann ekki lengi að stimpla sig þar inn. Í fyrsta leik sínum fyrir liðið, gegn Colchester þann 5. ágúst sl., kom hann inn á þegar um hálftími var liðinn og skoraði hann sigurmarkið í leiknum.

Það sama var uppi á teningnum þegar hann lék í fyrsta sinn með U-21 árs liði Danmerkur, þann 17. maí á þessu ári. Þá skoraði hann bæði mörk liðsins í 2-0 sigri á Spáni.

## Næsta stórstjarna Dana

Uppgangur hins 18 ára gamla framherja á þessu ári hefur verið með ólíkindum og halda danskir fjölmiðlar og fótboltaáhugamenn þar í landi vart vatni yfir hæfileikum hans. Ganga sumir svo langt að segja hann vera þann leikmann sem eigi líklega eftir að komast næst því að feta í fótspor feðganna Finn og Michael Laudrup, sem bestu knattspyrnumenn sem Danmörk hefur alið af sér. Gert er ráð fyrir því að Bendtner verði í framlínu danska liðsins í kvöld ásamt hinum hálfíslenska John Dahl Thomasson.

## Aðrar stjörnur danska liðsins

■ **Daniel Agger – Liverpool**

**21 árs varnarmaður**

Fljótur og líkamlega sterkur miðvörður sem var orðinn einn sá besti í sinni stöðu í dönsku úrvalsdeildinni, þá aðeins 19 ára gamall og leikmaður Bröndby.



Rafael Benitez, stjóri Liverpool, sá til hans og var ekki lengi að klófesta pilt. Hefur spilað mikið með Liverpool í upphafi tímabils og staðið sig vel.

■ **Thomas Gravesen – Celtic**

**30 ára miðjumaður**

Akkerið í liði Dani og ómissandi leikmaður á miðju liðsins. Gríðarlega öflugur baráttujaxl sem þó býr yfir lygilega góðri tækni miðað við líkamsburði. Er nýlega búinn að gera samning við



Celtic í Skotlandi eftir að hafa mistekist að festa sig í sessi hjá Real Madrid.

## Aðrar stjörnur danska liðsins

■ **Jon Dahl Tomasson – Stuttgart**

**30 ára sóknarmaður**

Ljóshærði súkkulaðidrengurinn í Danmörku sem á íslenska ömmu. Hefur verið helsta markamaskína danska liðsins í mörg ár og í hópi þekktustu leikmanna liðsins.



Hefur verið í stórliðum á borð við Newcastle og AC Milan en spilar nú með Stuttgart í Þýskalandi við góðan orðstír.

■ **Martin Jörgensen – Fiorentina**

**30 ára vængmaður**

Hrikalega fljótur og leikinn vængmaður, oft uppnefndur „hinn danski Figo“. Átti stórleik í vináttuleiknum gegn Portúgal á föstudag þar sem hann skoraði eitt mark



og lagði upp tvö. Gefur góðar fyrirgjafir en getur auðveldlega tekið menn á og skotið af færi. Oft verið talinn mjög vanmetinn leikmaður.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 6. september 2006 – 34. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



Gutenberg

samstarf sem skapar verðmæti

Síðumúli 16–18, 105 Reykjavík ı s: 545 4400 fax: 545 4401 ı www.gutenberg.is



**Atorka**

Vinnur eftir skýrri fjárfestingarstefnu 8





**Exista næst á markað**

Leiðandi í fjármálaþjónustu 10-11





**Fischer Partners**

Stórir á samnorrænum verðbréfamarkaði 12




## Neikvæð umfjöllun hafði engin áhrif



KARL OTTO EIDEM

Karl Otto Eidem, starfandi framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækisins Fischer Partners, sem er í eigu Glitnis, telur að neikvæð umfjöllun um íslenskt efnahagslíf á fyrri hluta árs hafi ekki haft teljandi áhrif á starfsemi Fischer Partners. „Viðskiptavinir okkar sáu strax að um traustan kaupanda var að ræða með gott lánshæfismat. Svo lengi sem kúnnar okkar fá þá þjónustu sem þeir eru vanir spyrja þeir einskis.“

Glitnir keypti á vordögum Fischer Partners fyrir 3,7 milljarða króna. Fischer er nú fimmti stærsti hlutabréfamiðlarinn í norrænu Kauphöllunum með 5,1 prósent af samanlagðri veltu.

- jsk / Sjá bls. 16



**BÍLABREIÐA** Bílainnflutningur var með minnsta móti í júlímánuði.

## Innflutningur dregst saman

Útlit er fyrir að vöruskiptahalli hafi dregist töluvert saman milli mánaða, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofunni. Verðmæti vöruútflutnings í ágúst var 16,6 milljarðar króna en innflutningur á vörum nam alls 28,3 milljörðum. Halli á vöruskiptum var því tæplega tólf milljarðar króna í mánuðinum, sem er þriðjungi minni halli en í júlí þegar methalli var á vöruskiptum.

Í Morgunkorni Glitnis segir að þótt aðstæður hafi að mörgu leyti verið hagstæðar í júlí hvað útflutning varðar megi fyrst og fremst rekja viðsnúning í vöruskiptahallanum til minnkandi innflutnings. Dróst hann saman um sextán prósent milli mánaða á sama tíma og útflutningur jókst um 7,5 prósent. - hhs

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**VÍS hagnast** | Vátryggingafélag Íslands hagnaðist um 468 milljónir króna á fyrri árshelmingi. Allt árið í fyrra hagnaðist VÍS um 8,4 milljarða króna.

**Staðfestir mat** | Lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings staðfesti lánshæfismat Kaupþings og Glitnis og sagði horfur þeirra stöðugar. Gengi bankanna hækkaði í kjölfarið.

**Samstarf samþykkt** | Danska samkeppniseftirlitið hefur lagt blessun sína yfir samstarfs Nyhedsavisen og Post Danmark sem er að 75 prósenta hlut í eigu danska ríkisins.



**Hækka tilboð** | Actavis hefur hækkað tilboð sitt í króatíska lyfjafyrirtækið Pliva og hljóðar það nú upp á 795 kúnur á hlut. Barr, sem líka vill kaupa Pliva, hugleiðir næstu skref.

**Úr gildi** | Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur fellt úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um bann við samruna Senu og Dagsbrúnar vegna galla á málsmeðferð.

**Aldrei meiri** | Vöruskiptahallinn var 19,1 milljarðar króna í júlí og hefur aldrei verið meiri. Fluttar voru út vörur fyrir 16,2 milljarða króna en inn fyrir 35,2 milljarða.

**Ræða saman** | Á næstu vikum skýrist hvort verður af samstarfi um rekstur fjarskiptaneta Símans og Orkuveitu Reykjavíkur. Viðræður standa yfir en OR kaupir ekki kerfi Símans.

**FlyMe kaupir** | Norræna lággjaldaflugfélagið FlyMe, sem Pálmi Haraldsson á stærstan hlut í, hefur keypt 51 prósents hlut í breska leiguflugfélaginu Astreus.

# Danir veðja á sterkari krónu og mjúka lendingu

## Danskt fjárfestingafélag býður upp á „íslenskan krónusjóð“. Verði mjúk lending má búast við góðri ávöxtun.

**Jón Skaftason**
Skrifar

Viðskiptavinir danska fjárfestingafélagsins Garanti Invest geta nú fjárfest í sérstökum krónusjóði hjá félaginu. Fjárfestingin er til þrjátíu mánaða og er ávöxtunin beintengd gengi íslensku krónunnar. Garanti Invest ábyrgist þó að ekki verði tap á fjárfestingunni nema sem nemur mun á kaup- og sölugengi krónu.

Í sérstökum auglýsingabæklingi frá Garanti Invest segir að íslenska krónan hafi rýrnað um fjórðung á fyrri helmingi ársins. Síðan hafi krónan styrkst gagnvart dönsku krónunni og fastlega megi búast við að sú þróun haldi áfram. Því er jafnvel haldið fram að krónan eigi eftir að styrkjast um fjórðung frá núvirði.



Fram kemur að sviðsljósið hafi í auknum mæli beinst að íslensku efnahagslífi undanfarin tíu ár, enda megi segja að efnahagslegt kraftaverk hafi orðið í landinu; landsframleiðsla hafi aukist um fimmtíu prósent og þjóðin sem áður reiddi sig á fiskveiðar sé nú ekki síður þekkt fyrir öflugt fjármálakerfi.

Í bæklingnum segir að vissulega sé ekki um fundið fé að ræða. Stóra spurningin sé sú hvort lending íslensks efnahagslífs verði mjúk. Verði sú raunin megi viðskiptavinir Garanti Invest eiga von á góðri ávöxtun.

Ásgeir Jónsson, sérfræðingur KB banka, segir ansi bratt að ætla að krónan styrkist um tuttugu og fimm prósent næstu misserin. „Ef ég ætti aldraða frænku í Danmörku myndi ég alls ekki ráðleggja henni að fjárfesta í krónusjóðum. Hitt er annað mál að krónan er sveiflukenndur gjaldmiðill og því nær öruggt að menn hagnist á endanum séu þeir nægilega þolinmóðir til að halda stöðu sinni, sérstaklega í ljósi viðvarandi vaxtamunar milli Íslands og umheimsins.“

Ásgeir segist eiga von á því að krónan verði áfram viðkvæm fram á næsta ár. „Krónan mun líklega halda áfram að skoppa til og frá og verður áfram veik fyrir neikvæðum fréttum af íslensku efnahagslífi.“

Greining Glitnis hefur spáð því að meðalgengi krónuvísitölunnar verði 130 á næsta ári og krónan eigi því eftir að veikjast um tæp sex prósent. Sérfræðingar Landsbankans telja að krónan eigi nokkuð inni og spá því að hún styrkist.

# Síminn vill ekki í fjölmiðla

## Exista leitar að tækifærum í Bretlandi og á meginlandi Evrópu fyrir VÍS og Lýsingu. Síminn verður settur á markað í lok næsta árs.

Exista leitar að tækifærum til að útvíkka starfsemi sína í Bretlandi og meginlandi Evrópu og beinast þar sjónir manna að vátryggingarekstri og eignaleigustarfsemi, að sögn Lýðs Guðmundssonar, starfandi stjórnarformanns félagsins, sem er í viðtali við Markaðinn í dag. Félagið deilir skrifstofu með Bakkavör og Símanum í Lundúnum og leitar að yfirtökutækifærum, bæði í skráðum og óskráðum félögum.

Skráning Exista í næstu viku er stærsta nýskráning félags í Kauphöll Íslands en félagið er metið á allt að 233 milljarða króna. Með henni slá menn tvær flugur í einu höggi: losa um krosseignarhald milli Exista og KB banka og búa til mikil verðmæti fyrir eigendur.

Exista er stærsti hluthafinn í Símanum sem verður settur á markað í lok næsta árs. Horfa eigendur og stjórnendur Símans til kaupa á erlendum símafyrirtækjum og færa reksturinn í sama form og Síminn er.

Miklar hræringar og breytingar hafa verið á innlendum fjölmiðlamarkaði. Lýður hafnar öllum kenningum um sókn Símans inn á innlendan fjölmiðlamarkað í samfloti við önnur fyrirtæki. Síminn vill einbeita sér að dreifingu efnis, sem er sérsvið fyrirtækisins en ekki rekstur fjölmiðlafyrirtækja. „Allar sögur um það að Morgunblaðið, Síminn og Skjár einn eigi að verða ein fjölmiðlasamsteypa eru algjörlega úr lausu lofti gripnar. Þær hugmyndir hafa aldrei verið ræddar.“

- eþa / Sjá bls. 10-11


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 6,2%*

USD 5,9%*

EUR 3,6%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 1. september 2006.

GOTT FÓLK McCANN

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 31% |
| Alfesca | -3% | 12% |
| Atlantic Petroleum | 0% | 34% |
| Atorka Group | 2% | -2% |
| Avion Group | -1% | -26% |
| Bakkavör | 1% | 7% |
| Dagsbrún | -1% | -15% |
| FL Group | 6% | -1% |
| Glitnir | 3% | 16% |
| KB banki | 5% | 12% |
| Landsbankinn | 6% | 2% |
| Marel | 1% | 18% |
| Mosaic Fashions | 1% | -7% |
| Straumur | 5% | 6% |
| Össur | -1% | 10% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Klárir í einkavæðingu Föroya Banka

## Tveir færeyskir bankar stefna á Kauphöll 2007.

Bæði Föroya Banki og Föroya Sparikassi Group stefna að skráningu í Kauphöll Íslands og á Virðisbrævamarknað Færeyja. Janus Petersen, forstjóri Föroya Banki, segir að skráning bankans í Kauphöll Íslands geti líklega orðið á næsta ári.

Á dögunum samþykkti Landsþingið í Færeyjum lög um einkavæðingu Föroya Banki sem gefa stærsta hluthafanum, Figgjargrunninum frá 1992, sem á 99 prósenta hlutafjár, heimild til að selja hlutabréf til almennings. Janus segir að Figgjargrunnurin hafi hafist handa við undirbúning að sölunni og vinni nú að því að leita að ráðgjöfum.

„Eins og staðan er nú er ekki ljóst hversu hratt einkavæðingin gengur fyrir sér en menn munu ekkert tvínóna við hlutina.

### FÆREYSKU BANKARNIR HELSTU STÆRÐIR *

| | Eignir | Eigið fé | Hagn.** |
|---|---|---|---|
| Föroya Sparikassi | 119 | 13,3 | 1,5 |
| Föroya Banki | 76 | 12,9 | 0,46 |

** í milljörðum króna*
*** Hagnaður fyrstu sex mánuðina 2006*

Stjórnmálamennirnir hafa lagt vogir sínar á lóðarskálarnar með því að samþykkja með yfirgnæfandi meirihluta frumvarp um einkavæðingu,“ segir Janus.

Markaðurinn greindi frá því snemma á þessu ári að Sparikassinn hefði ákveðið að stefna að skráningu árið 2007 en í síðustu viku tilkynnti stærsti hluthafinn, sjálfseignarstofnunin Sparikassagrunnurin, frá því að hann muni selja um tíu prósenta hlut á næstunni, sem lið í því að gera félagið skráningarhæft. - eþa

# Kaupa Draumahús

Bergur Steingrímsson, fjármálastjóri Draumahúsa, og Hjalti Pálmason, löggiltur fasteignasali, hafa keypt Draumahús, eina stærstu fasteignasölu landsins, af stofnendunum Helga Bjarnasyni og Ólafi Jóhannssyni.

Að sögn Bergs er Draumahús sú fasteignasala sem selur flestar fasteignir á landinu auk þess sem hún er í hópi þeirra veltuhæstu. Nokkur viðskipti hafa orðið með fasteignasölur að undanförnu og segir Bergur að margar sölur standi fjárfestum nú til boða. - eþa

# Ágæt afkoma Alfesca

Alfesca tapaði 603 þúsundum evra, sem nemur um 58,5 milljónum íslenskra króna, á síðasta fjórðungi fjárhagsársins, sem lauk þann 30. júní. Var tapið nokkuð minna en greiningardeildir bankanna gerðu ráð fyrir, en þær spáðu 46 til 243 milljóna króna tapi á ársfjórðungnum. Hagnaður félagsins fyrir fjárhagsárið í heild nam 11.966 þúsund evrum, eða um 1,16 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður af reglulegri starfsemi félagsins fyrir afskriftir (EBITDA) á fjórða ársfjórðungi nam 6,4 milljónum evra, eða um 620 milljónum króna.



**XAVIER GOVARE, FORSTJÓRI ALFESCA** Rekstrarafkoma Alfesca á síðasta ársfjórðungi var ágæt, þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður.

Sala á fjórðungnum nam 115,9 milljónum evra, sem er sextán prósenta aukning frá því árið á undan.

Í fréttatilkynningu Alfesca til Kauphallar Íslands segir að þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður sé rekstrarafkoman góð, sem skýrist meðal annars af öflugum innri vexti og aukinni skilvirkni í helstu framleiðsluþáttum félagsins. Hráefnisverð á laxi hafi náð hámarki í lok júní en verð hafi lækkað hratt að undanförnu, sem séu góðar fréttir fyrir komandi jólasölu Alfesca. - hhs

# Ósamræmi í krónuspám

## Mikið ber á milli í krónuspám greiningardeilda.

Greining Glitnis les ekki rétt í minnkandi vaxtamun í þjóðhagsspá sinni, að mati Björns Rúnars Guðmundssonar, sérfræðings greiningardeildar Landsbankans. Hann telur að ekki bresti flótti á fjárfesta þótt minni munur verði á vaxtastigi hér og í viðskiptalöndum landsins.

Ósamræmi er í spám greiningardeilda Landsbankans og Glitnis um gengisþróun á næsta ári. Greining Glitnis telur að krónan komi til með að veikjast en Landsbankinn býst frekar við að krónan styrkist.

Í áliti Landsbankans er því haldið fram að þrýstingur verði á krónuna til hækkunar. Svo lengi sem vaxtamunur gagnvart útlöndum haldist hár og jákvæðar fréttir berist áfram af íslensku efnahagslífi séu líkur á hækkun á gengi krónunnar.

Björn Rúnar Guðmundsson segist telja að ákveðinn viðsnúningur hafi orðið og að erlendir fjárfestar beri nú aukið traust til íslensks efnahagslífs. Slíkt hafi jákvæð áhrif á hlutabréfa-, skuldabréfa og gjaldeyrismarkaði.

Björn telur að innlausn jöklabréfa síðar á árinu komi ekki til með að hafa veruleg áhrif á gengi krónunnar. „Jafnvel þótt eitthvað dragi saman verður vaxtamunurinn áfram mikill. Minni vaxtamunur þarf heldur ekki að þýða að fjárfestar flýi allir úr landi. Fjárfestar tjalda ekki til einnar nætur.“

Í Þjóðhagsspá greiningar Glitnis er því spáð að meðaltalsgildi gengisvísitölunnar verði kringum 130 á næsta ári og að krónan eigi því eftir að veikjast um sex prósent frá núgildi. . - jsk

# Aukinn áhugi á Actavis í kjölfar PLIVA-slagsins

## Actavis hefur náð athygli stórra fjárfestingarsjóða. Slagurinn við Barr um Pliva hefur einnig vakið eftirtekt. Von er á úttekt erlendra greiningarfyrirtækja á félaginu.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Metaðsókn var á kynningarfund sem Actavis boðaði til í kjölfar endurskoðaðs tilboðs í króatíska samheitalyfjafyrirtækið PLIVA. Fundurinn var ætlaður erlendum fjárfestum og greiningaraðilum.

„Um 120 aðilar hringdu inn á fundinn, þar af um hundrað erlendir. Þetta er mesta aðsókn sem við höfum fengið á okkar kynningarfundi en yfirleitt erum við með um fimmtíu erlenda aðila á okkar kynningarfundum á netinu,“ segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta hjá Actavis og kveður áhugavert að sjá hvernig margir af stærstu fjárfestingarsjóðum heimsins séu farnir að sýna félaginu áhuga, sem og margir af sterkustu erlendu greiningaraðilunum. „PLIVA er þó ekki eitt og sér að vekja áhuga manna því Actavis er í dag í hópi fimm stærstu og stefna okkar og árangur hefur vakið mikla athygli. Og þá sérstaklega öflugt stjórnendateymi félagsins.“ Halldór segir að nú þegar séu nokkrir af stærstu fjárfestingarsjóðum í lyfjaiðnaði farnir að fjárfesta í félaginu, þótt þær fjárfestingar beri enn mark þess að þeir séu að prófa sig áfram og hafi ekki enn „tekið stórar stöður.“

Halldór telur að ekkert annað íslenskt félag sé jafn vel þekkt meðal erlendra fjárfesta og banka, eða hafi markaðssett félagið jafn markvisst gagnvart erlendum fjölmiðlum og fjármálaheiminum. „Þá er Actavis fyrsta íslenska félagið sem fær erlenda greiningaraðila til að greina félagið, en tveir til þrír erlendir greiningaraðilar hafa staðfest að nýjar greiningar á félaginu komi út á næstu mánuðum,“ bætir hann við. Að auki hefur Actavis haft að því frumkvæði að fá inn í Kauphöll Íslands nýjan kauphallaraðila og hafa stjórnendur Kauphallarinnar tekið því vel. „Búast má við að því ferli ljúki fljótlega og mun það styrkja mikið markaðssetningu Actavis og annarra félaga í Kauphöllinni gagnvart erlendum fjárfestum, þar sem um er að ræða eitt af



**RÓBERT WESSMAN** Forstjóri Actavis heldur tölu á ársfundi félagsins fyrr á árinu. Félagið finnur nú fyrir stórauknum áhuga erlendis og er talið með betur kynntum íslenskum félögum. Markaðurinn/Heiða

stærstu fjármálafyrirtækjum heimsins og það langstærsta sem sýnt hefur íslenska markaðnum áhuga. Við teljum að mikil tækifæri séu fyrir íslensk fyrirtæki að markaðssetja sig gagnvart erlendum fjárfestum og við teljum það reyndar nauðsynlegt til að stuðla að frekari vexti markaðarins hér. Þá teljum við að ákveðnar breytingar þurfi að verða á umhverfinu hér til að fjárfestar muni fjárfesta hér í auknum mæli. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að félögin hér fái þekkta erlenda greiningaraðila til að meta rekstur félaganna reglulega, að sterkari kauphallaraðilar komi hér inn á markaðinn og væri sameining kauphalla á Norðurlöndunum jákvætt skref í því samhengi. Þá getur skráning hlutafjár í evrum haft mjög jákvæð áhrif og minnkað áhættu erlendra fjárfesta vegna fjárfestinga hér, auk þess sem íslenskir aðilar gætu þá keypt bréf í evrum og fjármagnað sig í þeim gjaldmiðli,“ segir Halldór.




Necta koro baunavélar



kerfi

KERFI ehf Flatahrauni 5b 220 Hafnarfjörður Sími. 564 1400 www.kerfiehf.is kerfiehf@kerfiehf.is




# Alvöru ávöxtur
# - Alvöru bragð

## Tímamóta vatnsdrykkur

Toppur T2™ er létt kolsýrt vatn með hreinum ávaxtasafa sem gefur kröftugt og frískandi bragð. Toppur T2™ er frábærlega svalandi og inniheldur færri kaloríur en sambærilegir drykkir.

**Alvöru ávöxtur - Alvöru bragð**

t2™ Toppur

a product of
The Coca-Cola Company

"Toppur T2" is a trademark of The Coca-Cola Company.
© 2006 The Coca-Cola Company. All rights reserved.

# Enn fjölgar gistinóttum



**HÓTEL SAGA**
Gistinóttum á íslenskum hótelum fjölgaði um ellefu prósent milli ára.

Gistinóttum á hótelum fjölgaði um ellefu prósent í júlí miðað við árið á undan, samkvæmt nýjum upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Voru gistinæturnar 175.900 miðað við 158 þúsund í sama mánuði í fyrra. Fjölgunin, sem má bæði rekja til Íslendinga og útlendinga, nam tíu prósentum frá fyrra ári sé litið á fyrstu sjö mánuði ársins.

Gistinóttum í júlí fjölgaði í öllum landshlutum en þó hlutfallslega mest á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða, þar sem fjölgunin var um fimmtán prósent. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um rúm þrettán prósent, á Norðurlandi um 78 prósent, á Austurlandi um sex prósent og á Suðurlandi um fjögur prósent.

Á sama tíma og gistinóttum fjölgaði jókst gistirými í júlímánuði og fór fjöldi herbergja úr 3.773 í fyrra í 3.886 í ár, sem var þriggja prósenta aukning. **- hhs**

# Helmingi minni velta

## Veltulitlum mánuðum á fasteignamarkaði fylgja verðlækkanir. Helmingssamdráttur hefur orðið á hálfu ári.

Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu hefur dregist saman um fjörutíu og átta prósent síðasta hálfa árið, samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins. Heildarvelta í ágúst nam tólf milljörðum króna, meðan veltan var 23,1 milljarður króna í mars síðastliðnum.

Þinglýstum kaupsamningum hefur á sama tímabili fækkað úr 908 í 415 eða um rúm fimmtíu og fjögur prósent. Velta á höfuðborgarsvæðinu dróst saman um 2,7 prósent milli júlí og ágúst.

Greiningardeild KB banka hefur spáð þriggja prósenta verðlækkunum á fasteignamarkaði næstu tólf mánuði. Verð á fasteignum lækkaði um 1,7 prósent í júlí síðastliðnum.

Þórhallur Ásbjörnsson, sérfræðingur KB banka, segist hafa átt von á að verðlækkanir kæmu fram örlítið síðar en raunin varð. Hann bendir á að gjarnan sé samband milli veltu og verðþróunar. Samdrætti í veltu fylgi verðlækkanir í mánuðinum á eftir. „Verðlækkunin í júlí kom til að mynda í kjölfar nokkuð snarps veltusamdráttar í mánuðinum á undan. Ágúst var alls ekki góður mánuður á markaði svo það kæmi ekki á óvart að það skilaði sér í einhverjum verðlækkunum.“ **- jsk**

# Tjónahlutfall 90%

## Afkoma helstu tryggingafélaga var borin uppi af fjárfestingatekjum en tjónahlutfall var hátt.

Samanlagður hagnaður vátryggingafélaga á síðasta ári nam 21,1 milljarði króna en þetta kemur fram í samantekt FME. Alls báru tólf íslensk vátryggingafélög virka vátryggingaráhættu.

Skaðatryggingafélögin svokölluðu báru uppi þennan hagnað og fóru þar fremst í flokki Sjóvá, TM og VÍS sem högnuðust samanlagt um 19,4 milljarða króna.

Eins og undangengin ár báru fjárfestingatekjur uppi hagnað stóru tryggingafélaganna en heildarfjárfestingatekjur skaðatryggingafélaga námu þrjátíu milljörðum króna. Tjónahlutfall er enn óviðunandi fyrir geirann í heild. Eigin iðgjöld skaðatryggingafélaga námu rúmum 21 milljarði króna en eigin tjón nítján milljörðum. Tjónahlutfallið nam því 90,2 prósentum. **- eþa**

**HAGNAÐUR SKAÐATRYGGINGAFÉLAGA ÁRIÐ 2005 (í milljörðum)**

| | |
|---|---|
| VÍS | 8,4 |
| TM | 7,2 |
| Sjóvá | 3,8 |
| Viðlagatr. Íslands | 1,1 |

# Útboð breyta væginu

## Nýskráning Exista og hlutafjáraukning í Marel veldur breytingum á úrvalsvísitölunni. Vægi Exista í iCEX-15 tæp níu prósent.

Exista verður fimmta stærsta félagið í Kauphöllinni þegar félagið verður skráð á markað nú í september. Markaðsvirði Exista liggur á bilinu 211 til 233 milljarða króna. Endanlegt virði félagsins kemur í ljós þann sjöunda september næstkomandi, þegar útboð til fagfjárfesta hefst.

Þá stendur fyrir dyrum hlutafjáraukning í Marel, þar sem hlutafé verður aukið um 53 prósent. Þegar við bætast kaup félagsins á danska framleiðslufyrirtækinu Scanvægt mun markaðsvirði Marel verða rúmir 27 milljarðar króna.

Því liggur fyrir að samsetning úrvalsvísitölu Kauphallarinnar mun breytast talsvert við næstu endurskoðun. Vægi Exista í vísitölunni verður tæplega níu prósent og vægi Marels verður 1,1 prósent.

Valið er í úrvalsvísitöluna tvisvar á ári, í júní og í desember. Við valið er litið til viðskipta undanfarinna tólf mánaða auk markaðsvirðis. Eins og staðan er í dag kemur Exista nýtt inn í vísitöluna í desember á kostnað Atlantic Petroleum. **- jsk**

**NÝ SAMSETNING**

| | Félag | Vægi í vísitölu |
|---|---|---|
| 1. | KB banki | 33,5% |
| 2. | Glitnir | 12,3% |
| 3. | Landsbankinn | 10,7% |
| 4. | Actavis | 9,9% |
| 5. | Exista | 8,7% |
| 6. | FL Group | 7,4% |
| 7. | Straumur - Burðarás | 6,6% |
| 8. | Bakkavör | 3,9% |
| 9. | Dagsbrún | 1,5% |
| 10. | Avion Group | 1,4% |
| 11. | Mosaic | 1,3% |
| 12. | Össur | 1,3% |
| 13. | Marel | 1,1% |

# Sitja eftir í séreigninni

## Almennir lífeyrissjóðir eru í mikilli baráttu við aðra vörsluaðila, eins og banka, um séreignarsparnað einstaklinga. Sjóðsfélagar í séreignardeildum lífeyrissjóða eru aðeins þriðjungur af fjölda sjóðsfélaga sameignardeilda.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Um síðustu áramót var fjöldi sjóðsfélaga í lífeyrissjóðakerfinu yfir 174 þúsund en á sama tíma greiddu tæplega 59 þúsund séreignarsparnað til lífeyrissjóðanna, samkvæmt tölum sem Fjármálaeftirlitið tók saman og birti nýverið.

Hlutfall sjóðsfélaga séreignardeilda er því um þriðjungur af sjóðsfélögum sameignardeildanna. Þetta hlutfall er jafnvel enn lægra hjá stærstu lífeyrissjóðum landsins, Gildi, LSR og LV, eða sjö til fjórtán prósent.

Í samantekt FME kemur fram að séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila var um 146 milljarðar króna í árslok 2005 og hafði hækkað um tæpan þriðjung á milli ára. Þetta jafngildir tólf prósentum af heildareignum lífeyrissjóðanna.

Lífeyrissjóðir, sem voru hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga frá 1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skera sig mjög úr í þessum efnum, en tæp sextíu prósent af öllum séreignarsparnaði landsmanna liggur hjá þessum sjóðum, eða 86,5 milljarðar. Þessir sjóðir bjóða einnig lágmarkstryggingavernd.

Vörsluaðilar, aðrir en lífeyrissjóðir, höfðu í sinni vörslu 40,8 milljarða í séreign en aðrir lífeyrissjóðir, sem byggja eignir sínar að stórum hluta á samtryggingu, voru aðeins með 18,7 milljarða í vörslu.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að bankar, sparisjóðir og aðrir vörsluaðilar séu í mikilli samkeppni við lífeyrissjóðina um viðbótarlífeyrissparnað fólks. „Það hefur ekki verið rætt sameiginlega innan lífeyrissjóðanna hvernig hækka megi þetta hlutfall, enda eru sjóðirnir líka í innbyrðis samkeppni um viðbótarlífeyrissparnaðinn. Lífeyrissjóðirnir kvarta ekki undan samkeppninni við aðra vörsluaðila, enda geta sjóðirnir oft sýnt betri ávöxtun og lægri kostnað. Endanlegt val er hins vegar alltaf hjá einstaklingunum.“ Þegar Hrafn var inntur eftir því hvort lífeyrissjóðir auglýsi sig of lítið svaraði hann að þótt stjórnendur lífeyrissjóða leggi sig fram við að halda rekstrarkostnaði í lágmarki þýði það ekki að sjóðirnir séu ósýnilegir, enda sendi þeir fréttabréf til sjóðsfélaga og auglýsi sig í blöðum stéttarfélaga. „Ég hef meiri áhyggjur af að fólk skuli ekki taka þátt í séreignarsparnaði. Það er mikið hagræði í því,“ segir Hrafn og vísar þar til íslenskrar könnunar sem sýndi að aðeins helmingur launþega borgi í viðbótarlífeyrissparnað.



**SJÓÐSFÉLAGAR Í SÉREIGNARDEILDUM ERU AÐEINS ÞRIÐJUNGUR AF SJÓÐSFÉLÖGUM SAMEIGNARDEILDA** Framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða bendir á að mikil samkeppni sé við aðra vörsluaðila um séreignarsparnað. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hann segir að séreignardeildir lífeyrissjóðanna hafi vaxið á þeim tíma þegar þeir sem greiddu ekki í séreignarsparnað fengu samt sem áður eitt prósent í viðbótarlífeyrissparnað frá atvinnurekendum. Þetta fyrirkomulag var afnumið árið 2005 er sparnaðurinn varð valfrjáls.


Besta ávöxtunin

Býður nokkur betur?

Stuttur skuldabréfasjóður og Langur skuldabréfasjóður SPRON Verðbréfa báru hæstu vextina á síðustu 6 og 12 mánuðum, miðað við síðasta skráningardag 31. 7. 2006, í samanburði við alla sambærilega verðbréfasjóði á Íslandi.

12,1% Stuttur skuldabréfasjóður

9,4% Langur skuldabréfasjóður

spron VERÐBRÉF

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

Ofanskráðar upplýsingar eru fengnar á www.sjodir.is, sem er óháð upplýsingasíða um verðbréfasjóði.

Himinn og haf – SÍA




Starfsfólk **Jóna Transport** er þaulreynt og útsjónarsamt. Við byggjum fyrirtækið okkar á sérþekkingu á flutningum og getum því sagt þér upp á hár hverju þú gengur að hverju sinni. Þegar dýrmætur varningur er annars vegar borgar sig ekki að vita bara sumt. Það er betra að vita allt.

**Jónar Transport**

# Ford íhugar sölu dótturfélaga

Forsvarsmenn bandaríska bílaframleiðandans Ford opinberuðu í síðustu viku áætlanir þess efnis að selja framleiðslu Aston Martin sportbílsins, sem framleiddur er í Bretlandi. Ford keypti 75 prósenta hlut í Aston Martin árið 1987 en lauk kaupum á öllu hlutafé í fyrirtækinu sjö árum síðar. Að sögn Toms Hoyt, talsmanns Ford, framleiddi fyrirtækið einungis 46 bíla árið 1992 en eftir að fyrirtækið tók reksturinn yfir var blásið til sóknar og hefur nú rúmlega 30.000 bílum verið ekið út um dyr verksmiðjunnar.

Ford skilaði jafnvirði 90 milljarða króna taprekstri á fyrstu sex mánuðum ársins og hefur verið ákveðið að segja upp 30.000 manns og loka 14 verksmiðjum fyrirtækisins á næstu átta árum í hagræðingarskyni. Þá standa enn yfir viðræður á milli Ford, japanska bílaframleiðandans Nissan og hins franska Renault um hugsanlegt samstarf en horft er til þess að samstarfið muni bæta hag þríeykisins. - jab



**ASTON MARTIN V12 VANQUISH** Þegar bandaríski bílaframleiðandinn Ford keypti framleiðslu Aston Martin bíla fyrir 19 árum voru sárafáir bílar af þessari gerð framleiddir.

# Fasteignaverðið hæst í Lundúnum

Íbúðarhúsnæði í dýrari hverfum Lundúna í Bretlandi er það dýrasta í heimi. Þetta er í fyrsta sinn sem Lundúnir komast upp á þennan stall en New York í Bandaríkjunum hefur fram til þessa skartað dýrasta íbúðaverðinu. Veiking bandaríkjadals gagnvart breska pundinu á síðastliðnum þremur árum á stóran hlut að máli.

Verð á dýrum fasteignum í fínni hverfum Lundúna á borð við Chelseahverfið og Notting Hill kostar að meðaltali um eina milljón punda eða tæpar 132 milljónir íslenskra króna. Víst þykir að fermetraverðið er fjarri því sem hér þekkist en fermetrinn í flottari hverfum Lundúna nemur rúmri einni milljón króna. Sambærilegar fasteignir við Madisontorg og Central Park í New York kosta öllu minna.



**ÞINGHÚSIÐ Í LONDON** Verð á íbúðum í fínni hverfum Lundúna í Bretlandi er það hæsta í heimi. MARKAÐURINN/GETTY IMAGES

Í könnun fasteigna- og fjárfestingarfélagsins CB Richard Ellis Hamptons International á fasteignaverðinu í Bretlandi kemur fram að um 40 prósent fasteignakaupenda eru af erlendu bergi brotnir.

Fasteignaverð hefur hækkað talsvert í Bretlandi líkt og annars staðar í Evrópu en íbúðaverð í miðborg Lundúna hefur hækkað um allt að 21 prósent það sem af er ári og eru líkur á frekari hækkunum.

Fasteignir í stórborgum Asíu eru í næstu sætum á eftir Lundúnum og New York. Tókýó er í þriðja sæti, Hong Kong í því fjórða en Singapúr í því fimmta. - jab

# Lokað á fjölmiðlakóng

Dómstóll í Kanada úrskurðaði í síðustu viku að öll viðskipti með eignir Conrads Black, fyrrum forstjóra kanadísku fjölmiðlasamsteypunnar Hollinger International, sem eitt sinn var þriðja stærsta fjölmiðlaveldi heims, skyldu stöðvuð á heimsvísu. Black á yfir höfði sér dóm fyrir fjárdrátt og bókhaldssvik í Bandaríkjunum og Kanada. Samkvæmt úrskurðinum, sem nær bæði til eigna Conrad Black og eiginkonu hans og bankareikninga þeirra, þá munu þau ekki geta hreyft við reikningum sínum og verða að leita til dómstóla eftir heimild fyrir auknum fjárútlátum. Það er hins vegar fjarri að þau hjónakorn þurfi að herða sultarólina því dómstóllinn veitti þeim 20.000 dala eða tæplega 1,4 milljónir króna, í vasapening í hverjum mánuði.



**CONRAD BLACK** Fjölmiðlakóngurinn Conrad Black stýrði þriðja stærsta fjölmiðlafyrirtæki í heimi en varð að taka poka sinn vegna ásakana um stórfelld fjársvik. MARKAÐURINN/AP

Black var í lok síðasta árs ákærður fyrir fjárdrátt ásamt fleiri fyrrum stjórnendum Hollinger International fyrir að hafa dregið sér nær 84 milljónir dala eða jafnvirði tæplega 5,8 milljarða íslenskra króna, úr sjóðum fyrirtækisins.

Á meðal eigna Hollinger International var útgáfufélag breska dagblaðsins Daily Telegraph og Jerusalem Post en þau voru bæði seld ásamt fleiri eignum á haustdögum í fyrra.

Réttarhöld yfir Black hefjast í Kanada á næsta ári. - jab

# Segist saklaus af bókhaldsbrellum

## Fyrrverandi forstjóri Livedoor segist hneykslaður á ákærum á hendur sér fyrir bókhaldssvik.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Takefumi Horie, fyrrum forstjóri japanska net- og ráðgjafafyrirtækisins Livedoor, segist saklaust af ákærum um aðild að bókhaldssvikum. Horie er meðal annars gefið að sök að hafa gefið fjármálastjóra og fleiri stjórnendum fyrirtækisins skipun um að ýkja hagnað Livedoor, sem í raun skilaði taprekstri, með það fyrir augum að hækka gengi hlutabréfa í fyrirtækinu. Réttarhöld í málinu hófust í vikunni.

Þegar upp komst að verið væri að rannsaka bókhaldssvik innan fyrirtækisins í janúar síðastliðnum reyndu fjölmargir fjárfestar að losa sig við bréf í fyrirtækinu með þeim afleiðingum að tölvukerfi kauphallarinnar í Tókýó hrundi og varð að loka fyrir viðskipti í henni 20 mínútum fyrir venjulegan lokunartíma. Fyrirtækið, sem enn er starfandi, var afskráð úr kauphöllinni vegna svikanna í apríl.

Þá hafði málið mikil áhrif á japönsk fyrirtæki en gengi hlutabréfa í landinu lækkaði talsvert í kjölfarið.

Horie, sem stofnaði ráðgjafafyrirtækið Livin' on the Edge árið 1996 og sameinaði það hinu gjaldþrota fyrirtæki Livedoor árið 2002, var handtekinn nokkru síðar ásamt fjórum stjórnendum fyrirtækisins vegna svikanna. Þeir voru leystir úr haldi gegn tryggingu í apríl. Fjórir fyrrverandi hæstráðendur Livedoor hafa gengist við brotunum en Horie neitar einn sök og segist hneykslaður yfir ásökunum í sinn garð.

Horie, sem er 33 ára, á yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsisdóm verði hann fundinn sekur.



**FYRRVERANDI FORSTJÓRI LIVEDOOR** Takefumi Horie, fyrrum forstjóri japanska netfyrirtækisins Livedoor, segist ekki sekur um bókhaldssvik. MARKAÐURINN/AP

# Japanar og Íranar semja um olíu

Stjórnvöld í Íran og japanska fyrirtækið Inpex, sem er í meirihlutaeigu japanska ríkisins, eru sögð vera nálægt því að ljúka samningum um sameiginlega olíuvinnslu í Azadeganhéraði í suðvesturhluta Írans en það mun vera eitt stærsta ónýtta olíuvinnslusvæði í heimi.



**MAHMOUD AHMADINEJAD, FORSETI ÍRANS** Íranar og Japanar eru sagðir vera að ná samkomulagi um byggingu olíuvinnslustöðvar í Íran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC, verður skrifað undir samninginn eftir tæpan hálfan mánuð. Stutt var í að samningar næðust um olíuvinnslu landanna á milli á svæðinu fyrir tveimur árum en þar sem samningamenn komu sér hins vegar ekki saman um fjármögnun verkefnisins rann það út í sandinn.

Reiknað er með því að kostnaður við uppbyggingu á olíuvinnslusvæðinu í Azadeganhéraði geti numið um 2 milljörðum Bandaríkjadala eða tæpum 138 milljörðum íslenskra króna. Stefnt er að því að hefja olíuframleiðslu í héraðinu eftir tvö ár en búist er við því að hægt verði að dæla um 26 milljörðum tunna af hráolíu af svæðinu.

BBC segir Japana háða innflutningi á olíu og því skipti samningurinn miklu fyrir stjórnvöld en Íranar eru fjórða stærsta olíuframleiðsluríki í heimi. - jab

Háskólinn á Bifröst, heldur í samvinnu við Evrópunefnd forsætisráðuneytisins, ráðstefnu um samtvinnun EES-samningsins, Schengen og dóms- og innanríkismál föstudaginn 8. september nk. kl. 09:00-17:00. Ráðstefnan verður haldin í Gullhömrum, Grafarholti í Reykjavík.

**Er skynsamlegt að tengja saman EES og Schengen?**

Ráðstefnunni þessari er ætlað að velta upp þeirri spurningu hvort fýsilegt sé og jafnframt mögulegt að fella samstarf ESB á sviði innanríkis- og dómsmála inn í EES-samninginn.

Fyrirlesarar eru:

- ***Jean Claude Piris***, yfirmaður lagasviðs ráðherraráðs ESB.
- ***Georgios Kritikos***, frá skrifstofu ráðherraráðs ESB.
- ***Niels Bracke***, frá skrifstofu ráðherraráðs ESB.
- ***Kristrún Kristinsdóttir***, skrifstofustjóri og fulltrúi dómsmálaráðuneytis í fastanefndum Schengen samstarfsins.
- ***Karel Kovanda***, aðstoðarframkvæmdastjóri á sviði erlendra samskipta (DG RELEX) hjá framkvæmdastjórn ESB.
- ***Erna Solberg***, formaður norska Hægriflokksins (Høyre)
- ***Björn Bjarnason***, dóms- og kirkjumálaráðherra og formaður Evrópunefndar.
- Ráðstefnustjóri er ***Þórunn Hafstein,*** skrifstofustjóri hjá EFTA.

**Þátttökugjald er kr. 8.500,-**

Veitingar eru innifaldar í þátttökugjaldi.

**Á heimasíðu Háskólans á Bifröst, www.bifrost.is má jafnframt sjá ítarlegri umfjöllun um ráðstefnuna og dagskrá hennar.**

**Skráning fer fram á www.bifrost.is fyrir hádegi fimmtudaginn 7. september.**

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár



JUST cavalli
HIM
JUST cavalli
HER
fragrance for him
JUST cavalli
fragrance for her

# Vinna eftir skýrri fjárfestingarstefnu

**Atorka ætlar að klára að minnsta kosti eitt fjárfestingarverkefni á næstu sex til tólf mánuðum. Félagið hefur markað sér skýra stefnu í fjárfestingum og er stöðugt á höttunum eftir verkefnum sem falla að þeirri stefnu. Umsvif félagsins í fyrirtækjaverkefnum hafa aukist verulega og eru nú nálægt 80 prósentum af eignasafni þess. Óli Kristján Ármannsson hitti Magnús Jónsson, forstjóra Atorku, að máli og fór yfir stöðu félagsins.**

Ekki er nema rúmt ár síðan nokkrar sviptingar urðu í hluthafahópi Atorku og breytingar voru gerðar í stjórnendahópi félagsins. Í kjölfarið var stefna félagsins tekin til endurskoðunar og horfið frá þeirri stefnu að kaupa félög með það að markmiði að snúa við döprum rekstri. Núna er horft til þess að kaupa vel rekin fyrirtæki í styrkri stöðu á sínum markaði þar sem ytri aðstæður og þróun heimsmála valda því að vaxtarmöguleikar séu miklir. Í hálfsársuppgjöri félagsins sem birt var um mánaðamótin er Atorka þannig sagt vera fjárfestingarfélag sem styðji framsækin fyrirtæki sem njóti góðs af „hnattrænni þróun“ til leiðandi hlutverks á heimsvísu.

Magnús Jónsson, forstjóri Atorku, segir að unnið hafi verið eftir nýju fjárfestingarstefnunni frá því að umbreytingar urðu hjá félaginu, en telur tímabært að skýra betur hvaða atriði það eru sem félagið hefur að leiðarljósi, en félagið stefnir að því að vera með fimm til tíu fjárfestingarverkefni í gangi hverju sinni.



**RAFMAGNSBÍLL Í FRAMLEIÐSLU** Promens, dótturfélag Atorku, framleiðir boddíið í þennan rafmagnsbíl sem stefnt er að því að koma á markað innan tíðar.

### BRUNAÚTSALA EKKI Í BÍGERÐ

Hann segir Atorku styðja fyrirtækin sem fjárfest er í með fjármagni, setu í stjórn og félagið komi að stórum stefnumótandi ákvörðunum, auk þess að aðstoða við fjárhagslega endurskipulagningu og fyrirtækjakaup. Atorka komi hins vegar ekki með beinum hætti að daglegum rekstri félaga í sinni eign. Litið er á hverja fjárfestingu sem verkefni sem standa eigi í þrjú til fimm ár. Magnús segir þó að í þeim efnum sé líka horft til ytri aðstæðna og þróunar á markaði hverju sinni. „Við seljum til að mynda ekki ef markaðsaðstæður eru afleitar bara af því að fimm ár eru liðin,“ segir hann og áréttar að Atorka sé ekki eins og hefðbundnir *Private equity*-sjóðir. „Það eru sjóðir með ákveðinn líftíma sem verða að selja á ákveðnum tíma á því verði sem þá býðst. Þar er annar munur á okkur og hefðbundnum félögum í þessum geira.“

„Hér áður fyrr lögðum við mikla áherslu á það sem kallast *turnaround* fjárfestingar, það er að snúa við fyrirtækjum sem voru í slæmum eða erfiðum rekstri, skipta þá um stjórnir og stjórnendateymi um leið og fjárhagslegri uppbyggingu var breytt. Við höfum horfið af þeirri braut og erum ekki lengur í þeirri tegund umbreytingaverkefna. Við viljum kaupa í verðmætum fyrirtækjum sem hafa möguleika til vaxtar og gera þau leiðandi á sínu sviði á heimsvísu,“ segir hann, en bendir um leið á að þegar Sæplast, sem síðar varð Promens, hafi verið keypt, þá hafi framtíðarsýnin strax verið sú að byggja þar upp leiðandi fyrirtæki í plastiðnaði í heiminum. „En þótt við höfum þarna tekið upp nýja stefnu þá þýðir það svo sem ekki að við munum fara með þau félög okkar sem ekki uppfylla hana í dag á einhverja brunaútsölu heldur horfum við til þess að klára okkur af þeim verkefnum.“

Atorka leggur mikið upp úr því að horfa til framtíðar og spá fyrir um hvar vaxtarmöguleikarnir eru. Fjárfest hefur verið í fyrirtækjum sem starfa á mjög ólíkum sviðum, svo sem í plastiðnaði, heilbrigðisgeira, flutningum og orkuvinnslu. Magnús segir enga tilviljun að fjárfest hafi verið í fyrirtækjum á þessum sviðum. Þannig er því spáð að plastnotkun eigi eftir að aukast um leið og dregur úr notkun á stáli og steypu, en þar er Promens leiðandi í heiminum í dag. Þá er horft til þróunar í umhverfisvænni orku. Þar koma Jarðboranir inn í myndina og sér Atorka mikil tækifæri fyrir Jarðboranir að nýta þá þekkingu sem félagið hefur öðlast á sínum heimamarkaði á erlendum mörkuðum. Eins hefur Atorka fjárfest í félagi sem starfar í flutningastjórnun fyrir efnaiðnað, en þessi markaður hefur verið í mjög miklum vexti og hefur félagið Interbulk vaxið um tíu prósent á ári síðastliðin fjögur ár, en félagið er það þriðja stærsta í heiminum á sínu sviði. Þá telur Atorka ljóst að vöxtur í heilbrigðisgeiranum haldi áfram í takt við fólksfjölgun í heiminum og hefur fjárfest í þeim geira. Enn önnur fjárfesting félagsins er í vatnshreinsitæknifyrirtækinu Amiad sem hefur höfuðstöðvar í Ísrael, en fyrirséð þykir að með aukinni velmegun í heiminum aukist vatnsneysla verulega auk þess auknar kröfur verði gerðar sem kalli á aukna hreinsun á vatnsúrgangi

### TÍMINN ER LYKILATRIÐI

„Við notum mikinn tíma í að greina viðkomandi markaði og félög áður en fjárfest er í þeim,“ segir Magnús og áréttar að vitanlega þurfi fleira að koma til en það eitt að fyrirtæki standi vel og að vaxtarmöguleikar þess séu miklir. „Auðvitað þurfa þau að vera á hagstæðu verði og einnig að uppfylla forsendur um ávöxtun eigin fjár þannig að við sjáum arðsemi og tækifæri í kaupunum. Svo þarf að horfa til fleiri þátta, til að mynda að þau starfi á mjög dreifðum markaði þar sem veruleg tækifæri eru til sameiningar og hagræðingar og þannig verði tækifæri til að byggja upp fyrirtækjaeiningar sem geta orðið leiðandi á sínu sviði í heiminum.“



**MAGNÚS JÓNSSON FORSTJÓRI ATORKU GROUP** Magnús segir Atorku horfa til frekari fjárfestingarkosta á sviði vatnshreinsibúnaðar og í framleiðslu mengunarvarna, auk forvarna í heilbrigðisgeiranum. Þá stendur til að ljúka að minnsta kosti einu fyrirtækjaverkefni á næstu misserum.
MARKAÐURINN/HÖRÐUR

### LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI ATORKU

- Hagnaður Atorku Group fyrstu 6 mánuði þessa árs nam fyrir skatta 5.713 milljónum króna, þar af var hagnaður á öðrum ársfjórðungi 1.042 milljónir króna.
- Heildareignir félagsins voru í lok júní 2006 32,6 milljarðar króna og höfðu þá aukist um 12,6 milljarða króna frá áramótum.
- Eigið fé Atorku 30. júní síðastliðinn var 15.982 milljónir króna og arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli 95 prósent.
- Eiginfjárhlutfall félagsins í lok júní var 48,9 prósent.





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

Magnús áréttar einnig að Atorka komi ekki með beinum hætti að rekstri þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í samkvæmt nýju fjárfestingarstefnunni. „Við erum til dæmis ekki sérfræðingar í plastiðnaði. Við viljum hafa hæfa stjórnendur og styðja við þá,“ segir hann og bætir við að þarna skipti einnig máli tíminn sem annars færi í að laga rekstur sem snúa þyrfti við. „Það er kannski ástæðan fyrir því að við viljum síður fara í svona *turnaround* verkefni. Viðsnúningur tekur kannski tvö til þrjú ár með öllu og þar er búið að sóa verðmætum tíma sem aðrir gætu hafa nýtt í að ná betri stöðu á samkeppnismarkaði. Það skiptir því miklu máli að fyrirtækin séu í góðum rekstri og við erum þá frekar tilbúin til að borga meira fyrir það.“

Um áramót var lokið við yfirtöku Atorku á Jarðborunum, en þar segir Magnús sömu stöðu uppi og í öðrum nýjum fjárfestingum félagsins, að stefnt sé að því að gera fyrirtækið alþjóðlegt og leiðandi á sínu sviði. „Reyndar má segja að það sé leiðandi þegar í dag, enda í rauninni eina borfyrirtækið á markaði sem sérhæft hefur sig í borun á háhitasvæðum. En við ætlum okkur að styðja það í útrás inn á nýja markaði.“ Hann segir fyrirtækið hafa vaxið verulega í fyrra og fyrirséður sé sambærilegur vöxtur áfram. „Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum er bara verið að nýta tíu til fimmtán prósent af nýtanlegum jarðhita og víða er ekki verið að nýta neitt af því sem lönd gætu verið að virkja.“ Magnús segir að auk þess sem fyrirtækið sjái tækifæri á þessu sviði verði jafnvel einnig gengið skrefinu lengra með því að Jarðboranir kaupi líka sjálft réttinn til virkjunar á jarðhitasvæðum erlendis og nýti með því styrk sinn sem felist í þekkingu félagsins á þessum markaði. „Íslendingar eru leiðandi á þessu sviði í heiminum í dag og Jarðboranir í raun að afhenda nokkurs konar heildarlausnir á sviði borframkvæmda hér heima. Hefðbundin borfyrirtæki í olíu og gasi starfa hins vegar mun frekar eins og verktakar á daggjöldum.“

Aðspurður um nánustu framtíð segir Magnús að fyrirséðar séu bæði frekari fjárfestingar í nýjum félögum sem og stuðningur við stækkun þeirra félaga sem eru í eignasafninu, auk þess að ljúka að minnsta kosti einu fyrirtækjaverkefni á næstu sex til tólf mánuðum. „Við höfum sagt að þau lok geti falið í sér skráningu, sölu eða samruna, en höfum eðlilega ekki viljað tilgreina neitt ákveðið í þeim efnum.“ Hann segir þó mjög mikilvægt fyrir Atorku að „sanna sig með afgerandi hætti“ og ljúka verkefni þar sem fyrirtæki er byggt upp, selt og hagnaður innleystur.

„Það er með okkur eins og aðra, það er ekki nóg að tala bara um hlutina. Fólk getur séð að rekstur þeirra fyrirtækja sem við höfum komið að hefur gengið vel, en fyrir fjárfestingarfélag er alveg jafnmikilvægt að sýna getuna til að klára verkefni og innleysa hagnað rétt eins og getuna til að fjárfesta. Þetta er bara hluti af heildarmyndinni.“

**SPÁ UM ÁRLEGAN VÖXT IÐNGREINA 2005-2009**




**TÍMAMÓT Í REKSTRI ATORKU Á FYRRI HELMINGI ÞESSA ÁRS**

- Yfirtökutilboði Atorku í Jarðboranir lauk í janúar.
- Jarðboranir keyptu nýjan bor sem tekinn var í notkun í júlí.
- Jarðboranir undirrituðu í maí stærsta samning sem félagið hefur gert á erlendri grund. Samið var við orkufyrirtækið GeoTerceira um borun á rannsóknar- og vinnsluholum á eyjunni Terceira á Azoreyjum.
- Promens gekk frá kaupum á EPI. Með kaupunum er félagið sagt auka umsvifin á Bandaríkjamarkaði og ná fram hagræðingu í samþættingu á rekstrareiningum.
- Fyrirtækin Besta og Ilsanta voru sameinuð A. Karlssyni. Með sameiningunni er sögð nást veruleg hagræðing þar sem til verður öflugt félag með starfsemi á Íslandi og í Eystrasaltslöndunum.
- Allur eignarhlutur í Low & Bonar var seldur. Með sölunni innleysti Atorka um einn milljarð króna í hagnað.
- Eignarhlutur félagsins í Interbulk var aukinn í 23 prósent.
- Eignarhluturinn í Romag var aukinn í 14 prósent.
- Fjárfest var í Amiad filtration, alls um 14 prósent.
- Eignarhlutur Atorku í NWF var aukinn í 18 prósent.

Saab 93 turbo




Nú geturðu fengið þér þotu á viðráðanlegu verði

Saab á að baki áralanga sögu sem herþotuframleiðandi auk þess að framleiða hina virtu Saab bíla. Saab 9-3 hefur hlotið fjölmörg verðlaun fyrir öryggi og aksturseiginleika. Stórkostleg hönnun, öflug vél, frábærir hemlar og ríkulegur staðalbúnaður gera Saab 9-3 að byltingu í klassíska geiranum.

Nú bjóðum við þér þotuna í Saab bílaflotanum, 9-3 Turbo, á frábæru verði. Komdu og reynsluaktu!



3.090.000 kr.
Saab 9-3 Combi Turbo, sjálfskiptur



2.990.000 kr.
Saab 9-3 Sedan Turbo, sjálfskiptur

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960

# Samspil *trygginga og fjá*

Skráning Existu í Kauphöll Íslands í næstu viku verður sú stærsta í sögu Kauphallarinnar og inna
orðið fjölmennasta almenningshlutafélag landsins. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu
Þór Aðalsteinsson að stefnt sé að því að gera félagið að öflugu fjármálaþjónustufyrirtæki á evró
mitt á milli þess að vera banki og fjárfestingafélag með viðamikla starfsemi á sviði trygginga, eig

Í lok næstu viku verður fjármálaþjónustufyrirtækið Exista skráð í Kauphöll Íslands að undangengnu hlutafjárútboði til fagfjárfesta, starfsmanna og almennra fjárfesta. Um verður að ræða stærstu skráningu í sögu Kauphallar Íslands en markaðsvirði Existu liggur á bilinu 211-233 milljarðar króna sem gerir það að fjórða til fimmta verðmætasta skráða félaginu.

Fyrri hluti ársins var viðburðaríkur hjá Existu. „Nú höfum við sameinað VÍS eignarhaldsfélag og Existu og öll starfsemi félaganna er komin í Ármúla 3 þar sem VÍS var eitt og sér áður. Mikill tími hefur farið í það að samþætta starfsemina, enda erum við með 311 milljarða undir stjórn sem er nærri þriðjungur af landsframleiðslunni,“ segir Lýður Guðmundsson, starfandi stjórnarformaður Existu. Yfirstjórn félagsins hefur jafnframt verið efld á árinu. Lýður lét af störfum sem forstjóri Bakkavarar í lok maí, og kom til starfa hjá Existu, og Sigurður Valtýsson var ráðinn annar forstjóra félagsins við hlið Erlendar Hjaltasonar.

**TRYGGINGAR, EIGNALEIGA OG FJÁRFESTINGAR**

Lýður er spurður hvers konar félag Exista sé. „Exista er fjármálaþjónustufyrirtæki sem rekur starfsemi á þremur meginstoðum. Í fyrsta lagi rekum við tryggingastarfsemi sem fer í gegnum VÍS, í öðru lagi fjármögnunarleigustarfsemi sem við rekum í gegnum Lýsingu og síðast en ekki síst fjölbreytta fjárfestingastarfsemi. Hún skiptist í tvennt, annars vegar fjárfestingar í óskráðum eignum og hins vegar erum við með nokkrar kjölfestueignir í skráðum félögum. Þar ber hæst að nefna tæplega fjörutíu prósenta hlut í Bakkavör og tæp 26 prósent í KB banka. Af óskráðum fjárfestingum vegur langþyngst um 43 prósenta hlutur í Símanum.“

Kjarni starfseminnar felst í flæði fjármagns milli rekstrar og fjárfestingastarfsemi. „Við ætlum að nota fjárstreymi frá vátrygginga- og eignaleigustarfsemi til að fjárfesta áfram, annars vegar í kjölfestuhlutum í skráðum félögum og hins vegar í óskráðum eignum [private equity]. Félagið hyggst útvíkka starfsemina, nánar tiltekið í Bretlandi og á meginlandi Evrópu, og leitar að góðum yfirtökutækifærum.“

**SAGA EXISTU Í STUTTU MÁLI**

**2001** Nokkrir sparisjóðir stofna SP-eignarhaldsfélag utan um hluti sína í Kaupþingi. Kaupþing gerist hluthafi og nafni félagsins er breytt í Meið.

**2002** Í október kaupir Meiður fleiri hluti í Kaupþingi og verður stærsti hluthafinn. Bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir eignast 55 prósenta hlut í félaginu.

**2003** Meiður eignast hlutabréf í Bakkabraedur Holding og Scandinavian Holding og verður þar með stærsti hluthafinn í Bakkavör. Bakkabræður eignast um sextíu prósent í Meiði.

**2004** Félagið eignast um fjórðungshlut í Flögu Group. Erlendur Hjaltason ráðinn forstjóri.

**2005** Meiður eignast nítján prósenta hlut í VÍS. Nafni Meiðs breytt í Exista og skerpt á stefnu félagsins. Exista kaupir hluti í einkavæðingu Símans ásamt öðrum fjárfestum.

**2006** Exista kaupir alla hluti í VÍS eignarhaldsfélagi og nýir hluthafar bætast við það í eigendahópinn. Félagið breytist úr fjárfestingafélagi í fjármálaþjónustufyrirtæki. Lýður verður starfandi stjórnarformaður og Sigurður Valtýsson ráðinn inn sem forstjóri við hlið Erlendar. Skráning á markað og hlutafjárútboð.



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON,STARFANDI STJÓRNARFORMAÐUR EXISTU** „Við teljum einnig þetta vera góðan tímapunkt til að skrá félagið á markað. Það er ekki endilega best að gera slíkt þegar markaðurinn er útblásinn og yfirspenntur. En vissulega hefur mikið rofað til eins og sést hvernig tekist hefur að snúa við neikvæðri umræðu um bankana. Það sýnir styrk kerfisins, hér varð ekkert hrun þótt menn hafi aðeins þurft að taka á honum stóra sínum.“ MARKAÐURINN/STEFÁN

Óhætt er að segja að Exista skeri sig frá öllum öðrum íslenskum félögum. „Ég held að ég geti sagt að við séum mitt á milli fjárfestingafélaga og banka. Þetta er nýr valkostur íslenskra fjárfesta. Með því að fjárfesta í Exista gefst væntanlegum hluthöfum kostur á að fjárfesta í mörgum félögum sem þeir annars ættu ekki kost á,“ segir Lýður.

Þótt Exista sé einstakt fyrirtæki hvað varðar Ísland þá segir Lýður að viðskiptamódelið sé vel þekkt annars staðar. Nefnir hann sem dæmi að Berkshire Hathaway í Omaha, sem ofurfjárfestirinn Warren Buffet fer fyrir, byggi á sambærilegu samspili

**SKIPURIT EXISTU**



# rfestinga

## n skamms verður félagið segir í samtali við Eggert skan mælikvarða. Félagið er haleigu og fjárfestinga.

trygginga og fjárfestinga. „Þetta hefur verið gert áður með góðum árangri og við viljum beita sömu aðferðum. Við erum ekkert að finna upp hjólið.“

Lýður leggur á það áherslu að Exista vilji fjárfesta í góðum félögum til ótilgreinds tíma og fyrirtækið stundar ekki umbreytingafjárfestingar. „Við leitum að góðu liði stjórnenda, félögum með gott fjárstreymi og viljum setja okkar fjármuni þar á bak við.“

### TVÆR FLUGUR SLEGNAR

Á þessu ári urðu miklar breytingar í starfsemi Exista þegar félagið eignaðist VÍS eignarhaldsfélag en um það leyti fóru stjórnendur félagsins að horfa til skráningar. Mikil umræða varð snemma á árinu um krosseignarhald íslenskra fyrirtækja, til dæmis milli Exista og KB banka. Lýður bætir við að sú umræða hafi ekki haft úrslitaáhrif þótt hún hafi vissulega flýtt fyrir, enda töluverður utanaðkomandi þrýstingur um að leysa upp krosseignatengsl. Menn sáu að með því að skrásetja hlutabréf í Kauphöll mætti slá tvær flugur í einu höggi: fá markaðsverð á Exista og búa þar með til mikil verðmæti bæði fyrir Existu og hluthafa þess og svo að leysa upp krosseignarhald.

Heildarvirði hlutafjárútboðsins verður um sex milljarðar en getur farið í níu milljarða kjósi seljandinn – KB banki – að selja meira. Jafnframt ætlar bankinn að greiða út tíu prósent hlutafjár í Existu út til hluthafa sinna sem aukaarð. Exista verður þar með fjölmennasta almenningshlutafélag landsins með um 33 þúsund hluthafa.

Lýður segir það engum vafa undirorpið að félagið styrkist mjög með tilkomu allra þessara hluthafa og það verði ánægjulegt að sjá mikla fjölgun almennra hluthafa á hlutabréfamarkaði en þeim hefur farið fækkandi. Býðst almenningi að kaupa fyrir eitt hundrað þúsund krónur að lágmarki í útboðinu. „Við teljum einnig þetta vera góðan tímapunkt til að skrá félagið á markað. Það er ekki endilega best að gera slíkt þegar markaðurinn er útblásinn og yfirspenntur. En vissulega hefur mikið rofað til eins og sést hvernig tekist hefur að snúa við neikvæðri umræðu um bankana. Það sýnir styrk kerfisins, hér varð ekkert hrun þótt að menn hafi aðeins þurft að taka á honum stóra sínum,“ bætir hann við.

Lýður segir að ekki hafi komið til tals hjá öðrum núverandi hluthöfum að selja hluti sína. Það er til dæmis alveg ljóst að þeir bræður hreyfi sig ekkert en þeir halda utan um 47 prósent hlutafjár í Exista. „En þegar félagið er komið á markað þá hreyfa þeir sig sem vilja.“ Ekki stendur til að skrásetja Existu á erlenda markaði.

### SLAKA EKKI Á ARÐSEMISKLÓNNI

Stjórnendur Exista leggja ríka áherslu á arðbæran vöxt, þannig að arðsemi hluthafa verði mikil og sá vöxtur sem fyrirhugaður er á ýmsum sviðum rekstrarins verði gerður með hag þeirra að leiðarljósi. Lýður segir það ljóst vera að starfsemi eins og Exista fæst við þurfi að skila arðsemi upp á 15 til 25 prósent á hverju ári til að hluthafar geti verið ánægðir. Eins og önnur fjármálafyrirtæki sem bera markaðsáhættu þá getur afkoman verið sveiflukennd en til lengri tíma er þetta sú arðsemi sem stjórnendur telja sig geta horft fram á. Lýður segir að menn eigi ekkert að slaka á kröfum um arðsemiskröfu þótt óvíst sé hvort næstu misseri verði jafn fengsæl og undangengin ár. Fjárfestingar erlendis skipti hér miklu máli því þær eiga sinn þátt í þeirri verðmætasköpun sem þeir orðið hjá íslenskum hluthöfum á síðustu árum. „Ég sé engar röksemdir fyrir því, til dæmis í Bakkavör sem stendur mér nálægt, að við eigum að gera minni kröfur um arðsemi þó að félagið sé orðið eitt stærsta fyrirtæki Íslands og töluvert stórt á breskan mælikvarða.“

Exista mun í framtíðinni sækja um lánshæfismat frá erlendu matsfyrirtæki sem kemur til með að gefa félaginu aukinn slagkraft, til dæmis varðandi vöxt í vátryggingastarfsemi. Á aðalfundi Exista, sem haldinn var í ágúst, fékk stjórn heimild til að auka hlutafé um einn milljarð að markaðsvirði sem eru um tuttugu milljarðar að markaðsvirði. „Það eru engin áform uppi um annað en að stækka. Hluthafar töldu eðlilegt að stjórnin hefði þessa heimild til þess að geta verið snör í snúningum ef á þyrfti að halda. Að svo stöddu liggur ekki fyrir ákvörðun um að nýta þessa heimild.“

### FARSÆLT SAMSTARF

Tvær stærstu kjölfestueignir Existu liggja í KB banka og Bakkavör. Exista hefur aukið hlut sinn um tólf prósent í Bakkavör Group í sumar. Lýður segir að fyrir því séu nokkrar ástæður. Ein sé sú að hlutur Existu hafði þynnst við kaup Bakkavarar á Laurens Patisseries í vor en seljendur fengu um fjóra milljarða króna greitt í hlutabréfum í Bakkavör. Um svipað leyti breytti KB banki breytanlegu skuldabréfi frá árinu 2001 í hlutafé og seldi þau frá sér sem þynnti hlut Existu. „Þá fór hlutur okkar niður í 26 prósent og það var bara minna en við kærðum okkur um að eiga í Bakkavör.“ Jafnframt töldu menn gott kauptækifæri leynast í Bakkavör í sumar þegar markaðirnir voru á niðurleið og kom þá í ljós fjárhagslegur styrkur Existu.

Stærsta fjárfestingin liggur í KB banka þar sem Exista er afgerandi stærsti hluthafinn. Félagið hefur notið frábærrar arðsemi af þeim hlut í gengum tíðina. „Við eigum langa sögu með KB banka. Bankinn studdi lengi við Bakkavör og síðar höfum við stutt við bakið á bankanum. Þetta hefur verið báðum aðilum til hagsbóta og við vonum að svo verði áfram. Við fylgumst grannt með gengi bankans og höfum mikla trú á starfsmönnum sem þar starfa.“ Árangur KB banka ber ekki síst að þakka góðu starfsumhverfi en mikill einhugur hefur verið með stærstu hluthöfum bankans og stjórnendum í gegnum tíðina. „Ég tel persónulega að allir bankarnir hafi reynst vera frábær fjárfesting eins og hefur sýnt sig á undangengnum árum. Þetta eru frábærir bankar með einstöku starfsliði.“ Lýður telur að menn hafi unnið hálfgert kraftaverk í uppbyggingu íslenska bankakerfisins og trúi útlendingar þessu tæpast.

### HORFA TIL EVRÓPSKA TRYGGINGAMARKAÐARINS

Tryggingar og eignaleiga eru grunnstoðir Existu eins og áður hefur komið fram. Exista á VÍS, stærsta tryggingafélag landsins, og jafnframt er eignaleigufyrirtækið Lýsing stærsta fyrirtæki sinnar tegundar hérlendis. Exista horfir einnig til þess að styrkja sig á sviði vátrygginga- og eignaleigustarfsemi með því að nýta öflugt fjárstreymi í tryggingarekstrinum og sterka eiginfjárstöðu Exista. Á undanförnum árum hafa íslensku tryggingafélögin ekki riðið feitum hesti frá vátryggingastarfseminni sjálfri en Lýður telur að nú horfi til betri vegar. „Við teljum að það séu frábærir möguleikar að sækja fram á við með VÍS og Lýsingu og útvíkka þá starfsemi. Í þeim efnum erum við aftur að horfa til Bretlands og meginlands Evrópu af því að við erum of stórir hér á Íslandi.“ Exista hefur stigið fram á við í þessum efnum en félagið á 55 prósent í IGI sem er breskt vátryggingafélag. Lýður hlakkar til að fást við framsókn Exista á tryggingamarkaði en þeir bræður hafa stundað fjárfestingar í Bretlandi með ekki ósvipuðum markmiðum og hjá félaginu starfar þrautreynt fjárfestingafólk.

Félagið hefur um sextíu milljarða króna í erlendum eignum og því var við hæfi að opna skrifstofu í Lundúnum en þar deilir félagið húsnæði með Bakkavör og Símanum. Nú er unnið að því að ráða starfsfólk. „Í Lundúnum hyggjumst við annars vegar vera með fjárfestingar í óskráðum félögum eða taka skráð félög af markaði til lengri eða skemmri tíma. Hins vegar stefnum við að því í framtíðinni að stunda viðskipti með verðbréf eins og við gerum reyndar hér heima.“



**ERLENDUR HJALTASON FORSTJÓRI, LÝÐUR GUÐMUNDSSON, STARFANDI STJÓRNARFORMAÐUR, OG SIGURÐUR VALTÝSSON FORSTJÓRI.** Erlendur hefur umsjón með stöðutöku félagsins og kjarnafjárfestingum en Sigurður heldur utan um rekstrarsviðin, t.d. tryggingastarfsemina og eignaleigu.
MARKAÐURINN/GVA

**NÚVERANDI HLUTHAFAR**

| | |
|---|---|
| Bakkabræður Holding | 47,39% |
| KB banki | 14,77% |
| SPRON | 6,32% |
| Eignarhaldsfél. Hesteyri | 5,73% |
| Eignarhaldsfél, Samvinnutryggingar | 5,65% |
| Sparisjóðabankinn | 4,61% |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 3,06% |
| Eignarhaldsfélagið Andvaka | 1,57% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 1,85% |
| Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 | 1,82% |
| **Samtals 10 stærstu** | **92,77%** |

*(Aðrir hluthafar eru sparisjóðir, lífeyrissjóðir og starfsmenn Existu)*

### SÍMINN Á MARKAÐ Í LOK 2007

Síminn er langstærsta óskráða eign Existu en hluturinn er bókfærður á 13,5 milljarða. Drjúgur tími hefur farið í það að vinna úr þessari stóru fjárfestingu en samkvæmt samningi við ríkið ætlar Exista að skrá Símann á markað í lok næsta árs. Þótt mikil vinna liggi fyrir gengur verkefnið vel. „Reksturinn er almennt umfram það sem við gerðum ráð fyrir þegar við keyptum Símann af ríkinu.“ Uppgjörið sýndi aukningu rekstrarhagnaðar um 20 prósent, töluverða tekjuaukningu og aukið fjárstreymi. En hins vegar tapaði Síminn miklu á lækkun krónunnar eins og menn voru undirbúnir fyrir að sögn Lýðs, því skuldir félagsins eru í erlendri mynt. „Því má ekki gleyma að fjárstreymið batnaði til muna sem er lykilatriði þegar er verið að vinna með skuldsett, óskráð félög.“

Síminn hefur verið að leita erlendis að félögum til kaups, enda er félagið orðið of stórt hér heima og fá tækifæri til stækkunar. „Hvað Símann varðar þá vilja menn stíga varlega til jarðar, enda viljum við ekki stækka stækkunarinnar vegna. Það hafa margir farið flatt á því að kaupa það sem fyrir nef þeirra flýtur. En þegar tækifærin gefast þá verða þau gripin mjög hratt.“ Að mati Lýðs er Síminn algjört módel-fyrirtæki; símafyrirtæki eins og öll símafyrirtæki vilja vera í dag. Félagið er með fastlínur, farsíma, gagnaflutninga og fjarskiptanet og svo sjónvarpsrásir. „Við teljum okkur hafa eitthvað fram að færa með því að kaupa rekstur erlendis og færa hann í sama form og Síminn er.“

Lýður afneitar öllum kenningum um sókn Símans inn á innlendan fjölmiðlamarkað í samfloti við önnur fyrirtæki en bætir því við brosandi að þetta séu allt skemmtilegar pælingar. Síminn vill einbeita sér að dreifingu efnis sem er sérsvið fyrirtækisins en ekki rekstur fjölmiðlafyrirtækja. „Allar sögur um það að Morgunblaðið, Síminn og Skjár einn eigi að verða ein fjölmiðlasamsteypa eru algjörlega úr lausu lofti gripnar. Þær hugmyndir hafa aldrei verið ræddar.“

### MÓTTÖKUR LOFA GÓÐU

Framtíðarsýn Exista er að verða öflugt fjármálaþjónustufyrirtæki á evrópskan mælikvarða. „Við gerum það ekki öðruvísi en að sækja fram á okkar kjarnasviðum, vátryggingastarfsemi, eignaleigu og fjárfestingastarfsemi.“

Lýður segir að ekki sé laust við að næstu dagar verði spennandi, enda veit hann að Exista er áhugaverður fjárfestingakostur og spennandi félag til að fara á markað. Exista hefur að ákveðnu leyti farið í gegnum forsölu þegar níu lífeyrissjóðir keyptu sex prósenta hlut af KB banka fyrr í sumar. „Það sýnir þá trú sem stærstu fjárfestar landsins hafa á félaginu. Hluthafahópurinn er því gríðarlega öflugur.“

**„Ég held að ég geti sagt að við séum mitt á milli fjárfestingafélaga og banka. Þetta er nýr valkostur íslenska fjárfesta. Með því að fjárfesta í Exista gefst væntanlegum hluthöfum kostur á að fjárfesta í mörgum félögum sem þeir annars ættu ekki kost á,“**

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hlutverk í þjóðfélaginu setja skorður við tjáningu skoðana.

# Stjórnmálamaður eða seðlabankastjóri?

**Hafliði Helgason**

Davíð Oddsson gegnir æðsta embætti stjórnar peningamála þjóðarinnar. Því embætti fylgir heilmikil ábyrgð og honum hefur tekist að mestu að kasta kápu fortíðar sinnar í embættinu. Slíkt er afar mikilvægt, sérstaklega í ljósi þess að Seðlabankinn glímir við skort á trúverðugleika og viðkvæmasti tími peningastjórnarinnar er nú og næstu mánuði.

Við búum ekki lengur í lokuðu hagkerfi þar sem nánast engum kemur við hvaða sýn við höfum á stjórn peningamála og efnahagslífs. Við erum hluti af alþjóðlegu hagkerfi þar sem gerðir okkar skipta máli og ekki síður þau orð sem fólk í ábyrgðarstöðum efnahagsstjórnarinnar láta falla. Misbrestur hefur verið á slíku hjá ýmsum að undanförnu.

Opið hagkerfi stýrist af væntingum og trúverðugleika. Þannig geta ótímabærar yfirlýsingar stjórnmálamanna haft áhrif á væntingar. Markaðurinn hefur hins vegar af fenginni reynslu tilhneigingu til að taka stjórnmálamönnum með vissum fyrirvara. Öðru máli gegnir um æðstu embættismenn og stjórnendur fjármálakerfisins. Orð þeirra geta haft verulegan þunga og það sem meira er, það getur verið afar mikilvægt að þau hafi þann þunga. Þannig er trúverðugleiki æðstu manna í fjármálakerfinu afar mikilvægur. Þetta á ekki síst við um seðlabankastjóra, en í hinum siðmenntaða heimi forðast þeir sem því embætti gegna, eins og heitan eldinn að opna munninn nema að vandlega ígrunduðu máli.

**Þannig er trúverðugleiki æðstu manna í fjármálakerfinu afar mikilvægur. Þetta á ekki síst við um seðlabankastjóra, en í hinum siðmenntaða heimi forðast þeir sem því embætti gegna, eins og heitan eldinn að opna munninn nema að vandlega ígrunduðu máli.**

Æðsti maður peningamálastjórnarinnar á Íslandi hefur hins vegar tekið þá afstöðu að stíga fram og tjá sig um deilumál samtímans. Slík framganga er leikur að eldi og þjónar ekki á nokkurn hátt þeim hagsmunum sem hann stendur fyrir í embætti sínu. Maðurinn Davíð Oddsson er litríkur og margbrotinn og fyrir þær sakir áhugaverður fyrir fjölmiðla. Stjórnmálamaðurinn Davíð Oddsson er umdeildur og afgerandi. Seðlabankastjórinn Davíð Oddsson þarf hins vegar að stitja á friðarstóli og hugsa einungis um trúverðugleika sinn og hagsmuni og markmið Seðlabankans. Það hlutskipti kaus hann sér sjálfur.

Á þessari stundu er ekki komið í ljós hvort ummæli hans meðal annars um að íslenskt dómskerfi sé vanmáttugt munu valda bresti í trúverðugleika kerfisins. Það er til þess fallið að minnka trúverðugleika á fjármálakerfinu ef seðlabankastjóri telur eina af grunnstoðum þess að hægt sé að stunda hér viðskipti ekki fullburðuga. Að taka slíka áhættu með ummælum sínum er eitt og sér ámælisvert.

Það er ekki samrýmanlegt að vera í senn seðlabankastjóri og stjórnmálamaður með sterkar skoðanir á málefnum líðandi stundar. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands verður að velja á milli þeirrar skyldu sem starfinu fylgir og þess að þjóna lund sinni og stjórnmálaskoðunum. Hér verður ekki bæði sleppt og haldið. Til þess er of mikið í húfi fyrir trúverðugleika efnahagskerfisins og þar af leiðandi ríkari almannahagsmunir en leyfa að seðlabankastjóri gefi sér lausan taum. Jafnvel þótt um áhugavert skemmtiefni fyrir þjóðina sé að ræða.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI VERÐUR CAPACENT



Capacent Ráðningar (áður IMG Mannafl Liðsauki) er stærsta ráðningarstofa landsins og leggur mikla áherslu á trúnað við umsækjendur og fyrirtæki.

Ráðgjafar Capacent Ráðninga beita faglegum vinnubrögðum og starfa eftir ákveðnum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartún 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 www.capacent.is

# Hámarks yfirvegun

Forsvarsmenn íslenskra fjármálafyrirtækja hafa unnið ötullega að því undanfarna mánuði að viðhalda áunnu trausti alþjóðasamfélagsins á starfsemi og framtíðarhorfur í íslensku efnahagslífi. Allt frá því að lánshæfisfyrirtækið Fitch birti margumrædda skýrslu í febrúar sl. hefur verið á brattann að sækja en með skynsemi og yfirvegun að vopni hefur tekist að kveða niður órökstudda og ótímabæra gagnrýni úr ýmsum áttum. Nýleg staðfesting á lánshæfismati viðskiptabankanna er gleggsta merkið um það.

Af allri atburðarásinni má draga ákveðinn lærdóm og gagnrýnin var vissulega ekki öll illa ígrunduð eða öll sprottin af annarlegum sjónarmiðum. Þannig hefur nýleg umfjöllun og lakari lánshæfiseinkunn fyrir Íbúðalánasjóð undirstrikað brýna þörf fyrir minni afskipti ríkissjóðs af þeim hluta lánamarkaðarins. Vandséð er hvernig leysa á tilvistarkreppu sjóðsins til framtíðar án þess að fórna að einhverju leyti félagslegum sjónarmiðum í hlutverki hans, en það er einmitt þetta síðastnefnda sem gagnrýnin kristallast í – það verður því ekki bæði haldið og sleppt heldur ber að taka meiri hagsmuni fram yfir minni þegar verkefnið er í heild sinni lagt í dóm. Minnugir þess hversu vel tókst til við afléttingu ríkisafskipta við einkavæðingu bankanna, ættu menn að halda sínu striki ótrauðir.

### KREFJANDI VERKEFNI

Hlutverk Seðlabanka Íslands kann að hafa verið snúið síðastliðin rúm tvö ár, sökum mikilla þenslumerkja í hagkerfinu upp úr miðju ári 2004 og í ljósi verðbólgumælinga á þeim tíma sem liðinn er, langt umfram það sem ásættanlegt getur talist. Á hinn bóginn má segja að seðlabankamenn hafi langt því frá lokið þolprófinu þar sem í hönd er að fara enn snúnari tími vaxtaákvarðana og tímabil þar sem áhrifa utanaðkomandi afla á hagkerfið kann að gæta áfram í nokkrum mæli. Bankinn er því ekki öfundsverður af hlutverki sínu á næstu misserum.

Ríki og sveitarfélög hafa bæst í bandamannahóp bankans sem hlýtur að taka því fagnandi. Trúverðugleiki er dyggð sem er ákaflega mikilvæg seðlabanka hvers lands eins og öðrum stofnunum og fyrirtækjum sem eiga að leika hlutverk leiðandi afls í samfélaginu. Í því sambandi skiptir ekki síður máli það sem er sagt eða látið ósagt.

**ORÐ Í BELG**



**Gunnar Árnason**
Sérfræðingur efnahagsmála, SPV

Hafi Seðlabanka Íslands skort trúverðugleika vegna skorts á samhæfni í aðgerðum og yfirlýsingum ættu efasemdarmenn að taka gleði sína þar sem mun meiri staðfestu og yfirvegunar gætir nú í öllum aðgerðum bankans.

### SKÚTAN HALLAR

Eftir langt tímabil mikils halla á viðskiptum við útlönd og verðbólgutalna langt umfram viðmiðun og þolmörk Seðlabankans virðist nú horfa til betri vegar. Samsetning viðskiptahallans hefur breyst á stuttum tíma frá því að eiga uppruna sinn í innflutningi bifreiða og annarra neysluvara almennings yfir í að einkennast af miklum fjárfestingum vegna stóriðju. Hið fyrrnefnda má rekja til gengisstyrkingar ISK og hagstæðs verðlags á innfluttum vörum. Hið síðarnefnda eru fjárfestingar sem ætlað er að skila arði í framtíðinni og það skeið gengur yfir áður en annað og nýtt tekur við og er þ.a.l. ekki áhyggjuefni sem slíkt. Þjóðarskútan þolir töluverðan halla en það reynir á alla um borð þegar hann er viðvarandi jafn lengi og raun hefur orðið á.

Gengi ISK hefur lækkað umtalsvert frá mesta styrk á sl. ári en líklegt verður að telja að því jafnvægisástandi sem leitast er við að ná í þjóðarbúskapnum í gegnum lækkun á gengi ISK og mun minni viðskiptahalla, sé ekki náð ennþá. Frekari gengislækkunar er því að öllum líkindum að vænta á næstu mánuðum. Verð innflutta vara mun að sama skapi verða undir þrýstingi til hækkunar og verðbólgutölur í hærri kantinum, a.m.k. um sinn.

### HEIMA ER BEST

Snögg umskipti á markaði með íbúðarhúsnæði undanfarnar vikur hafa valdið taugatitringi hjá mörgum sem von er – fjöldi þeirra sem hagsmuna eiga að gæta er mikill hér á landi vegna almennrar eignar á húsnæði til eigin nota og vægi þess í efnahagsreikningi heimilanna og útlánasöfnum fjármálafyrirtækja. Væntingar neytenda hafa ekki farið varhluta af hárri verðbólgu og hækkandi vöxtum. Ef slík þróun biti ekki á neyslugleði landans væri illt í efni. Það er hinsvegar dapurlegt til þess að hugsa að skammvinnt ójafnvægi og bakslag í verðþróun íbúðarhúsnæðis í kjölfar nær samfelldrar hækkunarhrinu undanfarin tíu ár skuli geta valdið vandræðum í fjárhag heimilanna. Ekki má gleyma þeirri staðreynd að núverandi hagvaxtarskeið er eitt það blómlegasta í sögu landsins.

Atvinnustig hérlendis í dag er með því hæsta sem þekkist og fyrirséð að það muni breytast til hins verra þegar nær dregur lokum núverandi þensluskeiðs, á síðari hluta næsta árs og því þarnæsta. Frjáls skammtímasparnaður almennings hefur ávallt verið með minnsta móti og því minna borð fyrir báru þegar herðir tímabundið að. Lífeyriskerfi landsmanna stendur afar vel og gott er að vita til þess en bitnar klárlega á sparnaði og neyslu í núinu. Vega og meta þarf þetta samband gaumgæfilega áður en heimildir til skattfrestunar með lífeyrissparnaði og mótframlags vinnuveitanda eru rýmkaðar frá því sem tíðkast í dag.

### FRESTUN VANDANS

Vöxtur í tekjum ríkis og sveitarfélaga í gegnum aukningu í veltusköttum eins og alþekkt er á þensluskeiðum hefur a.m.k. tvær hliðar eins og önnur mál. Mikill og jafn vöxtur í útgjöldum hjá ríki og borg undanfarin ár er visst áhyggjuefni. Þessi þróun hefur átt sér stað samhliða hærra þjónustustigi og mikilli og hraðri uppbyggingu nýrra hverfa og bæjarhluta. Hraðari vöxtur í gjöldum en tekjum veldur aukinni skuldasöfnun. Í því góðæri sem hefur verið viðvarandi undanfarin ár er auðveldara að slá slíkum vanda á frest en hann hverfur ekki. Telja verður afar ólíklegt að möguleikar til að lækka þjónustustig hratt eða skera niður stóra útgjaldaflokka á skömmum tíma séu fyrir hendi þegar innkoma í veltusköttum aðlagar sig að breyttum aðstæðum í efnahagslífinu. Flutningur verkefna til einkaaðila sem leysa þau a.m.k. jafnvel af hendi og oft á tíðum betur, er afar jákvæð þróun en hægt er að stíga enn djarfari skref í þá átt ef brotist er úr viðjum vanans og horft á sviðið frá nýju sjónarhorni.

**STARFSMANNAMÁL**

## Ráðið eftir ábendingum starfsmanna

Mörg erlend fyrirtæki biðja starfsmenn að benda á heppilega umsækjendur eða starfsmenn til starfa. Þessi aðferð hefur meðal annars þá kosti að starfsmenn taka á sig vissa ábyrgð vegna umsækjenda sem þeir benda á og ætla má að þeir geri sér enn fremur góða grein fyrir þeirri hæfni og kunnáttu sem starfið krefst.

Einnig má gera ráð fyrir að þeir starfsmenn sem benda á mögulega umsækjendur hafi kynnt þeim helstu þætti í sambandi við starfið, fyrirtækið og menningu þess og þannig eru minni líkur á að þeir verði fljótt viðskila við fyrirtækið. Þessi aðferðafræði er notuð víða og er í auknum mæli notuð hjá fyrirtækjum sem mörg hver greiða háar fjárhæðir til starfsmanna ef ábending þeirra leiðir til ráðningar.

David E. Terpstra, prófessor frá Háskólanum í Mississippi í Bandaríkjunum, gerði könnun meðal 201 starfsmannastjóra sem birtist í tímaritinu HR Focus, með það að markmiði að kanna hvaða aðferðir við öflun umsækjenda skiluðu bestum árangri. Niðurstöður leiddu í ljós að árangursríkasta aðferðin að mati starfsmannastjóranna var ábending starfsmanna, þá ráðningar úr skólum og í þriðja lagi notkun ráðningarfyrirtækja sem sérhæfa sig í stjórnendaleit. Athygli vekur að almennar ráðningarstofur fengu næstlægstu einkunn í könnuninni.

Terpstra færir rök fyrir því að ástæður fyrir þessu vali séu tengdar því að fyrirtæki séu að taka breytingum í umhverfi sem einkennist af flatara skipulagi, meiri hraða og niðurskurði. Í slíku umhverfi þarf starfsfólkið að taka á sig fleiri hlutverk og meiri ábyrgð. Starfsfólkið þarf að vita meira og vinna meira. Terpstra telur að aðferðirnar þrjár sem efstar eru, þ.e. ábendingar starfsmanna, ráðningar úr skólum og ráðningar í gegnum fyrirtæki sem sérhæfa sig í stjórnendaleit, gefi fyrirtækjum kost á úrvali umsækjenda sem passar við þetta nýja umhverfi. Breytt og hraðara umhverfi krefst fagþekkingar, menntaðs eða þrautreynds starfsfólks að mati Terpstra.



**Sif Sigfúsdóttir**
**MA í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Er Bjössi örugglega með próf á mjólkurbílinn?

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

Í starfsemi fjölmargra fyrirtækja reynir á að starfsmenn nýti persónubundin réttindi sín til starfa. Sem dæmi má nefna ökuréttindi, réttindi til að stjórna vinnuvélum og tækjum sem og réttindi sem fylgja iðngreinum, t.d. sveins- og meistarapróf og réttindi til löggildingar ýmiss konar. Þegar starfsmaður ræður sig til vinnu hjá fyrirtæki er rétt að ganga úr skugga um að hann hafi þau réttindi sem hann þarf til starfans. Auðvelt er að taka afrit af skírteinum eða fá skriflegar upplýsingar frá íslenskum yfirvöldum um gild réttindi. Íslensk fyrirtæki eru í auknum mæli að ráða til sín erlent vinnuafl og ekki er síður mikilvægt að þeir starfsmenn hafi gild réttindi.

Einhver kann að spyrja sig hvers vegna í ósköpunum þurfi að vera með smámunasemi í þessum málum. Það er auðvitað þannig að í langflestum tilfellum er hægt að treysta þeim upplýsingum sem starfsmenn gefa. Hvers vegna þarf ég að vita hvort Bjössi á mjólkurbílnum er örugglega með bílpróf ?

Í fyrsta lagi getur starfsmaður valdið tjóni sem bitnar á öðrum. Ég get nefnt dæmi þar sem ungum réttindalausum starfsmanni var falin stjórn vinnuvélar í verki sem hann vann við annan mann. Ungi starfsmaðurinn missti stjórn á vinnuvélinni og slasaði samstarfsmann sinn. Samkvæmt reglum íslensks skaðabótaréttar ber vinnuveitandi ábyrgð á gáleysisverkum starfsmanna sinna og þurfti fyrirtækið því að greiða bætur til þess sem varð fyrir tjóninu. Réttindaleysi starfsmannsins hafði bein áhrif á bótaábyrgð fyrirtækisins. Þetta hefur verið staðfest í fjölda dómsmála. Ábyrg fyrirtæki kaupa sér ábyrgðartryggingar til að mæta tjónum sem þessum en auðvitað hefur það áhrif á iðgjöld þeirra trygginga ef tjónatíðni er há.

Í öðru lagi getur réttindaleysi haft áhrif á bótarétt fyrirtækis þegar tjón verður á munum sem eru sérstaklega tryggðir. Við hjá Sjóvá fengum fyrirspurn um daginn vegna máls þar sem erlendur starfsmaður hafði ekið bifreið fyrirtækis út af vegi og varð nokkurt tjón á bifreiðinni. Kaskótrygging bifreiðarinnar áskilur að ökumenn hafi réttindi til aksturs og undanskilur tjón sem verða vegna stórkostlegs gáleysis þeirra. Ef menn hafa ekki öðlast réttindi til aksturs má auðveldlega færa rök fyrir því að þeir sýni stórkostlegt gáleysi með því að aka bifreið. Vinnuveitandinn vissi ekki að hinn lettneski Bjössi hafði ekki próf á mjólkurbílinn.

Sýndu skynsemi með því að ganga úr skugga um réttindi starfsmanna fyrirfram. Þú tryggir þau ekki eftir á!

**Þóra Hallgrímsdóttir**
**framkvæmdastjóri Tjónasviðs Sjóvá**

SPÁKAUPMAÐUR

## Allur á dýptina

Þvílíkt lukkunnar land þetta Ísland. Ég skil ekki þá sem kaupa lottó á þessu landi þar sem tækifærin eru svona augljós.

Þannig er ég búinn að liggja uppi í sófa í þrjár vikur án þess að gera handtak. Jæja það er nú kannski of mikið sagt; ég fór einu sinni upp á þak til að laga gervihnattardiskinn.

Peningarnir mínir hafa séð um alla vinnuna fyrir mig. Manni tókst að kreista smá erlent lán út úr bönkunum þegar manni sýndist bæði hlutabréf og krónan á réttri leið. Það var reyndar alveg djöfullegt að eiga við kjúklingana í bankanum til að kreista út úr þeim þessar krónur. Enda þótt ég gleðjist við uppsveiflu hagkerfisins þá hefur þetta atvinnuástand þau áhrif að í ábyrgðarstöður í bönkunum safnast reynslulausir kjúklingar með taugakerfi meðal Hollywoodleikkonu.

Þeir ætluðu aldrei að þora að lána mér og ég varð á endanum að sætta mig við miklu meira eigið fé í stöðunum. Það náttúrlega kostar mann gróða. Ég reyndi náttúrlega að sannfæra þessa gúbba um að viðskiptasaga mín væri óaðfinnanleg, en eftir svona smáskjálfta eins og varð í vor dugir það ekki til. Ég hefði þurft að leggja meira fé í þessar hlutabréfastöður ef maður ætti ekki hönk upp í bakið á einhverjum. Það spillti heldur ekki að hafa lent á trúnó með einum háttsettum í veiðikofa við gjöfula á í sumar. Mér fannst sjálfum eftir drykkju það kvöld að ég hefði skynjað í sjálfum mér nýjar víddir og dýpri skilning á tilfinningalífi okkar karlmanna. Umræðuefnið var togstreita milli fjölskyldu og eiginkonu til margra ára og yngri kvenna. Togstreita sem er lifandi veruleiki í lífi okkar karlmanna. Allavega djúpur skilningur minn á þessari togstreitu gerði það að verkum að ég fékk hærra lánshlutfall en hefði orðið ef maður væri ekki svona mikið á dýptina í andlegu tilliti. Sálfræði er nefnilega enginn hégómi og mikilvægur þáttur til að ná árangri á markaðnum.

Krónan heldur áfram að styrkjast og bráðum fer maður að létta á erlenda láninu og færa sig í stöður í erlendum hlutabréfum. Heimurinn er fullur af dýrðlegum tækifærum, án þess að þau togist á nokkurn hátt við önnur gildi lífsins. Kúnstin er bara að vera ekki að fjasa of mikið um sín innstu mál þegar ölvun og sælukennd þreyta eftir veiðidaginn gera mann meyran og opinn upp á gátt.

**Spákaupmaðurinn á horninu**


# STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðarinnar, er markviss stjórnendaþjálfun sem er haldin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands, námið dreifist yfir nokkurra mánaða tímabil. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn. Yfir tvöhundruð stjórnendur víðsvegar af landinu hafa setið námskeiðin sl. sex ár. Þátttakendurnir eru á öllum aldri, með allskonar menntun og starfsreynslu, en eiga það sameiginlegt að vilja ná lengra.



**Námið skiptist í eftirfarandi hluta**
- Stjórnandinn og stjórnunarhæfileikar, stjórnendamat og sjálfsskoðun.
- Viðtöl og skilvirk endurgjöf.
- Streitu- , álags- og tímastjórnun.
- Framkoma, tjáning og ræðumennska.
- Kúnstin að taka ákvörðun.
- Árangursríkt samstarf (hópstarf).
- Mannauðsstjórnun – að stjórna fólki.
- Skapandi hugsun.
- Hlutverk stjórnandans: Breytingastjórnun.
- Stjórnun í alþjóðaumhverfi.
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

**Fyrir hverja**
Námið höfðar til stjórnenda sem vilja auka skilning sinn á hlutverki og aðferðum árangursríkra stjórnenda.

**Áherslur í þjálfun**
Við leggjum metnað í að þekking okkar á íslensku atvinnulífi skili sér til viðskiptavina

**Megináherslur**
- Þjálfunin sé hagnýt og taki mið af þeim aðstæðum sem þátttakendur þekkja
- Þátttakendur fái þjálfun í þeim þáttum sem verið er að kenna
- Efnistök séu í tenglsum við íslenskan raunveruleika

**Verð og lengd námskeiðs**
Lengd: 90 klst.
Tímabil: 12. október 2006 - 8. júní 2007
Verð: 300.000 kr.

Námssjóðir verkalýðs- og fagfélaga styrkja þetta nám.
Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is,
namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

CAPACENT

IMG hefur víkkað út starfsemi sína á Norðurlöndunum og stefnir að því að byggja upp norðurevrópskt fyrirtæki á sviði ráðgjafar, rannsókna og ráðningarþjónustu. Í kjölfar þess hefur nafni fyrirtækisins verið breytt í Capacent til aðlögunar að alþjóðlegum markaði.

capacent

# Ársskýrslur og mikilvægi þeirra

**Ársskýrsla fyrirtækis inniheldur gott yfirlit yfir síðasta ár og fjallar um sýn á það næsta.**

ORÐ Í BELG



A. Kristín Jóhannsdóttir
Markaðs- og kynningarstjóri Kauphallar Íslands

Íslenskt viðskiptalíf og íslenski hlutabréfamarkaðurinn hafa tekið stökkbreytingum á undanförnum árum og því hefur kastljósið beinst að íslenskum fyrirtækjum í ríkara mæli en áður. Fjölmiðlar fylgjast nánar með fyrirtækjum; viðskiptablöð hafa litið dagsins ljós, greiningardeildir banka senda út markaðsgreiningar daglega og nýir vefir tengdir hlutabréfamarkaðnum hafa orðið til. Menntunarmöguleikar í markaðslegum tilgangi hafa aukist. Miðað við þróun, ætti þátttaka á hlutabréfamarkaðnum að aukast og því verður mikilvægi góðra fjárfestatengsla hjá fyrirtækjum seint metin.

Hlutfall íslenskra einstaklinga sem eiga verðbréf hefur lækkað úr 17% niður í 12% frá árinu 2002. Stendur þessi fjöldi nú í rúmlega 52.000 manns, nokkru fleiri karlar. Þessi þróun virðist ekki í takt við þær breytingar sem orðið hafa á markaðnum á sama tíma. Hvaða ástæður liggja þar að baki skal ósagt látið, en víst er að góð upplýsingagjöf til markaðarins skiptir miklu máli fyrir núverandi og væntanlega fjárfesta.

Þrátt fyrir lækkandi hlutdeild undanfarið, er þátttaka íslensks almennings á hlutabréfamarkaði svipuð og á mörkuðum annarra evrópskra þjóða sem við berum okkur saman við. Íslenskur almenningur á því klárlega hagsmuna að gæta á markaði, þá sérstaklega í gegnum lífeyrissjóðskerfið. Mikilvægt er því að auka vitund og áhuga almennings á markaðnum en skráð fyrirtæki eru tækifæri sem hinum almenna fjárfesti kann að finnast erfitt að nálgast sem fjárfestingarkost.




Góð fjárfestatengsl fyrirtækja eru nauðsynlegur þáttur til að upplýsa fjárfesta um hag fyrirtækja og efla skilning á rekstri þeirra. Vönduð og ítarleg ársskýrsla vegur þar þungt. Ársskýrsla fyrirtækis inniheldur gott yfirlit yfir síðasta ár og fjallar um sýn á það næsta. Ársskýrsla er oft það fyrsta sem væntanlegur fjárfestir skoðar áður en hann myndar sér skoðun á fjárfestingarmöguleikum sínum. Að sjálfsögðu er stöðug og góð upplýsingagjöf fyrirtækja ekki tæmandi þar. Áreiðanleg upplýsingagjöf byggir á því að öllum verðmótandi upplýsingum sem kunna að breyta viðhorfi fjárfesta sé miðlað örugglega og réttilega.

Á morgun 7. september mun Stjórnvísi veita verðlaun fyrir „Ársskýrslu ársins 2005“. Verðlaunin eru veitt í samstarfi við Kauphöll Íslands, sem er bakhjarl verðlaunanna. Er þetta í annað sinn sem þessi verðlaun eru veitt, en KB banki hlaut verðlaunin fyrir bestu ársskýrsluna í fyrra.

Markmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því hversu mikilvægar ársskýrslur eru. Góð ársskýrsla er hornsteinn í upplýsingagjöf fyrirtækis og fjallar um öll helstu atriði sem máli skipta í rekstri þess. Mikil vinna liggur að baki góðri ársskýrslu enda endurspeglar hún gjarnan metnað fyrirtækisins, gildin og þann anda sem ríkir í fyrirtækinu. Í ársskýrslum er árangri fyrirtækisins lýst og fjallað um sýn þess á framtíðina. Allar upplýsingar er varða til að mynda rekstur, markmið, markað og samkeppnisaðila, fjárfestingar, þróun og rannsóknir, stjórnendalaun, framtíðarsýn fyrirtækis skulu settar fram á aðgengilegan hátt fyrir alla fjárfesta. Þannig tekur dómnefnd, sem metur bestu ársskýrslurnar, ekki bara tillit til þeirra upplýsinga sem fyrirtækið gefur, heldur aðgengileika þeirra og útlit á skýrslunni. Öll þessi atriði skipta máli.

Sérstök áhersla við val á ársskýrslu ársins 2005 var lögð á stjórnarhætti fyrirtækja, alþjóðleg reikningsskil og umfjöllun um launakjör stjórnenda skv. reglum fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöllinni.

Þátttakendur eru sjálfkrafa þau hlutafélög sem skráð eru í Kauphöll Íslands hverju sinni og dómnefnd verðlaunanna er skipuð þeim Þorkeli Sigurlaugssyni, framkvæmdastjóra nýsköpunar- og þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík, Heimi Haraldssyni, löggiltum endurskoðanda, og Stefáni Halldórssyni, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Í ár voru ársskýrslur fimm skráðra félaga tilnefndar til verðlaunanna, úr hverjum hópi ein hlýtur aðalverðlaun og tvær aðrar sérstakar viðurkenningar. Stjórnvísi og Kauphöll Íslands hafa skilgreint þau atriði sem höfð voru til hliðsjónar við mat á ársskýrslunum árið 2005 og er listi yfir þau aðgengilegur á heimasíðunum www.stjornvisi.is og www.icex.is.

Verðlaunin eru ekki eingöngu leið til að vekja félögin til umhugsunar um gerð ársskýrslu heldur jafnframt til að fá skráð félög til að samræma upplýsingagjöf í ársskýrslum. Þannig er hinum almenna fjárfesti auðveldað að bera saman upplýsingar frá skráðum félögum.

Vandaðar og aðgengilegar ársskýrslur eru til þess fallnar að auka áhuga og þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði. Nýi hlutabréfaleikurinn þar sem allir geta tekið þátt í „sýndarveruleika“ hlutabréfamarkaðarins er dæmi um framtak sem ætlað er að auðvelda aðgengi að markaðnum. Með fræðslu á meðal ungs fólks verður til sterkara afl á markaðnum í framtíðinni. En mikilvægast er að fjárfestatengsl og upplýsingagjöf séu þannig að allir geti kynnt sér fjárfestingarkosti á markaðnum. Ársskýrslur gegna þar lykilhlutverki og almenningur getur haft hag af því að rýna í þær og fengið þannig aukinn áhuga á að taka þátt í viðskiptalífinu. Hlutabréfamarkaðurinn er allra mál.





VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursеiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu hálsog bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**UTANRÍKISRÁÐHERRA KLIPPIR Á BORÐA** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Gísli Guðmundsson, formaður stjórnar FLE, opna formlega nýju aðstöðuna. Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri FLE, fylgist með.

# Flugstöðin stækkar

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra tók í gær formlega í notkun nýja þriðju hæð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Heildarstærð hæðarinnar er rúmlega 4.100 fermetrar en þar af eru um 3.500 fermetrar af nýju skrifstofuhúsnæði og starfsmannaðstöðu. Breyting og innrétting á 3. hæð flugstöðvarinnar er liður í umfangsmiklum framkvæmdum um framtíðarþróun mannvirkja Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. sem hófust árið 2003 og sem gert er ráð fyrir að ljúki árið 2007.

Í ávarpi sem Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf., hélt við opnunina kom meðal annars fram að norðurbygging flugstöðvarinnar var alls um 22.000 fermetrar þegar framkvæmdir hófust árið 2003 en hún mun stækka alls um 16.500 fermetra og verður um 38.500 fermetrar að framkvæmdum loknum vorið 2007. Að auki er og verður unnið að breytingum og endurbótum af ýmsu tagi á alls 13.000 fermetrum á fyrstu, annarri og þriðju hæð norðurbyggingar á árunum 2003 til 2007. Eftir þessar breytingar og stækkun verður heildarstærð flugstöðvarinnar um 55.000 fermetrar.

Heildarkostnaður við breytingar á 3. hæð flugstöðvarinnar er með innréttingum rúmlega 700 milljónir króna en áætlað er að heildarkostnaður við stækkun og breytingar á flugstöðinni frá árinu 2003 til 2007 nemi hátt í 7 milljörðum króna. - hhs



**NÝ BLUE LAGOON VERSLUN Í LEIFSSTÖÐ** Í hönnun verslunarinnar er sterk skírskotun til náttúrulegs umhverfis Bláa lónsins. Hraunveggur setur sterkan svip á verslunina og í veggjunum rennur vatn.

# Bláa lónið opnar verslun

Ný Blue Lagoon verslun var formlega opnuð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á fimmtudaginn var. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að í versluninni séu Blue Lagoon húðvörur fáanlegar og boðið sé upp á orkumeðferðir á spa-svæði verslunarinnar. Spa svæði sem þessi sé að finna í mörgum helstu flugstöðvum heims og njóti þessi þjónusta aukinna vinsælda.

Í tilkynningunni er haft eftir Önnu G. Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra Bláa Lónsins hf., að opnun verslunarinnar sé ánægjulegt skref fyrir Bláa lónið hf. „Í starfsemi okkar leggjum við áherslu á nýsköpun og þróun. Verslunin og spa meðferðir í flugstöðinni er þjónusta sem okkur þykir sérstaklega ánægjulegt að geta veitt bæði íslenskum og erlendum farþegum sem eiga leið um flugstöðina.“ - hhs



**VIÐ OPNUN VERSLUNARINNAR** Höskuldur Ásgeirsson, Eðvarð Júlíusson og Grímur Sæmundsen.

Betri leið til að vinna á tímaskorti

“Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi.”
**Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.**

“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða**
**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.
NÝTT!! 6 vikna námskeið **3. okt.** (Dagnámskeið)
NÝTT!! 6 vikna námskeið **4. okt.**
Suðurnes 3 vikna hraðnámskeið **12. okt.**

**Náðu árangri með okkur í haust og skráðu þig á hraðlestrarnámskeið Hraðlestrarskólans.**
Skráning hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**
**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.






VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

# Stórir á samnorrænum verðbréfamarkaði

Glitnir keypti á vordögum sænska verðbréfafyrirtækið Fischer Partners. Fyrirtækið er nú fimmti stærsti hlutabréfamiðlari á Norðurlöndum. **Karl Otto Eidem**, starfandi framkvæmdastjóri Fischer, var staddur hér á landi á dögunum og spjallaði við *Jón Skaftason*. Karl Otto telur neikvæða umfjöllun um íslenskt efnahagslíf ekki hafa haft áhrif á starfsemi Fischer og segir Glitni hafa einstakt tækifæri á að byggja upp nýtt og spennandi vörumerki á Norðurlöndum.

Fischer Partners var stofnað árið 1984 í Stokkhólmi og var upphaflega ætlað að selja útlendingum sænsk verðbréf. Karl Otto Eidem segir Fischer Partners hafa verið brautryðjanda á þessu sviði. „Á þessum tíma var mjög lítið um erlenda fjárfesta í Svíþjóð og Fischer því nánast einráðir á markaðnum fyrst um sinn. Þetta gekk mjög vel og önnur sænsk verðbréfafyrirtæki fylgdu í kjölfarið. Í dag er mikið af erlendum fjárfestum, bæði í Svíþjóð og Noregi.“

Fischer Partners er nú fimmti stærsti hlutabréfamiðlarinn í norrænu kauphöllunum með 5,1 prósent af samanlagðri veltu og er aðili að kauphöllunum í Stokkhólmi, Helsinki, Ósló, Kaupmannahöfn og Eystrasaltslöndunum, auk afleiðumarkaðarins Eurex í Þýskalandi. Fyrirtækið er með skrifstofur í Stokkhólmi og Ósló.

Eidem segir sænskan verðbréfamarkað mjög skiptan og að sérhæfing sé mikil; sum fyrirtæki einblíni á innlenda fjárfesta meðan önnur þjónusti útlendinga. Þannig komi áttatíu til níutíu prósent allra viðskipta Fischer Partners í Svíþjóð að utan. Fischer er í dag með tæplega 5,5 prósenta markaðshlutdeild í Svíþjóð, þá fjórðu mestu. „Svíþjóð er okkar stærsti markaður. Hraðasti vöxturinn hefur hins vegar verið í Noregi.“

Eidem vill þó ekki meina að með kaupum Glitnis á Fischer hafi fylgt meiri áhersla á norskan markað, þar sem stór hluti af starfsemi Glitnis fer fram. Hann segir hátt olíuverð og mikla veltu á norska markaðnum leiða kúnnana þangað. „Norski markaðurinn hefur gefið góða ávöxtun á undanförnum misserum. Við fylgjum í rauninni bara kúnnanum, ef hann vill til Noregs förum við þangað.“

Eidem segir þess gæta í vaxandi mæli að talað sé um samnorrænan markað. Fjárfestar skilgreini markaði nú frekar eftir svæðum en einstökum löndum. Þannig sé gjarnan vísað til Norðurlandanna sem eins markaðssvæðis og Eystrasaltsríkjanna sem annars. „Með kaupunum á Fischer Partners varð Glitnir alvöru þátttakandi á þessum samnorræna verðbréfamarkaði. Ég held að Glitnir hafi verið í þrítugasta sæti á Norðurlöndunum hvað varðar markaðshlutdeild fyrir kaupin á Fischer, en er í dag númer fimm.“

**ÞJÓNUSTA EKKI ÞJÓÐERNI**

Nafnbreyting Glitnis fyrr á árinu vakti talsverða athygli, enda Íslandsbankanafnið rótgróið í vitund Íslendinga. Eidem telur þó ekki að nafnið og tengslin við Ísland hafi verið bankanum fjötur um fót erlendis. Hann telur þó hafa sýnt sig að betra sé að hafa nafn sem ekki er beintengt við land eða þjóð og bendir á að Glitnir hafi breytt nafni Norse Securities í Glitnir Securities eftir kaup á fyrirtækinu.

Glitnir sé þannig alls ekki að slíta öll tengsl við heimalandið og upprunann. „Viðskiptavinirnir horfa fyrst og fremst á þjónustuna sem við veitum. Glitnisnafnið gefur okkur þó einstakt tækifæri á að byggja upp nýtt og spennandi vörumerki.“

Í kjölfarið berst talið að Óslóarmaraþoninu sem Glitnir styrkir næstu árin. Eidem segir það einmitt lið í því að festa vörumerki Glitnis í vitund Norðmanna. „Glitnismerkið er vissulega þekkt á ákveðnum sviðum í Noregi en er ekki enn í almannavitund, ef svo má að orði komast. Ég held að með því að styrkja Óslóarmaraþonið fáum við jákvæða umfjöllun og þar með auglýsingu. Síðan virðast Norðmenn vera að fá áhuga á víðavangshlaupum á ný.“

Eidem segist heldur ekki telja að neikvæð umræða um íslenskt viðskiptalíf hafi haft teljanleg áhrif á starfsemi Fischer Partners. „Viðskiptavinir okkar sáu strax að um traustan kaupanda var að ræða með gott lánshæfismat. Svo lengi sem kúnnar okkar fá þá þjónustu sem þeir eru vanir spyrja þeir einskis. Þetta eru fagmenn sem stjórnast af beinhörðum staðreyndum.“

Karl Otto Eidem er þaulvanur að vinna með Íslendingum og segir reynslu sína mjög jákvæða. Íslendingarnir séu gjarnan ungir, jákvæðir, opnir fyrir hugmyndum og fljótir að vinna. Hann segir fjármálaumhverfið í Svíþjóð fremur íhaldssamt. „Menn kynnu kannski að búast við einhverju menningarsjokki þegar Íslendingarnir mæta til Svíþjóðar. Ég hef ekki orðið var við það en það kann að vera vegna þess að Fischer hefur alltaf verið talið mjög framsækið fyrirtæki á sænskan mælikvarða.“

Eidem segir heldur ekkert sem bendir til þess að Glitnismenn falli undir þá mynd sem erlendir fjölmiðlar, þá sérstaklega danskir, hafa dregið upp af hinum dæmigerða íslenska fjárfesti. „Ég hef ekki orðið var við að menn fari of geyst. Norski bankinn BN Bank sem Glitnir keypti í fyrra hefur raunar ávallt verið álitinn fremur íhaldssamur banki með rótgróinn viðskiptagrunn. Glitnir hefur vaxið jafnt og þétt og gerir það vonandi áfram.“

**„Viðskiptavinir okkar sáu strax að um traustan kaupanda var að ræða með gott lánshæfismat. Svo lengi sem kúnnar okkar fá þá þjónustu sem þeir eru vanir spyrja þeir einskis. Þetta eru fagmenn sem stjórnast af beinhörðum staðreyndum.“**



**KARL OTTO EIDEM, FRAMKVÆMDASTJÓRI FISCHER PARTNERS** Eidem segir nú tíðkast í auknum mæli að tala um markaðssvæði fremur en einstök lönd. Með kaupunum á Fischer hafi Glitnir þannig orðið alvöru þátttakandi á samnorrænum verðbréfamarkaði. „Ég held að Glitnir hafi verið í þrítugasta sæti á Norðurlöndunum hvað varðar markaðshlutdeild fyrir kaupin á Fischer, en er í dag númer fimm.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Vantar diskapláss?

HITACHI DATA SYSTEMS

Þessi er 2 Terabyte og stækkanleg í 42!



Hitachi Data Systems hafa undanfarin ár verið leiðandi framleiðandi á diskastæðum fyrir stórfyrirtæki. Nú hefur fyrirtækið einbeitt sér að lausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem sameina háþróaða tækni, stækkanleika, hátt þjónustustig og gott verð. Afhendingartími á lausnum frá Hitachi er mjög skammur (oftast innan við vika) og 12 mánaða viðhaldssamningur er alltaf innifalinn.

HDS framleiðir diskastæður sem henta öllum stærðum fyrirtækja. Nánari upplýsingar eru á: www.hds.com eða í síma 575 9200.

Verð 833.222* m.vsk

Hitachi Tagmastore WMS100 iSCSI

- Single Controller
- 2 x 2 ISCSI interfaces með 2 GigE ports.
- 2 TB SATA diskar (4 x 500 GB) stækkanleg í 42 Tb
- 512 MB Cache
- 12 mánaða viðhaldssamningur

iSCSI sameinar tvo samkiptastaðla (SCSI og TCP/IP) sem gerir þér kleift að tengja diskastæður við netkerfi þitt á einfaldan og hagkvæman hátt og nýta þar með núverandi fjáfestingu í netkerfi fyrirtækisins betur.

*Verð sem miðast við gengi DKK þann 24.08.06. Athugið að 19" skápur sem sýndur er á mynd er ekki innifalinn í verði.

HITACHI DATA SYSTEMS | TrueNorth Partner Gold

Tölvuþjónustan SecurStore - 575 9200


STÓRÚTSALA
20-70% AFSLÁTTUR
LÁGT VERÐ
Húsgögn afhend fullsamsett
Vínrekki 65x35x85
~~Verð áður 17.800~~
Verð nú 14.200
Skatthol 80x48x102
~~Verð áður 23.000~~
Verð nú 18.400
Consola 120x40x80
~~Verð áður 28.000~~
Verð nú 23.000
Borð 135x90x80
~~Verð áður 36.000~~
Verð nú 28.800
Diskarekki 62x24x76
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900
Hilluhengi 70x20x40
~~Verð áður 5.800~~
Verð nú 4.600
Skápur á borð eða vegg
71x22x52
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900
Veggskápur 50x21x69
~~Verð áður 13.900~~
Verð nú 11.000
Kommóða 85x40x96
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000
Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr
Glerskápur 49x39x180
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000
Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
~~Verð áður 68.000~~
Verð nú 54.500
Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000
CD standur 26x20x107
~~Verð áður 13.000~~
Verð nú 10.400
Kommóða 60x38x100
~~Verð áður 34.000~~
Verð nú 27.000
Hornskápur 67x40x180
~~Verð áður 33.800~~
Verð nú 27.000
Kertastjakar frá 1000.- kr
Glerskápur 60x36x182
~~Verð áður 44.000~~
Verð nú 35.000
Glæsilegt leðursófasett 3+1+1
Kynningarverð 159.000
Fæst einnig í: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði, Blómaborg Hveragerði og Draumalandi, Keflavík
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

# Bjóða veðurspá frá Theyr.net í símann

Sú nýbreytni hefur verið tekin í gagnið hjá OgVodafone að notendur svonefndrar Vodafone live! þjónustu geta fengið nákvæma og myndræna framsetningu á veðurspá í símtækið sitt. „Hægt er að skoða þriggja daga veðurspá í símanum með ítarlegum hætti hvort sem er fyrir þéttbýlisstaði, ferðamannastaði eða miðin í kringum landið,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. Veðurþjónustan er unnin í samstarfi við Theyr.net veðurspárvefinn.

Vilji fólk kanna veðurhorfur á áfangastað í útlöndum er sleginn inn þriggja stafa flugvallarkóði, en einnig er hægt að setja inn lengdar- og breiddargráður og kalla þannig fram veðurspá fyrir Ísland, Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Þegar flett er upp spásvæði birtist þriggja daga spá samantekin í þrjár myndir. Á hverri mynd má sjá nákvæma spá eftir því sem sólarhringurinn líður út frá hitastigi, vindhraða, vindátt, úrkomu og skýjafari. „Þessi þjónusta er nú þegar til staðar í öllum GSM símum sem eru með Vodafone live! þjónustuna en gert er ráð fyrir að hún verði komin í flestar gerðir GSM síma frá Og Vodafone á næstu dögum.“


**ÞRIGGJA DAGA SPÁ OGVODAFONE** Theyr.net sér hluta notenda OgVodafone fyrir veðurspám og hægt að kalla fram þriggja daga spá fyrir fjölda staða í heiminum auk Íslands.

# Nýr yfirmaður Vodafone í Evrópu

**Vittorio Colao hefur verið ráðinn yfirmaður farsímarisans Vodafone í Evrópu og mun hefja störf í október. Colao tekur við af Bill Morrow, fyrrum yfirmanni Vodafone í Evrópu, sem lét af skyndilega af störfum hjá farsímarisanum af persónulegum ástæðum í júlí.**

**Colao, sem er ítalskur, er forstjóri ítalska fjölmiðlafyrirtækisins RCS Media Group en hafði áður gegnt ýmsum stöðum hjá Vodafone. Meðal annars var hann yfirmaður farsímarisans í Suður-Evrópu, Mið-Austurlöndum og í Afríku. Colao mun sömuleiðis taka við stöðu framkvæmdastjóra hjá fyrirtækinu af Julian Horn-Smith, sem hætti störfum fyrir skömmu.**

**Fjárfestar segja ráðningu Colaos jákvætt skref fyrir Vodafone og svo geti farið að hann taki við af Arun Sarin, forstjóra farsímarisans. Sarin hefur verið undir miklum þrýstingi vegna slakrar afkomu fyrirtæksins á síðasta rekstrarári. Afkoman var neikvæð um 21,9 milljarða punda, jafnvirði tæplega 2.900 milljarða íslenskra króna, en það er mesta tap í evrópski fyrirtækjasögu.**

**Gengi hlutabréfa í Vodafone hækkuðu um 0,4 prósent í Kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi í gær vegna frétta og stendur í 114,5 pensum á hlut.**

- jab

**MERKI VODAFONE** Fjárfestar segja líkur á að nýr yfirmaður Evrópudeildar farsímarisans Vodafone geti tekið við af forstjóranum Arun Sarin í framtíðinni.


LÚXUS BIFREIÐAR Á EINSTÖKUM VERÐUM

Í takmarkaðan tíma bjóðum við fínni bifreiðar af lager okkar á einstökum verðum.

Dæmi um bíla á staðnum þann 05.09.06


BMW 530I
Nýskr: 05/2003, 3000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 54.000 þ.
Verð: 3.550.000
Tilboð: 2.650.000
ON-370


BMW X3
Nýskr: 01/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 13.500 þ.
Verð: 5.240.000
Tilboð: 4.180.000
EK-267


BMW X5
Nýskr: 02/2003, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 49.000 þ.
Verð: 4.730.000
Tilboð: 3.960.000
YT-484


LAND ROVER DISCOVERY 3
Nýskr: 03/2005, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 99.000 þ.
Verð: 5.870.000
Tilboð: 4.850.000
LL-665


LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr: 01/2003, 4400cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 63.000 þ.
Verð: 6.490.000
Tilboð: 5.150.000
DS-238


LEXUS RX300
Nýskr: 12/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 5.000 þ.
Verð: 5.750.000
Tilboð: 4.750.000
UB-806


MERCEDES S320
Nýskr: 03/2000, 3200cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 50.000 þ.
Verð: 4.850.000
Tilboð: 3.650.000
UP-270

Allt að 100% fjármögnun í 84 mánuði.

Komdu í sýningarsal okkar að Grjóthálsi 1. Gott úrval af lúxusbifreiðum á einstökum verðum.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1, Reykjavík 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10 - 16 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.
Hrísmýri 2a, Selfoss 575 1460. Opið virka daga frá kl. 9:30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 15.

575 1230

Grjóthálsi 1
bilaland.is


Humarhúsið

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

## FÓLK Á FERLI



**Guðjón Jóhannesson** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjárfestinga hjá Lagernum ehf. Lagerinn er fjárfestingarfélag í eigu Jákúps Jacobsen. Félagið rekur verslanir á Norðurlöndunum, í Bretlandi, Austur-Evrópu og Kanada, og er í fasteigna-viðskiptum og almennri fjárfestingar-starfsemi. Guðjón hefur gegnt starfi innri endurskoðanda Búnaðarbankans og síðar Kaupþings banka samstæðunnar frá árinu 1999. Hann starfaði hjá KPMG endurskoðun árin 1994-1997 og sem fjármálastjóri Básafells hf. árin 1997-1999. Guðjón er viðskiptafræðingur frá HÍ, Certified Internal Auditor (CIA) frá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda í Bandaríkjunum (IIA), löggiltur endurskoðandi og verðbréfamiðlari.



**Geir Valur Ágústsson** hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Air Atlanta Icelandic. Geir Valur hefur unnið hjá Heklu síðustu fjögur árin, bæði sem fjármálastjóri og framkvæmdastjóri Bílasviðs. Áður hafði Geir Valur unnið í 15 ár hjá endurskoðunarfyrirtækinu KPMG, meðal annars sem svæðisstjóri Austurlands og meðeigandi síðan 1997. Geir Valur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi.



**Stefán Eyjólfsson** hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri starfsmannamála hjá Air Atlanta Icelandic. Stefán var framkvæmdastjóri Íslandsferða frá 2004 til 2006 og framkvæmdastjóri Kynnisferða frá árinu 2002. Áður hafði Stefán unnið 11 ár hjá Icelandair, meðal annars sem svæðisstjóri í Bretlandi, og stýrt tekjustýringu og áætlanagerð. Stefán er útskrifaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.

**Sigríður Kr. Hafþórsdóttir** hefur hafið störf hjá Íslandsprenti sem verkefna- og gæðastjóri. Didda, eins og hún er betur þekkt innan prentgeirans, er prentsmiður að mennt og hefur öðlast mikla reynslu í sínum fyrri störfum sem prentsmiður og sölumaður. Hún vann sem prentsmiður frá 1989 og síðan sem sölumaður frá 2001. Sigríður, sem vann áður í Odda og Prentmeti, tekur við nýjum verkum sem berast til Íslandsprents og fylgir þeim eftir alla leið til viðskiptavinarins.

**Magnús Már Magnússon** hefur hafið störf hjá Íslandsprenti. Magnús Már er prentsmiður að mennt með mikla reynslu en hann hefur unnið við fagið síðan 1990. Vinnustaðir hans hafa verið Oddi, Offsetþjónustan og Prentmet. Magnús Már hefur unnið við uppsetningu prentgripa og þá hefur hann í nokkur ár unnið mikið við umbúðaframleiðslu og hefur öðlast umtalsverða reynslu í þrívíddarhönnun.

**Jón Þorkell Gunnarsson** hefur hafið störf hjá Íslandsprenti. Jón Þorkell lærði offsetprentun í Kassagerðinni. Auk þess hefur hann unnið hjá Plastprenti og Prentmeti.

**Hafdís Hlöðversdóttir** hefur hafið störf hjá Íslandsprenti. Hún hefur unnið í níu ár við frágang prentgripa. Áður vann hún meðal annars hjá Svansprenti.

# Hreinn Jakobsson tekur við ANZA

Hreinn Jakobsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri ANZA hf. í stað Guðna B. Guðnasonar sem lét af störfum núna um mánaðamótin.

Hreinn er viðskiptafræðingur að mennt og hefur víðtæka reynslu bæði í upplýsingatækni og fjármálastarfsemi.



HREINN JAKOBSSON

Hreinn hefur síðustu níu árin verið forstjóri Skýrr hf., allt frá einkavæðingu fyrirtækisins árið 1997 og á þar að baki farsælan feril. Eftir eigendaskipti á fyrirtækinu í sumar varð þó ljóst að hann ætti ekki samleið með nýrri stjórn og hvarf hann því frá Skýrr.

Áður starfaði Hreinn hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. og Iðnlánasjóði í fimm ár. Að því búnu réð hann sig til Þróunarfélags Íslands hf. og starfaði þar í alls átta ár, fjögur sem framkvæmdastjóri.

Þá hefur Hreinn setið í stjórnum fjölda fyrirtækja bæði í upplýsingatækni og öðrum atvinnugreinum, meðal annars í stjórn Bakkavarar síðastliðin sex ár.

Eigendur ANZA ætla að efla fyrirtækið til framtíðar og horfa til útrásar og er ráðning Hreins Jakobssonar sögð liður í þeirri stefnu. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 og hefur frá upphafi verið með öflugustu upplýsingafyrirtækjum landsins.

Starfsmenn ANZA eru rúmlega 85 og ársvelta áætluð um 900 milljónir króna. Aðaleigandi fyrirtækisins er Síminn, en nokkur fyrirtæki og starfsmenn eiga í því smærri hlut. - óká

# Námskeið fyrir miðlara

Í þessari viku stendur yfir námskeið sem Kauphöll Íslands heldur fyrir nýja miðlara í SAXESS-viðskiptakerfinu. Þá er búið að ákveða tvö námskeið til viðbótar fram að áramótum, að því er fram kemur í nýjasta hefti Kauphallartíðinda. Þau verða haldin dagana 25. til 27. október og 1. til 5. desember. „Á námskeiðunum verður farið yfir virkni og viðskiptahætti í SAXESS og reglur er lúta að viðskiptunum," segir Kauphöllin, en skráning á námskeiðin fer fram á heimasíðu hennar, www.icex.is/is/courses.- óká


IMG VERÐUR CAPACENT



„ÁTVR hefur um árabil notað rannsóknir IMG Gallup með markvissum hætti til að laga þjónustu fyrirtækisins að þörfum viðskiptavina. Við munum áfram nýta þessa sérfræðiþekkingu og hlökkum til samstarfsins við Capacent. Til hamingju með nýja nafnið."

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR

CAPACENT

IMG hefur víkkað út starfsemi sína á Norðurlöndunum og stefnir að því að byggja upp norðurevrópskt fyrirtæki á sviði ráðgjafar, rannsókna og ráðningarþjónustu. Í kjölfar þess hefur nafni fyrirtækisins verið breytt í Capacent til aðlögunar að alþjóðlegum markaði.

Nýja nafnið er dregið af ensku orðunum Capability og Center og nær vel að fanga starfsemi fyrirtækis sem hefur það að meginmarkmiði að nýta þekkingu með markvissum hætti til að bæta árangur viðskiptavina sinna.

capacent

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is


**468** milljóna hagnaður VÍS á fyrri árshelmingi 2006.

**795** kúnur á hlut sem Actavis er tilbúið að greiða fyrir Pliva eftir að hafa hækkað boðið.

**19,1** milljarðs króna vöruskiptahalli í júlímánuði sem er met.

## BANKAHÓLFIÐ



### Novator ver furstadæmin

„Novator á í viðræðum við hermálayfirvöld í Sameinuðu arabísku fyrstadæmunum um sölu á Club-M stýriflaugum að andvirði sautján til tuttugu milljarða íslenskra króna. Líklegt er að samningurinn verði handsalaður í október, meðan á heimsókn Vladimírs Pútín Rússlandsforseta til Furstadæmanna stendur. Novator var veitt leyfi til útflutnings á Club-M stýriflaugum seint á síðasta ári.“ Svona hljóðaði frétt sem birtist í vefútgáfu rússneska dagblaðsins Kommersant á dögunum. Rétt til að fyrirbyggja allan misskilning er ekki átt við fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar heldur rússneskan alnafna þess, vopnaframleiðandann Novator. Novatorarnir stunda því báðir stórviðskipti þrátt fyrir að varningurinn sé gerólíkur.

### Veðjað um örlög fríblaða

Dönsk útgáfa vefmálasíðunnar Betway.com gefur nú notendum færi á að veðja á útkomu fríblaðastríðsins svokallaða. Sérfræðingar Betway virðast hafa mesta trú á 24Timer, sem gefið er út af JP/Politiken, en minnsta trú á Dato, sem Berlingske gefur út. Hið íslenska Nyhedsavisen, sem er í eigu 365 Scandinavia, siglir svo milli skers og báru og virðast sérfræðingar Betway ekki alveg þora að spá fyrir um örlög blaðsins. Þannig er stuðullinn á að Nyhedsavisen lognist fyrst út af 4,50, Dato fær einungis 1,15 og 24Timer heila 15,0. Nyhedsavisen þykir þó allra líklegast til að skipta um ritstjóra og er stuðullinn á að David Trads ritstjóri fái fyrstur að fjúka 1,42.

### Mikilvægur leikur

Íslenska þjóðin bíður nú í ofvæni eftir landsleik Íslands og Danmerkur sem háður verður í kvöld. Ýmsir innan viðskiptalífsins telja danska miðla hafa farið offari í umfjöllun um íslenskt efnahagslíf. Íslenskir knattspyrnumenn segja heldur ekki farir sínar sléttar af viðskiptum við Dani og hafa samsærissmiðir útbúið þá kenningu að Danir líti ekki á okkur sem jafningja fyrr en við höfum lagt þá á knattspyrnuvellinum. Erlendar kannanir sýna jafnframt að hlutabréf sveiflast í takt við gengi landsliða. Því má búast við að kátt verði í Kauphöllinni á fimmtudag verði úrslitin hagstæð. Fari hins vegar allt á versta veg, leiknum lykti til að mynda með 14-2 tapi, má búast við hruni í Kauphöllinni.










# 4 RÉTTA VEISLUR

*Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!*



## 4ra rétta veisla

**LAXATARTAR**
með sýrðum rjóma og hrærðu eggi

**HVALUR**
með piparsósu og basilkartöflumauki

**LAMBA-TVENNA**
hryggur og skanki með tómötum, ólífum og fáfnisgrasi

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk með vanillufroðu

**6.350 kr.**

## Perlur hafsins

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

**REYKT ÝSA**
með smjörsteiktum vorlauk og blómkálsmauki

**FISKI-TVENNA**
ferskasta sjófang hverju sinni

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk með vanillufroðu

**5.950 kr.**

*4ra rétta veislur eru aðeins í boði fyrir allt borðið. Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matseðli.*

## Villbráðarhlaðborð

*19.október - 22.nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.590 kr.**

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590* kr.

## Jólahlaðborð

*23.nóvember - 30.desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.250 kr.**

*Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250* kr.

PERLAN

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is

Hörður Sveinsson spilar með Silkeborg í dönsku úrvalsdeildinni:

# Danirnir eru smeykir

„Maður finnur það alveg greinilega að sannfærandi sigur á Norður-Írum hefur valdið smá hræðslu. Umfjöllunin hér er á þann veg að íslenska landsliðið sé mun sterkara í dag en oft áður og mér finnst eins og Danirnir séu svolítið smeykir við þennan leik," segir knattspyrnumaðurinn Hörður Sveinsson, sem spilar með liði Silkeborgar í dönsku úrvalsdeildinni.

Hörður segir að mikil stemning sé fyrir leiknum í Baunalandinu og að danska þjóðin sé almennt mjög ánægt með framgöngu landsliðsins um þessar mundir, sérstaklega í kjölfar frækins 4-2 sigurs á Portúgölum á föstudagskvöldið. „En um leið hefur sá sigur sett aukna pressu á liðið um að vinna Ísland, og þá frekar létt ef eitthvað er," útskýrir hann.

Hörður kveðst þó ekki enn hafa lent í samræðum við neinn innfæddan þar sem síðasti leikur þjóðanna, sem fram fór á Parken í október 2001 og endaði með 6-0 sigri Dana, er rifjaður upp. „Ekki enn, en mér finnst ekkert ólíkegt að svo muni verða á síðustu æfingunni fyrir leik. Ebbe Sand, fyrrum framherji danska liðsins, er kominn í þjálfarateymi Silkeborg og ég er viss um að honum leiðist ekki að rifja upp þennan leik. Ætli ég muni ekki reyna að forðast hann," sagði Hörður og hló við en þess má geta að Sand skoraði tvö mörk í umræddum leik.



Hörður Sveinsson hefur spilað vel með Silkeborg á þessu ári og segir mikla stemningu fyrir landsleiknum í Danmörku.


Ebbe Sand, fyrrum leikmaður danska landsliðsins, er nú þjálfari Harðar hjá Silkeborg. Hörður ætlar að reyna að forðast hann í dag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES


Eyjólfur Sverrisson lék 68 landsleiki og var fyrirliði í 19 þeirra. Hann er alls ekki bitur eftir að hafa endað landsliðsferilinn sem leikmaður með 6-0 tapi gegn Dönum.

# Er ekki að leita eftir hefndum

**Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson átti glæsilegan feril sem leikmaður íslenska landsliðsins. Hann hefði þó líklega viljað enda leikmannaferilinn með landsliðinu á öðrum nótum, því hans síðasti landsleikur var einmitt gegn Dönum á Parken þann 6. okbtóber 2001. Leikurinn endaði með 6-0 sigri heimamanna.**

„Ég hugsa ekki endilega til þessa leik með einhverjum sérstökum hrolli. Þetta var eitt af þessum slæmu töpum á mínum ferli og því miður kom það í mínum síðasta landsleik. Auðvitað hefði ég viljað fá betri úrslit en svona er einfaldlega fótboltinn," segir Eyjólfur Sverrisson, spurður um sinn síðasta landsleik sem leikmaður, sem fram fór gegn Dönum ytra þann 6. október 2001. Lokatölur urðu 6-0 í frægum leik þar sem Íslendingar voru gjörsamlega yfirspilaðir.

„Þessi leikur skiptir mig engu máli í aðdraganda leiksins nú," segir Eyjólfur og ítrekar að hann sé alls ekki að leitast eftir einhverjum persónulegum hefndum. „Alls ekki, nú er þetta nýr staður og ný stund og úrslit leiksins, hver svo sem þau verða, munu ekki bæta fyrir það sem gerst hefur í fortíðinni."


Hér sést Eyjólfur, ásamt Andra Sigþórssyni, fagna marki sem hann skoraði gegn Tékkum á Laugardalsvelli.

Eyjólfur var undir nokkrum þrýstingi með að halda áfram með landsliðinu eftir skellinn gegn Dönum, bæði vegna þess hversu mikilvægur hlekkur hann var í landsliðinu á þessum tíma og auk þess sem allir hefðu líklega viljað kveðja landslið á annan hátt en með 6-0 tapi. Eyjólfur segir hins vegar að hann hafi leitt allt slíkt tal fram hjá sér á þessum tíma.

„Það kom ekki annað til greina en að hætta eftir þennan leik. Þetta var ákvörðun sem ég tók og ég stend yfirleitt við mínar ákvarðanir. Það hefði engu breytt þó við hefðum unnið leikinn eða tapað honum 14-2."

NORM-X
Hita pottar
www.normx.is

Mest seldu hita pottar á Íslandi
Framleiddir með sérstöku tilliti til íslenska hitaveituvatnsins






Endingargóðir – yfir 30 ára reynsla
Þúsundir ánægðra notenda

Íslensk framleiðsla



Viðarkamínur á ótrúlega góðu verði

Skoðaðu heimasíðuna www.normx.is
Norm-x • Auðbrekku 6 • Kópavogi • Sími 565-8899.

NÝR VEITINGASTAÐUR

Í HJARTA MIÐBÆJARINS

# GEYSIR
# Bistro & Bar



GEYSISHÚSINU
Aðalstræti 2
101 Reykjavík
s: 5174300



Góðar veitingar...

í fallegu og vinalegu umhverfi...

í einu glæsilegasta húsi miðbæjarins.

www.fritzhansen.com

REPUBLIC OF **Fritz Hansen**®

OXFORD-stólinn hannaði Arne Jacobsen árið 1963 fyrir prófessora St. Catherine´s College í Oxford. OXFORD-stóllinn fæst með háu og lágu baki, með eða án hjóla og með leður- og tauáklæði.

EGG Arne Jacobsens er sígild klassík sem ekki breytist frekar en handsaumuðu sporin 743 sem þarf til að sauma áklæðið á stólinn. EGGIÐ var hannað fyrir Royal Hotel í Kaupmannahöfn, Radisson SAS hótelið.







SVANINN hannaði Arne Jacobsen Royal Hotel í Kaupmannahöfn sem nú heitir Radisson SAS. SVANURINN átti að færa mjúkar línur inn í hið ögn stífa umhverfi þessarar miklu byggingar.

epal

# „DANSK DESIGN“

## „DENNE GANG VINDER ISLAND“



VIPER-veggirnir fást bæði úr ál- og pappahólkum og henta sem skilveggir og hljóðeinangrun fyrir skrifstofuna og heimilið. Með einu handtaki má smella saman VIPER-einingum svo úr verður langur veggur. Hans Sandgren Jakobsen hannaði VIPER árið 1996

SJÖUNA hannaði Arne Jacobsen á sjötta áratug síðustu aldar fyrir nýjan skóla sem hann hafði teiknað. SJÖUNUM má stafla, tengja saman, festa á borðplötur og arma. Þær eru til með hjólum, bólstraðar og óbólstraðar, í mörgum litum og með mismunandi áferð.



Epal hf. / Skeifan 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

## Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

Skráðu þig í Heilsuklúbb, fáðu fræðslu & náðu árangri. kolbrunrakel.is 869 7090.

**Árangur með ShapeWorks**
Árangur með ShapeWorks Betri líðan og fullkomin þyngdarstjórnun. Ráðgjöf, aðhald og eftirfylgni. Ragga einkaþjálfari og Herbalife dreifingaraðili www.heilsufrettir.is/ragga - gsm 8647647

Er með byltingarkennt tæki sem mælir varnarstöðu líkamans á skjótan og ódýran hátt. Niðurstöður eru komnar eftir aðeins 3 mín. www.internet.is/martas

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Notalegt nudd uppl. í síma 849-1274

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**Námskeið í tréskurði**
Örfá byrjendapláss laus. Hannes Flosason. Sími 554 0123.

## Kennsla

30 rúmlesta skipstjórnarnám í fjarnámi við Framhaldsskólann í A-Skaftafellssýslu. Skráning á vefnum www.fas.is sími 470 8070. Umsóknarfrestur til 7.september.

Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu Hornsófi úr lútaðri furur m. rauðmunstruðu áklæði. Furuhjónarúm m. dýnum, 2 náttborð í stíl. 1 eldhúsborð. Allt tilvalið í sumarbústað. Upplýsingar í síma 587 6297, 587 1610 og 863 6297.

Til sölu borðstofuborð og 6 leðurkl.stólar. Verð tilboð. Uppl. í síma 824 1254.

## Antík



Glæsilegt gamaldags sófasett til sölu. Sannkallaður gullmoli. Verð 50.000 Kr.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Til sölu barnarimlarúm, vagn, leikgrind og kerra. Uppl. í s. 820 9992.

## Dýrahald



Rottweiler hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhend. 1.okt. Ættbók frá Rex. Uppl. í s. 869 4787.

Til sölu yndislegir Chihuahua. Uppl. í s. 661 2845.

Hvolpanámskeið HRFÍ hefst í Keflavík 12. sept. Upplýs. hjá Sigríði, 691 4498.

## Ýmislegt




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp. NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Góðir sumarbústaðir til leigu. Heitir pottar. Veislusalur fyrir hópa. www.uthlid.is S. 699 5500.

## Gisting



**Sumarhús í Varmahlíð.**
Til leigu ný 50 fermetra sumarhús með heitum potti í Varmahlíð. Góð aðstaða. Uppl. í s. 453 6880.

## Byssur

Til sölu hálfsjálfvirk haglabyssa. Browning A-500 ásamt 50-100 skotum. Uppl. í s. 865 3041.

## Fyrir veiðimenn




Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Hestamennska




Útsala á hestavörum 30-70% afsl. Beisli, hnakkar, skálmar, úlpur, peysur, hanskar. Ístölt, Bæjarlind 2. S. 555 1100.

HRAFN hnakkur ásamt fylgihlutum til sölu. Uppl. í s. 554 0123 & 863 8034.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu lítil 2ja herb. íbúð í Hafnafj. Uppl. í S. 848 3523 & 5554968.

Gullfalleg íbúð til leigu á Skólavörðuholtinu. Langtímaleiga. Uppl. í s. 858 1064.

Reyklaus lúxus stúdíó í 101 búið húsgögnum og öllum húsbúnaði, sjónvarpi, DVD og háhraðainterneti, Leiga 80 þús. á mán. Leigist - 01. júní einstaklingi. Uppl. í s. 864 5719.

Til leigu 3ja herbergja íbúð við Álfkonuhvarf með bílskýli, laus. Uppl. í s. 824 2135.

## Húsnæði óskast

57 ára bandaríkjamaður oskar eftir einstaklingsíbuð eða herbergi í gistihúsi, helst með aðgang aö þvottahúsi, í miðbænum. Reglusamur maður, ég mun vera á Íslandi frá byrjun ókt fram til jóla til þess að taka þátt í námskeið. Hafðu samband brad_morton@hotmail.com

Skilvíst, reyklaust par óskar eftir 2herb íbúð til leigu í eitt ár miðsvæðis í Reykjavík. s: 862-9116

Par með hund óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 823 6596.

Einstæður faðir óskar eftir 2-3ja herb. íbúð. Meðmæli ef þess er óskað. Uppl. í s. 662 3146.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymsla1.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ











Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl.

Uppl. í s. 864-3176 & 895-3176

## Gisting

Fyrirtæki, stofnanir. 75 íbúðir til leigu með eða án húsgagna. Þjónusta/ þrif/ þvottur/morgunmatur. Skoðið uppl. og myndir á www.ibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf á virkum dögum og um helgar.**
**Uppl. fást hjá Söru 868 6304 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Smáralind.**

Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsfólk óksast á sólbaðstofuna Smart, Grensásveg Dagvinna. Reyklaus vinnustaður.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Sólbaðstofan Smart.**

Óskum eftir vönum barþjónum, (keyrslu), þjónum í sal og glasatínum. Einnig vantar vana dyraverði. Einungis reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina, eldri en 18 ára. Umsóknir sendist á rex@rex.is. með öllum helstu upplýsingum.

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
**Vaktstjóra og starfsfólk óskast í vaktavinnu. Einnig vantar fólk í hlutastörf. Íslensku kunnátta æskileg. Ekki yngri enn 18 ára. Upplýsingar í síma 553 8890.**

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Duglegir starfsmenn óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Fjölbreytt starf - Góð laun í boði.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

**Naglafræðingur óskast**
**Heilda og Fegurð óskar eftir vönum naglafræðing.**
**Heildagsvinna, hálfdagsvinna, helgar eða kvöldvinna kemur til greina.**
**Uppl. gefur Linda í 899 8090.**

**Kassafólk**
**Kassafólk óskast til starfa í fullt eða hálft starf á virkum dögum. Upplýsingar gefur Ívar í síma 820 8003 eða á staðnum Skeifunni 13 Rúmfatalagerinn.**

**Starfsfólk**
**vantar starfsfólk í vefnaðarvöruverslun í Kópavogi. Vinnutími eftir samkomulagi. Aldur skiptir ekki máli. Upplýsingar í síma. 848 0895.**

**Red Chili**
**Langar þig að vinna á jákvæðu og hressu umhverfi. Við erum að leita að starfsfólki í sal - dag og vaktarvinna í boði.**
**Uppl. í síma 867 7217 eða 660 1855 redchili@redchili.is**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir mönnum með lyftarapróf. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir verkamaönnum til malbikunar og fl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Hótel - Mótaka.**
**Hótel Óðinsvé óskar eftir ráða starfsfólk í mótöku.**
**Nánari uppl. veitir Linda. Hótel Óðinsvé Óðinstorgi, sími 511 6200 eða á linda@hotelodinsve.is**

**Kaffihús Laugavegi 24**
**Óskar eftir að ráða kaffibarþjóna, þjóna í sal og starfsfól í eldhús. Krafist er stundvísi og dugnaðar. Góð laun fyrir réttan aðila.**
**Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 12 & 18.**

**Dagvinna-Hringbraut**
**Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 10-17, virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.**
**Nánari upplýsingar gefur Júlía 696-7018.**

**Kaffibrennslan Pósthússtræti 9.**
**óskar eftir yfirkokk, sem getur hafið störf sem fyrst.**
**Einnig vantar starfsfólk í sal.**
**Einnig vantar fólk á Hótel Valhöll, Þingvöllum.**
**Góð laun fyrir rétta aðila.**
**áhugasamir geta skilað inn umsóknum á kaffibrennsluna eða á sara@brennslan.is og 561 3601 Sara.**

**Blómaverslun**
**Starfskraftur óskast í blómaverslun. Aðeins vanur og reyklaus einstaklingur kemur til greina. Meðmæli skilyrði. Áhugasamir sendi inn umsókn á skreyting@internet.is**

**Vantar þig starfsfólk ?**
**Í kjölfar mikillar þenslu í efnahagslífinu og mikillar vöntunar á starfsfólki, getum við útvegað enskumælandi starfsfólk fyrir fyrirtækið þitt með stuttum fyrirvara AVM recruitment sérhæfir sig í því að finna fyrir fyrirtækið þitt, hæft starfskraft fólk, bæði menn og konur í nánast hvaða starf sem er, hvort sem er byggingaverkamenn, sérfræðinga í tölvum, veitingahús eða verslanir.**
**www.avm.is**

**Sími 897 8978 Alan.**

**Fjarðarbakarí Hafnafirði**
**óskar eftir afgreiðslufólki til starfa sem fyrst.**
**Upplýsingar í síma 862 9363 Bragi eða 895 7355 Halldór.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13. Einnig laus helgarstörf.Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00 einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is www.bakarameistarinn.is**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vinnutíma frá kl 07-13 eða 13-18.30 daglega. Góð laun í boði fyrir duglega aðila. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma; 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf strax. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

**Smiðir-verktakar!**
Tilboð óskast í smíði sökkla undir 9 raðhús. Upplýsingar í síma 898 9313.

Vantar smiði og verkamenn í vinnu í vetur. S. 869 9814.

**Veitingahúsið Hornið.**
Vill ráða snyrtilegan og reglusaman þjón í sal. Reynsla æskileg. 100% Vaktavinna. Upplýsingar í síma 898 6481.

**Afgreiðsla**
Starfsmann vantar til afgreiðslustarfa. Þyrfti að geta byrjað fljótlega. Nánari uppl. í s. 699 1705. Gæðafæði ehf.

**Leikskólinn Ásborg**
óskar eftir starfsfólki í vinnu með 1-6 ára börnum. Við leggjum áherslu á samskipti og skapandi starf. Uppl. gefur Sigga leikskólastjóri í s. 553 1135.

**Hársnyrtistofan Korner**
óskar eftir nema eða starfskrafti sem allra fyrst í fulla vinnu. Uppl. á staðnum eða í síma 698 1086, 897 4878 & 544 4900.

BEITNINGARFÓLK, okkur bráðvantar helst vant fólk í beitningu í Grindavík, húsnæði í boði. Uppl í sima 898 5419.

**Vélavörður**
Traust fyrirtæki óskar eftir vélaverði. Uppl. í s. 898 4855.

**Góðar aukatekjur í líflegu umhverfi**
Stórt útgáfufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í úthringingar. Mjög góð aukavinna, unnið er um kvöld og helgar. Föst laun og bónusar. 18 ára aldurstakmark. Frekari upplýsingar virka daga í síma 663 4220 kl. 18-22.

**Smiðir óskast**
Húsasmíðameistari óskar eftir að ráða smið og verkstjóra. Uppl í s. 893 6130.

**Café Konditori**
Okkur vantar starfsmann í afgreiðslu í 100% starf. Uppl. í s. 588 1550, Carlos.

Starfskraftur óskast í matvöruverslun í austurbænum, bílpróf æskilegt en þó ekki nauðsyn. Upplýsingar Kjöthöllin, Háleitisbraut 58-60. S. 553 8844.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Heiðarlegir og röskir einstaklingar óskast til starfa í Bláa turninum Háaleitisbraut, um er að ræða vinnutíma frá kl.16-22 virka daga og breytilegur vinnutími aðra hvora helgi. uppl í S 8974293, eða á staðnum á daginn. Bt. Þórhallur eða Þorgerður.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. This is a future job for people older then 25. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Ekki yngri en 25 ára. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

**Hlutastarf - Útkeyrsla ofl.**
Arctic Wear vantar starfskraft í útkeyrslu ofl. Hentar vel með skóla. Upplýsingar gefur Helga í síma 824 4070.

**Vantar mann strax**
Vantar mann strax með meirapróf. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 9006.

## Atvinna óskast

28 ára reglusöm ísl. kona óskar eftir vinnu frá 8:30 til 13:00 virka daga, ýmislegt kemur til greina. Uppl. í síma 866-7817

## Viðskiptatækifæri

**Barrekstur til sölu**
Á spáni. Verð sem kemur á óvart. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532 & 699 6320.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Íbúar í 101**
Gamla fjólubláa hjólið mitt með litlum dekkjum og giltum standara er týnt. Vinsamlega kíkið í bakgarða og hringið í Mörtu Maríu í s. 690 0760.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

**Spennandi þjónustur í símanum þínum!**
Bókasafnið 905-2333
515-8888
515-8800
Stefnumót 905-2323
Topp 10 kvöldsögur 905-2266
G-línan 905-5656
905-2580




Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

**Símaspjall 908 6060 & 908 5959.**
Hæ ég heiti Margrét. Ég er heit og ljúf og langar að heyra í þér. Opið allan sólarhringinn. S. 908 6060 & 908 5959.

Kona hefur lagt inn auglýsingu á Rauða Torgið Stefnumót og leitar kynna við karlmann með skemmtilega tilbreytingu í huga. Auglýsingu hennar má heyra í símum 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl.nr. 8727.

Ógift kona, komin undir fimmtugt, leitar kynna við ógiftan karlmann með náin kynni í huga. Ekki skyndikynni. Auglýsingu hennar má heyra í símum 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl. nr. 8261.

Kona milli fimmtugs og sextugs vill kynnast tónelskum manni. Auglýsingu hennar má heyra í símum 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl.nr. 8136.

Ljóshærð, bláeyg 43 ára kona vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsingu hennar má heyra í símum 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl. nr. 8381.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

**allt atvinna**
**Alla sunnudaga**

## ATVINNA

Ertu í skóla ?

# Vantar þig vinnu ?

Okkur vantar gott fólk á 4 - 5 stunda vaktir, í býtibúr, við ræstingu og umönnun.

Vinnutími er kl. 08 - 13 og/eða 17.30.- 21.30.

Endilega hafðu samband sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Aðalheiður Vilhjálmsdóttir, hjúkrunarforstjóri (alla@skjol.is) virka daga í síma 5225600

**BM ráðgjöf**
www.bm.is
**Kvöldvinna**
**Akureyri, Reykjavik og Reykjanesbær.**
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

## ATVINNA

# Skemmtileg vinna!



**Okkur vantar góða skemmtilega starfsmenn!**
**Fólk til að tala í síma og veita frábæra þjónustu!**

Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.

SKÚLASON

Skúlason símaver ehf - Sími 575 1500 - www.skulason.is

## Bifvélavirki eða laghentur maður óskast til framtíðarstarfa.

Starfið er fjölbreytt og fellst m.a. í viðgerðum og afgreiðslu varahluta. Eðli starfsins krefst þess að viðkomandi geti unnið sjálfstætt, hafi þjónustulund, gott mannorð og hreint sakavottorð. Góð laun eru í boði fyrir réttan mann.

Upplýsingar um menntun, hagi og fyrri störf sendist til Fréttablaðsins merkt "Framtíðarstarf" fyrir 19. september.

SS fremstir fyrir bragðið

## Sláturtíð
### Sláturhús - Selfossi

Sláturfélag Suðurlands óskar að ráða sem fyrst fólk til starfa á meðan á sauðfjársláturtíð stendur í eftirtalin störf í sláturhúsinu á Selfossi

-Aðstoðarstarfsmann í mötuneyti
-Starfsmann á lyftara
-Almenn starfsmenn við slátrun

Mikil vinna er framundan.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu félagsins á Hvolsvelli og Selfossi. Einnig er hægt að sækja um á www.ss.is.

SS útvegar starfsmönnum húsnæði þeim að kostnaðarlausu á Selfossi.

Nánari upplýsingar veitir stöðvarstjóri í sláturhúsinu í síma 480-4100.

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvæla-fyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa 330 starfsmenn.

SS fremstir fyrir bragðið

## SS óskar eftir verkstjóra á vélaverkstæði kjötvinnslunnar á Hvolsvelli.

Sláturfélag Suðurlands óskar að ráða verkstjóra á vélaverkstæði.

Starfið felst í daglegri stjórnun vélaverkstæðis, fyrirbyggjandi viðhaldi og eftirliti með véla- og tækjabúnaði.

Óskað er eftir vélstjóra/vélvirkja með reynslu af ofangreindum störfum, ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Tölvu- og tungumálakunnátta nauðsynleg.

Í boði er fjölbreytt og spennandi starf hjá traustu fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri, s. 575 6000 og deildarstjóri tæknideildar, s. 488 8200.

Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík fyrir 18. september merktar "Starfsumsókn – Verkstjóri vélaverkstæði"

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvæla-fyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa 330 starfsmenn.

allt
auglýsingasími
550 5880

# SKILTAGERÐ
## Umhverfismerkingar

Framsækið og ört vaxandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu umhverfisauglýsinga óskar eftir að ráða vegna aukinna umsvifa, laghenta, jákvæða og duglega starfsmenn sem fyrst.

**Framleiðslustarf**
Starfið felst í almennri skiltavinnu sem og öðrum fjölbreyttum verkefnum. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg, en ekki nauðsynleg

**Framleiðslustjóri**
Starfið felst í stjórnun og skipulagningu framleiðsludeildar fyrirtækisins, umsjón með birgðahaldi og mannaforráð í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra.

Umsóknir sendist fyrir 11. september merkt viðkomandi starfi á neðangreint heimilisfang eða á netfang: hilmar@frankogjoi.is

FRANK & JÓI
Umhverfismerkingar / Skiltagerð
Eirhöfði 11 / 110 Reykjavík
Sími, 567 9292 / Fax, 567 9295
www.frankogjoi.is

JAFNRÉTTISRÁÐ

## Jafnréttisviðurkenning 2006

Jafnréttisráð lýsir eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar fyrir árið 2006. Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, hópar, fyrirtæki eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála. Tilgangurinn er að verðlauna fyrir vel unnin störf í þágu jafnréttis kvenna og karla og hvetja um leið til frekari dáða.

Tilnefningum skal skilað eigi síðar en 25. september n.k. til Jafnréttisráðs, Borgum, 600 Akureyri, í síma 460 6200, bréfsíma 460 6201 eða í tölvupósti jafnretti@jafnretti.is

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

## Auglýst er eftir heilbrigðum sjálfboðaliðum til þátttöku í klínískri aðgengisrannsókn

Óskað er eftir heilbrigðum sjálfboðaliðum (konum og körlum) á aldrinum 18-55 ára til þátttöku í klínískri aðgengisrannsókn á rannsóknarlyfinu DG-031. Rannsóknarlyfið tilheyrir nýjum flokki lyfja sem hamlar svonefndan FLAP efnahvata sem skiptir máli við myndun ákveðinna bólguþátta í líkamanum. Íslensk erfðagreining ehf. er vinnur að þróun lyfsins við hjarta- og kransæðasjúkdómum. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar. Aðalrannsakandi er Hrefna Guðmundsdóttir sérfræðingur í lyflækningum og nýrnasjúkdómum.

Megintilgangur rannsóknarinnar er að meta áhrif fæðu á aðgengi DG-031 taflna framleiddum með nýrri framleiðsluaðferð og einnig til að gera samanburð á aðgengi DG-031 taflna framleiddum með nýrri og eldri framleiðsluaðferð. Einnig verður þol og öryggi rannsóknalyfsins metið.

Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum.

Alls er gert ráð fyrir 18 heilbrigðum sjálfboðaliðum í rannsókninni. Rannsóknin fer fram á rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík. Gert er ráð fyrir 5 heimsóknum á rannsóknarsetur og er tími hvers þátttakanda í rannsókninni verður u.þ.b. 43 dagar. Þátttakendur dvelja á rannsóknarsetri í um 48 klukkustundir í heimsóknum 2, 3 og 4 en í heimsóknum 1 og 5 í um 30-45 mínútur.

Greitt verður fyrir þátttöku, alls kr. 64.800 ef þátttakandi lýkur rannsókninni.

Þeir sem kynnu að hafa áhuga eru beðnir um að leita frekari upplýsinga um rannsóknina hjá hjúkrunarfræðingi rannsóknarinnar í síma 510 9900.

***Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.***

Version 1, 24May2006

allt
hús
Alla mánudaga

allt
matur
Alla föstudaga

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Háskólastig á tímamótum
### Málþing um niðurstöður skýrslu OECD um íslenska háskólastigið

**Iðusölum við Lækjargötu**
**Kl. 9:00-13:00, föstudaginn 8. september.**

**Dagskrá**

1. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra: Stefna íslenskra stjórnvalda í málefnum háskólastigsins
2. Paulo Santiago, sérfræðingur OECD: Niðurstöður skýrslu um íslenska háskólastigið
3. Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri: Skýrsla OECD og ný lög um háskóla
4. Pallborðsumræður
   Þátttakendur:
   Eyrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BÍSN
   Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík
   Kristinn Andersen, rannsóknastjóri, Marel hf.
   Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands
   Stefanía K. Karlsdóttir, bæjarstjóri og fyrrv. rektor Tækniháskóla Íslands
   Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri

Hádegisverður í boði menntamálaráðherra.

Fundarstjóri: Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Málþingið er öllum opið en tilkynna skal þátttöku á netfangið postur@mrn.stjr.is fyrir kl. 12 fimmtudaginn 7. september.

Menntamálaráðuneyti, 05.september 2006.
menntamalaraduneyti.is

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is

Félag Fasteignasala

Opið virka daga
frá kl. 09:00-17:00.
www.fmg.is


Sverrir Kristjánsson
lögg. fasteignasali
sími 896 4489


Karl Dúi Karlsson
sölumaður
GSM 898 6860

Samtengd söluskrá
Sex fasteignasölur
- ein skráning - minni kostnaður -
- margfaldur árangur -
wwwhus.is


**BAUGHÚS - PARHÚS**
Glæsilegt 187,3 fm parhús á 2 hæðum með innb. bílskúr á besta stað í Grafarvogi. Frábært útsýni yfir Esjuna, Akrafjall og út á Jökul.
2 svefnherb. eru á neðri hæðinni og 2 á efri. Einnig eru 2 baðherb., en verið er að standsetja annað. Þrískipt falleg stofa. Eldhús með nýlegri 4ra hellu gaseldavél og borðkrók. Skjólgóður og afgirtur sólpallur sem snýr í suður. Parket og flísar á gólfum.
LAUS TIL AFHENDINGAR **V. 40,5 millj.**


**DOFRABORGIR - TVÍBÝLI**
Glæsileg, rúmgóð og vel skipulögð 135,3 fm efri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt 58 fm tvöföldum bílskúr á fallegum útsýnisstað í Grafarvogi.
3 svefnherb. og 2 baðherb. Fallegt parket og mustang flísar á gólfum. Hátt til lofts. Glæsilegar innréttingar og tæki í eldhúsi. Hornbaðkar og vegghengt salerni. Búið er að útbúa Stúdio-íbúð í öðrum bílskúrnum. Húsið stendur neðst í lokuðum botnlanga. **V. 42,9 millj.**


**BLIKAHÖFÐI - 4RA HERB.**
Mjög falleg 100,2 fm, 4ra herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli í Mosfellsbæ. 3 rúmgóð svefnherb., öll með skápum og öll parketlögð. Baðherb. flísalagt í hólf og gólf, innrétting og baðkar með sturtuaðstöðu. Þvottarými inn af baði. Parketlögð, rúmgóð og björt stofa, stórar suð-vestur svalir með fallegu útsýni. Eldhús flísalagt og með stórum borðkrók. Sér geymsla. Stutt í skóla og leikskóla. **V. 23,3 millj.**


**BERJARIMI - 3JA HERB./SÉR INNG.**
Glæsileg 3ja herb., 89,9 fm íbúð með sér inngangi á 2. hæð, ásamt stæði í bílageymslu. 2 svefnherb., björt stofa og borðstofa, suður svalir. Eldhús með fallegri innréttingu og eyju með 4ra hellu gaseldavél og stál háf. Borðkrókur. Þvottaherb. innan íbúðar. Flísalagt baðherb. með innréttingu og baðkari með sturtuaðstöðu. Fallegt parket og flísar á gólfum. Hátt til lofts. Sér geymsla inn af bílastæði.
**V. 21,6 millj.**


**BORGARHOLTSBRAUT - 3JA HERB.**
Góð 3ja herb., 66,1 fm endaíbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli í Kópavogi. Húsið var byggt 1983. Glæsilegt útsýni af svölum. 2 svefnherb., eldhús með upprunalegri innréttingu og baðherb. með glugga og baðkari. Björt stofa og borðstofa. Rúmgóðar suð-vestur svalir. Parket og flísar á gólfum. Hátt er til lofts og eru loft viðarklædd. Ca. 5 fm sér geymsla og sameiginlegt þvottaherb. á jarðhæð. **V. 16,9 millj.**


**LAUFENGI - 3JA HERB.**
Björt, rúmgóð og vel skipulögð 83,4 fm, 3ja herb. íbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í Grafarvoginum. Eldhús með hvítri/beyki innréttingu og borðkrók. Gluggar í tvær áttir í eldhúsinu. Stofan er rúmgóð og björt, suður-svalir með útsýni. Baðherb. með glugga, sturtu og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. 2 svefnherb. með fataskápum. Geymsla innan íbúðar. Dúkur á gólfum. **V. 18,2 millj.**


**SÆBÓLSBRAUT - 3JA HERB. ENDAÍBÚÐ**
Mjög falleg 78,8 fm, 3ja herb. endaíbúð á 3. hæð í Kópavogi, ásamt 10 fm geymslu. Flísalagt anddyri með stórum fataskáp. Stofa/borðstofa björt og rúmgóð. Fallegt útsýni yfir Fossvoginn. Suður svalir. Eldhús með borðkrók. 2 svefnherb., bæði með skápum. Baðherb. með glugga, innréttingu og baðkari. Flísar á gólfi. Nýtt fallegt parket. Rimlagardínur fylgja. Sameignin er öll mjög snyrtileg. **Verð 19,7 millj.**


**NESVEGUR - 2JA-3JA HERB.**
Góð 54 fm, 2ja-3ja herb. ósamþykkt íbúð í kjallara við Nesveginn í Vesturbænum. Hol með fataskáp, þar er einnig lítið salerni. Þvottaherb. með sturtuaðstöðu og lítið herb. sem hægt er að nota sem svefnherb. Stofan og eldhúsið er eitt rými. Svefnherb. með fataskápum. Útigeymsla og 1-2 geymslur í íbúðinni. Nýtt parket í stofu og svefnherb., dúkur á öðrum gólfum. **V. 8,7 millj.**


**STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI**
Við Lágholt er til sölu 5 - 6 herbergja, 152,6 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 29,9 fm bílskúr á góðum stað í Hólminum. Húsið var byggt árið 1970. Frágengin lóð.


**STYKKISHÓLMUR - ÚTSÝNI**
Fallegt 190 fm einbýlishús úr timbri ásamt 40 fm bílskúr á frábærum útsýnistað við Sjávarflöt í Stykkishólmi. Rúmgott þvottaherb., 4 svefnherb. Stór stofa sem skiptist í sjónvarpsrými, borðstofu og setustofu. Garðskáli. Nýleg Ikea innrétting í eldhúsi, búr inn af því. Parket, dúkur og flísar á gólfum. Útsýni úr stofu og garðskála yfir Breiðafjörðinn er með því besta sem sést í Stykkishólmi. **V. 28,9 millj.**

Frum

# Búseti auglýsir

## lausar íbúðir til úthlutunar 13. september

Klapparstígur 20 — Íbúð: 301
101 Reykjavík
1 herb. 33,6 fm
Almennt lán



Afhending að ósk eiganda:
Miðjan október nk.
Hámarksverð: kr. 956.004
Lágmarksverð: kr. 904.220
Búsetugjald: kr. 49.770

Dvergholt 3 — Íbúð: 201
220 Hafnarfjörður
2 herb. 76,3 fm
Lán með tekjumarki



Afhending að ósk eiganda:
September/október
Hámarksverð: kr. 1.245.664
Lágmarksverð:
Búsetugjald: kr. 44.076

Miðholt 13 — Íbúð: 202
270 Mosfellsbær
2 herb. 70 fm
Lán með tekjumarki



Afhending að ósk eiganda:
Byrjun október nk.
Hámarksverð: kr. 1.576.412
Lágmarksverð: kr. 1.208.583
Búsetugjald: kr. 44.100

Lerkigrund 7 — Íbúð: 102
300 Akranes
3 herb. 80 fm
Almennt lán



Afhending að ósk eiganda:
Fljótlega
Hámarksverð: kr. 3.897.415
Lágmarksverð:
Búsetugjald: kr. 61.699

Berjarimi 1 — Íbúð: 202
112 Reykjavík
4 herb. 87,14 fm
Lán með tekjumarki



Afhending að ósk eiganda:
Byrjun janúar ´07
Hámarksverð: kr. 2.159.052
Lágmarksverð:
Búsetugjald: kr. 63.664

**Almenn lán veita rétt til vaxtabóta.
Lán með tekjumarki veita rétt til húsaleigubóta.**

**Til að geta sótt um íbúð með tekjumarksláni verður viðkomandi að vera undir eigna- og tekjumörkum.
Eignamörk eru 2,5 milljónir. Tekjumörk eru 2,5 milljónir á ári fyrir einstakling en um 3,5 fyrir hjón/sambúð. Leyfilegar tekjur til viðbótar vegna hvers barns eru um 400 þúsund.**

**umsóknarfrestur er til og með 12. september**

**Búseti hsf.**
Skeifunni 19, 108 Reykjavík • Sími 520 5788
www.buseti.is • Netfang buseti@buseti.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.081 **-0,46%** **Fjöldi viðskipta:** 356 **Velta:** 3.089 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | +2,63% | **Icelandic Group** | -2,61% |
| **Mosaic** | +0,58% | **Dagsbrún** | -1,95% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,17% | **Landsbankinn** | -1,17% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,50 -0,77% ... Alfesca 4,68 +2,63% ... Atlantic Petroleum 582,00 +0,17% ... Atorka 6,25 +0,00% ... Avion 33,30 -0,89% ... Bakkavör 54,20 -0,37% ... Dagsbrún 5,02 -1,95% ... FL Group 18,80 -1,05% ... Glitnir 20,00 -0,50% ... KB banki 836,00 -0,12% ... Landsbankinn 25,40 -1,17% ... Marel 76,50 -0,65% ... Mosaic Fashions 17,50 +0,58% ... Straumur-Burðarás 16,80 -0,59% ... Össur 124,50 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**KOFI ANNAN RÆÐIR VIÐ FORSETA ÍRANS** Kofi Annan, sem er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hitti Mahmoud Ahmadinejad, forseta Írans, í byrjun mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Refsiaðgerðir gegn Írönum skaða Dani

**Danir fluttu síðustu tólf mánuði út vörur til Írans fyrir tæpa 1,2 milljarða danskra króna. Útflutningur héðan til Írans hefur margfaldast síðustu ár.**

Útflutningur á dönskum vörum til Írans hefur aukist nokkuð síðastliðin ár og eru Danir skiljanlega uggandi um hag sinn vegna yfirvofandi refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna (SÞ) gegn Írönum.

Danir fluttu vörur til Írans á síðastliðnum tólf mánuðum fyrir tæpa 1,2 milljarða danskra króna eða tæplega 14 milljarða íslenskra króna og var verðmætið svo til óbreytt á milli ára. Árið 2003 nam verðmæti útflutnings hins vegar um 713 milljónum danskra króna, jafnvirði tæpra 8,5 milljarða íslenskra króna, og var vöxtur mestur í útflutningi á vélahlutum og lyfjum.

Danska dagblaðið Börsen hefur eftir forsvarsmönnum Samtaka iðnaðarins í Danmörku að ákveði SÞ að grípa til viðskiptaþvingana gegn Írönum vegna kjarnorkuáætlunar stjórnvalda skerði það útflutning danskra fyrirtækja. Geti samtökin lítið gert fyrir dönsk fyrirtæki annað en að vera þeim innan handar. Benda þeir á að þvinganir af þessu tagi skili oftar en ekki litlum árangri.

Til samanburðar nam útflutningur frá Íslandi til Írans 40,4 milljónum króna á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Ljóst er að útflutningurinn hefur vaxið gríðarlega síðastliðin þrjú ár en árið 2003 nam verðmæti útflutningsins 1,9 milljónum króna. Mest var flutt út til Írans af vélum til matvælaframleiðslu á tímabilinu. **jonab@frettabladid.is**

# Magnús tekur við



MAGNÚS ÞORSTEINSSON

Magnús Þorsteinsson, starfandi stjórnarformaður Avion Group, tekur við stjórnarformennsku í Excel Airways Group af Eamonn Mullaney, fyrrum stjórnarformanni og eins af stofnendum breska leiguflugfélagsins Excel Airways, sem er tíunda stærsta leiguflugfélag í heimi. Mullaney hefur tilkynnt um starfslok sín í lok október.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands segir að Excel Airways, sem er dótturfélag Avion Group, hafi verið stofnað árið 1999. Eamonn, sem jafnframt er stjórnarmaður í Avion Group, hætti sem starfandi stjórnarformaður í upphafi árs og hefur síðan verið stjórnarformaður Excel Airways Group. Með þessu stytti hann vinnuviku sína í þrjá daga og undirbjó fyrirhuguð starfslok í lok sumarvertíðar.

Haft er eftir Magnúsi Þorsteinssyni, stjórnarformanni Avion Group, að félagið óski Eamonn alls hins besta í framtíðinni. Eigi hann að baki gjöfula og langa starfsævi í flugiðnaðinum.

„Eamonn hefur frá upphafi stýrt hröðum og miklum vexti Excel Airways og átti mikinn þátt í uppbyggingu félagsins. Fyrirtækið kveður Eamonn með þakklæti og óskar honum alls hins besta," segir Magnús í tilkynningunni. **- jab**

# Samskip selur Tschudi TECO

Samkomulag hefur náðst milli Samskipa og norska skipafélagsins Tschudi Shipping Company AS um kaup norska félagsins á helmingshlut Samskipa í eistneska skipafélaginu TECO LINES AS. Kaupverðið er sagt trúnaðarmál.

TECO hefur verið í sameiginlegri eigu Samskipa og Tschudi Shipping síðustu þrjú ár og er það niðurstaða eigendanna að áframhaldandi þróun og rekstur félagsins sé betur kominn undir stjórn eins eiganda. Í framhaldinu náðist samkomulag um að norska félagið keypti hlut Samskipa.

Í tilkynningu Samskipa kemur fram að TECO haldi eftir sem áður áfram samstarfi við Samskip samkvæmt fyrirliggjandi viðskiptasamningum. **- óká**





Margir einstaklingar eru heftir í sínu daglega lífi vegna verkja í hnjám. Þetta ástand orsakast meðal annars vegna líkamlega erfiðra vinnuaðstæðna, íþróttameiðsla eða vegna þróunar slitgigtar. Stór hluti þessara einstaklinga þjáist meira en hann þyrfti. Glucomed er nýtt lyf notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hnjám. Það inniheldur glúkósamín sem er náttúrulegt efni í liðum.




Glucomed® 625 mg
Glucosamine

LD1060801

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur (1250 mg) einu sinni á dag til að draga úr einkennum.

*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*

ROGERT WATERS FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1944

*„Hverjir eru sterkastir?, hverjir eru bestir?, hverjir hafa öll trompin á hendi?, austrið eða vestrið? Það er svona vitleysa sem við kennum börnunum okkar.“*

***Roger Waters, fyrrum meðlimur Pink Floyd, sem kom til Íslands í sumar, er 62 ára í dag.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 6. SEPTEMBER 1997

## *Díana prinsessa jarðsungin*

Þegar Díana prinsessa var jarðsungin á þessum degi árið 1997, söfnuðust um milljón manns saman í kringum dómkirkjuna og má reikna með að mikill fjöldi manns hafi fylgst með athöfninni þegar henni var sjónvarpað um allan heiminn í beinni útsendingu, þar á meðal á Íslandi.
Eins og kunnugt er lét Díana lífið í bílslysi í París ásamt elskhuga sínum, Dodi Al Fayed, son Mohammad Al Fayed, eiganda Harrods. Slysið átti sér stað í undirgöngum í borginni, þegar bíll þeirra var á flótta undan aðgangshörðum blaðaljósmyndurum á mótorhjólum. Rannsókn á slysinu leiddi síðar í ljós að bílstjóri þeirra, Henri Paul, hefði bæði neytt lyfja og áfengis í miklu magni skömmu áður en hann settist undir stýrið.
Mikil sorg greip Breta við andlát prinsessunnar og í almenningsgörðum í hverjum bæ mátti finna blóm, bangsa og kveðjur til hinnar látnu prinsessu.



## MERKISATBURÐIR

1522 Fyrsta skip úr flota Magellans kemst til hafnar á Spáni og lýkur þar með fyrstu hringferð um hnöttinn.

1901 Bandaríski forsetinn McKinley skotinn í New York. Hann lést viku síðar.

1928 Bandalag íslenskra listamanna er stofnað til að styðja vöxt og viðgang íslenskra lista.

1943 Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness kemur út.

1944 Annar burðarstrengur Ölfusárbrúar slitnar. Tveir bílar falla í ána en bílstjórarnir bjargast.

1952 Iðnsýning er opnuð í Reykjavík. Hana sækir annar hver Íslendingur.

1952 Fjöldi áhorfenda lætur lífið þegar flugvél steypist í mannhaf á flugsýningu í Englandi.



†

*Elsku pabbi, tengdapabbi og afi okkar,*

**Erling Ólafsson**

múrari,

lést laugardaginn 2. september síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Rut Erlingsdóttir** **Gunnar Magnússon**
**Örn Erlingsson** **Kristín Einarsdóttir**
**Björk Erlingsdóttir** **Sverrir Jónsson**
**og afabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Skafti Fanndal Jónasson**

frá Fjalli, Sæborg, Skagaströnd,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 2. september. Útförin fer fram frá Hólaneskirkju, Skagaströnd, laugardaginn 9. september kl 14.00.

**Hjalti Skaftason** **Jónína Arndal**
**Jónas Skaftason**
**Vilhjálmur Skaftason** **Salome Jóna Þórarinsdóttir**
**Anna Eygló Skaftadóttir** **Gunnþór Guðmundsson**
**Þorvaldur Hreinn Skaftason** **Erna Sigurbjörnsdóttir**
**Valdís Edda Valdimarsdóttir** **Hlíðar Sæmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Árni Kristinn Hansson**

áður Digranesvegi 62, Kópavogi,

sem lést 24. ágúst, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni Kefas, Fagraþingi 2A,Vatnsenda, Kópavogi miðvikudaginn 6. september kl 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð sem hefur verið stofnaður og ber hans nafn. Sjóðnum er ætlað að vera til styrktar þeim sem minna mega sín í þjóðfélagi okkar. Upplýsingar í síma 862 8180.

**Björg R. Árnadóttir** **Ármann J. Lárusson**
**Ingibjörg Árnadóttir**
**Ragnheiður D. Árnadóttir** **Bragi Sigurjónsson**
**afabörn og fjölskyldur.**



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Valgerður Magnúsdóttir**

frá Hátúnum í Landbroti,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum aðfaranótt 3. september. Útförin fer fram frá Prestbakkakirkju á Síðu laugardaginn 9. september kl. 14.
Fyrir hönd annarra vandamanna,

**Magnea G. Þórarinsdóttir**
**Elín V. Magnúsdóttir og fjölskylda**
**Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir og fjölskylda**
**Ingunn G. Magnúsdóttir og fjölskylda**
**Júlíana Þ. Magnúsdóttir**
**Ólöf B. Magnúsdóttir**
**Pála H. Magnúsdóttir**



**HEIÐAR ÁSTVALDSSON** Fagnar fimmtíu ára afmæli dansskólans en ætlar ekkert að halda neitt sérstaklega upp á það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DANSSKÓLI HEIÐARS ÁSTVALDSSONAR: 50 ÁRA Á ÁRINU

# Aldrei verið skammaður

Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar á fimmtíu ára starfsafmæli um þessar mundir. Heiðar segist þó ekki ætla að halda sérstaklega upp á þennan viðburð. „Við konan mín eigum bæði stórafmæli á árinu og ég hreinlega nenni ekki fleiri veisluhöldum,“ segir Heiðar, kátur að vanda. Tugir þúsunda nemenda hafa sótt námskeið í skólanum á þessum fimmtíu árum og Heiðar segist ekki komast inn á skemmtistað öðruvísi en að einhver komi upp að honum og segist hafa lært hjá honum. „Það hefur samt enginn skammað mig, aldrei nokkurn tíma,“ segir hann hlæjandi.

Heiðar segir fyrstu dansskólana ekki hafa hafið starfsemi fyrr en fyrir fimmtíu árum. „Danskennsla var þá bara í smáum stíl og engin úti á landi,“ segir hann. Hann segir einnig að mikið hafi breyst í dansheiminum á þessum tíma. „Reykjavík hefur breyst mikið á fimmtíu árum, en Dómkirkjan er enn á sínum stað. Þetta er eins í dansinum,“ segir Heiðar, „hann hefur breyst mikið, en það eru alltaf fastir punktar.“ Ein af nýjungunum var Cha cha cha, en sá dans leit dagsins ljós í kringum 1956. „Nú er Cha cha cha orðinn einn af risum dansins,“ segir Heiðar, en hann hefur einnig orðið vitni að þróun dansins utan dansskólanna. „Í fyrravetur fór ég út með nokkrum danskennurum til að sjá hvað væri í gangi í dansi. Við kíktum inn á pöbb með óvenjustóru dansgólfi og hljómsveit að spila ofboðslega hátt. Þetta var í fyrsta sinn á ævinni sem ég sá nokkuð þessu líkt; fólk hoppaði bara, ekkert hliðar kross að sjá einu sinni,“ segir Heiðar.

Dansskólinn býður upp á kennslu fyrir börn, unglinga og fullorðna, en Heiðar segir mikla aðsókn vera í fullorðinskennsluna. Hann segist samt hafa fundið fyrir því að áhugi á dansi hafi farið dalandi. „Áður fyrr fór fólk út til að dansa, ekki til að drekka og tala.“ Salsakennarar dansskólans fóru fimm ferðir til Kúbu á síðasta ári og segir Heiðar alla Kúbverja dansa. Hann harmar að íslenskir karlmenn vilji frekar hlaupa á eftir bolta, því fyrir utan að vera holl og góð íþrótt telur Heiðar dansinn vera innri þörf allra manna. „Það eru fyrst og fremst stúlkur sem stunda dansskólana, enda eru þær almennt talið betur gefnar,“ segir Heiðar og skellir upp úr.

Haustsstarfsemi skólans hefst í næstu viku.




Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




†

*Kæru vinir og vandamenn.*
*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elsku drengsins okkar, bróður, barnabarns, mágs og frænda.*

**Pétur Snær Pétursson**

Vallargötu 42, Sandgerði.

Guð blessi ykkur öll.
**Snæfríður Karlsdóttir, Pétur Guðlaugsson, Árni Gylfason, María G. Pálsdóttir, Hrannar Már Pétursson, Guðrún Pétursdóttir, Helgi Pétursson, Helena Sirrý Pétursdóttir, Arna Siv Pétursdóttir, Gréta Frederiksen, Karl Einarsson og frændsystkini.**



†

*Innilegt þakklæti sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför dóttur okkar, systur og barnabarns*

**Lindu Bjargar Rafnsdóttur**

**Anna Margrét Eiríksdóttir** **Hafsteinn Helgi Grétarsson**
**Rafn Harðarson** **Monika Anna Zdun**
**Hörður Rafnsson**
**Jón Grétar Hafsteinsson**
**Eiríkur Jón Ingólfsson** **Rannveig Árnadóttir**
**Margrét Pétursdóttir** **Guðmundur Sörensen**
**Anna Guðrún Hafsteinsdóttir** **Grétar Guðni Guðmundsson**

# Þökkum landsmönnum fyrir frábært grillsumar 2006



*Hreint lostæti*
*úr íslenskri náttúru...*

FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

Fjallalamb hf. • Röndinni 3 • 670 Kópaskeri • Sími 465-2140 • www.fjallalamb.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA í lausu lofti

**ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR** FJALLAR UM ÓBEIT SÍNA Á AÐ FLJÚGA UM LOFTIN BLÁ



Ég er búin að væla í allt sumar um að mig langi svo að komast til útlanda. Fara í frí og komast aðeins burt frá klakanum enda er það bara gott fyrir líkama og sál. Maður fær einhverja aukaorku frá mannmergðinni og nýjungunum sem ber fyrir sjónir í útlöndum. Loksins fór ég um helgina í góðra vina hópi til höfuðborgar númer tvö hjá Íslendingum, Kaupmannahöfn. Ferðin var ákveðin með litlum fyrirvara þannig að ég náði ekki að búa mig undir ferðalagið sjálft enda þjáist ég af flughræðslu sem ég reyni þó að bæla niður af bestu getu með góðum andlegum undirbúningi fyrir flug.

Ástæðurnar fyrir þessari hræðslu eru margar og í fyrsta lagi get ég ómögulega skilið hvernig níðþungur stálklumpur getur flogið um loftin blá og lent á miklum hraða á þremur hjólum sem eru hundrað sinnum minni en vélin sjálf. Þetta hefur örugglega eitthvað að gera með að á stúdentsprófunum mínum var eðlisfræðieinkunnin mín fáránlega lág miðað við aðrar einkunnir.

Vinir mínir líktu mér við gamla kerlingu þegar ég var komin upp á flugvöll, mér til mikillar óánægju vegna þess að ég fylgist vel með öllu sem gerist og vil helst vera komin í síðasta lagi tveimur tímum fyrir flug upp á völl. Þegar „boarding“ kemur á skjáinn fæ ég alltaf fiðring í magann og vil drífa þetta allt saman af. Í hvert sinn sem flugvélin hristist tek ég andköf og róa mig niður með því að hugsa jákvæðar hugsanir um flugslys. Léttirinn sem fylgir lendingu en síðan rosalegur og þá tekur gamanið við.

Stressið magnast síðan þegar tíminn er kominn til að fara upp í vél og oft langar mig helst til að snúa við á landganginum í stað þess að spenna mig við flugvélasætið í stálröri ásamt 100 manns. Þvílík innilokunarkennd. En sem betur fer er löngunin til útlanda sterkari en flughræðslan og því mun ég halda þessum óþægilega ferðamáta ótrauð áfram.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Ættleiða í Afríku

Söngkonan Madonna og eiginmaður hennar leikstjórinn Guy Richie halda til Afríku í næsta mánuði til að ættleiða barn af barnaheimili í Malaví. Hjónin eru þar með að feta í fótspor Angelinu Jolie og Brad Pitt sem eiga saman þrjú börn, þar af tvö ættleidd.

Stjörnurnar hafa sýnt Afríku mikla athygli og hefur Madonna vakið á því máls hversu bág staða þessarar álfu er, sérstaklega hvað varðar HIV-sjúkdóminn. Var hún meðal annars krossfest á sviði til þess að minnast þeirra sem látast úr sjúkdómnum daglega en kirkjunnar menn hneyksluðust mjög á athæfinu.

Ástæðan fyrir Afríkuferðinni er sögð vera að safna peningum fyrir afrísk barnaheimili og hjónin ætli því að nota ferðina og taka með sér barn heim til Englands.

Samkvæmt blaðinu The People mun ástæðan fyrir ættleiðingu Madonnu og Richie vera sú að hjónaband þeirra standi á völtum fótum og vilja þau gera allt til að bjarga því. Barnið yrði það þriðja í röðinni því Madonna á dótturina Lourdes úr fyrra sambandi og saman eiga Richie og Madonna einn son.



**HJÓNAKORNIN** Madonna og Guy Richie ætla að ættleiða barn til að bjarga hjónabandinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Alvöru stjörnuheimili

Hjónin Gwen Stefani og Gavin Rossdale eru nýbúin að fjárfesta í fyrrum heimili Jennifer Lopez í Beverly Hills, fyrir rúmlega milljarð króna. Varla mun væsa um hjónakornin og þriggja mánaða gamlan son þeirra í þessu 930 fermetra húsi sem er að sögn hannað fyrir stórstjörnur. Garðurinn í kring er einn hektari að stærð og inniheldur meðal annars tennisvöll, körfuboltavöll, sundlaug og bíósal, þannig að litlu fjölskyldunni ætti ekki að geta leiðst á heimilinu.



**HAMINGJUSÖM** Gwen og Gavin keyptu fyrrum heimili Jennifer Lopez



**MCKELLEN** Hefur tekið að sér hlutverk í sápuóperunni Coronation Street.

# Undrandi á McKellen

Jonathan Rhys Meyers segist ekkert skilja í samstarfsfélaga sínum Ian McKellen en sá síðastnefndi hefur fallist á að leika í bresku sápuóperunni Coronation Street. Meyers er sannfærður um að hlutverk á skjánum sé ekki við hæfi jafn mikilla gæðaleikara og McKellen en þessi stjarna úr Mission: Impossible III hefur heldur betur slegið í gegn að undanförnu. „Ég get horft á Footballers' Wives en að taka að mér hlutverk í þáttunum; gleymdu því," sagði hin ungi Meyers. „Fólk myndi halda að ég gæti ekki fengið almennilega vinnu," bætti hann við.



**LOHAN** Vonast til að kvikmyndin Bobby veki áhuga ungs fólks á stjórnmálum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Hugarfarsbreyting hjá Lohan

**Fyrrum unglingastjarnan Lindsay Lohan segist vonast til þess að nýjasta mynd hennar, Bobby, eigi eftir að vekja áhuga ungs fólks á stjórnmálum en myndin gerist í kringum morðið á Robert Kennedy árið 1968. Lohan leikur unga brúði sem giftist unnusta sínum svo hann þurfi ekki að berjast í Víetnamstríðinu umdeilda. „Fólkið af minni kynslóð þarf að kynnast þessum mikla leiðtoga," sagði Lohan og taldi sig alltaf hafa verið meðvitaða um hvað væri að gerast í kringum hana. „Ég hef alltaf hvatt krakka á mínum aldri til þess að kynna sér málin og láta rödd sína heyrast því það eru jú einu sinni við sem byggjum þessa jörð," sagði Lohan við blaðamenn á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum sem nú stendur yfir.**




## SKRÁNINGU ER AÐ LJÚKA, ÖLL NÁMSKEIÐ AÐ FYLLAST!

### TÓNVINNSLUNÁM

Til að annast tónsmíðar, útsetningar, hljóðritun og eftirvinnu þarf þekkingu, einbeitingu og útsjónarsemi. Á aðalnámsbraut Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er leitast við að gera nemendur fullfæra um að semja eigið lag og koma því frá sér fullunnu.

Nemendur fá ítarlega leiðsögn á Pro Tools og Reason samhliða lagasmíðum og er farið í kjölinn á því sem þarf að vera á hreinu varðandi öll helstu tækniatriði hljóðversins. Að námsbrautinni lokinni ætti hver og einn að þekkja upptökuferlið frá grunni.

Hljóðupptökuhluti námskeiðsins fer fram í einu glæsilegasta hljóðveri landsins; **Sýrlandi.**

Samhliða greinargóðu hljóðupptökunámi eru lagasmíði og upptökustjórn gerð rækileg skil. Nemendur fá nákvæmar leiðbeiningar um helstu atriði þessa krefjandi sviðs frá nokkrum af fremstu hljóðversmönnum landsins.

SÝRLAND

### SÖNG- OG GÍTARNÁM

Það er hópur valinkunna tónlistarmanna og söngvara sem sér um kennslu hjá Tónvinnsluskólanum. Hægt er að velja úr fjölbreyttum söngnámskeiðum og námskeiðum í gítarleik, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Námskeiðið Söngur og framkoma er í höndum Selmu Björnsdóttur. Þetta vinsæla námskeið sem nú er haldið í fjórða sinn, kemur inn á söng, framkomu og söng í hljóðveri. Námskeiðið hentar þeim vel sem hyggjast þreyta áheyrnarprufur fyrir söngleiki og sjónvarpsþætti á borð við Rock Star og Idol.



HALLA

Barna- og unglinganámskeiðið verður á sínum stað í Tónvinnsluskólanum en það hefur notið mikilla vinsælda síðustu misseri. Gestakennarar á þessu námskeiði verða söngorkubomban **Jónsi úr Svörtum fötum** og söng/leikonan og dansarinn **Halla Vilhjálmsdóttir**. Um er að ræða skemmtilegt námskeið fyrir yngri kynslóðina þar sem upprennandi söngvarar fá leiðsögn frá **Heiðu Ólafsdóttur**.

Ein ástsælasta söngkona landsins,Andrea Gylfadóttir, verður í annað sinn með námskeið í jazz og bluessöng. Þetta námskeið er fyrir lengra komna, t.d. fyrir þá sem hafa klárað "söngur og framkoma" eða samskonar námskeið, eða vilja gera alvöru úr söngkunnáttu sinni.

Gítarleikarar njóta leiðsagnar frá Vigni Snæ Vigfússyni (Írafár) og Gunnari Þór Jónssyni (Sól Dögg) og fleirum. Byrjendur sem og lengra komnir njóta góðs af reynslu þessara manna en farið er yfir helstu atriði gítarleiks og nokkur þekktustu rokklög sögunnar tekin fyrir.

**FARÐU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ**



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

**Skráningarsími: 534 9090**

**!** **Kl. 12.00**
*Birgir Guðmundsson ræðir um áhrif DV á umræðuna um íslenska fjölmiðlasiðfræði á vegum Félagsvísindatorgs Háskólans á Akureyri. Erindi sitt flytur Birgir í stofu L101 á Sólborg við Norðurslóð.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Með fjandann á hælunum

Íbúar Vatíkansins eru lítt hrifnir af galdrastráknum Harry Potter en nú hefur yfirsæringamaður þess, faðir Gabriele Amorth, lýst því yfir að pilturinn sé illskan ein og á bak við hann búi sjálfur myrkrahöfðinginn.

Ástralska dagblaðið The Sidney Morning Herald greindi frá þessu í samhengi við umfjöllun sína um andlega leitandi fólk sem í sífellt ríkari mæli sækir í afþreyingarmenninguu. Þar í landi kom nýlega út greinasafn tveggja fræðimanna sem fjallar um hvernig helgir trúarlegir textar eru nýttir eða þeim endurmiðlað í gegnum afþreyingarmenningu nútímans. Dr. Lynne Hume og Kathleen McPhillip fjalla meðal annars um Hringadróttinssögu J.R.R. Tolkien og Discworld seríu Terrys Pratchett í greinasafni sínu en þar er einnig vísað til vinsælla vampýru- og myndasagna sem hafa áhrif á lífsstíl fólks.

Særingamaðurinn Amorth segir að bækurnar um Harry Potter eftir J.K. Rowling innihaldi fjölmargar jákvæðar vísanir til djöfulsins og í bókunum séu lesendur blekktir til þess að halda að munur sé á milli svartagaldurs og annars galdurs. Enn fremur er þess getið í viðtalinu að faðir Amorth sé sannfærður um að Jósef Stalín og Adolf Hitler hafi verið andsetnir af djöflinum.



**EKKI ALLUR ÞAR SEM HANN ER SÉÐUR?** Galdrastrákurinn Potter kann að vera í vondum félagsskap.

### > Ekki missa af…

upplestrarkvöldi **Nýhils** í **Þjóðleikhúskjallaranum** annað kvöld kl. 20.30. Haustútgáfa forlagsins verður kynnt, skáld lesa úr nýútkomnum verkum og söngkonan **Lay Low** treður upp.

hausttónleikum **Harðar Torfa** í Borgarleikhúsinu á föstudaginn.

**Norrænum músíkdögum** í október þar sem tónverk eftir fremstu tónskáld Norðurlandanna verða flutt af færasta tónlistarfólki landanna.



**INGIBJÖRG, ÓSKAR OG ÓMAR GUÐJÓNSBÖRN** Systkinin stilla saman strengi sína í Ölfusi.

# Tónar við hafið

Tónlistarhátíðin Tónar við hafið hefst í Ölfusi í dag og stendur í allan vetur. Fyrirkomulagi hátíðarinnar, sem jafnan hefur staðið eina helgi, hefur nú verið breytt í vetrarhátíð en fjöldi tónlistarfólks með ólíkan bakgrunn mun koma fram á mánaðarlegum tónleikum. Fyrstu tónleikarnir fara fram í Ráðhúsi Ölfuss kl. 20 í kvöld en þar flytur kvintett, skipaður fjórum þekktum djassleikurum og klassískri sópransöngkonu, þekkt íslensk sönglög í nýjum búningi ásamt því að frumflytja ný sönglög.

Meðlimir þessa nýstofnaða hóps eru Ingibjörg Guðjónsdóttir sópransöngkona, Óskar Guðjónsson saxófónleikari, Ómar Guðjónsson gítarleikari, Tómas R. Einarsson, kontrabassaleikari og Matthías Hemstock, slagverksleikari. Stofnun kvintettsins markar upphaf formlegs samstarfs þeirra systkina Ingibjargar, Óskars og Ómars, þótt þau hafi á síðustu árum stillt saman strengi sína við ýmis tækifæri.

Á tónleikunum spreytir hópurinn sig á gömlum og nýjum lögum sem öll hafa upprunalega verið samin fyrir söngrödd og píanó – tónlist sem margir kenna við „síðasta lag fyrir fréttir“ munu nú heyrast í einkar frumlegum búningi þar sem klassík og djass mætast í tilraunakenndum bræðingi. Sönglög Sigvalda Kaldalóns, Sigfúsar Einarssonar og Páls Ísólfssonar skipa stóran sess auk sönglaga tónskálda af yngri kynslóðinni meðal annars Atla Heimi Sveinssyni, Tryggva M. Baldvinssyni og Hjálmari H. Ragnarssyni. Einnig verða flutt sönglög eftir Tómas R. Einarsson og þá bræður Óskar og Ómar Guðjónssyni. - khh


Stökktu til
Fuerteventura
12. sept. - í 2 vikur
frá kr. 29.990
Ótrúlegt verð! - í 2 vikur
Örfá sæti laus
Verð kr. 29.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 2 vikur.
Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna saman í íbúð í 2 vikur.
Bjóðum nú síðustu sætin í september til nýjasta áfangastaðar Heimsferða, Fuerteventura, sem svo sannarlega hefur slegið í gegn hjá Íslendingum. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað. Að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




**KJARTAN ÓLAFSSON TÓNSKÁLD** Norrænir músíkdagar verða haldnir hér á landi í október með þátttöku fremstu tónskálda og hljóðfæraleikara Norðurlandanna auk annarra góðra gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Tónlistarhátíð á tímamótum

**Norrænir músíkdagar verða haldnir í Reykjavík í októbermánuði en það verður viðamesta hátíð nútímatónlistar sem skipulögð hefur verið hér á landi.**

Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands, kemur að skipulagningu hátíðarinnar fyrir hönd Tónskáldafélags Íslands en hátíðin tjaldar til færustu hljóðfæraleikurum Norðurlandanna og fremstu tónskáldum þeirra sem sækja munu Íslendinga heim og flytja hér sýnishorn af því besta sem býðst í nútímatónlist.

„Þessi hátíð ferðast milli Norðurlandanna og í ár verður hún haldin í síðasta sinn með þessu sniði,“ segir Kjartan. Hátíðin hefur verið miðpunktur í norrænu tónlistarlífi og einn mikilvægasti vettvangur fyrir nýja norræna tónlist um árabil en hún verður nú haldin í 118. sinn. Norrænu tónskáldafélögin eiga öll aðild að hátíðinni en Tónskáldafélag Íslands kemur að hátíðinni sem fulltrúi Íslands í Norræna tónskáldaráðinu. „Það var ákveðið að breyta út af hefðinni vegna vaxandi áhuga á hátíðinni og framvegis verður hún haldin árlega en aðeins minni að umsvifum. Það þýðir til dæmis að verkin sem flutt verða eru nýrri og ferskari sem er vitanlega í samræmi við stefnu hátíðarinnar sem er að sýna það sem er að gerast í tónlistarlífinu á Norðurlöndunum,“ útskýrir Kjartan.

Á hátíðinni nú eru skipulagðir rúmlega 25 viðburðir, tónleikar, kvikmynda- og danssýningar auk fyrirlestra og funda. Skrautfjöðrin að þessu sinni hlýtur að teljast frumflutningur á EDDU 1 eftir Jón Leifs sem er eitt viðamesta tónverk íslenskra tónbókmennta en Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verkið þann 14. október undir stjórn Hermanns Bäumer, ásamt Schola cantorum, sem Hörður Áskelsson stýrir, og söngvurunum Gunnari Guðbjörnssyni og Bjarna Thor Kristinssyni. Aðrir íslenskir þátttakendur verða til dæmis Kammersveit Reykjavíkur, ATÓN - kammerhópur ungs fólks, Hamrahlíðarkórinn og Blásarasveit Reykjavíkur auk tónskáldanna Hildar Guðnadóttur, Herberts H. Ágústssonar og Snorra Sigfúsar Birgissonar.

„Verkin á hátíðinni eru valin af norrænni verkefnavalsnefnd en fulltrúi okkar þar hefur verið Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari. Nefndin velur verkin og mótar stefnuna hverju sinni,“ segir Kjartan og kveðst búast við því að svipaður háttur verði hafður á verkefnavalinu í framtíðinni. „Öll fremstu starfandi tónskáld hérlendis taka þátt í hátíðinni – og jafnvel líka þau sem ekki starfa lengur eins og til dæmis Jón Leifs. Aldursdreifingin er óvenjumikil að þessu sinni, yngsta tónskáldið er fætt undir lok síðustu aldar en hið elsta næstum hundrað árum fyrr.“ Í tengslum við hátíðina eru einnig pöntuð kór- og dansverk en Íslenski dansflokkurinn og Dansleikhúsið taka til að mynda þátt í hátíðinni.

Von er á annað hundrað gestum hingað til lands í tilefni hátíðarinnar. „Hingað koma norrænir flytjendur eins og Saxófónkvartett Stokkhólms og Bozzini strengjakvartettinn auk fjölda einleikara og þekktra stjórnenda.“ Meðal erlendra gesta eru til dæmis norski strengjakvartettinn Cikada og tónlistarhópurinn Poing! og tónskáldin Per Magnus Lindborg og Johannes Bergmark.

„Sú hefð hefur einnig skapast á undanförnum árum að bjóða gestalandi að taka þátt í hátíðinni en í ár er það Kanada sem er reyndar hálf-norrænt land í okkar huga. Þetta fyrirkomulag hefur reynst góð brú á milli landanna. Við kynnumst tónlist gestalandanna og þeir okkar. Bozzini kvartettinn mun til dæmis bæði spila íslenska og kanadíska tónlist en hann fer síðan til Kanada og endurtekur efnisskrána þar. Það mætti segja að þetta virkaði eins og nokkurs konar menningarlegur skiptimarkaður.“

Hátíðin snertir allar hliðar tónlistarinnar og Kjartan útskýrir að Listaháskóli Íslands muni koma að hátíðinni til dæmis með því að standa að fyrirlestrum sem tengjast verkum eða gestum hennar. „Icelandair hefur einnig sýnt stuðning sinn með því að hjálpa okkur að flytja hingað erlenda blaðamenn og fjölmiðlafólk sem vilja kynna sér norræna tónlist en eru vitanlega einnig forvitnir um Ísland.“

Kjartan útskýrir að verið sé að taka norrænt menningarsamstarf til gagngerrar endurskoðunar fyrir milligöngu Norrænu ráðherranefndarinnar. „Í ljósi þess verðum við með sérstakan umræðufund í Norræna húsinu þann 13. október þar sem fulltrúar úr ráðuneytum, tónlistarlífinu, háskólasamfélaginu og aðrir þeir sem láta sig þetta varða munu mæta og í sameiningu förum við í gegnum það hverju norrænt samstarf hefur skilað, bæði í menningarlegu- og efnahagslegu tilliti. Það verður síðan spennandi að fylgjast með þeim breytingum og áhrifum þeirra í framtíðinni.“

Hátíðin fer fram 5.-14. október en nánari upplýsingar um hana verður að finna á heimasíðunum www.listir.is og www.nordicmusicdays.com. kristrun@frettabladid.is

# Mynd um mynd um bók

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN

Bókin The Life and Opinions of Tristram Shandy eftir Englendinginn Laurence Sterne kom út í níu bindum á tíu ára skeiði á seinni hluta 18. aldar. Bókin er flókin og illþýðanleg og ekki síður erfitt, jafnvel ómögulegt, að laga hana að hvíta tjaldinu. Um það fjallar Tristram Shandy: A Cock and Bull Story að hluta til, það er að segja kvikmyndaaðlögun bókarinnar, um leið og hún valhoppar fram og aftur yfir mörk raunveruleika og skáldskapar.

Hvað stílbrögð snertir er leikstjórinn Michael Winterbottom að vissu leyti á svipuðum slóðum og í 24 Hour Party People (2004), enda hefur hann fengið flesta þaðan til liðs við sig á ný. Hér stígur hann hins vegar skrefinu lengra. Í 24 Hour Party People áttu raunverulegar persónur til að stíga inn í söguna til að leiðrétta skáldaleyfi, til dæmis, en í myndinni var þó lögð fyrst og fremst áhersla á að lýsa tónlistarsenunni í Manchester á 8. og 9. áratug síðustu aldar. Galsinn úr þeirri mynd er vissulega enn fyrir hendi en Tristram Shandy er hins vegar meðvituð stílæfing, sem snýst fyrst og fremst um sjálfa sig og samband raunveruleika og skáldskapar.

Lítið má út af bregða til að slíkar tilraunir renni út í sandinn en Winterbottom tekur efnið traustataki og myndin heldur velli út í gegn. Söguþráður er vart til staðar og tímaflakkið ruglingslegt en allt þjónar það þó tilganginum, og í bland við hárfína kímni og góðan leik skapast sérstakt en þægilegt andrúmsloft.

A Cock and Bull Story er enn ein fjöðrin í hatt Michaels Winterbottom, sem er sennilega orðinn einn áreiðanlegasti kvikmyndagerðarmaður sinna tíma. Sem betur fer er hann óhræddur við að taka áhættu og skilar fyrir vikið áhugaverðri, krefjandi og ekki síður skemmtilegri mynd, sem þarf að sjá oftar en einu sinni.

Bergsteinn Sigurðsson




**TRISTRAM SHANDY:**
A COCK AND BULL STORY

**Leikstjóri:** Michael Winterbottom
**Aðalhlutverk:** Steve Coogan, Rob Brydon, Jeremy Northam, Naomi Harris og Kelly McDonald.
**Niðurstaða:** Krefjandi, áhugaverð og skemmtileg mynd sem leikur sér á mörkum raunveruleika og skáldskapar.

# Forláta fiðlulán

Fiðluleikaranum Huldu Jónsdóttur hlotnast sá heiður að fá að láni dýrmæta fiðlu og fiðluboga frá styrktarsjóði sem kenndur er við hinn heimsfræga fiðluleikara Rachel Barton Pine. Hulda hóf nám við tónlistardeild Listaháskóla Íslands í haust en hún er aðeins 15 ára gömul og yngsti nemandinn sem hefur hafið nám við skólann allt frá stofnun hans.



**HULDA JÓNSDÓTTIR FIÐLULEIKARI** Rachel Baron Pine hreifst af fiðluleik Huldu og nú fær hún að láni dýrmæta fiðlu og fiðluboga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fiðlan verður afhent næstkomandi laugardag við hátíðlega athöfn kl. 14 í sal tónlistardeildar Listaháskólans við Sölvhólsgötu 13. Gregory J. Pine, eiginmaður Rachelar, afhendir Huldu fiðluna. Hulda spilar við athöfnina og gefst þá tækifæri til að heyra hana leika á þetta einstaka hljóðfæri.

Þetta er í fyrsta sinn sem sjóðurinn lánar hljóðfæri utan Bandaríkjanna en hann hefur yfir að ráða nokkrum afburða fiðlum og fiðlubogum sem síðan er úthlutað til láns frábærum nemendum sem hafa ekki tök á því enn sem komið er að fjárfesta í góðu hljóðfæri. Fiðlan sem er fengin að láni er smíðuð af ítalska fiðlusmiðnum Vincezzo Sannino um 1920 og fiðluboginn er úr smiðju Victors Fetique.

Rachel Barton Pine hefur komið tvisvar til Íslands til að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur í þessum heimsóknum sýnt íslenskum fiðlunemendum mikinn áhuga og stuðning. Hún hélt námskeið í Listaháskóla Íslands í febrúar síðastliðnum og heyrði þá Huldu leika og hreifst mjög af hæfileikum hennar. Hulda skuldbindur sig á móti til þess að koma til Chigago tvisvar á ári og halda tónleika á vegum stofnunarinnar.

-khh

# Smekklegir tónleikar

Fjölmargar sveitir hafa troðið upp í húsakynnum Smekkleysu og á stuðbúllunni Café Amsterdam í sumar en stórsveit Benna Hemm Hemm slær smiðshöggið á tónleikaröð Smekkleysu og The Reykjavík Grapevine en henni lýkur með húllumhæi á morgun.

Tónlistarmaðurinn Benni Hemm Hemm hefur með hugljúfum en brassskotnum ballöðum sínum heillað bæði íslensk eyru og erlend. Á þessu ári hefur sveit hans landað tveimur útgáfusamningum á erlendri grund og ekki sér fyrir endann á útþrá tónlistarfólksins því sveitin leggur bráðlega upp í ferð til Japans.

Tónleikarnir fara fram á Klapparstíg 27 kl. 17 en kl. 21 leikur sveitin ásamt Retro Stefson á Café Amsterdam.

- khh



**BENNI HEMM HEMM** Leikur ásamt hljómsveit hjá Smekkleysu í dag.

NÁMSKEIÐ
hefjast 6. og 7. september




FJÖLBREYTT OG VEL UPPBYGGÐ ÁTAKSNÁMSKEIÐ FYRIR KARLA OG KONUR Á ÖLLUM ALDRI

STÍGÐU SKREFIÐ
fræðsla, aðhald, eftirfylgni.
Mjög vandað og árangursríkt námskeið sniðið fyrir þær sem vilja ná af sér 25 kg eða meira. Á þessu námskeiði hefur margur sigurinn verið unninn og konur öðlast nýtt og léttara líf.

STÆLTAR STELPUR
lífsstíll, aðhald, árangur.
Viltu fá gott aðhald, fræðslu og ná tökum á vigtinni. Námskeið fyrir þær sem vilja taka ábyrgð á eigin lífi og ná árangri.

MEÐGÖNGUJÓGA
upplifun, mýkt, sveigjanleiki
Jóga á meðgöngu stuðlar að betri meðvitund og tengingu við líkamann, hugarástand og tilfinningar.

AFRÓ
litríkt, taktur, frelsi.
Langi þig að sleppa fram af þér beislinu, dansa við bongótrommuslátt og kynnast öðrum menningarheimi, þá er Afró eitthvað fyrir þig!

HERÞJÁLFUN
agi, samvinna, árangur.
Viltu komast í toppform og ná alvöru árangri. Mikið er lagt upp úr mætingu, ströngum aga, samheldni og samvinnu hópsins.

TÖFFARAR Í TAKT
einfalt, töff, skemmtilegt.
Sérsniðið að þörfum karlmanna, einfalt, fjölbreytt og árangursríkt

MÖMMUMORGNAR
móðir/barn, vellíðan, samvera.
Námskeið ætlað konum eftir barnsburð. Með virkri hreyfingu, fræðslu og góðum félagsskap viljum við því stuðla að bættri vellíðan móður og barns.

Innifalið á námskeiðum:
frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
vandað fræðsluefni
fyrirlestrar
mataræði - fræðsla - eftirfylgni
ástandsmælingar
gott aðhald
matardagbækur
>>Verðlaun fyrir besta árangur

Morgunhópar
Síðdegishópar
Kvöldhópar

hönnun: linda@isf.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING:
Upplýsingar: www.isf.is, undir námskeið
Skráning: s: 561-5100 og simi@isf.is

ICELAND SPA & FITNESS
ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN



Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700




**TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ SEM RÍSA MUN VIÐ MIÐBAKKANN Í REYKJAVÍK** Fyrsta framlag Íslands á Feneyjartvíæringi byggingarlistarinnar.

# Fyrsti arkitektatvíæringurinn

**Íslendingar taka þátt í byggingarlistartvíæringnum í Feneyjum í fyrsta sinn en nú um helgina verður nýtt tónlistar- og ráðstefnuhús landsmanna kynnt á þessum virta vettvangi.**

Feneyjartvíæringurinn er þekktastur fyrir myndlist en færri vita að þar eru einnig haldnar sýningar í tengslum við kvikmyndir, tónlist, dans- og leiklist auk byggingarlistarinnar. Fimmtíu lönd taka þátt í þessum tíunda tvíæringi byggingarlistarinnar en yfirskrift ársins er „Cities, architecture and society“.

Albína Thordarson, formaður Arkitektafélags Íslands, segir að þetta séu viss tímamót í íslenskri byggingarsögu því þrátt fyrir að arkitektar þeir sem hönnuðu tónlistar- og ráðstefnuhúsið séu danskir séu Íslendingar nú að slást í hópinn. „Hin Norðurlöndin hafa lengi tekið þátt í þessum byggingartvíæringi og verið áberandi þar. Það er líka vel við hæfi að sýna tónlistar- og ráðstefnuhúsið nú því yfirskrift þessa tvíærings gæti útlagst sem „Borgir, byggingarlist og samfélag“ en þetta hús mun án efa breyta ásýnd borgarinnar og hafa mikil áhrif á samfélagið hér.“ Albína segir of snemmt að áætla nokkuð um áhrif eða þýðingu þess að Íslendingar taki þátt í þessum viðburði en kveðst sannarlega vona að framhald verði á því.

Lagt er upp með að Tónlistarhúsið verði stærsta og vandaðasta menningarhús landsins og mun það til dæmis hýsa Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í tónlistarhúsinu verða þrír tónleikasalir auk ráðstefnuaðstöðu á heimsklassa. Við hlið hússins verður hótel og innangengt milli bygginganna.

Þórhallur Vilhjálmsson fer fyrir hönd fyrirtækisins Portus til Feneyja en félagið sér um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins en Þórhallur er jafnframt umsjónarmaður íslenska sýningarskálans. „Okkar þátttaka hefst formlega með fjölmiðlafundi næstkomandi föstudag en svokallaðir þjóðarskálar hafa verið að opna alla þessa viku.“ Von er á góðum gestum á föstudaginn en fyrirfólk og frammámenn verða viðstaddir opnunina. „Dorrit Moussaieff forsetafrú kemur sem fulltrúi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra en þau bjóða formlega til þessarar opnunar,“ útskýrir Þórhallur. Auk hennar verða fulltrúar frá Reykjavíkurborg viðstaddir auk fulltrúa frá teiknistofu Hennings Larsen sem hannaði húsið en þess má geta að stofa sú hannaði einnig nýopnað Óperuhús Kaupmannahafnar. Myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson sem hannar nokkurs konar ytra byrði og tengibyggingar hússins og næsta nágrenni þess verður einnig viðstaddur opnunina.

Byggingu hússins hefur verið beðið með eftirvæntingu um árabil en stefnt hefur verið að því að opna það árið 2010. Nánari upplýsingar um húsið má finna á heimasíðu þess, www.tonlistarhusid.is.

**- khh**

# Flauta og harpa fyrir austan

Arna Kristín Einarsdóttir flautuleikari og Elísabet Waage hörpuleikari leika á tvennum tónleikum á Norðausturlandi í kvöld og á morgun. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferð þeirra um Austfirði og Norðurland en í ágúst léku þær stöllur í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði við góðar undirtektir. Þema tónleikanna er þjóðlög og sögur úr ýmsum áttum og frá ólíkum tímum en hlustendur geta ferðast frá Spáni til Perú með viðkomu á Bretlandseyjum. Á efnisskránni eru verk eftir Marin Marais, Marguerite Béclard d'Harcourt, Béla Bartók, John Marson, Bernard Andrés og Skaila Kanga.

Þetta er fyrsta sinn sem þær tvær stöllur halda í tónleikaferð saman en þær eiga báðar langan tónlistarferil að baki og hafa unnið saman í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Tónleikarnir verða haldnir á Vopnafirði í kvöld kl. 20 og í kirkjunni á Þórshöfn kl. 20 annað kvöld.

**- khh**



**ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR OG ELÍSABET WAAGE** Leika fjölbreytt þjóðlög úr ólíkum áttum á tvennum tónleikum.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur/Svövu Jakobsdóttur.
Sun. 10/9 **uppselt**, sun. 17/9, fös. 22/9, lau. 23/9. Aðeins fáar sýningar í haust.

FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.
Sun. 24/9, sun. 1/10 **kl. 21:00**. Aðeins fáar sýningar í haust.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
**Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt,** lau. 30/9 kl. 14:00 **nokkur sæti laus.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 15/9 **uppselt**, lau. 16/9 **uppselt**, sun. 17/9 **uppselt**, fim. 21/9 **örfá sæti laus**, fös. 22/9 **örfá sæti laus**, lau 23/9, lau. 30/9 **örfá sæti laus**.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
**Frumsýning lau. 9/9 uppselt**, fös. 15/9, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.

Kortasalan er hafin. Áskriftarkort og opin kort!
Miðasala á netinu: www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30-18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00.
Miðasölusími: 551-1200. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.



GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/9 kl. 14 — Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 — Sun 1/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 7/9 kl. 20 — Sun 10/9 kl. 20
Sun 24/9 kl. 20 — Lau 30/9 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 9/9 kl. 20 — Fös 22/9 kl. 20
Lau 23/9 kl. 20 — Fim 28/9 kl. 20

**HÖRÐUR TORFA**
AFMÆLISTÓNLEIKAR
Fös 8/9 kl. 19:30 — Fös 8/9 kl. 22

**ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI**
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900.
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**PINA BAUSCH**
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.

Sun 17/9 kl. 20 UPPS.
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.

Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

**MEIN KAMPF**
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20 — Fös 29/9 kl. 20

MIÐASALA HAFIN.

**ÁSKRIFTARKORT**
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657

„ÉG ER FRÁBÆR Í AÐ BERA KENNSL Á LÍK.“

VILTU FINNA MILLJÓN?
EFTIR RAY COONEY

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657

„SÁPUÞVOIÐ SÚRAR TÆRNAR.“

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
EFTIR ASTRID LINDGREN

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ






**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20**
2. sýn. sun. 1. okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 14. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá
EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN





HELGIN SEM GJÖRBREYTIR LÍFI FÓLKS!

LONDON 29. sept. - 2. okt. 2006

**Unleash the Power Within** er fjögurra daga ofurnámskeið með hvatningarþjálfaranum og metsöluhöfundinum **Anthony Robbins**.

Fyrir framsækna einstaklinga sem hafa áhuga á að efla líf sitt og starf.

Skráðu þig strax í dag á www.englar.is eða í síma 567 6617 & 699 6617

# Sinfóníuhljómsveitin leikur í Smáralind

Vetrarstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar hefst með óvenjulegum hætti þetta árið en fyrirhugaðir útitónleikar sveitarinnar á Austurvelli hafa verið færðir á skjólbetri stað. Það rignir sjaldnar í Smáralindinni og víst er skjólgott í Kópavoginum svo dýrmætum hljóðfærum sveitarinnar er borgið og færri fá kvef.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 en stjórnandinn Rumon Gamba mun stýra sveitinni, sem leikur glæsileg verk úr heimi tónbókmenntanna og er þetta því kjörið tækifæri fyrir forvitna tónlistarunnendur að hlýða á frábæran flutning á þessu óvenjulega tónleikastað.

Á morgun, föstudag, verður sveitin síðan komin á sinn heimavöll í Háskólabíói en þá mun norska sópransöngkonan Solveig Kringelborn syngja með sveitinni. Kringelborn hefur undanfarin misseri heillað hlustendur með hæfileikum sínum en hún er orðin gríðarlega eftirsótt í óperu- og tónleikasölum heimsins. Túlkun hennar á verkum norrænna skálda hefur verið hampað töluvert og því bíða margir komu hennar með eftirvæntingu.

Kringelborn syngur einnig á sérstökum tónleikum næstkomandi laugardag en tónleikar þeir eru til styrktar verkefninu „Lífið kallar“ sem er samstarfsverkefni FL Group, BUGL og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verkefnið miðar að því að styrkja fjölskyldur barna og unglinga sem eiga við andlega erfiðleika að etja. Sérstök áhersla verður lögð á aðstoða við mótun nýrrar lífssýnar í bráðameðferð og ekki síst að henni lokinni, þar sem inntakið er lífsgleði.

Nánari upplýsingar um vetrarstarf sveitarinnar má finna á www.sinfonia.is.

- khh



**ÓVENJULEGUR TÓNLEIKASTAÐUR** Það er skjólbetra í Smáralind en á Austurvelli.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

3 4 5 **6** 7 8 9

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Fyrstu tónleikar hátíðarinnar **Tónar við hafið** í Ölfusi fara fram í **Versölum, Ráðhúsi Ölfushrepps** í kvöld. Fram kemur jazzkvintett og leikur þekkt íslensk sönglög í nýjum útsetningum auk frumsaminna laga. Kvintettinn skipa **Ingibjörg Guðjónsdóttir, Óskar Guðjónsson, Ómar Guðjónsson, Tómas R. Einarsson** og **Matthías Hemstock**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Birgir Guðmundsson** ræðir um áhrif **DV** á umræðuna um íslenska **fjölmiðlasiðfræði** á vegum Félagsvísindatorgs **Háskólans á Akureyri**. Erindi sitt flytur Birgir í stofu L101 á Sólborg við Norðurslóð.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 **Hafliði Hallgrímsson** tónskáld og myndlistarmaður sýnir verk sín á vegum **Listvinafélags Hallgrímskirkju**. Hafliði sýnir tólf verk í kirkjunni sem öll hafa trúarlega skírskotun. Sýningin stendur fram í miðjan október.

☐ 10.00 Myndlistarsýningin **Pakkhús postulana** stendur fyrir í **Hafnarhúsinu, Listasafni Reykjavíkur** við **Tryggvagötu**. Ellefu ungir listamenn eiga verk á sýningunni en í tengslum við hana verður einnig efnt til fjölda uppákoma. Sýningarstjórar eru **Huginn Þór Arason** og **Daníel Karl Björnsson**. Sýningin stendur til 23. október.

☐ 11.00 Samsýningin **Mega vott** í **Hafnarborg** er opin alla dag frá kl. 11-17 nema á þriðjudögum. Aðgangur ókeypis á föstudögum. Á sýingunni eru verk eftir **Ragnhildi Stefánsdóttur, Önnu Eyjólfsdóttur, Þórdísi Öldu Sigurðardóttur, Rúrí** og **Jessicu Stockholder**.

☐ 12.00 **Hildur Margrétardóttir** sýnir í **Skotinu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur**. Sýningin er opin milli kl. 12-19 virka daga en 13-17 um helgar. Hildur hefur haldið um tug einkasýninga og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum á síðustu tíu árum. Sýningin stendur til 27. september. Í safninu eru einnig til sýnis ljósmyndir **Andrésar Kolbeinssonar**.

☐ 13.00 **Aleksandra Signer** og **Tumi Magnússon** sýna mynbandsverk og innsetningar í **Listasafni ASÍ**. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17. Sýningarnar standa til 10. spetember.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 10.00 Sýningunni **Sú þrá að þekkja og nema** í andyri **Amtsbókasafnsins** á Akureyri lýkur um helgina. Sýningin fjallar um ævi og störf **Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili** og er sett upp í tilefni af 150 ára afmælis hans.

### UPPÁKOMUR

☐ 11.00 Myndbandstónverk **Ólafar Arnalds, Eins og sagt er**, er sýnt í **Þjóðmenningarhúsinu** milli kl. 11-17 alla virka daga. Í verkinu flytur Ólöf frumsamda tónlist og syngur á átján tungumálum í níu myndrömmum samtímis svo úr verður alþjóðleg tónkviða. Heimildamynd um gerð verksins er einnig til sýnis á staðnum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Lou Ye settur í bann heimafyrir

Kínverska leikstjóranum Lou Ye hefur verið bannað að gera kvikmynd í fimm ár eftir að hafa sýnt mynd sína Summer Palace án leyfis kínverskra stjórnvalda.

Lou Ye mætti með Summer Palace á Cannes-hátíðina þar sem hún keppti um Gullpálmann í júní. Ye hafði ekki fengið leyfi hjá kínverskum yfirvöldum en myndin gerist um það leyti þegar hermenn alþýðulýðveldisins réðust gegn stúdentum á Torgi hins himneska friðar í júní árið 1989 eftir þriggja vikna mótmæli.

Ye sagði á Cannes að hann hefði í hyggju að breyta myndinni lítillega svo að hægt væri að sýna hana í heimalandinu en nú hafa stjórnvöld gert hana upptæka, sem og allan gróða af henni. Framleiðanda myndarinnar, Nai An, hefur einnig verið gert að halda sig frá kvikmyndagerð næstu árin en atburðirnir á Torginu er viðkvæmt mál hjá kínverskum stjórnvöldum, sem enn þann dag í dag kjósa að kalla þau „aðgerðir gegn uppreisnarseggjum“. Sjálfur hefur Ye sagt að myndin fjalli alls ekki um þessa atburði heldur sé hún fyrst og fremst ástarsaga. Starfsmaður Útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndastofnunar Kína staðfesti þessar fréttir við kínversku fréttaveituna Xinhua en vildi ekki tjá sig meira um málið.



**BANNAÐUR** Lou Ye hefur verið bannað að gera kvikmyndir í Kína næstu fimm árin en hér er hann ásamt aðalleikurum Summer Palace, þeim Lei Hao og Xiaodong Guo.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**SILVÍA NÓTT** Stal senunni þegar hún birtist óvænt í rokksetrinu og var myndbandið sýnt á kosningavöku Skjás eins í gærkvöldi.

# Magni stóð sig vel

Magni Ásgeirsson stóð sig að venju mjög vel í sjónvarpsþættinum Rock Star: Supernova. Magni söng fyrst bítlalagið U.S.S.R og svo lagið When the Time Comes sem er ensk útgáfa af Á móti Sól - laginu Þegar tíminn kemur. Kosningin hófst strax á eftir þættinum og lauk núna í morgun og má reikna með að fjöldi Íslendinga hafi lagt honum lið, reynt að koma honum í úrslitaþáttinn.

Skjár einn stóð fyrir Magnavöku og bauð til sín fjölda stórstjarna sem skeggræddu mál Magna fram og til baka. Athygli vakti þegar myndband með Silvíu Nótt var sýnt en hún heimsótti rokksetrið og er óhætt að segja að söngdívan hafi stolið senunni. Hún gerði mikið at í bæði Lúkasi og Toby og hafði gaman af því að vera umkringd verðandi rokkstjörnum en Silvía er stödd í Los Angeles þar sem hún er að taka upp sína fyrstu sólóplötu.

Í kvöld verða síðan úrslitin kunngjörð og þá skýrist hverjir komast í lokaþáttinn og eiga möguleika á því að verða forsöngvari Supernova-hljómsveitarinnar sem skipuð er þeim Jason Newsted, Gilby Clarke og Tommy Lee.

# Íslenski víkingurinn mættur til leiks

**Heimildarmyndin Þetta er ekkert mál verður frumsýnd annað kvöld í Smárabíói með viðhöfn.**

Þarna er á ferðinni áhugaverð mynd um viðburðaríka en stutta ævi Jóns Páls Sigmarssonar, eins dáðasta, frægknasta og orðheppnasta íþróttamanns sem Ísland hefur alið. Jón Páll átti stórkostlegan feril í kraftlyftingum og aflraunum en hann varð Sterkasti maður heims fjórum sinnum, fyrst 1984. Óhætt er að segja að Jón Páll hafi verið einn af tákngervingum Íslands á níunda áratugnum þegar Íslendingar voru bæði sterkastir og fallegastir enda var Hólmfríður Karlsdóttir krýnd Ungfrú heimur um svipað leyti og Jón Páll einokaði aflraunakeppnir erlendis.

Það eru þeir Steingrímur Þórðarson og Hjalti Úrsus sem eiga heiðurinn af heimildarmyndinni og tóku þeir viðtöl við samferðamenn íslenska víkingsins. Fréttablaðið komst yfir nokkrar skemmtilegar ljósmyndir frá ævi Jóns Páls en á þeim sést svart á hvítu hversu viðburðaríka ævi hann átti.



**MIKILL SKROKKUR** Jón Páll hafði krafta í kögglum.



**MEÐ KAZMAIER** Jón Páll og Bill Kazmaier háðu oft harða keppni í Sterkasta manni heims.



**HELJARMENNI** Jón Páll varð sterkasti maður heims fjórum sinnum.



**VINSÆLL** Jón Páll var einn af tákngervingum Íslands um miðjan níunda áratuginn.



**Á HÓTEL BORG** Jón Páll er hann starfaði sem dyravörður á Hótel Borg. Þar lenti hann í ýmsum ævintýrum.



**ÞETTA ER EKKERT MÁL** Jón Páll lét þessa eftirminnilegu setningu fjúka í sjónvarpssal þegar hann setti Evrópumet í kraftlyftingum.



**Á HÁLANDALEIKUM** Jón Páll Sigmarsson keppir í 28 punda lóðakasti á Hálandaleikum í Skotlandi.






**SYNGJANDI GLAÐUR** Gene Kelly í hinu heimsfræga atriði úr kvikmyndinni Singin' in the Rain sem valin var besta söngvamynd allra tíma.

# Rigningarsöngur Kellys bestur

Kvikmyndin Singin' in the Rain hefur verið valin besta söngvamynd allra tíma af Bandarísku kvikmyndastofnuninni AFI.

Myndin skartar meðal annars Gene Kelly í hinu goðsagnakennda atriði þar sem hann dansar í rigningunni. Í öðru sæti lenti West Side Story með Natalie Wood í aðalhlutverki en myndin er lauslega byggð á Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare. Galdrakarlinn í Oz með Judy Garland í broddi fylkingar vermdi þriðja sætið en næst á eftir komu The Sound of Music frá árinu 1965 þar sem Julie Andrews fer á kostum í hlutverki barngóðu fóstrunnar Maríu og Cabaret með Lizu Minnelli í aðalhlutverki.



**BARNASTJARNA FÆÐIST** Judy Garland varð heimsfræg eftir að hafa gert Dorothy Gale góð skil í hinni sígildu kvikmynd Wizard of Oz.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**WEST SIDE STORY** Natalie Wood lék Maríu í West Side Story sem er lauslega byggð á leikriti William Shakespeare, Rómeó og Júlíu, en tónlistin í myndinni er eftir Leonard Bernstein.

# Lentu í bílslysi

Gamanleikkonan Ellen DeGeneres og kærasta hennar, Portia de Rossi, lentu í bílslysi um daginn og hlutu áverka á baki og höfði ásamt því að bílinn skemmdist. Ellen og Portia voru stopp á rauðu ljósi þegar tveir bílar skullu aftan á þær með ofangreindum afleiðingum. Slysið átti sér stað á Sunset Boulevard í Los Angeles og sá sem var valdur að árekstrinum var 52 ára húsmóðir sem var undir áhrifum áfengis, samkvæmt tímaritinu People.

Ellen DeGeneres er með vinsælan spjallþátt í Bandaríkjunum sem er að fara í loftið í fjórða skiptið í haust og Portia er leikkona sem er best þekkt fyrir leik sinn í lögfræðiþáttunum Ally McBeal.



**ELLEN OG PORTIA** Voru fórnarlömb ölvunaraksturs 52 ára húsmóður og hlutu áverka á hálsi og baki.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS





Margir einstaklingar eru heftir í sínu daglega lífi vegna verkja í hnjám. Þetta ástand orsakast meðal annars vegna líkamlega erfiðra vinnuaðstæðna, íþróttameiðsla eða vegna þróunar slitgigtar. Stór hluti þessara einstaklinga þjáist meira en hann þyrfti. Glucomed er nýtt lyf notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hnjám. Það inniheldur glúkósamín sem er náttúrulegt efni í liðum.




Glucomed® 625 mg

Glucosamine

LD1060802

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur (1250 mg) einu sinni á dag til að draga úr einkennum.

*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*





**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| LITTLE MAN | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 4, 6, og 8 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

TAKK FYRIR AÐ REYKJA kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA

KVIKMYNDAHÁTÍÐ

| | |
|---|---|
| TIGER & THE SNOW | kl. 5.50 |
| TSOTSI | kl. 6 |
| ENRON: THE SMARTEST GUY IN THE WORLD | kl. 6 |
| FACTOTUM | kl. 8 |
| DAVE CHAPELLE´S BLOCK PARTY | kl. 8 |
| TRIALS OF DARRYL HUNT | kl. 8 |
| THE WIND THAT SHAKES THE BARLEY | kl. 10 |
| VOLVER | kl. 10 |
| ROMANCE & CIGARETTES | kl. 10.10 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| LITTLE MAN B.I. 12 ÁRA | kl. 8 og 10 |
| YOU, ME & DUPREE | kl. 8 og 10.10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Orðin gift kona

Söngkonan og rokkarabarnið Kelly Osbourne hefur nú gengið í það heilaga með kærasta sínum, óþekkta tónlistarmanninum Matty. Eina vandamálið er að parið var einungis búið að þekkjast í eina viku áður en þau ákváðu að giftast. Brúðkaupið fór fram í hoppukastala á tónleikahátíð á Írlandi og eru foreldrar Kelly, Ozzy Osbourne og Sharon Osbourne, brjáluð yfir þessari fljótfærni í dóttur sinni og leita nú leiða til að láta ógilda hjónabandið. Kelly er þekkt fyrir að vera mikið partíljón en fyrir stuttu kom hún með þær yfirlýsingar að hún væri hætt að drekka áfengi.



**KELLY OSBOURNE** Þekkt fyrir að vera mikill uppreisnarseggur og gifti sig fyrir stuttu, foreldrum sínum til mikillar óánægju.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


**Frönskunámskeið**

**Námskeið hefjast 18. september**

- námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- námskeið fyrir börn
- einkatímar / taltímar
- franska fyrir ferðamenn

Alliance Française
Netfang: alliance@simnet.is
Veffang: http://af.ismennt.is

**Inntitun í síma 552 3870 1-15. september.**


# Slagsmál á næturklúbbi

Liam Gallagher, söngvari Oasis, lenti í slagsmálum við fótboltakappann fyrrverandi Paul „Gazza“ Gascoigne fyrir skömmu.

Gazza, sem hefur átt í vandræðum með Bakkus í gegnum árin, hafði átt í rifrildi við Liam sem endaði með því að Liam hleypti úr slökkvitæki í andlit Gazza.

Atvikið átti sér stað á næturklúbbnum Groucho Club í London á föstudagskvöld.



**LIAM GALLAGHER** Söngvari Oasis var eitthvað ósáttur við Paul Gascoigne á dögunum.

# Hver á ég að vera ?

**[ TÓNLIST ]**
UMFJÖLLUN

Þetta er ein stærsta sveit Breta um þessar mundir. Þeir reyna að brúa bilið á milli McFly og Travis, og þess vegna er það kannski ekkert svo undarlegt að þeir nái til breiðs hóps. Þetta er breskt rokk beint eftir formúlunni, eitt lag undir áhrifum frá The Clash og the Style Council (In the Morning), annað frá John Lennon (Who Needs Love?), eitt lag sem minnir á Coldplay (America) og svo er auðvitað ekki hægt að gera breska rokkplötu í dag án þess að hafa lag undir áhrifum frá The Specials (Back to the Start).

Johnny Borrell er höfuðpaur sveitarinnar, semur lögin, syngur og spilar á gítar. Hann hefur ágætis nef fyrir grípandi sönglínum og ég verð að viðurkenna að ég hef staðið sjálfan mig að því að raula lögin In the Morning og America af þessari plötu, þegar ég hef síst viljað standa mig að því. Aðallega vegna þess að mér finnst Johnny frekar óspennandi persóna.

Ég hef sjaldan séð mann sem langar jafn mikið að vera rokkstjarna og hann. Því miður fékk hann ekki mikið stjörnuskin í vöggugjöf og þess vegna hefur hann bara tekið upp á því að leika bara rokkstjörnu í staðinn. Hann virðist bara ekki geta gert upp hug sinn hver hann eigi að vera. Í sumum lögum langar hann að vera Paul Weller, en Chris Martin í öðrum. Sá síðarnefndi skín í gegn í laginu America, sem er með viðlag eins og það eigi að vera ádeila á Bandaríkin en svo þorir greinilega Johnny ekki að stíga skrefið til fulls. Synd, því það hefði auðveldlega getað endað sem tímalaus klassík ef það væri einhver alvöru meining í textanum. Svo þegar kemur að því að taka myndir af honum er hann Lou Reed. Í viðtölum reynir hann svo að vera Liam Gallagher, en hefur bara ekki sama skotkraft og sá töffari.

Razorlight á kannski einn daginn eftir að gera tímalausa plötu, hafa svo sem vel burði til þess, en ef það á að gerast verða þeir að hætta haga sér eins og strákar í 10. bekk, hætta að apa eftir öðrum og gera tónlist frá hjartanu eins og menn.

**Birgir Örn Steinarsson**




**RAZORLIGHT:**
RAZORLIGHT

**Niðurstaða:** Johnny Borrell og hina liðsmenn Razorlight þyrstir í virðingu og langan frama. Þeir hafa tækifæri á því en til þess að ná því verða þeir að hætta búa til tónlist eins og þeir halda að við viljum heyra.




# Áttu einnar nætur gaman í Barcelona

Bítillinn fyrrverandi John Lennon átti einnar nætur gaman með Brian Epstein, hinum samkynhneigða umboðsmanni Bítlanna, árið 1963.

Þetta kemur fram í sjálfsævisögu Hunter Davies, sem ritaði á sínum tíma opinbera ævisögu Bítlanna.

Í sjálfsævisögunni, sem nefnist Bítlarnir, fótboltinn og ég, segir Davies að Lennon hafi sagt sér frá nótt sinni með Epstein í Barcelona á Spáni. Á þeim tímapunkti var Cynthia, fyrri eiginkona Lennon, nýbúin að eignast son þeirra Julian.

„John var ekki samkynhneigður en hann var nógu undarlegur til að prófa allt einu sinni,“ sagði Davies.



**JOHN LENNON** Bítillinn fyrrverandi átti einnar nætur gaman með Epstein, samkvæmt Hunter Davies.






**STEVE IRWIN** „Krókódílafangarinn“ dró hala stingskötunnar úr sér áður en hann dó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dauði á myndbandi

Dauði „krókódílafangarans“ Steves Irwin, sem lést eftir að stingskata stakk hann í brjóstið, náðist á filmu af myndatökumanni sem var með honum í för. Í myndbandinu sést þegar Irwin kippir hala sköttunnar úr brjósti sínu. Lést hann því ekki samstundis.

„Halinn stakk hann í brjóstið og hann dró hann út. Skömmu síðar var hann dáinn,“ sagði umboðsmaður Irwins, John Stainton. Atvikið gerðist svo hratt að myndatökumaðurinn áttaði sig ekki á því sem hafði gerst fyrr en það fór að blæða úr Irwin.

Irwin var neðansjávar að mynda stingskötur fyrir heimildarmynd sem nefndist Ocean's Deadliest, eða hættulegustu dýr sjávarins. Að sögn Staintons hafði hann rætt við Irwin um hættur sjávarins, enda var hann ekki vanur aðstæðum þar. „Ef hann myndi deyja héldum við að það yrði í sjónum. Á fastalandinu var hann vel vakandi og fljótur að hugsa en í sjónum er erfiðara að hafa stjórn á aðstæðum,“ sagði hann.



**PIRATES OF THE CARIBBEAN** Leikarinn Johnny Depp fer með aðalhlutverkið í þessari vinsælu ævintýramynd.

# Nálgast milljarðinn

Nú styttist í að kvikmyndin Pirates of the Caribbean: Dead Man´s Chest verði aðeins þriðja myndin í sögunni til að hala inn yfir einn milljarð dollara í miðasölu um heim allan, eða tæpa 70 milljarða króna.

Myndin hefur verið í efsta sæti á lista yfir vinsælustu myndir utan Bandaríkjanna í níu vikur í röð og þar hefur hún halað inn tæpar 580 milljónir dollara, eða rúmlega helminginn af heildartekjunum.

Tekjuhæsta mynd sögunnar um heim allan er Titanic frá árinu 1997 sem tók inn 1,8 milljarða dollara. Næst á eftir kemur The Lord of the Rings: The Return of the King sem náði 1,1 milljarði.

# Örfáir miðar eftir á Sálina og gospel

Aðeins örfáir miðar eru eftir á tónleika Sálarinnar hans Jóns míns og Gospelkórs Reykjavíkur sem verða haldnir í Laugardalshöll 15. september.

Á efnisskránni verða valin lög úr söngvasafni Sálarinnar, en einnig verður frumflutt glænýtt efni úr smiðju sveitarinnar. Öll lögin verða útsett sérstaklega með hliðsjón af hinum rómaða kór. Tónleikarnir verða hljóð- og myndritaðir og er stefnt að útgáfu í nóvember.

Miðasala á tónleikana fer fram í Esso Fossvogi og á Ártúnshöfða, midi.is og í verslunum Skífunnar og BT.



**SÁLIN** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns heldur tónleika í Höllinni 15. september.



## > Sáttur við kallinn

Samkvæmt dönskum fjölmiðlum í gær er komið upp ósætti í íslendingaliðinu Silkeborg. Danskir fjölmiðlar segja frá því að nokkrir ónafngreindir leikmenn Silkeborgar vilji þjálfara liðsins, Viggo Jensen, burt. Ástæðuna segja þeir vera samskiptaörðugleika milli þjálfarans og leikmanna. Hörður Sveinsson, framherji Silkeborgar, sagðist lítið vita um málið. „Ég var nú bara að lesa þetta sjálfur. Það var allt í góðu á æfingu áðan og ekkert sem benti til neinnar óánægju," sagði Hörður. „Eins og stendur í blöðunum hérna úti þá eru þetta nokkrir ónafngreindir leikmenn og það er nú svolítið loðið, finnst mér. Ég spurði nokkra stráka á æfingu áðan og það virtist enginn kannast við þetta. Ég er bara mjög sáttur við kallinn."




# sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUMAÐURINN JÓNAS GUÐNI SÆVARSSON: GRÆDDI VEL Á MARKINU GEGN VÍKINGUM

# *Fékk að snoða fyrirliðann og bíl í kaupbæti*



Miðjumaðurinn Jónas Guðni Sævarsson hjá Keflavík datt svo sannarlega í lukkupottinn þegar hann skoraði gegn Víkingi í undanúrslitum VISA-bikarsins. Jónas Guðni hafði ekki skorað síðan árið 2004 og því voru fjölmargir í kringum hann búnir að heita á kappann tækist honum að skora á þessari leiktíð.

„Þegar við vorum í æfingaferð á Spáni fyrir tímabilið sagði Gummi Steinars fyrirliði að ég mætti snoða hann ef mér tækist að skora í sumar. Það var svo langt síðan ég skoraði að menn gerðu óspart grín að mér og því voru margir til í að heita á mig ef ég myndi skora í sumar," sagði Jónas Guðni kátur.

Hann er í því að innheimta skuldirnar þessa dagana en með misjöfnum árangri þar sem ákveðnir aðilar reyna stíft að svíkjast undan. „Mér var lofað svo mörgu og ég fæ meðal annars að snoða Ingva Rafn líka og svo ætlar Kiddi Guðbrands aðstoðarþjálfari að gefa mér bíl en hann á einhverja bíldruslu sem ég á að fá. Svo fæ ég út að borða og margt annað skemmtilegt. Ég stórgræði á þessu."

Jónas fagnaði marki sínu gegn Víkingi hreint ógurlega en hann neitar því að hafa verið að hugsa um allt það sem hann var að vinna sér inn er hann fagnaði. „Ég man ekkert hvað ég var að hugsa um en það var ekki bíllinn hans Kidda. Annars mun það taka sinn tíma að innheimta skuldirnar og það sem verra er þá man ég ekki nákvæmlega hverjir skulda mér og hvað. Ég hefði betur haldið bókhald utan um þetta. Svo er enginn að gefa sig viljugur fram og menn vilja ekkert viðurkenna," sagði Jónas en ætli Guðmundur hafi séð mikið eftir hárinu?

„Gummi er maður sem hefur alltaf hugsað mikið um hárið á sér og er oftar en ekki vel greiddur. Það var því ansi ljúft að fá að raka á honum makkann en ég hef ekkert heyrt hvað konunni hans fannst um þetta. Fyrir mér var þetta stærsti vinningurinn og ég naut þess virkilega að raka hann."



**GLÆSILEGT MARK** Ronaldinho fagnar hinum unga Marcelo sem skoraði gott mark í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Brasilía vann Wales:

## Skoraði í fyrsta landsleiknum

**FÓTBOLTI** Brasilía vann í gær vináttulandsleik gegn Wales sem fór fram á White Hart Lane í Lundúnum. Átján ára táningur, Marcelo, lék sinn fyrsta landsleik með Brasilíu og hélt upp á það með því að skora fyrra mark leiksins með þrumuskoti utan teigs í síðari hálfleik. Vagner Love bætti svo við síðara markinu á 73. mínútu er hann skoraði með fallegum skalla eftir sendingu Cicinho. Bæði Kaka og Ronaldinho léku með Brasilíu í leiknum. - esá

Ólga í Svíþjóð:

## Zlatan baðst afsökunar

**FÓTBOLTI Þrír nýir leikmenn voru í gær kallaðir í sænska landsliðsins þar sem aðrir þrír leikmenn liðsins, þeir Zlatan Ibrahimovic, Olof Mellberg og Christian Wilhelmsson, brutu reglur liðsins á sunnudagskvöldið og var vikið úr liðinu fyrir leik Svía gegn Liechtenstein í kvöld. Virtu þeir ekki útgöngureglur Lars Lagerbäck þjálfara og komu heim á hótel liðsins rúmum tveimur tímum of seint á sunnudagskvöld.**

**Í fyrstu var talið að þrímenningarnir myndu gefa út að þeir ætluðu ekki að spila fyrir sænska landsliðið aftur á meðan það er undir stjórn Lagerbäck en síðar í gær sagði Ibrahimovic við Gazetta dello Sport að hann væri miður sín vegna atviksins. „Viðbrögð þjálfarans voru ef til vill ýkt en ég virði ákvörðun hans og mun gefa kost á mér í liðið aftur. Ég bið þjálfarann, liðsfélagana og sænska knattspyrnusambandið afsökunar."** - esá

Riðill Íslands í EM U-21:

## Ítalía vann Austurríki

**FÓTBOLTI** Síðasti leikurinn í riðli U-21 liði Íslands í undankeppni EM 2007 fór fram í gærkvöldi þegar Ítalía tók á móti Austurríki. Heimamenn unnu 1-0 sigur með marki Montolivo á 83. mínútu og því skoruðu Ítalir einu tvö mörkin í riðlinum, hitt kom gegn Íslendingum í síðustu viku. Ítalir eru því komnir í úrslitakeppni EM landsliða skipaðra leikmönnum 21 árs og yngri. - esá



**ÞRÍR GÓÐIR** Hermann Hreiðarsson varafyrirliði, Eyjólfur Sverrisson þjálfari og Eiður Smári Guðjohnsen fyrirliði sitja fyrir svörum blaðamanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Verðum enn öflugra lið

**Eyjólfur Sverrisson var fullur tilhlökkunar fyrir leik Íslands og Danmerkur á Laugardalsvelli í kvöld. Hann sagði að þrátt fyrir góðan sigur á Norður-Írum mætti alltaf bæta sig og stefnan væri að gera íslenska liðið enn öflugra.**

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, var „hóflega bjartsýnn" eins og hann orðaði það sjálfur á blaðamannafundi íslenska landsliðsins í Hótel Loftleiðum í gær. Ísland mætir Dönum kl. 18.05 á Laugardalsvelli í kvöld og er landinn vongóður um að leggja Dani í fyrsta sinn í sögunni eftir frækinn útisigur á Norður-Írum.

„Það ríkir tilhlökkun í hópnum að takast á við Danina, sem eru með gríðarlega öflugt lið. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta verður erfiður leikur og er ekki hægt að bera Dani saman við Norður-Íra, þeir spila allt öðruvísi fótbolta og eru léttleikandi, fljótir og vel spilandi," sagði Eyjólfur.

Hann sagðist vera hæstánægður með leikinn í Belfast um liðna helgi. „Ég var mjög ánægður með varnarvinnuna og sjálfa liðsheildina. Svo er ég virkilega ánægður með að um leið og pressunni linnti fórum við að halda boltanum vel og sækja stíft á þá. Það voru snarpar, góðar og öruggar sóknir. Þetta gekk mjög vel, fyrri hálfleikur var til fyrirmyndar, en við vitum að það má alltaf gera betur og við ætlum okkur bæta okkar leik og verða enn öflugra lið."

Eyjólfur vildi sem minnst segja um leikskipulag og liðsuppstillingu íslenska liðsins í kvöld. „Það er ekki enn komið á hreint. Við erum nú að skoða danska liðið og þetta kemur bara í ljós," sagði hann í gær. „Það getur vel verið að það verði einhverjar breytingar gerðar á leikskipulaginu án þess að ég vilji fara nánar út í það. En við erum með góða leikmenn, fullt af góðum hugmyndum og við vonum að við hittum á réttu aðferðirnar og leikmenn."

Hann sagði að íslenska liðið þyrfti að eiga toppleik til að ná að leggja Dani að velli. „Það verður allt að ganga upp hjá okkur og allt að „ganga niður" hjá þeim," sagði hann í léttum dúr. „Við erum þó ánægðir með að hafa haldið hreinu í síðustu leikjum og ætlum að reyna að halda því áfram. Við höfum ekki riðið feitum hesti frá viðureignum okkar gegn Dönum hingað til og við viljum standa okkur vel og vera íslensku þjóðinni til sóma."

Hermann Hreiðarsson og félagar í íslensku vörninni áttu skínandi góðan leik í Belfast en Hermann sagði í gær að Íslendingar þyrftu að fyrst og fremst vera raunsæir. „Það þýðir ekki að byggja upp miklar væntingar, þetta verður að vera á raunsæum nótum. Við verðum að átta okkur á því að í danska liðinu eru heimsklassaleikmenn í hverri stöðu og þeir hafa staðið sig vel á undanförnum árum."

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði varar við of miklum væntingum:

# Hræddur við of mikla bjartsýni

**FÓTBOLTI** „Mér líst ágætlega á verkefnið sem er framundan," sagði Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins, fyrir leikinn gegn Dönum í kvöld. „Ég er reyndar aðeins smeykur vegna þeirrar bjartsýni sem ríkir og þeirra vona og væntinga sem þjóðin er með. Slíkt gerist oft ósjálfrátt eftir góðan sigur þar sem okkur tekst að spila vel og þar að auki má að ég held ekki gleyma að lið Norður-Íra átti ekki góðan dag gegn okkur þó þeir hafi sýnt í gegnum tíðina að þeir geta spilað mun betur. Danska landsliðið er afar gott og hvað alla tækni varðar eru Danir mjög sterkir."

Hann sagðist aðspurður ekki láta utanaðkomandi áhrif mikið á sig fá. „Við megum þó ekki hlaupa fram úr okkur og þurfum að átta okkur á því hversu gott lið Danir eru með. Við getum vel spilað okkar besta leik en samt ekki náð þeim úrslitum sem við hefðum ætlað okkur. En ef heppnin verður á okkar bandi er aldrei að vita."



**EIÐUR SMÁRI** Hlakkar til leiksins gegn Dönum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eiður segir að mikið sjálfstraust ríki í íslenska liðinu eftir tvo góða leiki, gegn Spáni og Norður-Írlandi, og lofaði hann sér í lagi varnarleikinn. „Hann hefur verið mun betri en í síðustu leikjum þar á undan og held ég að við höfum einfaldlega leitað til rótanna. Gegn Dönum þurfum við að vera með marga leikmenn fyrir aftan boltann og beita skyndisóknum. Við spiluðum frábæra vörn gegn Spánverjum þó að það hafi vantað eitthvað upp á hinum megin á vellinum, en það helst allt saman vel í hendur gegn Norður-Írum. Þar leið okkur vel, færðum okkur vel með boltanum og unnum vel hver fyrir annan. Gegn Dönum megum við þó aldrei missa einbeitinguna og við búumst við erfiðum leik en hlökkum mikið til hans." - esá

## HVAÐ SEGJA DANIR?

HVERNIG FER LANDSLEIKUR ÍSLANDS OG DANMERKUR Í REYKJAVÍK Í KVÖLD? (SPURT Í KAUPMANNAHÖFN)



**DENNIS JENSEN** Danir eru með gott lið og við höfum hingað til unnið Íslendinga og á því verður engin breyting í þessum leik. Ég giska því á að við skorum tvö eða þrjú mörk en Íslendingar ekki neitt. Eini leikmaðurinn sem ég þekki frá Íslandi er þessi sem spilar með Barcelona, byrjar nafnið hans ekki á G?



**HENRIK ARENT** Ég reikna ekki með að fylgjast með þessum leik en myndi halda að það væri alveg öruggt að Danir vinni. Mér er samt eiginlega alveg sama.



**JOHN LARSEN** Velgengni Íslendinga stendur og fellur með Guðjohnsen en ég hef fulla trú á að Christian Poulsen stöðvi hann í leiknum og því falli sigurinn okkar megin. Ég tippa á að úrslitin verði 1-3.



**PETER CLAUSEN** Þetta verður 1-1 jafntefli. Íslendingar spiluðu vel gegn N-Írum um helgina en Danir hafa spilað frekar illa undanfarin misseri. Síðasta undankeppni var t.d. arfaslök og réttast hefði verið að skipta um þjálfara. Ég vonast til að Nicklas Bendtner, leikmaður Birmingham, fái sénsinn.



**NICOLAI W. JACOBSEN** Ég er orðinn ansi spenntur fyrir þessum leik enda er fullt af góðum leikmönnum í íslenska liðinu, til dæmis Guðjohnsen og Hreiðarsson. Ég er samt sannfærður um að við vinnum þrjú núll.



**JON DAHL TOMASSON** Þessi íslenskættaði Dani ber virðingu fyrir íslenska liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Jon Dahl Tomasson:
# Viljum vinna riðilinn

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Jon Dahl Tomasson á rætur að rekja til Íslands en hann segir að tengsl sín við Ísland séu ekki mikil.

„Þetta verður mikilvægur leikur en afar erfiður. Ísland náði frábærum úrslitum á Norður-Írlandi en við höfum það fyrir augum að komast áfram í sjálfa úrslitakeppnina og vinna riðilinn okkar. Til þess þurfum við að byrja á góðum úrslitum í kvöld en það verður erfitt,“ sagði Tomasson.

Ásamt Íslandi og Danmörku eru Spánn, Svíþjóð, Lettland, Norður-Írland og Liechtenstein í riðlinum. Síðastnefnda liðið nær varla mörgum stigum í keppninni en býst Tomasson við að önnur lið en Spánn, Svíþjóð og Danmörk nái að blanda sér í toppbaráttuna?

„Ég held að hin liðin geti náð nokkrum góðum úrslitum en býst þó ekki við því að þau fari áfram á endanum. Ísland er þó með mun betra lið en Norður-Írland, það er alveg ljóst. Markalausa jafnteflið við Spán sýndi það enda frábær úrslit fyrir íslenska liðið.“ - esá

# Höfum undirbúið okkur mjög vel fyrir slaginn gegn Íslendingum

**Morten Olsen, landsliðsþjálfari Danmerkur, fer varlega í allar yfirlýsingar fyrir landsleik Íslands og Danmerkur í kvöld. Hann segist ekki vanmeta lið Íslands en lið sitt sé vel undirbúið og mæti tilbúið í slaginn.**

**FÓTBOLTI** Danska landsliðið hélt í gær blaðamannafund þar sem þjálfari og allir leikmenn liðsins sátu fyrir svörum. Morten Olsen þjálfari opnaði fundinn með því að útskýra viðhorf sitt til leiksins.

„Við hlökkum til að hefja leik í undankeppni EM og við viljum byrja með sigri á íslenska liðinu. En það verður erfitt. Þetta er ekki sama liðið og við mættum fyrir fimm árum,“ sagði Olsen en síðast þegar liðin mættust vann danska liðið auðveldan 6-0 sigur á Parken. Árið á undan unnu Danir 2-1 á Íslandi eftir að Eyjólfur Sverrisson hafði komið Íslendingum yfir snemma leiks. Eins og frægt er hefur Ísland aldrei unnið Dani í landsleik í knattspyrnu.

„Við höfum unnið okkar heimavinnu vel og erum klárir með okkar leikskipulag og áætlanir fyrir leikinn. Við erum tilbúnir,“ bætti Olsen við.



**GRAVESEN-BRÆÐUR Á LANDINU** Thomas Gravesen er mættur til Íslands en bróðir hans, Peter, spilar með Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Í SVIÐSLJÓSINU** Morten Olsen, landsliðsþjálfari Dana, var yfirvegaður á blaðamannafundi í gær og svaraði fúslega öllum spurningum blaðamanna með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann sagði svo í samtali við Fréttablaðið að úrslit í leik Íslands í Belfast um helgina hefðu ekki komið honum á óvart. „Ég sá leikinn gegn Spáni og hef skoðað hann vel,“ sagði Olsen en Ísland gerði markalaust jafntefli við Spán á Laugardalsvelli hinn 15. ágúst. „Þar var liðið fast fyrir en spilaði jafnframt góðan tæknískan bolta. Úrslitin í Belfast sýna að árangur Íslands undanfarin ár gegn þjóðum eins og Þýskalandi og Spáni eru engin tilviljun. Þetta er gott lið.“

Hann segir að íslenska liðið sé mikið breytt frá því að hann mætti því síðast. „Þetta er lið sem er skipað mjög reyndum leikmönnum sem leika víða í Evrópu, í mörgum sterkustu deildum í heimi. Okkar lið hefur ekki breyst mikið. Við erum með nokkra reynda leikmenn í bland við nokkra unga sem hafa verið að bætast í hópinn undanfarin ár. Í síðasta leik stilltum við upp nokkrum nýliðum, sem var mjög jákvætt.“

Meðal þekktari leikmanna danska landsliðsins er miðvallarleikmaðurinn Thomas Gravesen, sem lék áður með Everton og Real Madrid en er nú á mála hjá Celtic í Skotlandi. „Ég held að þetta verði afar erfiður leikur en ég er klár í slaginn,“ sagði Gravesen. Hann vill þó ekki gefa upp hversu vel hann og félagar hans hafi kynnt sér íslenska landsliðið. „Við viljum ekki gefa það upp hvernig við undirbjuggum okkur, það er algert hernaðarleyndarmál,“ sagði Gravesen í léttum dúr.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

## Claus Jensen þekkir vel til íslensku leikmannanna:
# Hefur leikið með fimm Íslendingum á ferlinum

**FÓTBOLTI** Síðan Claus Jensen kom til Englands fyrir átta árum síðan hefur hann nánast allan sinn atvinnumannaferil þar í landi leikið með Íslendingum í sínum liðum. Hann kom til Bolton sumarið 1998 þar sem hann hitti fyrir þá Guðna Bergsson og Arnar Gunnlaugsson og svo sama sumar gekk Eiður Smári Guðjohnsen til liðs við félagið. Árið 2000 var hann seldur til Charlton og þremur árum síðar gekk Hermann Hreiðarsson til liðs við félagið. Jensen gekk svo til liðs við Fulham árið 2004 þar sem hann átti eftir að hitta fyrir Heiðar Helguson.

„Þegar Eiður kom til Bolton fyrst tók maður fyrst eftir því að hann var aðeins of þungur. En hann hafði gengið í gegnum erfitt tímabil á sínum ferli og þrátt fyrir aukakílóin sáu allir hversu magnaður knattspyrnumaður hann er. Hann endurreisti feril sinn í Bolton og ég naut þess mjög að spila með honum í þessi tvö ár sem við vorum saman í félaginu. Ég lék aðeins fyrir aftan hann á vellinum og vorum við með mjög gott lið á þessum árum og náðum nokkrum góðum úrslitum.“

Jensen segir að það hafi ekki komið honum á óvart hversu langt Eiður hefur náð á sínum ferli.

„Maður verður auðvitað að fá réttu tækifærin en það var aldrei neinn efi um að hann gæti náð mjög langt. Eiður er mjög snjall leikmaður og hefur góðan leikskilning, sem er það sem ég fylgist helst með þegar ég horfi á fótbolta. Hann býr líka yfir hæfileikunum til að styðja við gáfurnar. Það kom mér ekki á óvart að hann skyldi fara til Barcelona, þar sem ég held að hann muni upplifa frábæran tíma.“



**CLAUS JENSEN OG HERMANN HREIÐARSSON** Hér í leik gegn Manchester United er þeir léku saman í Charlton. Hér eiga þeir við Ruud van Nistelrooy. NORDIC PHOTOS/AFP

Jensen segir að allir þeir Íslendingar sem hann hafi spilað með á sínum ferli hafi verið fyrst og fremst frábærir einstaklingar.

„Ég hef skemmt mér mjög vel með öllum þessum mönnum. Mér finnst líka að Íslendingar og Danir eigi margt sameiginlegt að því leyti að þeir kunna að hafa gaman af hlutunum en vinna hörðum höndum að því að ná markmiðum sínum. Sem knattspyrnumenn eru við þó ólíkir, allir þeir sem ég hef spilað með hafa ólíka eiginleika og ég sjálfur. Arnar náði sér vel á flug með Bolton og sýndi ótrúlega hæfileika og skoraði mikið af mörkum. Guðni var frábær í að staðsetja sig á vellinum og og var einnig frábær leiðtogi í liðinu. Heiðar er frábær skallamaður, frábær í því að vinna boltann og er góður liðsmaður.“

Jensen hefur einnig mikið álit á Hermanni Hreiðarssyni, sem nýlega skrifaði undir nýjan þriggja ára samning við Charlton.

„Hermann er mjög viljasterkur og það er frábært að vera með honum í liði. Hann gefst aldrei upp, er alltaf hættulegur í föstum leikatriðum og er mjög mikilvægur sínu liði. Þetta er algjör sigurvegari og það er einnig frábært að vera í kringum hann enda frábær karakter. En það á einnig við um alla Íslendingana, kannski er þetta þeirra einkenni,“ segir Jensen og hlær. - esá




**LÍKLEGT BYRJUNARLIÐ DANA**





**SKALLINN FRÆGI** Materazzi fellur hér með tilþrifum eftir skallann í Berlín.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Marco Materazzi:

# Rýfur þögnina

**FÓTBOLTI** Ítalski varnarmaðurinn Marco Materazzi hefur loksins rofið þögnina um viðskipti sín við Zinedine Zidane í úrslitaleik HM. Þá skallaði Zidane Materazzi í bringuna eftir að Ítalinn hafði sagt eitthvað við hann sem ekki hefur enn verið greint frá en Materazzi sagði sína sögu í ítölskum fjölmiðlum um helgina.

„Ég var að toga í skyrtuna hans og þá sagði hann við mig að ef mig langaði svona í skyrtuna hans þá myndi hann gefa mér hana eftir leikinn. Ég sagðist þá frekar vilja fá systur hans,“ sagði Materazzi. „Þetta er kannski ekki fallega sagt, ég geri mér grein fyrir því. En það eru samt sagðir miklu verri hlutir á vellinum en þetta. Það má reyndar geta þess að ég vissi ekki einu sinni hvort hann ætti systur þegar ég sagði þetta.“ **- hbg**

Aston Villa:

# Lerner kaupir allt félagið

**FÓTBOLTI Bandaríski milljarðamæringurinn Randy Lerner mun líklega ganga frá kaupum á öllum hlutabréfum í Aston Villa síðar í þessum mánuði en hann á nú 85,5 prósenta hlut í félaginu. Lerner þarf að eignast 90 prósenta hlut í félaginu fyrir 18. september til að yfirtakan geti átt sér stað en fram að því situr núverandi stjórn áfram í brúnni.** **- dsd**



**WILLIAM GALLAS** Er í stríði við Chelsea.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

William Gallas:

# Hafnar ásökunum Chelsea

**FÓTBOLTI** Það varð allt vitlaust á Englandi á mánudag þegar Chelsea gaf út yfirlýsingu um William Gallas en í yfirlýsingunni kom meðal annars fram að Gallas hefði hótað að skora sjálfsmark ef Chelsea hefði neytt hann til að spila með liðinu í upphafi leiktíðar. Eins og búast mátti við vísaði Gallas ásökunum á bug í gær.

„Ég er hissa og hreinlega í áfalli yfir þessum ásökunum. Ég sagðist aldrei ætla að skora sjálfsmark ef ég þyrfti að spila aftur fyrir Chelsea. Ég var ákveðinn í því að komast frá félaginu, það er satt, og ég mun greina frá því síðar af hverju, en ég gekk aldrei svona langt. Ef fólk vill fela sig bak við falskar ásakanir til að róa stuðningsmenn sína þá verður að hafa það,“ sagði Gallas og hélt áfram:

„Þetta er allt frekar lélegt hjá Chelsea. Engu að síður koma viðbrögð stjórnar félagsins mér ekki á óvart því þótt félagið eigi nóg af peningum vantar stjórnarmenn félagsins alla reisn.“ **- hbg**

Ísland mætir í dag Finnum í Evrópukeppni karla í körfubolta, B-deild:

# Við verðum að berjast eins og ljón gegn Finnum

**KÖRFUBOLTI** Ísland mætir í dag Finnum í fyrsta leik liðsins í B-deild Evrópukeppninnar í körfubolta. Finnar hafa á að skipa sterku liði og sigruðu t.d. Austurríkismenn með 27 stiga mun á heimavelli um síðustu helgi. Það er því ljóst að íslenska liðið þarf að taka á honum stóra sínum í kvöld og þar kemur stuðningur áhorfenda inn í.

Jón Arnór Stefánsson býst við mjög erfiðum leik.

„Það er mjög góð stemning í hópnum og vonandi fáum við góðan stuðning, það skapar meiri stemningu hjá okkur. Ég held að það sé okkar möguleiki á að vinna leikinn. Það er rosalega mikilvægt fyrir íslenskt landslið, svona litla þjóð, að skapa mikla stemningu, hafa gaman af þessu og berjast alveg eins og ljón. Þá getur allt gerst. Þeir eru kannski með meiri hæfileika en við og meiri hæð þannig að þessi barátta skiptir öllu máli fyrir okkur,“ sagði Jón Arnór.

Jón Arnór sagði að ástandið á hópnum væri gott og engin alvarleg meiðsli. „Það eru kannski einhver lítil hnémeiðsli hér og þar en við erum bara vel stemmdir og hópurinn er heill. Við erum bara mjög spenntir og getum ekki beðið eftir því að byrja að spila,“ sagði Jón Arnór Stefánsson en það er vonandi að fólk fjölmenni af Laugardalsvellinum og upp í Laugardalshöll í kvöld.

Ísland er eitt af fjórtán liðum í B-deild Evrópukeppninnar sem berjast um tvö laus sæti í A-deildinni.

Ísland er í riðli með Finnlandi, Georgíu, Austurríki og Lúxemborg en hvert lið leikur fjóra leiki nú í september og fjóra leiki í september á næsta ári. Leikurinn í kvöld er í Laugardalshöllinni og hefst kl. 20.30. Næsti leikur liðsins er síðan gegn Georgíu ytra. **- dsd**



**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON** Íslenska liðið þarf á miklum stuðningi að halda í kvöld þegar Finnar koma í heimsókn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Það er nauðsynlegt að komast út

**Margrét Lára Viðarsdóttir var valin besti leikmaður umferða 8-14 í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu. Elísabet Gunnarsdóttir var valin þjálfari umferðanna og stuðningsmenn Vals fengu einnig verðlaun.**

**FÓTBOLTI** Í gær voru veittar viðurkenningar fyrir umferðir 8-14 í Landsbankadeild kvenna; síðari hluta Íslandsmótsins. Lið umferðanna var valið og einnig voru veittar viðurkenningar fyrir leikmann umferða 8-14, þjálfara umferða 8-14 og stuðningsmannaverðlaun umferða 8-14.

Lið umferða 8-14 er þannig skipað: Í markinu er Guðbjörg Gunnarsdóttir (Val). Varnarmenn eru Ásta Árnadóttir (Val), Guðlaug Jónsdóttir (Breiðabliki), Guðný B. Óðinsdóttir (Val) og Ólína G. Viðarsdóttir (Breiðabliki). Miðjumenn eru Erna B. Sigurðardóttir (Breiðabliki), Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (KR), Hólmfríður Magnúsdóttir (KR) og Katrín Ómarsdóttir (KR). Framherjar eru Margrét Lára Viðarsdóttir (Val) og Nína Ósk Kristinsdóttir (Keflavík).

Margrét Lára Viðarsdóttir var valin leikmaður umferðanna og er vel að þeirri viðurkenningu komin. „Þetta er alveg frábært. Ég hef aldrei fengið þessa viðurkenningu,“ sagði Margrét Lára. Margrét Lára setti markamet í sumar en hún skoraði 35 mörk í deildinni og hefur átt frábært sumar með Val. En er Margrét á leið út í atvinnumennsku?

„Já, ég ætla að reyna að fara út í haust. Ég held að það sé bara nauðsynlegt fyrir mig sjálfa að komast út og spila í sterkari deild þar sem maður fær kannski að finna meira fyrir því. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir mig og líka íslenska landsliðið. Ég er rosalega spennt að geta farið að skoða mín mál,“ sagði Margrét Lára. Bikarúrslitaleikurinn er um næstu helgi þegar Valur mætir Breiðabliki og menn eru greinilega með hugann við það. „Við þurfum bara að fara að koma okkur niður á jörðina. Það eru allir leikmenn klárir á því að við ætlum að vinna leikinn á laugardaginn og það tekst ekki með einhverri 90 prósenta getu, við þurfum að vera 100 prósent klárar í verkefnið,“ sagði Margrét Lára Viðarsdóttir.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, var valin þjálfari síðari hluta Íslandsmótsins. „Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu. Árangurinn hefur verið mjög góður hjá liðinu og það að einhver úr liðinu fái viðurkenningu er bara gott fyrir alla,“ sagði Elísabet. Hún sagði að undirbúningur fyrir bikarleikinn væri nokkuð hefðbundinn.

„Við ætlum að vera eitthvað saman á föstudaginn og laugardagsmorguninn en fólk sefur bara heima hjá sér,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir.

Ólína G. Viðarsdóttir var ánægð með viðurkenninguna. „Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu fyrir það sem maður er að gera ef maður er að leggja sig fram,“ sagði Ólína. Hún bætti því líka við Breiðablik stefndi á að ná fram hefndum gegn Val í bikarúrslitunum um næstu helgi. „Það er ekkert annað en sigur sem kemur til greina í úrslitaleiknum. Báðir leikir liðanna í sumar hafa verið hörkuleikir, Valur unnið einn og Breiðablik einn. Þetta verður mjög spennandi leikur,“ sagði Ólína G. Viðardóttir, fyrirliði Breiðabliks.

**dagur@frettabladid.is**



**LIÐ UMFERÐA 8-14** Efri röð frá vinstri: Katrín Ómarsdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir, Nína Ósk Kristinsdóttir, Ólína Guðrún Viðarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Guðný Björk Óðinsdóttir, Fjóla Dröfn Friðriksdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Ásta Árnadóttir, Erna Björk Sigurðardóttir. Á myndina vantar Hólmfríði Magnúsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**DROTTNINGIN** Margrét Lára Viðarsdóttir er drottningin í íslenskri kvennaknattspyrnu í dag og hefur verið best allra leikmanna í deildinni í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tiger Woods heldur áfram að heilla golfunnendur:

# Ekkert fær stöðvað Tiger

**GOLF** Lengi getur gott batnað stendur einhvers staðar og það á svo sannarlega við í tilviki kylfingsins Tigers Woods sem er enn að bæta sig þótt hann hafi fyrir verið miklu betri en allir keppinautar hans. Á mánudag gerði hann sér lítið fyrir og vann sitt fimmta mót í röð en það hefur Tiger aldrei tekist áður á sama tímabili. Slíkur stöðugleiki þekkist heldur ekki í golfsögunni.

Hann var nokkrum höggum á eftir efsta manni, Vijay Singh, fyrir lokadaginn en tveir ernir á fyrstu sjö holunum gerðu það að verkum að lokadagurinn var ekki einu sinni spennandi. Fimmti sigurinn í röð staðreynd og hans sjöundi í fjórtán mótum á þessu ári. „Það var ótrúlegt að fylgjast með Tiger spila,“ sagði Singh, sem átti sér ekki viðreisnar von en sjálfstraust hans hrundi þegar hann fylgdist með Tiger.

„Það er mjög gaman þegar maður kemst á slíkt skrið,“ sagði Tiger brosandi eftir mótið en hann hefur mest unnið sex mót í röð. Sá sem hefur unnið flest mót í röð er Byron Nelson með 11 sigra í röð árið 1945. Næstir á eftir koma Tiger og Ben Hogan með sex sigra. „Í dag, miðað við hve sterk mótaröðin er, nánast ekki hægt að vinna ellefu mót í röð. Það yrði kannski hægt ef margir kylfingar hættu við að spila,“ sagði Tiger og hló.

Sigurganga Tigers hófst á Opna breska í júlí, sem var fyrsta mótið sem Tiger vann eftir að faðir hans lést. Hann hefur ekki horft um öxl síðan. Hann hefur nú unnið 53 mót á ferlinum, sem er fimmti besti árangur sögunnar. Sam Snead situr þar á toppnum með 82 sigra en Jack Nicklaus er annar með 73. **- hbg**



**ÓSTÖÐVANDI** Tiger Woods er búinn að vinna fimm golfmót í röð og þar af eru tvö stórmót.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




## South Park -

### Cartman, Kenny, Kyle og Stan eru mættir á Sirkus ...

Áttunda serían um villingana í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir og margverðlaunaðir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone.

## Chappelle's Show -

### Loksins á Íslandi...

Einhverjir umtöluðustu grínþættir síðari ára með einum umtalaðasta manni Bandaríkjanna, Dave Chappelle. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur þá hikar Chappelle ekki við að gera grín af því sem honum dettur í hug.

NÝTT




VATIKANIÐ




## So You Think You Can Dance -

### Dansinn hefst á ný...

Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikaþátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna. Dómararnir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Þar fá dansararnir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari. Þetta er önnur serían af þessum þáttum sem hafa svo sannarlega slegið í gegn í Bandaríkjunum og var m.a. langvinsælasti þáttur FOX sjónvarpsstöðvarinnar í sumar.

NÝTT Á DAGSKRÁ

Á SIRKUS TV

SIRKUS TV

90% HEIMILA NÁ SIRKUS TV

ADSL : RÁS 15 BREIÐBANDIÐ : RÁS 69 DIGITAL ÍSLAND : RÁS 5
EINNIG ER HÆGT AÐ NÁ SIRKUS TV MEÐ VENJULEGU UHF LOFTNETI

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„No, you wait a minute. You want to kill the good guy but not be the bad guy. Doesn't work like that. You have to wait until the bad guy kills the good guy, then when you kill the bad guy, you're the good guy."**

Svar: Steven Lardner úr Grosse Point Blank frá 1997.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR BJARNASON UPPLIFÐI SKIN OG SKÚRIR FYRIR FRAMAN SJÓNVARPIÐ**

## *Nördarnir burstuðu Búbbana*

Kíkti á Búbbana síðasta laugardagskvöld. Þeir voru ekki að gera sig. Reyndar hefur mér alltaf verið illa við talandi brúður og þótt eitthvað skrítið við þær. Ákvað samt að gefa Búbbunum séns en hafði ekki erindi sem erfiði.

Afspyrnuslakir fimmaurabrandarar voru í aðalhlutverki og í raun voru þeir vandræðalega lélegir. Nefni ég sem dæmi „brandarana" um raddböndin og endurnar. Efast ég stórlega um að nokkur geti skemmt sér yfir þessum þætti, nema kannski tveggja til þriggja ára börn sem hafa gaman af því að horfa á brúður. Að hugsa sér að nítján þættir séu eftir af þessari vitleysu og það á besta áhorfstíma. Vonandi á þetta þó eitthvað eftir að batna.

Fyrsti Nördaþátturinn var aftur á móti bráðskemmtilegur. Frábær hugmynd, þótt hún sé reyndar ekki íslensk, að fá hóp gaura sem hafa varla stundað íþróttir til að láta ljós sitt skína. Fyndið að fylgjast með þeim í sínum fyrsta fótboltaleik vera niðurlægðir af ungum Valsstúlkum og í raun var þátturinn bráðfyndinn frá upphafi til enda.

Hvað varðar skemmtanagildi má segja að Nördarnir hafi burstað



Búbbana 10-0, þrátt fyrir að hafa aldrei svo mikið sem snert bolta á ævinni. Ekki slæm byrjun ef út í það er farið.



▶ 22.30 *Kappakstur*

FORMÚLUKVÖLD



▶ 22.20 *Drama*

STRONG MEDICINE



▶ 22.20 *þáttur*

SMALLVILLE



▶ 22.00 *Veruleiki*

ROCK STAR: SUPERNOVA



▶ 19.40 *skýringar*

HRAFNAÞING

### SJÓNVARPIÐ

**17.00** Disneystundin **17.01** Stjáni **17.23** Sígildar teiknimyndir (28:30) **17.30** Táknmálsfréttir **17.40** Upphitun fyrir landsleik **18.00** Landsleikur í fótbolta

**19.00 Fréttayfirlit** Yfirlit frétta frá fréttastofu.
**19.05 Landsleikur í fótbolta** Seinni hálfleikur í leik Íslands og Danmerkur í beinni útsendingu.
**20.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**20.35 Víkingalottó**
**20.45 Bráðavaktin (3:22)** (ER XII)
**21.30 Kokkar á ferð og flugi (4:8)** (Surfing the Menu)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sjónvarpið í 40 ár (4:21)**
▶ **22.30 Formúlukvöld**
**22.55 Vesturálman (19:22)** (The West Wing) Bandarísk þáttaröð um forseta Bandaríkjanna og samstarfsfólk hans í vesturálmu Hvíta hússins.

**23.40** Landsleikur í fótbolta **1.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** How I Met Your Mother **13.55** Medium **14.40** Las Vegas **15.25** Blue Collar TV **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (22:22)** (Simpson-fjölskyldan) Hitabylgja gengur yfir Springfield og Hómer verður þess valdandi að rafmagnið fer af borginni sem veldur upplausn og óeirðum. Í von um að geta einu sinni gert eitthvað rétt stofnar Hómer sitt eigið öryggisfyrirtæki til að koma lögum og reglu á borgarbúa.
**20.05 Veggfóður**
**20.50 Oprah (93:145)**
**21.35 The Inside (2:13)** (Nýliðinn)
▶ **22.20 Strong Medicine (2:22)** (Samkvæmt læknisráði)

**23.05** Big Love **0.00** Autopsy (B. börnum) **0.50** Baywatch: Hawaiian Wedding **2.15** Spartan (Str. b. börnum) **4.00** The Inside (2:13) **4.45** Strong Medicine (2:22)

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Pípóla (8:8) (e)**
**20.00 Seinfeld**
**20.30 South Park (1:14)** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8.serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone.
**21.00 Stacked (13:13)** (Headmaster)
▶ **22.20 Smallville (17:22)** (Void) Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum.

**23.05** Rescue Me (1:13) (e) **23.50** Seinfeld

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.35** Made in L.A. (1/3) (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 All About the Andersons**
**20.10 Beautiful People – lokaþáttur** Karen býður eftir niðurstöðum úr fyrirætukeppninni og Sophie reynir að komast að samkomulagi við Chris varðandi vandamál hans.
**21.00 America's Next Top Model VI** Þrettán vongóðar glæsidísir ganga eftir sýningarpallinum í von um að verða næsta ofurfyrirsæta.
▶ **22.00 Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn** Hver verður söngvari Supernova með þungarokkurunum; Tommy Lee úr Mötley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke?
**22.30 Rock Star – tónleikarnir**

**23.30** Sugar Rush **0.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar **1.00** Beverly Hills 90210 (e) **1.45** Melrose Place (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 This World** (Prisoners of Katrina)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Brown Sugar **8.00** Big Fish **10.00** Beethoven's 5th **12.00** White Chicks **14.00** Brown Sugar **16.00** Big Fish **18.00** Beethoven's 5th

**20.00 White Chicks**
**22.00 Hollywood Homicide**

**0.00** Return to the Batcave: The Mi **2.00** Gang Tapes (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Hollywood Homicide (Bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**20.00 Watford – Man. Utd. (e)**
**22.00 Wigan – Reading (e)**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** Sexiest Rock Stars **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Snoop Dogg **20.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Movie Stars **0.00** THS Snoop Dogg **1.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



EINN TVEIR OG ÞRÍR 4.163

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.55**

### Raddir heimsins



Raddir heimsins (I Sproget er jeg) er dönsk heimildarmynd um tungumál og mállýskur heimsins. Á fjórtán daga fresti deyr út eitt tungumál af 6.500 mismunandi tungumálum eða mállýskum heimsins. Margir telja að íslenska sé í mikilli hættu en hún stendur þó mun betur en mörg önnur tungumál. Margir telja að baráttan sé vonlaus og það sé í eðli hlutanna að tungumál myndist og hverfi. En hver verður staða tungumála eftir 100 ár? Er menning þjóðanna að verða einsleit? Er tungumál það sem býr til þjóð og ef svo er, útrýmum við þjóð þegar tungumál hverfur? Þessar og aðrar spurningar tengdar tungumálum og mállýskum verða teknar fyrir í myndinni en Danir hafa sótt mjög í sig veðrið á sviði heimildarmynda á síðustu árum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 3 | | 2 | | 9 |
| | 9 | | | | 1 | 6 | 4 | |
| 5 | | | | | | | | |
| | | 1 | 3 | | | 4 | | |
| | | | 8 | | 7 | | | |
| | | 6 | | | 4 | 5 | | |
| | | | | | | | | 1 |
| | 1 | 5 | 7 | | | | 8 | |
| 7 | | 9 | | 6 | | 3 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 8 | 9 |
| 3 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 3 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 |



**18.30**

*Körfubolti*

NBA – BESTU LEIKIRNIR

SÝN *besta sætið*

**16.20** Brasilía – Wales **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NBA – Bestu leikirnir** (Chicago Bulls – Phoenix Suns 1993) Chicago Bulls og Phoenix Suns mættust í úrslitum NBA árið 1993. Þriðji leikurinn í úrslitaeinvíginu verður lengi í minnum hafður en þríframlengja þurfti til að knýja fram úrslit. Chicago Bulls var ótvírætt lið tíunda áratugarins en þetta kvöld mættu það jafnokum sínum.

**20.10 EM 2008 – undankeppni** (Frakkland – Ítalía)

**21.50 EM 2008 – undankeppni** (Makedónía – England)

**23.30** World's Strongest Man

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.15** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Inferno **14.30** Miðdegistónar **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Hverafuglar **23.05** Schumann og fjölskylda: Börn Schumanns

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.03** Fótboltarásin **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





**Dreifðu staðgreiðslunni**

VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA

**Spurðu um VISA Lán**

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

# Barist í plötuútgáfu með Megas að vopni

„Þetta er bara eins og í Hollywood; þegar fleiri en einn eru með sömu hugmyndina á lofti og hvorugur vill hættta við,“ segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri íslensks efni hjá Senu en tónlistarmaðurinn Megas mun verða áberandi í íslensku tónlistarlífi á næstunni þótt meistarinn sjálfur komi lítið við sögu því ráðgert er að gefa út tvær plötur þar sem ólíkir tónlistarmenn reyna sig við lög og texta tónlistarmannsins. Sena hyggst gefa út plötu með mörgum flytjendum sem taka lög Megasar. Á plötunni verður nýtt lag að finna sem Hera syngur og heitir Réttstreymi, en Megas samdi lagið, með söngkonuna í huga fyrir tveimur árum. Meðal annarra tónlistarmanna má nefna hina sálugu reggíhljómsveit Hjálmar og þá mun Trabant koma laginu Björt ljós, borgarljós til skila með sínu nefi.



MEGAS Kemur við sögu á tveimur plötum sem eru væntanlegar á næstunni.

Bókaútgáfufélagið Bjartur hyggst hasla sér völl í tónlistinni með útgáfufyrirtækinu Bjartur Records Ltd. og verður fyrsta plata þeirra „Magga Stína syngur Megas“ en þar mun söngkonan flytja ellefu lög Megasar, þar af þrjú ný lög en eitt þeirra, Flökkusaga ferðalangs, er þegar farið að hljóma á öldum ljósvakans. „Við vissum af þessari plötu. Hún var að klára sína og við okkar og þær eru báðar gerðar með blessun Megasar,“ segir Eiður. **-fgg**



**MAGGA STÍNA** Syngur ellefu lög eftir Megas á nýrri skífur sem útgáfufyrirtækið Bjartur Records Ltd. gefur út, þar af eru þrjú ný.



**SÍÐASTA LAGIÐ?** Hjálmar flytja lagið Saga úr sveitinni en hljómsveitin lagði sem kunnugt er upp laupana og gæti þetta því verið síðasti tónninn frá þeim.

## HRÓSIÐ FÆR ...



*Guðný Björk Óðinsdóttir fyrir að hafa leikið með öllum landsliðum Íslands á ellefu mánaða tímabili sem er einstakt afrek.*



**LÁRÉTT**
**2** varsla **6** hæð **8** hélt á brott **9** hlé **11** ekki heldur **12** algjörlega **14** margsinnis **16** í röð **17** fæða **18** utan **20** belti **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1** glyðra **3** frá **4** áttfætla **5** viður **7** svangur **10** tvöfalt **13** jafnvel **15** drykkur **16** töf **19** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** vakt, **6** ás, **8** fór, **9** lot, **11** né, **12** alveg, **14** tíðum, **16** hí, **17** ala, **18** inn, **20** ól, **21** knús. **LÓÐRÉTT: 1** gála, **3** af, **4** kónguló, **5** tré, **7** soltinn, **10** tví, **13** eða, **15** malt, **16** hik, **19** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Illugi Jökulsson
2. Cotonou-samkomulagið
3. Ríkharður Jónsson





Líka fyrir þig;
lífið, fréttirnar
og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG




**ANDRI SNÆR HORFIR TIL HIMINS** Lofar alvöru stjörnum í Reykjavík að kvöldi 28. september.

FRÉTTABLAÐIÐ / SAMSETT MYND

ANDRI SNÆR: ALVÖRU STJÖRNUR Á KVIKMYNDAHÁTÍÐ

# Myrkraverk Andra Snæs í samstarfi við undirheima

„Þetta verður opnunaratriði alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Þeir gripu hugmyndina á lofti og létu verða að veruleika. Til siðs er að hafa stórstjörnur á kvikmyndahátíðum. Margar skærustu stjörnur í heimi munu birtast borgarbúum þetta kvöld. Alvöru stjörnur,“ segir Andri Snær Magnason rithöfundur. Hann horfir til himins eins og svo oft áður.

Ný styttist í að gamall draumur Andra Snæs verði að veruleika. 28. september frá klukkan 22.00 til 22.30 verður Reykjavík almyrkvuð. Slökkt á öllum ljósum. Andri Snær segir að Hafnfirðingar, Garðbæingar og Mosfellsbæingar muni einnig slökkva og verið er að vinna í Kópavogsbúum. „Við erum að reyna að fá alla bæjarstjóra landsins inn í þetta mál,“ segir Andri.

Rithöfundurinn sótti fyrst um það árið 2000 að myrkva borgina en segir, eins og títt sé um hugmyndir, að fleiri hafi fengið þessa sömu flugu í höfuðið. Og nefnir til sögunnar Þorstein Sæmundsson stjörnufræðing og Guðjón Magnússon hjá Orkuveitunni.

„En nú mun sem sagt slökkna á ljósum borgarinnar og stjörnufræðingur lýsir himninum í beinni útsendingu. Já, það má líklega skrifa þá hugmynd á mig.“

Aðspurður segist Andri Snær ekki hafa neinar áhyggjur af því að bófar, vandalar og annað illþýði notfæri sér myrkrið til voðaverka.

„Nei, við erum í samstarfi við undirheimana. Þeir ætla bara að horfa upp í loftið. Þeir vilja ekki eyðileggja þetta. Svo er miklu erfiðara fyrir þá að athafna sig þegar allir eru heima. Miklu betri er til dæmis verslunarmannahelgi þegar allir fara út úr bænum.“

Andri Snær gefur einnig lítið fyrir það að þetta geti kallað fram myrkfælni meðal þeirra sem viðkvæmir eru. Hann bendir á að við lifum í landi jarðhræringa og gott sé að menn sjái veröldina eins og hún er ef komi til þess að rafmagnið fari. Þannig eigi almannavarnasjónarmið við í þessu einnig.

„Ég held að allir sem eiga börn, allir sem hafa verið til, kannist við tilfinninguna að glápa upp í loftið og finna til þess hvað maður er smár. Hollt að minna okkur á samhengið sem við erum í. Út frá þessu glápi eru sprottin trúarbrögð, vísindi ... allt sem maðurinn byggir á. Gaman fyrir okkur sem búum við síbirtu, hér er ljóshjálmur yfir borginni allan veturinn, að geta veitt börnunum okkar aðgang að þessu án þess að fara lengst út í sveit.“ **- jbg**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Baldur Rafn Gylfason**, annar eigenda hárgreiðslustofunnar **Mojo.monroe,** hefur fjárfest í heildsölunni **Árgerði** ásamt þeim **Ástu Margéti Birgisdóttur** og **Erni Viðari Skúlasyni**. Baldur hefur því ákveðið að leggja skærin á hilluna að mestu en hann mun að sögn munda þau áfram einu sinni í viku enda er hann framkvæmdastjóri Árgerðis. **Baldur** hefur notið mikilla vinsælda sem hárgreiðslumaður undanfarin ár og séð um keppendur í **Ungfrú Ísland** auk þess sem fína og fræga fólkið hefur vanið komur sínar til hans á **Mojo.**



**Pétur Jóhann Sigfússon** hefur haft hægt um sig síðan Strákarnir lögðu upp störf hjá Stöð 2 en þeir **Sverrir Þór** og **Auðunn Blöndal** eru þó horfnir til annarra starfa innan ljósvakamiðla 365. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins virðast línurnar eitthvað vera farnar að skýrast hjá Pétri því honum hefur verið boðið að skrifa handrit og þróa nýtt leikið gamanefni fyrir Stöð 2. Heimildarmönnum blaðsins ber ekki saman um í hvaða dúr grínið verður en einn þeirra sagðist telja þetta verða í ætt við The Office sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta fékkst þó ekki staðfest en hitt er ljóst að forráðamenn stöðvarinnar halda mikilli tryggð við Pétur og binda miklar vonir við hann.



Af gefnu tilefni skal tekið fram að Fréttablaðið tekur ekki við atvinnuauglýsingum fyrir kvikmynd **Ara Kristinssonar**, **Dugguholufólkið.** Þeim umsóknum sem hafa borist blaðinu hefur verið komið í réttar hendur en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fjölmargir sóst eftir að leika aðalhlutverkin í myndinni sem verða skipuð þremur krökkum á aldrinum 11-14 ára. Áhugasömum er bent á atvinnuauglýsingar í Morgunblaðinu.

# Íslandsmeistari í kranastjórnun

Ingi Björnsson, húsasmiður og kranamaður, varði titil sinn á Íslandsmóti MEST í kranastjórnun á dögunum og mun keppa fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramótinu í kranastjórnun í Þýskalandi síðar á þessu ári. „Keppnin er tímaþraut þar sem fara þarf ákveðna braut með steypusíló. Í sílóinu er handbolti sem á að lenda í ruslarennu í fimm metra hæð,“ segir Ingi, sem kláraði þrautina á yfirburðatíma. „Þetta er í rauninni mjög svipað því sem maður gerir í vinnunni og snýst um að vera nákvæmur og fá ekki sveiflu á kranann.“ Metþátttaka var í mótinu og var keppt á 20 metra háum krana með 35 metra langa bómu. „Upphaflega ætlaði ég nú ekki að taka þátt í mótinu, enda hef ég nánast ekkert unnið á krana síðasta árið en samstarfsmenn mínir voru ekki á því að sleppa mér við það. Ég var á leið út úr bænum og dreif mig strax morguninn eftir þannig að ég missti af verðlaunaafhendingunni,“ segir Ingi en hann er yngstur feðganna í fyrirtækinu Feðgar ehf. sem er augljóslega með mjög góða kranamenn þar sem menn frá fyrirtækinu höfnuðu í fyrsta, öðru og fjórða sæti á Íslandsmótinu. Ingi keppti á Evrópumótinu í fyrra og hafnaði þar í öðru sæti. „Ég var á mjög góðum tíma á Íslandsmótinu þannig að það getur svo sem allt gerst í Þýskalandi,“ segir Íslandsmeistarinn í kranastjórnun. **- sig**



**ÁNÆGÐUR MEISTARI** Ingi Björnsson mun keppa fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramótinu í kranastjórnun í Þýskalandi, annað árið í röð. FRÉTTABLADID/HEIÐA


Á hvað ert þú að hlusta?
SMAKKAÐU!
FRÍTT Í 14 DAGA!
ÞAÐ KOSTAR ÞIG EKKERT AÐ PRÓFA!
Aðgangur að yfir 50.000 lögum og 1.000 myndböndum!
TONLIST.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

# *Öðruvísi dagar*

Það er eflaust erfitt fyrir okkur sem lifum borgaralegu lífi að skilja að til sé fólk sem sækist ekki eftir sömu standlömpunum. Á síðustu dögum hafa tvær manneskjur sem þannig er ástatt um náð að ylja sér í varmanum frá kastljósi fjölmiðlanna um stundarsakir. Annars vegar Íslendingurinn sem lifði af að vera hent fyrir lest í Kaupmannahöfn. Hann hafði orð á því að hann hefði oft orðið fyrir ofbeldi barna á götunni en á móti kæmi að nóg væri til af athvörfum í borginni þar sem mætti skola af sér, leggja sig og jafnvel fá hrein föt. Götulífið hafði tamið honum lítilþægni.

**HINS** vegar er það austurríska stúlkan sem var í haldi mannræningja í ein átta ár. Þjökuð af Stokkhólmsheilkenninu, samúð í garð kvalara síns, sagði hún í tilkynningu til fjölmiðla að innilokunin hefði ekki verið alslæm. Hún hefði komið í veg fyrir að stúlkan byrjaði að drekka, reykja og ekki hafði hún komist í vondan félagsskap. Þótt mannræninginn væri látinn talaði hann greinilega enn í gegnum fórnarlamb sitt við heimsbyggðina sem fylgdist agndofa með.

**ÁFENGISNEYSLA** getur auðvitað haft alvarlegar afleiðingar og saga Íslendingsins sem varð undir lestinni sýnir auðvitað hvað nikótínfíknin getur reynst mönnum skeinuhætt. Hann var víst að slást um sígarettu við manninn sem fleygði honum fyrir lestina. Hvað vondan félagsskap varðar telja líklega fáir kompaní við mannræningja það albesta fyrir einn né neinn.

**AUSTURRÍSKA** ríkið á vafalítið eftir að annast stúlkuna næstu árin og sjá henni fyrir góðri menntun og sálfræðiaðstoð svo hún geti einn daginn séð um sig sjálf. Íslendingurinn í Kaupmannahöfn hefði ekki þurft að líta nema eitt andartak hnugginn í myndavélina til að komið hefði verið af stað söfnun handa honum. Hann hefði getað lifað í vellystingum fram að jólum án þess að þurfa svo mikið að fara að huga að því að leita sér að vinnu. Aftur á móti virtist maðurinn síður en svo vera á heimleið, hvað þá niður í Illums þar standlamparnir tróna hnarreistir yfir stóla, sófa og bekki. Okkur, borgaralega liðinu, fyndist samt eflaust betra að vita af honum þar að hampa lampa.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is

Hingað og ekki lengra
- hann segir þér til




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33766 08/2006

* mv. Corolla Hatchback Terra 1400 beinskiptur

Corolla - Special Series með bakkskynjara

Corolla vekur góðar minningar í hugum Íslendinga enda einn vinsælasti bíll landsins síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess meðal landans. Á þessum góða grunni byggir Corolla Special Series en bætir um betur með afar veglegum aukahlutapakka: Álfelgur, litað gler, vindskeið og síðast en ekki síst bakkskynjari, sem eykur mjög öryggi og forðar ökumönnum frá því að reka bílinn utan í þegar bakkað er.

**Komdu og reynsluaktu Corolla Special Series.**


Bakkskynjari


Vindskeið


Álfelgur


Litað gler

Special Series

**Verð frá 1.929.000 kr.***

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |